# FRÉTTABLAÐIÐ

52. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 2. MARS 2019




Ég fékk blóðtappa í lungun og fór í hjartastopp í 26 mínútur.

## Lifir í núinu

Gunnar Karl Haraldsson fæddist með taugasjúkdóm sem lagðist þungt á hann og hefur ekki tölu á þeim aðgerðum sem hann fór í sem barn og unglingur. Gunnar lætur sjúkdóminn ekki stöðva sig í því sem hann tekur sér fyrir hendur. → 34



## RÚV er fíllinn í stofunni

Þrír fyrrverandi blaðamenn sem nú sitja á þingi ræða gjörbreytt umhverfi fjölmiðla. → 28



## Enginn sér eftir því að velja að lifa

segir Lóa Pind sem fjallar um sjálfsvíg í nýjum þáttum á Stöð 2. → 26


MOTTUMARS

Upp með sokkana!

Baráttan byrjar hér!

Kauptu sokkapar á mottumars.is

LAGERSALA LÍN DESIGN

FLATAHRAUNI 31 HAFNAFIRÐI Á MÓTI KAPLAKRIKA

LAUGARDAG KL11.00-17.00 || SUNNUDAG KL12.00-17.00

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

Lín DESIGN

Veður




Dregur úr úrkomu. Norðaustan 5-13 síðdegis með éljum fyrir norðan og austan, en léttir til sunnan heiða. Kólnandi veður.

SJÁ SÍÐU 52

# Allt á floti alls staðar



Fyrir þrjátíu árum opnuðust nýjar flóðgáttir í næturlífi Reykvíkinga með aflettingu banns á sölu áfengs bjórs. Haldið var upp á tímamótin víða í miðborginni í gærkvöld og ölið kneyfað á knæpum. Úti fyrir buldi úrhellisrigning sem skolaðist niður í ræsi sem við gátu tekið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Tjá sig ekki um bréf ráðherrans

**KJARAMÁL** Stjórnarformaður Íslandsbanka, Friðrik Sophusson, ætlar að svo stöddu ekki að tjá sig um harðort bréf Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra til Bankasýslu ríkisins á fimmtudag.

Fréttablaðið fékk ekki viðbrögð



**Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka.**

frá bankaráði Landsbankans í gær..

Bankaráð Landsbankans og stjórn Íslandsbanka voru bæði tekin á beinið af ráðherra í bréfinu sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær. Bjarni telur að fyrirmæli ráðuneytisins um hófsemi í launahækkunum bankastjóranna hafi verið hunsuð, laun bankastjóra ríkisbankanna tveggja hafi verið ákveðin úr hófi og þau séu leiðandi og við það verði ekki unað.

Vill ráðherra að brugðist verði við með tafarlausri endurskoðun launa og undirbúningi að breytingum á starfskjarastefnu bankanna fyrir komandi aðalfundi þeirra. **– smj**

## Uppsögn kostar ríkið milljónir

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í Landsrétti í gær dæmt til að greiða kennara fjórar og hálfa milljón króna í bætur og miskabætur vegna fjártjóns sem hann varð fyrir vegna ólögmætrar uppsagnar sem aðstoðarskólastjóri Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Héraðsdómur hafði áður dæmt manninum 6,5 milljónir króna. Hann vildi bætur sem námu launum og launatengdum greiðslum aðstoðarskólameistara út fimm ára ráðningartíma, skaðabætur vegna uppsagnar úr kennarastarfi og miskabætur. **– smj**



**Á loðnu.** MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## Meta áhrifin af loðnubresti

**SJÁVARÚTVEGUR** Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur falið fjármálastjóra bæjarins að meta hvort loðnubrestur yrði forsendubrestur fyrir tekjuáætlun fjárhagsáætlunar.

„Loðnuveiðar og vinnsla skipta samfélagið í Vestmannaeyjum miklu máli, þriðjungur loðnukvótans er á höndum fyrirtækja í Vestmannaeyjum. Það er alvarlegt mál ef enginn kvóti er gefinn út og ljóst að það mun hafa áhrif á fjárhag sveitarfélagsins,“ segir bæjarstjórnin. **– gar**

# Útiloka stórt hótel eitt og sér á Geirsgötu 11

Malasískt risafyrirtæki hyggst kaupa lóð við Geirsgötu við gömlu höfnina í Reykjavík. Félagið ætlar að fjárfesta í hótelstarfsemi og fasteignaþróun hér á landi. Formaður skipulagsráðs segir ekki hægt að byggja stórt hótel á lóðinni.

**SKIPULAGSMÁL** Það er ekki hægt að byggja eingöngu hótel á Geirsgötu 11, hótel þarf að vera hluti af stærri uppbyggingu til að tryggja að það skerði ekki gæði miðborgarinnar. Þetta segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrr í vikunni er Berjaya Land Berhad, dótturfélag malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation, að ganga frá kaupum á fasteigninni að Geirsgötu 11 á Miðbakka við Gömlu höfnina í Reykjavík. Kaupverðið nemur tæplega 1.670 milljónum króna.

Berjaya Land Berhad tók það fram í tilkynningu að kaupin á Geirsgötu 11 gæfu félaginu tækifæri til þess að hefja fjárfestingar í hótelstarfsemi og fasteignaþróun hér á landi.

Borgaryfirvöld hafa sett kvóta á hótel í miðborginni. Gistirými mega ekki fara yfir 23 prósent af starfsemi í Kvosinni. Það deiliskipulag nær ekki yfir Geirsgötu og er því enginn kvóti á því svæði.

„Það er ekkert deiliskipulag þarna, það þýðir að engar heimildir eru fyrir uppbyggingu á Geirsgötu 11. Þeir þyrftu þá að koma með tillögu fram sem sýnir fyrirhugaða uppbyggingu,“ segir Sigurborg.

„Það er í rauninni ekki sett algjört bann, en það er mjög takmarkað hvað er hægt að gera. Það er aldrei hægt að reisa bara hótel. Ef það á að fara að byggja hótel þá má það ekki skerða gæði byggðarinnar í kring og miðborgarinnar. Það þarf þá að vera hluti af einhverri uppbyggingu.“

Útgerðarfélag Reykjavíkur, áður Brim, átti eignina og hefur á undanförnum árum leitað eftir því að rífa húsið og byggja á lóðinni en ekki haft erindi sem erfiði. Í fyrra var lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem átti að tengja svæðið við Kvosina ásamt því að halda hafnarstarfseminni gangandi. Alls var gert ráð fyrir 27 þúsund fermetra húsnæði. Skipulagsfulltrúi tók neikvætt í tillöguna þar sem um of mikið byggingarmagn væri að ræða.

Rætt hefur verið um að of mikið framboð sé á dýrum íbúðum í miðborginni, Sigurborg vildi ekki tjá sig um möguleikann á slíku. „Það er spurning hvað menn sjá fyrir sér, það hefur engin tillaga komið til okkar um þetta,“ segir Sigurborg.

„Við leggjum mikla áherslu á að viðhalda fjölbreytileika og mannlífi í miðborginni. Það hefur tekist að snúa við þeirri óheillaþróun að íbúum í miðborginni var að fækka. Það er bein afleiðing af þeim aðgerðum sem gripið var til árið 2017, til þess að stemma stigu við uppbyggingu hótela og gistihúsnæðis í miðborginni.“

**arib@frettabladid.is**



**Húsið á Geirsgötu 11 hefur staðið nær ónotað síðustu ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er í rauninni ekki sett algjört bann, en það er mjög takmarkað hvað er hægt að gera.**

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar




## What is the basis for happiness?

On Saturday, March 23, David Hanna, member of the Family Federation for World Peace and Unification from the United Kingdom, and well-known speaker to religious and political leaders will be in Reykjavik at the Hotel Örkin, introducing some key ideas that will inspire us to re-evaluate marriage and family. He will ask the question: What is the basis for happiness and how can we build successful and loving relationships and make the most of our life? We will look at what religious and cultural traditions have been contributing toward life's journey and how in appreciating this we can achieve what's most precious in life through realizing our true humanity. David's hope is that we can explore these things together... and all emerge richer and wiser.

This will lead naturally into the high point of the day—an opportunity to participate in a beautiful universal ceremony that is reviving hope for couples, individuals and families around the world - the Interreligious and Intercultural Peace Blessing.

A simple lunch will be served. There is no charge for the program or the meal. If you have a special diet, please bring your own food.

Please let us know that you are coming by Friday, March 8th. Room for 100 people. Email address: goodhealth@simnet.is Phone (6 pm - 9 pm Monday-Friday, anytime on Saturday) 692-0777.



*We look forward to seeing you,*
*Paul and Sayu*

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

GILDIR TIL 04.03.19

# TAX FREE*




# AF ÖLLUM VÖRUM

# Í ÖLLUM BÚÐUM

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

**TÖLUR VIKUNNAR** 24.02.2019 TIL 2.03.2019

**4**
er fjöldi seðlabankastjóra sem gert er ráð fyrir í drögum að frumvarpi um breytingar á lögum um Seðlabankann sem nú liggja fyrir.



**89%**
félagsmanna Eflingar samþykktu verkfallsboðun hreingerningarfólks á hótelum. Verkfallið á að hefjast 8. mars.



**30**
ár eru liðin frá því að bjórbanninu var aflétt.



**4,1**
milljarður var hagnaður HB Granda á síðasta ári. Afkoman var að mati forstjórans óásættanleg.



## Þrjú í fréttum
## Bankalaun, verkföll og aflandskrónur

**Bjarni Benediktsson**
*fjármálaráðherra*



sendi Bankasýslu ríkisins bréf þar sem hann lýsti yfir megnri óánægju með launahækkanir bankastjóra ríkisbankanna og boðar tafarlausar aðgerðir. Hækkanirnar séu óásættanleg skilaboð inn í yfirstandandi kjaraviðræður.

**Sólveig Anna Jónsdóttir**
*formaður Eflingar*



hefur staðið í ströngu en félagsmenn samþykktu verkfallsboðun hjá hótelþernum með miklum meirihluta greiddra atkvæða. Næstu skref ráðast hjá Félagsdómi.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
*formaður Miðflokksins*



fór mikinn í umræðum um frumvarp um losun aflandskróna. Hann steig rúmlega 80 sinnum í ræðustól í málinu. Hann var afar ósáttur við að frumvarpið hefði verið samþykkt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.

# Póst- og fjarskiptastofnun víki sér undan meintum brotum

**Ólafur Stehensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, telur Póst- og fjarskiptastofnun sýna af sér linkind gagnvart Íslandspósti. Magnminnkun einkaréttar megi að hluta rekja til samdráttar í þjónustu. PSF víki sér undan að svara hvernig taki eiga á vanda sem stafi af því að Íslandspóstur hafi oftekið gjöld.**




**PFS samþykkir nú gjaldskrárhækkun Íslandspósts en hafnað minni hækkun fyrir jól.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAMKEPPNI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) víkur sér undan því að taka afstöðu til mögulegra brota Íslandspósts (ÍSP) á póstþjónustulögum að sögn framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda (FA).

PFS samþykkti í vikunni gjaldskrárhækkun ÍSP innan einkaréttar um 8-11 prósent en hafði hafnað minni hækkun fyrir jól.

Undanfarin ár hefur ÍSP tapað háum fjárhæðum vegna sendinga hingað til lands frá Kína en áætla má að Pósturinn hafi niðurgreitt sendingar hingað til lands fyrir á fjórða milljarð á árunum 2013-18. Samhliða því hefur fyrirtækið fjárfest talsvert í samkeppnisrekstri. Stærstur hluti tapsins hefur verið á samkeppnishliðinni.

Samkvæmt lögum um póstþjónustu er óheimilt að nýta tekjur af einkarétti til að niðurgreiða samkeppnisrekstur. ÍSP telur að sér hafi verið óheimilt í núverandi lagaumhverfi að velta kostnaði af erlendum sendingum yfir á neytendur.

Í frumvarpi til nýrra póstþjónustulaga er gert ráð fyrir að það sé skylt en umrætt ákvæði er að öðru leyti efnislega samhljóða núgildandi ákvæði. Fréttablaðið beindi fyrir mánuði fyrirspurn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um hvort ÍSP hafi verið heimilt samkvæmt lögum að láta neytendur greiða fyrir sendingarnar. Svar við henni hefur ekki borist þrátt fyrir ítrekanir.

> **Þegar þú dregur stórlega úr þjónustu samhliða því að hækka verð þá ætti ekki að koma á óvart að samdráttur verði meiri en gert var ráð fyrir.**
>
> Ólafur Stephensen, framkvæmdstjóri Félags atvinnurekenda



Fyrir jól fór fyrirtækið fram á neyðarlán frá ríkinu til að bregðast við lausafjárþurrð ella blasi gjaldþrot við. Ætla má að þessi staða hefði komið fyrr upp ef ekki hefði komið til óvænts hagnaðar af einkaréttarbréfum árin 2016 og 2017 en þau ár skilaði einkarétturinn tæpum milljarði í afgang. Þær tekjur voru nýttar til að mæta tapi af samkeppnishliðinni.

„Það verður ekki annað séð af þessari gjaldskrárbreytingu en að PFS sé að koma sér undan því að svara hvernig skuli mæta því vandamáli að síðustu ár oftók ÍSP gjöld í gegnum einkaréttinn. Það liggur fyrir að þeir fjármunir fóru beint í samkeppnisreksturinn. PFS hefur enn ekki svarað hvernig taka eigi á því broti á póstþjónustulögunum,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.

Árið 2016 fækkaði ÍSP dreifingardögum og miðar nú við svokallað D+3 kerfi, það er að bréfum sé dreift innan þriggja daga frá móttöku. Í ákvörðun PFS er vikið að því hvort heppilegra gæti verið að miða við D+2 dreifingu og koma bréfum til skila degi fyrr og hvort draga megi úr fækkun bréfa með því móti.

„Þegar þú dregur stórlega úr þjónustu samhliða því að hækka verð þá ætti ekki að koma á óvart að samdráttur verði meiri en gert var ráð fyrir,“ segir Ólafur.

Aðalfundi ÍSP, sem áætlaður var í liðinni viku, var skyndilega frestað að beiðni eiganda. Heimildir Fréttablaðsins herma að til umfjöllunar sé hvort rétt sé að leggja ÍSP til aukið hlutafé úr ríkissjóði.
**joli@frettabladid.is**



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep® THERE'S ONLY ONE

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. *Gildir ekki af HUE. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

# TAX FREE

## Risa Tax Free helgi

### föstudag til sunnudags

**BLÓMAVAL ALLAR VÖRUR**
Pottaplöntur, afskorin blóm, gjafavara og allar aðrar vörur!

**MÁLNING**
LADY málning, Jotun inni- og útimálning, lökk, spreybrúsar o.fl.

**BÚSÁHÖLD OG HEIMILISVARA**
Pottar, pönnur, diskar, glös, hreinsiefni o.fl.

**LJÓS***
Loftljós, kastarar, veggljós, baðljós, útiljós o.fl.

**BAÐHERBERGIÐ**
Blöndunartæki, handlaugar, salerni, baðkör o.fl.



Ís
laugardag
í Skútuvogi
99 kr.




LADY
Ókeypis litaráðgjöf laugardag
Maja Ben hjá Ég er komin heim veitir ókeypis LADY litaráðgjöf í Skútuvogi kl. 11-16. Komið með mynd af rýminu og fáið ráðgjöf með litaval



**Starfslaunasjóður**
sjálfstætt starfandi
**fræðimanna**
Umsóknarfrestur **2. apríl**

**Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun úr sjóðnum.**

Hlutverk sjóðsins er að styðja við starfsemi fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigrein.

Rétt til að sækja um laun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, fræðigreina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku.

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins áður en umsókn er gerð.

**Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

MENNTAMÁLASTOFNUN

**Innritun í framhaldsskóla á haustönn 2019**

**Forinnritun nemenda í 10. bekk mun standa yfir dagana 8. mars til 12. apríl**

Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 2003 eða síðar) hefst föstudaginn 8. mars og lýkur föstudaginn 12. apríl. Nemendur fá bréf frá Menntamálastofnun með veflykli að innritunarvef og leiðbeiningum sem afhent verður í grunnskólunum. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá bréf í pósti frá Menntamálastofnun með upplýsingum um innritunina. Nemendur í 10. bekk eru eindregið hvattir til að taka þátt í forinnritun.

**Innritun annarra en 10. bekkinga mun standa yfir 7. apríl til 31. maí**

Innritun eldri nemenda (fæddir 2002 eða fyrr) sem eru ekki í framhaldsskóla sem stendur eða ætla að skipta um skóla hefst sunnudaginn 7. apríl og lýkur föstudaginn 31. maí. Umsækjendur 17 ára og eldri nota auðkenni frá island.is eða rafræn skilríki á greiðslukorti. Ef sótt er um Íslykil á netinu er hægt að velja um að fá hann sendan á lögheimili, sem tekur 2-5 virka daga eða í netbanka, sem skilar sér samdægurs (undir „rafræn skjöl“). Rafræn persónuskilríki er hægt að sækja um hjá viðskiptabanka.

**Lokainnritun nemenda í 10. bekk verður 6. maí til 7. júní**

Nemendur í 10. bekk hafa frest til sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun til miðnættis föstudagsins 7. júní. Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.

**Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla**

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

Nánari upplýsingar má fá í síma 514 7500 eða með því að senda póst á **innritun@mms.is**

Þú finnur draumastarfið á
job.is



**Þau Sólveig Anna Jónsdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson standa í ströngu þessa dagana.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Markmið aðgerðanna er að ná samningum

**Formaður VR segir meginmarkmið aðgerðaáætlunar um frekari verkföll að þrýsta á um samninga. Atkvæðagreiðsla hefst í næstu viku. Formaður Eflingar segir það eina af stóru lygunum í samfélaginu að enginn vilji fara í verkfall.**

**KJARAMÁL** „Meginmarkmiðið með þessu öllu saman er auðvitað fyrst og fremst að reyna ná samningum. Við vonumst til að þetta aðgerðaplan bíti það fast að við fáum samningsaðila að borðinu,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um áætlun um fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir.

VR og Efling birtu í gær aðgerðaáætlun um næstu aðgerðir félaganna. Eins og fram hefur komið er aðgerðunum beint gegn stórum aðilum í ferðaþjónustu. Þannig munu starfsmenn félaganna hjá hópbifreiðafyrirtækjum og tilgreindum hótelum fara í verkföll.

Verði aðgerðirnar samþykktar í atkvæðagreiðslu og ekki takist samningar í tíma er um að ræða sólarhrings verkfall 22. mars en síðan tæki við tveggja sólarhringa verkfall í lok mars og fjögur þriggja sólarhringa verkföll í apríl. Ótímabundið verkfall tæki svo við frá 1. maí.

Ragnar Þór segist gera ráð fyrir því að atkvæðagreiðsla um aðgerðirnar hefjist snemma í næstu viku en einungis þeir starfsmenn sem aðgerðirnar munu ná til geta greitt atkvæði. Það þýðir að þátttakan þarf að lágmarki að vera 20 prósent til að atkvæðagreiðslan teljist gild.

Aðspurður segist hann ekki vera kominn með endanlegar tölur yfir fjölda félagsmanna VR sem aðgerðirnar gætu náð til en líklegast sé um yfir þúsund manns að ræða.

„Ég á ekki von á því að það verði bitist eitthvað um framkvæmdina en það má alveg búast við því að Samtök atvinnulífsins láti reyna á öll álitamál sama hver þau eru. Það hefur alltaf verið eðli ferlisins að það sé látið reyna á nánast allt fyrir Félagsdómi,“ segir Ragnar Þór.

Það þurfi að passa upp á mörg praktísk mál í þessu ferli öllu. „Við erum fyrst og fremst að reyna að gera þetta rétt og við viljum vanda okkur. Við kvörtum allavega ekki yfir aðgerðaleysi þessa dagana.“ Ragnar segir að aðilar muni hittast hjá ríkissáttasemjara næstkomandi fimmtudag þótt fundur hafi ekki formlega verið boðaður. Samkvæmt lögum þarf að halda fund innan við tveimur vikum frá því að viðræðum er slitið en sá frestur rennur út á fimmtudaginn.

Mikill meirihluti þeirra félagsmanna í Eflingu sem tóku þátt í atkvæðagreiðslu um verkfall hjá hótelþernum næstkomandi föstudag samþykktu aðgerðirnar. Af þeim 862 sem tóku þátt samþykktu 769 verkfallsboðun eða 89 prósent. Þátttaka var um ellefu prósent en Félagsdómur á eftir að skera úr um lögmæti verkfallsboðunarinnar. Er niðurstöðu að vænta um miðja næstu viku.

## Nær til 40 hótela

Auk aðgerðaáætlunar um verkföll samþykkti samninganefnd Eflingar að boða til ýmissa smærri verkfallsaðgerða á hótelum og í hópbifreiðaakstri. Fela þær meðal annars í sér að starfsmenn mæta seinna til vinnu eða fella niður einstaka verkþætti.

Birtur hefur verið listi yfir þau hótel sem mögulegar verkfallsaðgerðir næðu til. Um er að ræða 40 hótel sem rekin eru af 21 mismunandi félagi.

- Fosshótel
- Íslandshótel (fimm hótel)
- Flugleiðahótel (fimm hótel)
- Cabin hótel
- Hótel Saga
- Centerhotels (sex hótel)
- Hótel Klettur
- Hótel Örk
- Keahótel (sjö hótel)
- Hótel Frón
- Hótel 1919
- Hótel Óðinsvé
- The Capital Inn
- Hótel Leifur Eiríksson
- Hótel Smári
- Hotel Viking
- Hótel Holt
- City Center Hotel
- City Park Hotel
- Kex Hostel
- 101 hótel

> **Það að þær sjálfar hafi gengið til atkvæða og þetta sé niðurstaðan er mjög merkilegt. Ef fólk sér það ekki þá er því ekki við bjargandi.**
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segist gríðarlega ánægð með niðurstöðuna.

„Auðvitað er alltaf gott að sjá sem mesta þátttöku en það er eðlismunur á þeirri aðferð sem við notuðum og þeim sem hafa tíðkast hér. Við settum okkur það markmið í nafni alvöru lýðræðis að tryggja það með öllum tiltækum ráðum að þær manneskjur sem myndu leggja niður störf ef til verkfalls kæmi væru þær manneskjur sem fengju tækifæri til að kjósa.“

Hún segir þennan hóp, sem sé mestmegnis samansettur af konum af erlendum uppruna, vera að senda skýr skilaboð. „Þetta er jaðarsettasti hópur vinnuaflsins á Íslandi. Það að þær sjálfar hafi gengið til atkvæða og þetta sé niðurstaðan er mjög merkilegt. Ef fólk sér það ekki þá er því ekki við bjargandi.“

Sólveig Anna segir að þeirri taktík að fara á milli vinnustaða og safna atkvæðum verði áfram beitt. Sú breyting verður þó á í tengslum við aðgerðaplanið að einungis þeir félagsmenn sem tækju þátt í verkfallsaðgerðum greiða atkvæði. Hún segist binda vonir við að aðgerðaáætlunin muni ýta við viðsemjendum.

„Ég mun samt aldrei segja það sem allir segja, að það vilji enginn fara í verkfall. Ég veit að það er ósatt. Þetta er mýta sem er líka étin upp innan verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er ein af stóru lygunum í íslensku samfélagi.“

sighvatur@frettabladid.is

BAK
ARÍ
IÐ

# Meira bolludags



Vatnsdeigsbolla með kókosbollu

**349** kr/stk



Vatnsdeigsbolla með súkkulaði glassúr

**349** kr/stk



NÝJUNG

Vatnsdeigsbolla með Oreo

**349** kr/stk



Vatnsdeigsbolla með Daim og kaffi

**349** kr/stk



Vatnsdeigsbolla með karamellu og bönunum

**349** kr/stk



Vatnsdeigsbolla með Irish Coffee

**349** kr/stk



Gerbolla með súkkulaði glassúr

**349** kr/stk



Krakkabolla með karamellu og hlaupi

**199** kr/stk



Krakkabolla með súkkulaði og hlaupi

**199** kr/stk

HAGKAUP

Meira svona alla daga



**Skriðan og Bakkavatn í Hitardal urðu til í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skriðan í Hítardal er féll í fyrra á að heita Skriðan

**ÖRNEFNI** Berghlaupið mikla sem gekk fram í Hítardal í júlí í fyrra á að heita Skriðan samkvæmt tillögu örnefnanefndar. Þá hefur nefndin samþykkt að vatn sem myndaðist við Skriðuna ofanverða verði nefnt Bakkavatn.

„Nafnið Skriðan hefur verið notað af heimamönnum um hríð. Eins og fram kemur í bréfi sveitarstjóra er nafnið „lýsandi fyrir atburðinn, þjált í munni og málfræðilega rétt“ en auk þess er nafnið lýsandi fyrir náttúrufyrirbrigðið sjálft,“ segir í umsögn örnefnanefndar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt nöfnin tvö og fara þau nú til mennta- og menningarmálaráðuneytisins til endanlegrar staðfestingar. **– gar**


## Aðalfundur BÍ 2019

*Fimmtudaginn 4. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23*

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2019 verður haldinn fimmtudaginn 4. apríl n.k. að Síðumúla 23, 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

BÍ-félagar eru hvattir til að mæta

**Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.*


# Rúmar heimildir til að setja lög um makrílinn

Starfshópur, sem sjávarútvegsráðherra skipaði eftir dóm Hæstaréttar um bótaskyldu vegna úthlutunar makrílkvóta, segir lög sem fælu í sér hóflega skerðingu á kvóta ekki fallin til að skapa bótaskyldu gagnvart kvótahöfum.

**SJÁVARÚTVEGUR** Gildandi lög sníða ráðherra þröngan stakk við úthlutun aflahlutdeilda í makríl. Löggjafinn hefur hins vegar rúmar heimildir til að ákveða veiðistjórnun og úthlutun hlutdeilda samkvæmt eigin mati að áliti starfshóps sjávarútvegsráðherra um aflahlutdeild í makríl.

Starfshópinn skipaði Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, til að gera tillögur að viðbrögðum við dómum Hæstaréttar sem féllu í desember síðastliðnum um bótaskyldu ríkisins gagnvart útgerðarfélögum sem fengið höfðu minni úthlutun en skylt var á árunum 2011 til 2014 á grundvelli reglugerðar sem miðaði að því að opna á úthlutun til útgerða sem ekki höfðu veiðireynslu. Var þetta í ráðherratíð Jóns Bjarnasonar úr Vinstri grænum í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur.

Samkvæmt samandregnum ályktunum starfshópsins er ráðherra aðeins heimilt að ákveða með reglugerð að miða aflahlutdeild í makríl við veiðireynslu þriggja bestu veiðitímabila af síðustu sex árum. Ef hann hins vegar gæfi út reglugerð sem miðaði við veiðireynslu allra þessara ára væri líklegt að hann skapaði ríkinu skaðabótaskyldu. Þrátt fyrir að slík reglugerð byggðist á fullnægjandi lagastoð myndi hún viðhalda því ólögmæta ástandi sem dómar Hæstaréttar grundvallast á að mati starfshópsins.

Að mati starfshópsins hefur löggjafinn rúmar heimildir til veiðistjórnunar með vísan til fyrirvara í lögum um varanleika þeirra réttinda sem felast í úthlutun aflaheimilda.

Þannig myndi lagasetning sem fæli í sér hóflega skerðingu á úthlutuðum eða væntum aflahlutdeildum, á grundvelli lögmætra markmiða og reist væri á efnislegum mælikvarða, ekki vera til þess fallin að skapa ríkinu bótaskyldu. Í áliti sínu reifar starfshópurinn fjóra valkosti um útfærslu slíkra lagabreytinga. **adalheidur@frettabladid.is**



**Glaðbeittir veiðimenn landa góðum afla af makríl.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Valkostir starfshóps

1. Veita ráðherra heimild til að miða við veiðireynslu áranna 2005-2010 við úthlutun aflaheimilda.
2. Veita ráðherra heimild, við ákvörðun aflahlutdeilda, til að festa núverandi úthlutun aflaheimilda.
3. Veita ráðherra heimild til að miða veiðireynslu við lengra tímabil við úthlutun aflahlutdeilda en samkvæmt gildandi lögum á sama hátt og gert var við úthlutun aflahlutdeilda úr norsk-íslenska síldarstofninum.
4. Veita ráðherra heimild til að ákveða aflahlutdeild með blönduðum hætti þar sem byggt væri á lið 1 að hluta og að hluta á lið 2 með áþekkum hætti og gert var með sérstökum lögum um veiðistjórn á úthafsrækju.



**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra.**







**Ljósakróna Discoco**



Verð áður 89.900 kr.
**Tilboð: 59.900 kr.**

**Ljósakróna svört eða hvít**



Verð áður 64.900 kr.
**Tilboð: 39.900 kr.**

**Loftljós LUPO**



Verð áður 8.990 kr.
**Tilboð: 4.995 kr.**

**Nuddtæki**



Verð áður 9.800 kr.
**Tilboð: 6.800 kr.**

**Hitapúði 30*40 cm**



Verð áður 4.995 kr.
**Tilboð: 2.495 kr.**

**Undirteppi 150*80 cm**



Verð áður 12.900 kr.
**Tilboð: 7.900 kr.**

**Husqvarna saumavél**



Verð áður 64.900 kr.
**Tilboð: 49.900 kr.**

**Brother overlockvél**



Verð áður 54.900 kr.
**Tilboð: 39.900 kr.**

**Pfaff bútasaumsvél**



Verð áður 199.900 kr.
**Tilboð: 159.900 kr.**

**Tapparnir sem allir tala um**



Verð áður 39.800 kr.
**Tilboð: 29.800 kr.**

**Heyrnartól - samanbrjótanleg**



Verð áður 8.900 kr.
**Tilboð: 4.900 kr.**

**Sennheiser Bluetooth**



Verð áður 13.900 kr.
**Tilboð: 8.900 kr.**

Framúrskarandi fyrirtæki

PFAFF • Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími: 414 0400 • www.pfaff.is

# Mun fleiri sæta farbanni og varðhaldi

**Úrskurðum um farbann og gæsluvarðhald fjölgar gríðarlega milli ára. Embættismenn gefa ýmsar skýringar. Hvorki er unnt að afla upplýsinga um grundvöll úrskurðanna, þjóðerni þeirra sem sviptir eru frelsi né tegund brots sem til rannsóknar er.**

**DÓMSMÁL** Úrskurðum um farbann og gæsluvarðhald fjölgar mikið milli ára án þess að innkomnum ákærumálum eða sakamálum í rannsókn hafi fjölgað.

Kveðnir voru upp 489 gæsluvarðhaldsúrskurðir hjá héraðsdómstólum í fyrra. Það er metfjöldi á tíu ára tímabili. Árið 2017 voru 449 úrskurðir kveðnir upp sem einnig var met, sé horft yfir tíu ára tímabil.

Þegar skýringa var leitað á þessari fjölgun hjá lögreglu og ákæruvaldi komu ýmsar mögulegar skýringar fram en í öllum tilvikum var um getgátur að ræða.

Þeim sem Fréttablaðið ræddi við bar saman um að óvenjumörg þung mál hefðu verið til rannsóknar á liðnu ári sem skýrt gæti fjölgun gæsluvarðhaldsúrskurða að einhverju leyti. Vísað var meðal annars til manndrápsmála, alvarlegra líkamsárása og einnig umfangsmikilla rannsókna sem lúti meðal annars að skipulagðri brotastarfsemi.

Þá var vísað til fjölgunar útlendra burðardýra samanborið við Íslendinga en Fréttablaðið greindi fyrir skömmu frá þeirri þróun. Þrátt fyrir að í flestum tilvikum sé um svokölluð játningarmál að ræða, hvort sem Íslendingar eða útlendingar eiga í hlut, er sá munur á meðferð þeirra að Íslendingar sem játa greiðlega eru, á grundvelli dómafordæma, yfirleitt úrskurðaðir í farbann en útlendingar sem eins er komið fyrir eru úrskurðaðir í gæsluvarðhald á þeim grundvelli að þeir hafi lítil eða engin tengsl við landið og því talin hætta á að þeir reyni að koma sér úr landi og undan refsingu meðan mál þeirra eru í rannsókn.

### Gæsluvarðhaldsúrskurðir ekki fleiri í áratug

Upplýsingarnar eru fengnar af vef héraðsdómstólanna og sýna fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða á tíu ára tímabili, frá 2009 til 2018.




### Farbannsúrskurðum fjölgar gríðarlega milli ára

Flestir farbannsúrskurðir stafa frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Fréttablaðið aflaði upplýsingana hjá dómstólasýslunni.






**Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari.**

### Margföldun farbannsúrskurða

Á sama tíma margfölduðust einnig uppkveðnir farbannsúrskurðir og fóru úr 85 árið 2017 í 214 úrskurði 2018. Langflestir voru kveðnir upp í héraðsdómstólum Reykjavíkur og Reykjaness. Athygli vekur, þegar skýringa er leitað á aukningunni, að einnig er vísað til fíkniefnabrota útlendinga líkt og í svörum við fyrirspurnum um fjölgun gæsluvarðhaldsúrskurða.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari segir skýringu á fjölgun farbannsúrskurða ekki einhlíta heldur líklegast að um nokkra samverkandi þætti sé að ræða.

Ein skýringin sé aukin áhersla á beitingu meðalhófs og frekar sé farið fram á farbann sem er vægara úrræði en gæsluvarðhald. Einnig kunni aukningin að skýrast af auknum fjölda útlendinga sem koma til landsins. Stærsti hópurinn sem sæti farbanni sé eflaust útlendingar með litla eða enga tengingu við landið og hætta er talin á að hverfi úr landi meðan mál þeirra eru til meðferðar, gangi þeir lausir. Þá sé gripið til farbanns til að tryggja viðveru þeirra. Í flestum tilvikum sé þarna um að ræða fíkniefnabrot og komu til landsins á fölsuðum skilríkjum.

Þá hafi farbanni einnig verið beitt til að tryggja viðverðu ferðamanna sem lent hafi í mjög alvarlegum slysum í umferðinni og kunni mögulega koma til með að verða sakaðir um gáleysisbrot í umferðinni.

Einnig hefur verið bent á stór mál þar sem margir sakborningar sem ítrekað sæta endurnýjuðu farbanni meðan mál þeirra eru til meðferðar. Dæmi um þetta er Bitcoinmálið.

### Skortur á gegnsæi

Umræddir úrskurðir eru aldrei birtir á vef héraðsdómstólanna. Þeir birtast þó á vef Landsréttar hafi úrskurður verið kærður þangað. Það gerist hins vegar ekki í öllum tilvikum og síður ef um er að ræða útlendinga sem koma hingað á fölsuðum skilríkjum eða sem burðardýr.

Þrátt fyrir ítrekaðar upplýsingabeiðnir til embætta refsivörslukerfisins hefur Fréttablaðið ekki fengið upplýsingar um þjóðerni þeirra sem sætt hafa gæsluvarðhaldi og farbanni; um tegundir brota sem grunur beinist að, eða sundurliðun eftir þeim grundvelli sem úrskurðirnir byggja á, það er hvort gæslan grundvallast á rannsóknarhagsmunum lögreglu, hættu á að viðkomandi hverfi af landi brott, hættu á áframhaldandi afbrotum eða á grundvelli almannahagsmuna.

Samskipti Fréttablaðsins við embætti refsivörslukerfisins eru rakin á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is.

**adalheidur@frettabladid.is**




# VIÐ ÓSKUM EFTIR ÍSLENSKRI SÆLKERAVÖRU

**Pure Food Hall** er verslun sem staðsett er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem sérhæfir sig í íslenskum sælkeravörum. Verslunin er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sem vilja taka með sér íslenskt ljúfmeti út fyrir landsteinana.

**SKILYRÐI:**
- Vörulýsing á ensku
- Upprunaland komi skýrt fram
- Varan merkt samkvæmt íslenskri reglugerð

**Er varan þín góð gjöf?**

**Nánari upplýsingar veitir Ágúst Guðbjartsson,**
Vöru- og innkaupastjóri í gegnum tölvupóst:
a.gudbjartsson@lagardere-tr.is

**Móttaka tillagna er til 31. mars 2019**

**pure food hall**




Eigum nokkra sérstaklega vel útbúna Audi A3 e-tron og Q7 e-tron á einstökum kjörum.

## Audi A3 e-tron

Verðlistaverð ~~4.860.000~~ kr.
**Tilboðsverð 3.990.000 kr.**

**Meðal búnaðar á tilboðsbíl:**
- Nálgunarvörn framan og aftan
- Dynamic stefnuljós
- LED afturljós
- Lyklalaust aðgengi
- Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- Skriðstillir (Cruise control)
- Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- Árekstrarvörn (pre sense)
- 17“ álfelgur
- Bakkmyndavél
- Dökkar rúður

## Audi Q7 e-tron quattro

Verðlistaverð ~~12.300.000~~ kr.
**Tilboðsverð 10.990.000 kr.**

**Meðal búnaðar á tilboðsbíl:**
- Sportsæti með leður / alcantara áklæði
- Samlitun á brettaköntum og stuðara
- Leðurklætt aðgerðastýri sport, fjögurra arma með flipaskiptingu
- Bakkmyndavél
- 20“ álfelgur
- Lykillaust aðgengi með snertilausri opnun á afturhlera
- Ambient inniljósapakki (stemningslýsing)
- Nálgunarvari framan og aftan
- Dráttarbeisli með bakkaðstoð
- Hæðastillanleg loftpúðafjöðrun
- Dökkar rúður

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/audi

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is











# Guaido segir hermenn snúa baki við Maduro

**Juan Guaido, starfandi forseti Venesúela, segir að 600 hermenn hafi snúið baki við Nicolas Maduro, forseta Venesúela, á síðustu dögum. Bandaríkin setja nýjar þvinganir á sex háttsetta embættismenn í Maduro-stjórninni.**

**VENESÚELA** Juan Guaido, leiðtogi venesúelsku stjórnarandstöðunnar og samkvæmt henni starfandi forseti ríkisins, sagði í gær að sex hundruð venesúelskir hermenn hafi snúið baki við ríkisstjórn Nicolas Maduro forseta síðustu daga.

„Við höfum rætt við venesúelska herinn. Samkvæmt honum hafa 600 hermenn snúið baki við Maduro á undanförnum dögum til þess að standa vörð um stjórnarskrána. Það má sjá afar skýra þróun í átt að lýðræði," sagði Guaido sem boðaði einnig til frekari mótmæla í landinu.

Guaido og stjórnarandstaðan hafa áður sagt að lykillinn að því að knýja fram nýjar kosningar sé að fá herinn með sér í lið.

Undanfarnir mánuðir hafa verið strembnir í Venesúela. Ofan á hinar efnahagslegu hörmungar sem hafa dunið á landinu er skollin á stjórnarskrárkrísa. Venesúelska þingið, sem Maduro álítur valdalaust, tilkynnti um að forsetakosningar síðasta árs hafi verið ólöglegar og gerði þingforsetann Guaido að starfandi forseta. Maduro er hins vegar ósammála þessu og ætlar að sitja sem fastast.

Fjölmörg ríki á Vesturlöndum hafa tekið sér stöðu með Guaido. Þar á meðal Bandaríkin og Ísland. Stjórnvöld í Bandaríkjunum tilkynntu í gær um að nýjar viðskiptaþvinganir yrðu settar á Venesúela. Nánar tiltekið beinast þær gegn sex háttsettum embættismönnum, tengdum Maduro, og þykja til þess gerðar að reyna að koma forsetanum frá völdum.



Juan Guaido fullyrðir að hermenn snúi baki við Maduro. NORDICPHOTOS/AFP

„Við beitum þvingunum gegn öryggissveitum Maduro til þess að svara óafsakanlegu ofbeldi, hörmulegum dauða og samviskulausri brennu matvæla og lyfja sem ætluð voru sjúkum og soltnum Venesúelamönnum," sagði Steven Mnuchin, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og sagði að sveitir Maduros hefðu komið í veg fyrir að neyðaraðstoð kæmist inn fyrir landamærin.

„Bandaríkin munu halda áfram að beina sjónum sínum að þeim sem eru hliðhollir Maduro og framlengja þannig þjáningu fórnarlamba þessa manngerða neyðarástands," bætti Mnuchin við.

Þetta er í annað skipti sem Bandaríkin setja nýjar þvinganir í vikunni. Á mánudaginn voru þvinganir settar gegn fjórum ríkisstjórnum, hliðhollum Maduro, og þá var einnig kallað eftir því að eignir ríkisolíufélagsins PDVSA yrðu frystar.

Þvinganirnar sem um ræðir ganga allar út á að frysta eignir viðkomandi í Bandaríkjunum. Þá er bandarískum aðilum einnig bannað að stunda nokkurs konar viðskipti við einstaklingana.

Nicolas Maduro hefur ítrekað firrt sig ábyrgð á efnahagshörmungum landsins. Um miðjan síðasta mánuð sagði forsetinn til að mynda í viðtali við fréttamann AP að ástandið væri Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, að kenna.

„Eina rökrétta leiðin fyrir Maduro-stjórnina er að veita hinum aukna alþjóðlega og venesúelska þrýstingi mótspyrnu," sagði Maduro í febrúar. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Erfiðar kosningar bíða Netanjahús

**ÍSRAEL** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og flokkur hans Líkúd eiga erfiðar kosningar í vændum. Væntanlegar spillingarákærur gegn forsetanum gætu gert stöðuna enn erfiðari og kosningabandalagið Kahol Lavan, undir stjórn fyrrverandi herforingjans Benjamíns Gantz, er í stórsókn.

Ekki er búist við því að Netanjahú mæti fyrir dóm til að skýra mál sitt fyrr en eftir kosningar. Ríkissaksóknari Ísraels greindi frá því í vikunni að hann hygðist ákæra hann fyrir þrjú mál og verður leiðtoginn meðal annars sakaður um mútuþægni og fjársvik.

Málin munu því vofa yfir alla kosningabaráttuna. Í gær, á fyrsta degi eftir yfirlýsingu saksóknarans, safnaðist fjöldi mótmælenda saman fyrir utan heimili Netanjahús, að því er Reuters greindi frá.



Benny Gantz gæti hirt forsætisráðuneytið af Netanjahú. NORDICPHOTOS/AFP

Ný könnun ísraelska miðilsins Kan sýndi að Líkúd fengi 29 þingsæti af 120 ef kosið væri í dag. Kahol Lavan-bandalagið fengi hins vegar 37. Þetta væru tveir stærstu flokkarnir en kosningarnar fara fram þann 9. apríl. Vert er að nefna að Líkúd fékk 30 þingsæti í síðustu kosningum en þeir flokkar sem tilheyra Kahol Lavan nú og buðu fram fengu ellefu.

Yuval Steinitz, ráðherra í stjórn Líkúd, sagði við útvarpsstöð í Tel Avív að hann væri fullviss um að Netanjahú væri fær um að stýra ríkinu áfram „þrátt fyrir þrýstinginn" og benti á að Ariel Sharon hefði sigrað í kosningum þrátt fyrir álíka mál.

Alon Visser úr Verkamannaflokknum var ekki sammála. „Þetta er svartur dagur í sögu Ísraels. Við skömmumst okkar fyrir forsætisráðherrann okkar og köllum saman eftir afsögn hans." **– þea**





The Power to Surprise

## Sparneytinn sportjeppi sem eyðir frá 5,7 l/100 km

**Kia Sportage** er snjall og glæsilegur sportjeppi, búinn fyrsta flokks tæknibúnaði. 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, þráðlaus farsímahleðsla og akreinavari eru meðal spennandi staðalbúnaðar Kia Sportage. Honum fylgir hin einstaka 7 ára ábyrgð — sú lengsta frá nokkrum bílaframleiðanda. Komdu og reynsluaktu nýjum Kia Sportage.

**Komdu í heimsókn í ný húsakynni Kia á Krókhálsi. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Sportage X, 2WD, 6 gíra, beinsk. verð frá:

**4.590.777 kr.**

Fæst einnig fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur verð frá: 5.790.777 kr.

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# HÚSGAGNAHÖLLIN



## PINNACLE
3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi.
Svart eða brúnt leður.
Stærð: 210 × 95 × 105 cm

**339.992 kr.** ~~399.990 kr.~~




## MARTINI
La-z-boy hægindastóll. Svart áklæði. St.: 83 × 94 × 97 cm

**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~




## PINNACLE
La-z-boy hægindastóll. Svart áklæði. St.: 80 x 85 x: 104 cm.

**79.992 kr.** ~~99.990 kr.~~




## PINNACLE
La-z-boy hægindastóll. Brúnt leður. St.: 80 x 85 x: 104 cm.

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~




## HABOR TOWN
La-z-boy hægindastóll.
Svart eða brúnt leður.
St.: 87 × 98 × 110 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~




## HABOR TOWN
La-z-boy rafdrifinn lyfti-
stóll. Ljóst áklæði.
St.: 87 × 98 × 110 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~




## DREAMTIME
La-z-boy hægindastóll.
Svart eða brúnt leður.
St.: 96 × 103 × 109 cm

**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~

**Reykjavík** Bildshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# FYRIR LIFANDI HEIMILI




## DC 3600

Klassískur og sérlega fallegur sófi úr savoy/split leðri.
Nettur en mjúkur með þægilega bólstraðar sessur og stílhreina, ljósa viðarfætur. Hægt er að losa setpullur sem og bak- og hliðarpullar sem annars sitja vel fastar með frönskum rennilás. Svart leður.

2ja sæta, stærð: 143 x 80 x 80 cm
**175.992 kr.** ~~219.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 202 x 80 x 80 cm
**223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~




Aukahlutir á mynd: Hnakka- og armpúðar

## UMBRIA

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði. Stærð: 326 × 261 × 78 cm

**295.992 kr.** ~~369.990 kr.~~




## MATI

Opinn hornsófi. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 284 x 213 x 80 cm

**239.994 kr.** ~~399.990 kr.~~





## DEVON

Tungusvefnsófi.
Dökkgátt áklæði
Geymsla undir tungu.
Stærð: 242 x 162 x 87 cm

**135.992 kr.** ~~159.990 kr.~~



## KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökkgrátt eða ljósgrátt áklæði.

Stærð: 201 x 84 x 105 cm
**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~



## LISA

Borðstofustóll, blátt eða grátt sléttflauel.

**14.994 kr.** ~~24.990 kr.~~



## NORSE

Borðstofuborð.
Svört spónlögð eik.
Svartlökkuð málmgrind og fætur.
Stærð: 90 x 200/270 x 75 cm

KYNNINGARAFSLÁTTUR
**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~



## KAMMA

Hægindastóll

Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Áratugalöng átök um Kasmírsvæðið

**Indverjar og Pakistanar hafa tekist á í Kasmír undanfarna viku. Forsætisráðherra Pakistans leysti Indverja úr haldi í gær. Átök um Kasmír eiga sér langa sögu, stríð hefur brotist út áður. Heimsbyggðin stendur á öndinni enda búa ríkin yfir kjarnorkuvopnum.**



Þorgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Í skugga hárra fjalla í Suður-Asíu liggur Kasmír. Fjalllent landsvæði sem telur nærri tuttugu milljónir íbúa. Héraðið þykir mikilvægt vegna orku og menningar og er það einnig hernaðarlega mikilvægt. En samkvæmt greiningu The Diplomat er helsta mikilvægi Kasmír það að úr jöklum svæðisins rennur ferskt vatn, lífsnauðsyn fyrir íbúa á þurrum svæðum í Pakistan og á Indlandi.

Þess vegna hafa ríkin tvö tekist á um Kasmír allt frá því Indlandi var skipt upp, gróflega á milli hindúa og múslima, þegar breska heimsveldið lét landið af hendi. Fram að þeim tíma réð prins yfir ríkinu, sem kallaðist Jammu og Kasmír, og fékk hann að taka ákvörðun um hvort sameinast ætti öðru hvoru nýja ríkinu eða að lýsa yfir sjálfstæði.

### Áratugagömul átök

Hari Singh, þá prins, var hindúi. Flestir íbúanna voru hins vegar múslimar. Þar af leiðandi ákvað hann að sameinast hvorugu ríkinu. Sú ákvörðun hélt ekki lengi en Pakistanar réðust inn í héraðið í október 1947. Singh bað Indverja um hjálp, flúði til Indlands og undirritaði samning um að ríkið skyldi verða hluti af Indlandi.

Við tók fyrsta stríð Pakistana og Indverja um svæðið sem lauk árið 1949 en Pakistönum hafði þá tekist að vinna hluta Kasmír. Næsta stríð braust svo út árið 1965 og stóð yfir í um mánuð. Þúsundir létu lífið áður en Sameinuðu þjóðirnar komu á vopnahléi. Engin varanleg tilfærsla varð á hinum eiginlegu landamærum. Landamærin eru eiginleg en ekki opinber þar sem bæði ríki gera tilkall til svæðisins alls.

Indland og Pakistan eiga sum sé ekki gott samband og er Kasmír eitt helsta deiluefnið. Á áttunda áratugnum, þegar margur óttaðist kjarnorkustríð á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, hófu ríkin tvö kjarnorkukapphlaup. Indverjar sprengdu sína fyrstu kjarnorkusprengju í tilraunaskyni árið 1974 og Pakistanar stuttu síðar.





Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans.

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands.

Átökin á milli Pakistans og Indlands eru einna helst til komin vegna Kasmír, enda ásælast bæði ríkin svæðið.

### Mannskæð stríð

En vopnuðum átökum var hvergi nærri lokið. Árið 1984 brutust út átök um Siachen-jökulinn sem stóðu yfir þangað til 2003. Þúsund létust í orrustum áður en vopnahléi var komið á. Það vopnahlé er enn í gildi í dag þótt gegn því hafi margoft verið brotið undanfarin fimmtán ár.

Á sama tíma og átök geisuðu um Siachen fóru aðskilnaðarhreyfingar og hryðjuverkasamtök, meðal annars al-Kaída, að gera vart við sig í indverska Kasmír. Þau átök hófust 1989 og standa yfir enn í dag. Á þriðja tug þúsunda hafa dáið.

Árið 1999 ákváðu Pakistanar, í skugga átaka Indverja við skæruliða, að innlima Kargil í indverska Kasmír. Indverjar náðu svæðinu aftur eftir tveggja mánaða stríð sem kostaði nærri 2.000 manns lífið.

### Stympingar og óeirðir

Indverjar og Pakistanar hafa sömuleiðis háð orrustur um Kasmír á síðustu árum. Árin 2014 og 2015 voru ítrekaðar stympingar við hin eiginlegu landamæri og féllu á annað hundrað. Óeirðir brutust svo út í indverska Kasmír í júlí 2016 og stóðu yfir fram í febrúar vegna hernaðarvæðingar og andláts Mujahideen-liðans Burhan Wani í skotbardaga við indverska hermenn. Fimm her- og lögreglumenn féllu og að minnsta kosti 120 almennir borgarar.

Eins og staðan er í dag halda Indverjar 45 prósentum svæðisins og kalla ríki sitt þar Jammu og Kasmír. Pakistanar halda 35 prósentum sem þeir kalla Azad Kasmír, Gilgit og Baltistan. Kínverjar eiga líka hlut að máli og halda tuttugu prósentum í héraði sem þeir kalla Aksai Chin.

### Togstreitan magnast

Undanfarnar tvær vikur hefur togstreitan á milli kjarnorkuveldanna tveggja aukist gríðarlega, eða allt frá því að liðsmaður hryðjuverkasamtakanna Jaish-e-Mohammed (JeM), drap fjörutíu indverska hermenn í Pulwama í indverska Kasmír.

Indverjar kenna Pakistönum að hluta um árásina. Segja að þeir ættu að hafa upprætt starfsemi JeM, sem eru starfrækt í Pakistan, fyrir löngu. Síðan þá hafa Indverjar sagst hafa gert loftárás á þjálfunarbúðir JeM, hermenn hafa skotið hvorir á aðra á hinum eiginlegu landamærum í Kasmír og Pakistanar sagst hafa gert loftárásir á indverska hluta Kasmír auk þess að þeir hafi grandað tveimur indverskum herflugvélum og handtekið flugmann.

**» Tugir þúsunda hafa fallið í átökum Indlands og Pakistans um Kasmír á undanförnum áratugum.**

Ákveðinn rauður þráður í þessu orðaskaki er að annað ríkið fullyrðir eitthvað um árás sem hitt ríkið segir svo að séu ósannindi.

Pakistanar sögðu Indverja ekki hafa fellt neina í þjálfunarbúðaárásinni, Indverjar segja Pakistana hafa verið hrakta á brott áður en þeir náðu að gera loftárás og segja þá hafa skotið niður eina flugvél en ekki tvær.

### Óljós framtíð

En þrátt fyrir að Imran Khan, forsætisráðherra Pakistans, hafi leyst flugmanninn úr haldi í gær segjast herforingjar beggja ríkja enn í viðbragðsstöðu og staðan er enn svört.

Pakistanar halda því fram að Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, sé að reyna að stofna til átaka svo hann haldi sæti sínu eftir kosningar í vor. Þá ríkir einnig óánægja með Modi og flokk hans, BJP, í heimalandinu. Að minnsta kosti á meðal stjórnarandstöðunnar, sem sakar Modi um að „stjórnmálavæða fórnir hermanna“.

Abhinandan Varthaman, herflugmaðurinn sem Pakistanar handtóku, kom til Indlands í gær og sagðist himinlifandi með þá góðu meðferð sem hann fékk í Pakistan. Narendra Modi nýtti tækifærið og sagði að atburðir undanfarinna daga hefðu þjappað þjóðinni saman. Mikil óvissa er um næstu skref en Bretar, Bandaríkjamenn, Kínverjar, ESB og fleiri hafa hvatt til friðar og viðræðna í stað átaka.






HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.

# Flækjast fyrir



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Dregið hefur úr trausti til Alþingis og borgarstjórnar, samkvæmt könnun Gallup. En dómskerfinu, lögreglunni og ríkissaksóknara vex ásmegin í vitund þjóðarinnar.

Gallup spurði eins og endranær um traust á stofnunum. Nokkrar breytingar eru frá í fyrra. Traust til Alþingis mælist mun minna og sama á við um borgarstjórn Reykjavíkur. Raunar skipast þessar tvær stærstu stofnanir kjörinna fulltrúa í landinu í neðstu sætin.

Traust til dómskerfisins mælist meira og ríkissaksóknari og lögregla vaxa í áliti hjá þjóðinni. Landhelgisgæslan ber eftir sem áður höfuð og herðar yfir aðrar stofnanir, en um níu af tíu Íslendingum treysta henni, svipað hlutfall og síðustu ár. Forsetinn kemur fast á hæla henni, en rúmlega 83 prósent bera traust til embættis Guðna Th.

Traust til Alþingis mælist um 18 prósent. Í fyrra báru um þrír af hverjum tíu traust til þess, hlutfallið næstum helmingast. Hlýtur að vera áfall fyrir þingheim. Borgarstjórn fær líka á baukinn. Traustið skreppur saman um þriðjung, heil 8 prósentustig, eða úr 24 af hundraði í tæplega 16. Óvinsælt bankakerfi hefur lengi verið í neðsta sæti en skipar nú þriðja sætið á skammarlistanum, á eftir ráðhúsinu og Alþingi. Einhvern tíma hefði það þótt saga til næsta bæjar.

Hvað veldur? Margt kemur til. Dvínandi álit á stjórnmálafólki í vestrænum lýðræðisríkjum – önnur Norðurlönd eru undantekning frá þeirri reglu. Íslenskir stjórnmálamenn liggja einkar vel við höggi af mörgum sökum. Klaustursmálið, sagan endalausa, sem enginn ætlar að læra af. Þingmaðurinn sem ekur hring eftir hring á okkar kostnað, en félagarnir slá um hann skjaldborg. Kjararáð, og margföld launahækkun til stjórnmálamanna og toppanna í opinbera geiranum er á ábyrgð stjórnmálamannanna, sem þannig skapa jarðveg fyrir róttækni í verkalýðsbaráttunni og munnsöfnuð sem minnir á gamla tíma. Það þarf tvo til. Við bætist óráðsían í borgarstjórn.

Þetta snýst um tilfinningar fólks. Fólki ofbýður hegðun sumra kjörinna fulltrúa, sem þverskallast endalaust við og eru tregir til að kannast við yfirsjónir sínar. Enginn segir af sér. Kraumandi reiðin finnur sér farveg á samfélagsmiðlum og magnast fyrir vikið. Ekki er hægt að reka kjörna fulltrúa úr starfi nema í kosningum. Stjórnmálamenn þurfa að fara í naflaskoðun.

Þeir þurfa að líta til nálægra landa, þar sem kollegar draga sig í hlé þegar þeir verða of umdeildir fyrir annað en málefnin sem tekist er á um. Þeir finna á eigin skinni, að það þjóni málstað þeirra best að hverfa á braut í von um að landið rísi. Þeir vita, að þeir sjálfir eru tilefnið – þeirra gjörðir. Þeir flækjast fyrir. Þeir vita líka að með raunsæi má endurvinna traust. Þeir geta svo sannarlega átt afturkvæmt eins og dæmin sanna.

Í nálægum löndum þykir stórmannlegt að kannast við yfirsjónir sínar. Hér þekkist vart að fólk dragi sig í hlé. Þar til íslenskir stjórnmálamenn taka upp þann sið af sjálfsdáðum, má búast við að Alþingi og borgarstjórn sitji sem fastast í skammarsætunum, hvað varðar traust fólksins í landinu.

**Þeir vita, að þeir sjálfir eru tilefnið – þeirra gjörðir. Þeir flækjast fyrir. Þeir vita líka að með raunsæi má endurvinna traust.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Að stela mat úr munni

Árið 1960, þegar Bonnie Tiburzi var tólf ára, fór hún í sinn fyrsta flugtíma. Sextán ára var hún farin að stunda sóló-flug. Hún gerðist flugkennari og flaug leiguvélum. Þegar Bonnie tjáði fjölskyldu sinni og vinum að hana langaði til að verða atvinnuflugmaður voru undirtektirnar dræmar. Engin fordæmi voru fyrir því að konur störfuðu sem atvinnuflugmenn. Meira að segja bróðir hennar sagði að flugfélögin myndu aldrei ráða hana því karlmenn þyrftu á störfunum að halda til að „sjá fjölskyldum sínum farborða og hafa efni á að búa í fallegum húsum“.

„En mig langar líka í fallegt hús,“ svaraði Bonnie. Hana langaði í starfsferil og hún vildi geta séð sér farborða. Bonnie lét ekki hugfallast. Hún skrifaði hverju einasta flugfélagi í Bandaríkjunum og óskaði eftir starfi sem flugmaður. Þegar framtakið skilaði ekki árangri skrifaði hún þeim aftur. Og aftur.

Árið 1973, þegar Bonnie var 24 ára, varð hún fyrsta konan sem ráðin var í starf flugmanns hjá flugfélaginu American Airlines og jafnframt fyrst kvenna í sögu Bandaríkjanna til að fljúga fyrir eitt af stóru áætlunarflugfélögunum. Hún var eina konan í hópi 214 nýrra flugmanna.

Bonnie sagði frá því í nýlegu viðtali við BBC að þegar hún hóf störf hjá American Airlines kom forstjórinn að máli við hana. Honum hafði borist bréf frá eiginkonu manns sem hafði sótt um flugmannsstöðu á sama tíma og Bonnie en ekki fengið. Í bréfinu hélt eiginkonan því fram að með því að ráða konu í stöðu flugmanns hefði starfið verið haft af manni hennar; að verið væri að taka mat úr munni barnanna þeirra. Forstjóri American Airlines bað Bonnie um að svara bréfinu. Bonnie skrifaði konunni af kurteisi en bætti við í lok bréfsins: „Ég vona að þú hafir skrifað hinum flugmönnunum 213 sama bréf og mér.“

### Hóflegar milljónir

Átök á íslenskum vinnumarkaði fara harðnandi. Verkföll blasa við. Uppi eru raddir sem segja kröfur verkafólks mikla ógn:

- „Það er áhyggjuefni hversu lítið er gert með áhrif umfangsmikilla launahækkana á stöðugleika,“ segir aðalhagfræðingur Íslandsbanka.
- Árangri við að tryggja stoðir hagkerfisins og stöðugleika síðustu ár er hægt „að glutra niður á stuttum tíma“, segir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.
- „Kröfugerðarfólk“ forðast umræðu um „áhrif þeirra krafna sem lagðar hafa verið fram“, segir dósent í hagfræði.

Í sumum herbúðum kveður þó við annan tón:

- Bankastjóri Landsbankans fékk nýverið launahækkun sem hljóðaði upp á 1,7 milljónir. „Hún er hófleg,“ segir formaður bankaráðs Landsbankans.
- Forstjóri Íslandsbanka er með 4,4 milljónir í laun með hlunnindum á mánuði. „Stjórn Íslandsbanka ánægð með Birnu,“ kveður í fyrirsögn.
- Fyrrverandi forstjóri N1 furðar sig á að það sé álitið „mikill glæpur“ að greiða bankastjórum há laun.

### Ekki heilagur réttur

Í dag hlær fólk að eiginkonu flugmannsins sem fannst Bonnie Tiburzi hafa hrifsað til sín eitthvað sem var með réttu mannsins hennar þegar Bonnie var ráðin flugmaður. Engu að síður líðum við sömu tilætlunarsemi í dag.

Þeir sem láta eins og það sé sjálfsögð krafa að hinir launalægstu gæti stöðugleikans í landinu eru haldnir sömu firru og eiginkona flugmannsins. Forgangur til efnahagslegra yfirburða er ekki heilagur réttur neins. Það er ekki á ábyrgð ræstitækna að halda sig til hlés svo að millistjórnendur geti „haft efni á að búa í fallegum húsum“. Krafa hótelþernu um að geta brauðfætt börn sín út mánuðinn er ekki stuldur á mat úr munni barna sviðsstjóra, sérfræðinga eða ráðgjafa.

Bonnie sagðist vona að eiginkona flugmannsins hefði skrifað hinum flugmönnunum 213 sama bréf og henni. Þeir sem prédika nú um hætturnar sem steðja að stöðugleikanum ættu að íhuga að beina þeim boðskap í aðrar áttir – jafnvel 213 áttir.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Gylfi með næstflest mörk og stoðsendingar




**Eftir mörkin tvö gegn Cardiff City er Gylfi Þór Sigurðsson orðinn næstmarkahæsti Norðurlandabúinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar með 57 mörk. Hann er líka sá næststoðsendingahæsti í deildinni af Norðurlandabúum.**

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson hefur sett mark sitt á ensku úrvalsdeildina síðan hann lék sinn fyrsta leik í henni fyrir Swansea City árið 2012. Eins og oft hefur komið fram er hann orðinn markahæsti Íslendingurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar en hann tók fram úr Eiði Smára Guðjohnsen með mörkunum tveimur sem hann skoraði í 0-3 sigri Everton á Cardiff City á þriðjudaginn.

Gylfi hefur nú skorað 57 mörk í ensku úrvalsdeildinni; 15 fyrir Everton, átta fyrir Tottenham og 34 fyrir Swansea. Það gerir hann ekki bara að markahæsta Íslendingnum í sögu ensku úrvalsdeildarinnar heldur einnig að næstmarkahæsta Norðurlandabúanum. Sá eini sem hefur skorað meira en Gylfi er núverandi knattspyrnustjóri Manchester United, Ole Gunnar Solskjær. Norðmaðurinn skoraði 91 mark fyrir United á árunum 1996-2007. Eiður Smári er í 3. sætinu yfir markahæstu Norðurlandabúana í sögu ensku úrvalsdeildarinnar með 55 mörk, Svíinn Fredrik Ljungberg í því fjórða (48 mörk) og Daninn Christian Eriksen í 5. sæti (46 mörk).

Gylfi er kominn með ellefu mörk í ensku úrvalsdeildinni í vetur og er þegar búinn að jafna sinn besta árangur í markaskorun á einu tímabili. Everton, sem er í 9. sæti, á tíu deildarleiki eftir. Aðeins átta leikmenn hafa skorað meira en Gylfi í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu og þeir leika allir með efstu sex liðunum. Þetta eru Sergio Agüero (18), Mohamed Salah (17), Pierre-Emerick Aubameyang (16), Harry Kane (15), Sadio Mané (14), Eden Hazard (12), Alexandre Lacazette (12) og Raheem Sterling (12).

Gylfi hefur gefið þrjár stoðsendingar á tímabilinu og 39 alls síðan hann byrjaði að leika í ensku úrvalsdeildinni, jafn margar og norski kantmaðurinn Morten Gamst Pedersen, sem lék með Blackburn Rovers í hartnær áratug, gaf. Eriksen er efstur á stoðsendingalista Norðurlandabúa í ensku úrvalsdeildinni með 57 slíkar. Solskjær er með 37 í 4. sæti og landi hans, John Arne Riise, í því fimmta með 30.

Þegar litið er á þá Norðurlandabúa sem hafa leikið flesta leiki í ensku úrvalsdeildinni er Gylfi í 13. sæti með 237 leiki og efstur af þeim sem eru enn að spila í deildinni.

Tveir aðrir Íslendingar hafa leikið 200 leiki eða meira í ensku úrvalsdeildinni. Eiður Smári lék 211 leiki fyrir Chelsea, Tottenham, Stoke City og Fulham. Hermann Hreiðarsson lék svo 332 leiki fyrir Crystal Palace, Wimbledon, Ipswich Town, Charlton Athletic og Portsmouth. Eyjamaðurinn er þriðji leikjahæsti Norðurlandabúinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar og enginn útispilari hefur leikið fleiri leiki en hann. Finnski markvörðurinn Jussi Jääskeläinen er leikjahæsti Norðurlandabúinn með 436 leiki. Danski markvörðurinn Thomas Sörensen kemur næstur með 364 leiki.

**ingvithor@frettabladid.is**

## 96

**mörkum hefur Gylfi komið að með beinum hætti í ensku úrvalsdeildinni.**

### Stoðsendingahæstu Norðurlandabúarnir

1. **Christian Eriksen** – Tottenham – **57**
2.-3. **Gylfi Þór Sigurðsson** – Swansea, Tottenham, Everton – **39**
2.-3. **Morten Gamst Pedersen** – Blackburn – **39**
4. **Ole Gunnar Solskjær** – Manchester United – **37**
5. **John Arne Riise** – Liverpool – **30**
7. **Eiður Smári Guðjohnsen** – Chelsea, Tottenham, Stoke, Fulham – **28**

### Markahæstu Norðurlandabúarnir

1. **Ole Gunnar Solskjær** – Manchester United – **91 MARK**
2. **Gylfi Þór Sigurðsson** – Swansea, Tottenham, Everton – **57 MÖRK**
3. **Eiður Smári Guðjohnsen** – Chelsea, Tottenham, Stoke, Fulham – **55 MÖRK**
4. **Fredrik Ljungberg** – Arsenal, West Ham – **48 MÖRK**
5. **Christian Eriksen** – Tottenham – **46 MÖRK**

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Selfoss - FH 26-23**

**Selfoss:** Atli Ævar Ingólfsson 8, Hergeir Grímsson 4, Elvar Örn Jónsson 4, Haukur Þrastarson 3, Árni Steinn Steinþórsson 2, Nökkvi Dan Elliðason 2, Alexander Már Egan 2, Guðni Ingvarsson 1.
**FH:** Jóhann Birgir Ingvarsson 6, Ásbjörn Friðriksson 5, Jakob Martin Ásgeirsson 3, Bjarni Ófeigur Valdimrasson 3, Ágúst Birgisson 2, Eyþór Örn Ólafsson 2, Leonharð Harðarson 1, Davíð Stefán Reynisson 1.

**Afturelding - Valur 26-26**

**Afturelding:** Árni Bragi Eyjólfsson 10, Tumi Steinn Rúnarsson 4, Elvar Ásgeirsson 4, Finnur Ingi Stefánsson 3, Einar Ingi Hrafnsson 3, Gunnar Malmqvist Þórsson 1, Emils Kurzemenieks 1.
**Valur:** Magnús Óli Magnússon 13, Ýmir Örn Gíslason 5, Stiven Tobar Valencia 2, Ásgeir Snær Vignisson 2, Anton Rúnarsson 2, Sveinn Aron Sveinsson 1, Daníel Freyr Andrésson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 27 | ÍR | 17 |
| Selfoss | 26 | Stjarnan | 13 |
| Valur | 25 | KA | 13 |
| FH | 24 | Fram | 11 |
| Afturelding | 18 | Akureyri | 8 |
| ÍBV | 15 | Grótta | 8 |

## Mikill áhugi á Hólmberti

**FÓTBOLTI** Norska félagið Álasund hefur þegar neitað tilboðum í íslenska framherjann Hólmbert Friðjónsson en þetta staðfesti Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hólmberts, í samtali við Fotbolti.net í gær.

Hólmbert sló í gegn með liði Álasunds í norsku B-deildinni þar sem hann skoraði tuttugu mörk í þrjátíu leikjum en Álasundi tókst ekki að komast upp. Þetta var fyrsta tímabil hins 26 ára gamla Hólmberts með Álasundi eftir að hafa áður leikið með Stjörnunni, KR og Fram á Íslandi og Brøndby í Danmörku.

Ólafur staðfesti í samtali við Fotbolti.net að Álasund hefði þegar neitað nokkrum tilboðum, þar á meðal frá liði í Suður-Kóreu. Þá sagði Ólafur að það væri mikill áhugi á Hólmberti, meðal annars frá Hollandi og þykir honum líklegt að skjólstæðingur sinn sé á förum frá Álasundi. **– kpt**

### Leikjahæstu Norðurlandabúarnir

1. **Jussi Jääskeläinen** – Bolton, West Ham – **436 LEIKIR**
2. **Thomas Sörensen** – Sunderland, Aston Villa, Stoke – **364 LEIKIR**
3. **Hermann Hreiðarsson** – Crystal Palace, Wimbledon, Ipswich, Charlton, Portsmouth – **332 LEIKIR**
4. **John Arne Riise** – Liverpool, Fulham – **321 LEIKIR**
5. **Sami Hyypiä** – Liverpool – **318 LEIKIR**
13. **Gylfi Þór Sigurðsson** – **237 LEIKIR** – Swansea, Tottenham, Everton

# HVAÐ Á AÐ LESA NÆST?




Hin ósýnilegu
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




Fyrirmyndarmóðir
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-




Kaupthinking
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Krókódíllinn sem þoldi ekki vatn
**TILBOÐSVERÐ: 2.199.-**
Verð áður: 2.699.-




Undir fána lýðveldisins
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Eldraunin
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Áfram konur!
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.499.-




Þar sem ekkert ógnar þér
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Kvika
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Barnið sem hrópaði í hljóði
**TILBOÐSVERÐ: 3.399.-**
Verð áður: 3.999.-




Húðflúrarinn í Auschwitz
**TILBOÐSVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.999.-




Blóðhefnd
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 04. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




Benedikt Rúnar Guðmundsson skrifar undir samning þess efnis að þjálfa íslenska kvennalandsliðið í körfubolta næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Spenntur fyrir þessu verkefni

Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mun næstu árin leika undir stjórn hins margreynda og farsæla þjálfara Benedikts Rúnars Guðmundssonar. Hann er að fara inn á slóðir sem hann hefur ekki fetað áður.

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Rúnar Guðmundsson var í gær kynntur til leiks sem nýr þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í körfubolta. Benedikt Rúnar tekur við stjórnartaumunum hjá íslenska liðinu af Ívari Ásgrímssyni sem lét af störfum eftir rúmlega fjögurra ára starf eftir að liðið lauk keppni í undankeppni Evrópumótsins 2019 í nóvember á síðasta ári.

Íslenska liðið fór í gegnum þá undankeppni án þess að ná sigri og ljóst að verðugt verkefni bíður Benedikts Rúnars ætli hann að færa liðið skör framar en það hefur verið undanfarin ár. Benedikt Rúnar semur um að stýra liðinu næstu fjögur árin. Ljóst er af lengd samningsins að honum er ætlað að leiða liðið til góðra verka og sjá um framtíðaruppbygginguþess.

„Viðræður um að ég myndi taka þetta starf að mér hófust fyrir tæpum tveimur vikum þegar Hannes [S. Jónsson, formaður KKÍ] kom að máli við mig og bauð mér starfið. Með hverjum deginum sem leið varð ég spenntari fyrir þessu verkefni og mér leist vel á þessa nýju

> **Ég held að það geti verið hollt og gott að fá að borðinu þjálfara sem hefur ekki starfað í landsliðsumhverfinu áður. Ég tel að ég sé með ferska sýn á það hvernig hlutirnir eru gerðir og hlakka til.**
>
> Benedikt Rúnar Guðmundsson

áskorun. Það verður gaman að gera eitthvað sem ég hef ekki gert áður á löngum þjálfaraferli mínum. Ég hef gaman af því að ég ögra mér og það er það sem ég er að gera með því að taka þetta að mér,“ segir Benedikt Rúnar um nýja starfið.

„Ég held að það geti verið hollt og gott að fá að borðinu þjálfara sem hefur ekki starfað í landsliðsumhverfinu áður. Ég tel að ég sé með ferska sýn á það hvernig hlutirnir eru gerðir. Með því er ég ekki að kasta rýrð á störf Ívars sem hefur staðið sig vel í starfi. Ég mun byggja liðið áfram á þeim leikmönnum sem hafa myndað kjarnann í liðinu undanfarin ár og það gefur augaleið að Helena [Sverrisdóttir] verður áfram lykilleikmaðurinn í liðinu.

Ég hef svo kynnt mér fjölmarga unga og efnilega leikmenn í gegnum starf mitt sem þjálfari KR og ég er bara mjög spenntur fyrir framhaldinu í íslenskum kvennakörfubolta. Það eru svo leikmenn eins og Sara Rún Hinriksdóttir og Lovísa Henningsdóttir sem hafa verið að gera það gott í bandaríska háskólakörfuboltanum sem verður spennandi að fylgjast með. Sara Rún er að koma heim í vor og ég hlakka til að sjá hana spila hér heima á næstu vikum,“ segir hann um sína sýn á framhaldið hjá liðinu.

„Ég mun svo á næstunni setjast niður og skipuleggja næstu verkefni hjá liðinu og fara yfir það með forráðamönnum KKÍ og afreksnefnd sambandsins hvernig við getum haft aðstæður og umgjörð hjá liðinu eins og best verður á kosið. Mér sýndist það á meðan ég var utanaðkomandi aðili að aðstæður væru að batna með hverju verkefni og nú er það okkar að sjá um að sú þróun haldi áfram. Ég mun á næstu dögum skoða það hvaða þjálfarar komi til greina í þjálfarateymi liðsins. Mig langar mikið að fá konu til þess að vera í teyminu og aðila sem hefur annan vinkil en ég og getur komið með mótvægi við mínar skoðanir,“ segir þessi margreyndi þjálfari um fyrstu verk sín.

Næsta verkefni liðsins er svo þátttaka í Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða í Svartfjallalandi í maí síðar á þessu ári. Þar á eftir hefur íslenska liðið leik í undankeppni Evrópumótsins sem fram fer í Lettlandi og Serbíu árið 2021. Sú undankeppni hefst næsta haust en dregið verður í riðla í sumar. Benedikt Rúnar segist ekki vera farinn að leiða hugann að því hvernig hann muni leggja hlutina upp á Smáþjóðaleikunum enda aðeins hálfur sólarhringur frá því að hann ákvað að taka starfið að sér þegar hann var tilkynntur á blaðamannafundi í gær. Það verður spennandi að sjá fingraför Benedikts Rúnars á liðinu og hvaða hlutum hann kemur til með að breyta hjá því á næstu mánuðum. **hjorvaro@frettabladid.is**

# Erkifjendur mætast í London og Liverpool

**FÓTBOLTI** Það eru tveir nágrannaslagir þar sem erkifjendur mætast í ensku úrvalsdeildinni um helgina en í hádeginu í dag tekur Tottenham á móti Arsenal og degi síðar mætast Everton og Liverpool í baráttunni um Bítlaborgina.

Á síðustu árum hefur uppskeran verið rýr hjá Arsenal þegar Skytturnar ferðast til nágranna sinna því Tottenham hefur unnið fimm af síðustu sjö leikjum liðanna á heimavelli í deildinni. Liði Tottenham hefur hins vegar fatast flugið því eftir að hafa endurheimt Harry Kane hefur Spurs tapað tveimur leikjum í röð.

Fyrir vikið er Tottenham að missa af titilbaráttunni og getur Arsenal minnkað forskot Spurs í baráttunni um fjórða sætið niður í eitt stig.




Gylfi og félagar ætla sér að gera Liverpool skráveifu. NORDICPHOTOS/GETTY

Í Bítlaborginni tekur Everton á móti Liverpool þar sem Everton-menn fá tækifæri til að hefna fyrir sárt tap þegar liðin mættust síðast og sigurmarkið kom á 96. mínútu.

Það virtist sitja í leikmönnum Everton sem hafa átt erfitt uppdráttar síðustu mánuði en öruggur sigur á Cardiff í vikunni þar sem Gylfi Þór Sigurðsson skoraði tvívegis ætti að hafa fyllt Everton-menn sjálfstrausti. Leikmenn Liverpool mæta sömuleiðis fullir sjálfstrausts eftir að hafa sýnt sitt rétta andlit á miðvikudaginn í 5-0 sigri á Watford á heimavelli. .

Það eru níu ár liðin síðan Everton vann síðast sigur á Liverpool en fjórum af síðustu fimm leikjum liðanna í deildinni á Goodison Park hefur lokið með jafntefli. **– kpt**

## Þurftu að fresta í annað sinn

**HANDBOLTI** Fresta þurfti leik ÍBV og KA í Olís-deild karla í annað sinn á tveimur dögum í gær eftir að samgönguörðugleikar urðu til þess að Akureyringar komust ekki til Vestmannaeyja í tæka tíð. Óvíst er hvenær leikurinn fer fram en ákvörðun verður tekin um það eftir helgi.

Leikurinn sem er í 17. umferð Olís-deildarinnar átti að fara fram á fimmtudagskvöldið en ákveðið var um miðjan dag að fresta leiknum. Var honum því frestað til föstudagskvölds en samgönguörðugleikar urðu til þess að ekki varð af leiknum. **– kpt.**

## Hafdís keppir á EM í langstökki

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hafdís Sigurðardóttir, sem keppir fyrir hönd UFA, hefur í dag keppni í langstökki á Evrópumótinu innanhúss í frjálsum íþróttum sem fer fram í Glasgow þessa dagana. Hafdís mætir til leiks aðeins viku eftir að hafa tryggt sér gullverðlaun á Meistaramóti Íslands þegar hún stökk 6,18 metra . Besta stökk hennar á þessu ári er 6,49 metrar sem kom henni inn á EM.

Hafdís keppir í undanrásunum að morgni til á laugardegi en þetta er í fjórða sinn sem Hafdís keppir á Evrópumótinu.




„Markmiðið á EM er að vera meðal átta efstu í undankeppninni og komast með því í úrslitin. Raunhæft markmið er að stefna á tíunda sætið því þarna eru bestu stökkvarar Evrópu mættir,“ sagði Hafdís í samtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni. **– kpt**



Frá Meistaramóti ÍSÍ um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Bikarkeppni FRÍ um helgina

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands fer fram í 13. sinn um helgina í Kaplakrika en keppt er í fullorðinsflokki í dag og 15 ára og yngri keppa á morgun. Alls eru átta lið skráð til leiks í karlaflokki og níu lið í kvennaflokki. FH og ÍR senda tvö lið til leiks í ár en þessi lið hafa titil að verja um helgina, FH í karlaflokki og ÍR í kvennaflokki, og er búist við harðri keppni þeirra á milli um bikarinn.

Mótið er viku eftir að Meistaramót ÍSÍ fór fram og eru því margir nýkrýndir Íslandsmeistarar að keppa fullir sjálfstrausts en Hafdís Sigurðardóttir og Hlynur Andrésson eru fjarverandi vegna þátttöku sinnar á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum sem fer fram þessa dagana í Glasgow.

Óðinn Björn Þorsteinsson, sem keppti fyrir hönd Íslands í kúluvarpi á Ólympíuleikunum í London 2012, mun draga fram skóna samkvæmt tilkynningu FRÍ og keppa um helgina en hann er ríkjandi meistari og á mótsmetið. **– kpt**


TRAUSTIR BÍLAR
Á ÖRUGGUM STAÐ
GEGGJUÐ TILBOÐ!
Kauptu traustan bíl á öruggum stað. Kauptu bíl hjá Brimborg.
Yfir 500 gerðir bíla frá Volvo, Ford, Mazda, Citroën og Peugeot.
Frábært verð og traust þjónusta. Við eigum rétta bílinn fyrir þig!
VOLVO
Volvo V40 CC D2 Momentum
2,0 Turbo dísil, 120 hö, sjálfskiptur
17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél, leiðsögukerfi,
Webasto vélarhitari og LED aðalljós með beygjustýringu.
Verðlistaverð 5.015.000 kr.
-725.000 KR.
Tilboðsverð: 4.290.000 kr.
Ford
Ford EcoSport Titanium S SUV
1,0 bensín, 125 hö, sjálfskiptur
17" álfelgur, málmlitur, bakkmyndavél,
leðuráklæði og Xenon aðalljós.
Verðlistaverð 3.850.000 kr.
-460.000 KR.
+ VETRARDEKK
Tilboðsverð: 3.390.000 kr.
mazda
Mazda 2 Niseko
1,5 bensín, 90 hö, beinskiptur (fáanlegur sjálfskiptur)
Vel búinn Mazda2 með SkyActiv spartækni!
Verðlistaverð 2.660.000 kr.
-250.000 KR.
Tilboðsverð: 2.410.000 kr.
PEUGEOT
Peugeot 508 Allure
1,5 dísil, 130 hö, 4 dyra, sjálfskiptur
Nýr og glæsilegur lúxusbíll frá Peugeot.
Aukabúnaður: Málmlitur og 360° myndavél.
Verðlistaverð 5.080.000 kr.
-400.000 KR.
Tilboðsverð: 4.680.000 kr.
CITROËN
Citroen C3 Aircross Shine
1,2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur
Aukabúnaður: Grip Control spólvörn, 17"álfelgur,
lyklalaust aðgengi, bakkmyndavél og málmlitur.
Verðlistaverð 4.120.000 kr.
-430.000 KR.
Tilboðsverð: 3.690.000 kr.
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
OPIÐ Í DAG KL. 12-16
– Komdu í reynsluakstur í dag!
brimborg.is



Aðalheiður Dögg Reynisdóttir eftirréttakokkur gefur lesendum krefjandi og skemmtilega uppskrift að girnilegum bollum sem má spreyta sig á fyrir bolludaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bolludagsbolla úr smiðju listakokks

Aðalheiður Dögg Reynisdóttir eftirréttakokkur útskrifaðist frá hinum virta matreiðsluskóla Le Cordon Bleu í London. Hún er aðeins 22 ára gömul og hefur haft bakstur að ástríðu frá barnsaldri.



Aðalheiður gætir að öllum smáatriðum, sítrónubörkurinn og karamellan eru alveg ómissandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég byrjaði að baka mjög ung og þegar kom að því að ákveða hvað ég ætlaði að leggja fyrir mig þá var það einföld ákvörðun. „Ég lauk námi í bakaraiðn við Hótel- og matvælaskólann og lauk á sama tíma prófi sem iðnstúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi. Þaðan fór ég til náms í Le Cordon Bleu í London og fékk styrk úr Hvatningarsjóði iðnnema sem auðveldaði mér að láta drauminn rætast,“ segir Aðalheiður Dögg frá.

„Skólinn reyndist mér vel, ég lærði mikið og það eru margir flottir kokkar sem kenna við skólann. Iðnnám finnst mér stundum vanmetið á Íslandi. En iðn er hluti af lífi allra, ég var mjög þakklát fyrir það að hljóta þennan styrk og bendi ungu fólki á að það eru miklu fleiri leiðir í boði en það heldur,“ segir hún.

Hún tók starfsnámið á Michelinstjörnustaðnum, Pollen Street Social. „Þetta er auðvitað allt öðruvísi en hér heima og erfitt að lýsa andanum á veitingastaðnum. Á hverjum degi gerðu allir sitt allra besta og dagarnir eru langir, sextán klukkustundir. Maður gefur ekkert eftir,“ segir Aðalheiður. „Þó að álagið hafi verið mikið þá lærði ég mikið og það var ýtt undir það,“ segir hún.

**Og ástríðan fyrir bakstri er hvergi á undanhaldi. „Ég get hugsað mér að gera þetta alla ævi, það eru svo margir möguleikar. Ég byrjaði í bakstri en það er alltaf eitthvað nýtt hægt að læra,“ segir Aðalheiður Dögg sem starfar um þessar mundir á veitingastaðnum Moss við Bláa lónið. „Það er frábært að vinna þar og í þessu fallega umhverfi og það er ágætt að vera í rólegri takti hér heima,“ segir hún.**

## HESLIHNETUPRALINE-BOLLA MEÐ SÍTRÓNUKREMI

**Uppskrift fyrir um 12 bollur**

**150 g vatn**
**150 g mjólk**
**4g salt**
**5 g sykur**
**270 g smjör**
**240 g hveiti**
**360 g egg**

Hitið vatnið, mjólkina, saltið, sykurinn og smjörið upp að suðu. Bætið við hveitinu og hrærið vel. Í pottinum myndast deigmassi sem þarf að elda þar til myndast skán á botni pönnunnar. Færið í hrærivél eða skál og hrærið til að kæla deigið örlítið. Bætið við eggjum, einu í einu og hrærið vel á milli. Haldið áfram þangað til blandan er slétt og glansandi og rennur af sleifinni þannig að það myndast eins konar fáni. Setjið blönduna í sprautupoka og sprautið á plötu. Bakið við 180 gráður í um 30 mín. Passið að opna ekki ofninn til að koma í veg fyrir að þær falli.

## SÍTRÓNUKREM

**120 g sítrónusafi (um 3 sítrónur)**
**Börkur af einni sítrónu**
**150 g sykur**
**180 g egg**
**40 g smjör**

Setjið sykurinn safann og börk í pott og hitið að suðu. Brjótið eggin í skál og hrærið saman. Hellið heitu sykurblöndunni yfir eggin og hrærið á meðan. Setjið skálina yfir vatnsbað og hrærið þar til blandan þykknar (um 68°C). Færið af hitanum og sigtið. Takið smjörið og hrærið því vel saman við. Kælið.

## PRALINE

**200 g heslihnetur**
**200 g sykur**
**6 msk. vatn**

Ristið heslihneturnar í 160°C ofni þar til þær eru gullnar. Takið hneturnar út og brjótið gróflega. Setjið sykurinn og vatnið í pott. Sjóðið karamelluna þar til vatnið er allt gufað uppog sykurinn orðinn karmelíseraður. Hellið heitri blöndunni yfir hneturnar og leyfið karamellunni að kólna alveg. Takið karamelluhneturnar og brjótið niður í minni búta. Endilega geyma nokkra sem þið getið notað til að skreyta bollurnar ykkar. Setjið í matvinnsluvél og vinnið þar til þið hafið myndað paste eða praline.

## PRALINE-RJÓMI

**300 g praline**
**90 g rjómi**
**500 ml rjómi**

Hitið minni hlutann af rjómanum upp að suðu. Hellið í þrem hlutum saman við praline-ið á meðan þið hrærið vel. Blanda þar til blandan er orðin slétt og glansandi, það er líka gott að nota töfrasprota til að koma blöndunni saman. Leyfið blöndunni að kólna. Þeytið stærri hlutann af rjómanum. Takið smá af þeytta rjómanum og blandið varlega saman við praline-blönduna. Bætið svo við restinni af rjómanum og blandið vel.

## KARAMELLA

**125 g sykur**
**3 msk. vatn**
**125 g rjómi**
**1/2 tsk. vanilludropar**
**Klípa af sjávarsalti**

Setjið sykur og vatn í pott og sjóðið þar til blandan er gullinbrún. Takið af hellunni og bætið rjómanum við í pörtum. Passið ykkur á gufunni sem kemur. Bætið vanillunni og saltinu við og kælið.

## SÍTRÓNUBÖRKUR (TIL SKRAUTS)

**1 sítróna**
**100 g sykur**
**100 g vatn**

Skerið börkinn af sítrónunni. Fjarlægið allt það hvíta af berkinum. Skerið börkinn í þunna strimla. Blansið börkinn þrisvar sinnum (börkurinn settur í vatn og hitaður upp að suðu og færður svo yfir í kalt vatn). Sjóðið sykur og vatn saman. Setjið börkinn út í og leyfið að krauma við vægan hita í 15 til 20 mín. þar til hann er orðinn gegnsær.

## SAMSETNING

Skerið bolluna í tvennt og dýfið toppnum í karamelluna. Fyllið botninn með sítrónukremi og sprautið rjómanum á. Skreytið með hnetum og sítrónuberki.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

live.is

- **Ávöxtun 4,3%**
- **Raunávöxtun 1,0%**
  **5 ára 4,8%, 10 ára 4,6%**
- **Jákvæð tryggingafræðileg staða 5,4%**
- **Eignir 713 milljarðar**

- **15 milljarðar í lífeyrisgreiðslur**
- **17 þúsund lífeyrisþegar**
- **52 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld**

# Starfsemi á árinu 2018

## Úr ársreikningi

### Efnahagsreikningur í árslok

| í milljónum króna | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | **252.099** | 242.356 |
| Sjóðfélagalán | **92.898** | 82.277 |
| Innlend hlutabr. og hlutd.skírteini | **111.872** | 115.712 |
| Erlend verðbréf | **247.237** | 215.932 |
| Verðbréf samtals | **704.106** | 656.277 |
| Bankainnstæður | **5.016** | 5.499 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | **435** | 462 |
| Skammtímakröfur | **3.955** | 3.264 |
| Skammtímaskuldir | **-770** | -729 |
| Eignir sameignardeildar | **698.642** | 652.285 |
| Eignir séreignardeildar | **14.100** | 12.488 |
| **Eignir samtals** | **712.742** | 664.773 |

### Breytingar á hreinni eign

| í milljónum króna | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | **34.335** | 29.797 |
| Lífeyrir | **-15.096** | -13.609 |
| Fjárfestingartekjur | **29.738** | 47.106 |
| Rekstrarkostnaður | **-1.008** | -906 |
| Breyting eigna | **47.969** | 62.388 |
| Eignir frá fyrra ári | **664.773** | 602.385 |
| **Eign samtals** | **712.742** | 664.773 |

### Kennitölur

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Ávöxtun | **4,3%** | 7,6% |
| Hrein raunávöxtun | **1,0%** | 5,7% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | **4,8%** | 5,9% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | **4,6%** | 1,7% |
| Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal) | **3,9%** | 4,2% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | **0,15%** | 0,14% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | **2,9%** | 3,0% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | **44,0%** | 45,7% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | **36.788** | 36.400 |
| Fjöldi lífeyrisþega | **17.083** | 15.820 |
| Stöðugildi | **43,4** | 40,8 |
| Ávöxtun Verðbréfaleiðar | **4,3%** | 7,6% |
| Hrein raunávöxtun Verðbréfaleiðar | **1,0%** | 5,7% |
| Ávöxtun Innlánsleiðar | **5,5%** | 3,0% |
| Hrein raunávöxtun Innlánsleiðar | **2,2%** | 1,3% |
| Ávöxtun Ævileiðar I | **0,8%** | – |
| Hrein raunávöxtun Ævileiðar I | **-2,4%** | – |
| Ávöxtun Ævileiðar II | **3,8%** | – |
| Hrein raunávöxtun Ævileiðar II | **0,5%** | – |
| Ávöxtun Ævileiðar III | **3,6%** | – |
| Hrein raunávöxtun Ævileiðar III | 0,3% | – |

### Afkoma

Ávöxtun á árinu 2018, var 4,3% og raunávöxtun 1,0%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 29,7 milljörðum. Raunávöxtun var að meðaltali 4,8% sl. 5 ár, 4,6% sl. 10 ár og 3,9% sl. 20 ár.

### Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða er traust, hún segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Staðan var jákvæð um 5,4% í árslok 2018 samanborið við 6,4% árið áður.

### Þróun tryggingafræðilegrar stöðu




### Lífeyrisgreiðslur

Á árinu 2018 fengu að meðaltali 17.083 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild að fjárhæð 14.315 milljónir. Árið áður námu þær 12.819 milljónum og hækkuðu því um 12%.

### Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar

í milljónum króna




### Séreignardeild

Séreign í árslok 2018 nam 14.100 milljónum. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 548 milljónir á árinu. Ávöxtun Verðbréfaleiðar var 4,3% og raunávöxtun 1,0%. Ævileiðir sjóðsins hafa mismunandi eignasamsetningu í þeim tilgangi að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir aldri og áhættuþoli. Ávöxtun Ævileiðar I var 0,8%, Ævileiðar II 3,8% og Ævileiðar III 3,6%.

### Eignir

Eignir sjóðsins námu 712,7 milljörðum í árslok samanborið við 664,8 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því 48 milljörðum. Eignasafnið er vel áhættudreift. Þannig eru um 35% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, samanborið við 33% árið áður. Innlend hlutabréfaeign nemur 15% af eignum sjóðsins. Þá eru 23% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 13% í safni sjóðfélagalána og 13% í öðrum skuldabréfum auk þess sem 1% er ávaxtað í bankainnstæðum og öðrum eignum.

### Skipting eignasafns




### Eignir samtals

í milljörðum króna




## Stjórn

Guðrún Hafsteinsdóttir, *formaður*
Ólafur Reimar Gunnarsson, *varaformaður*
Auður Árnadóttir, Árni Stefánsson, Benedikt K. Kristjánsson, Guðný Rósa Þorvarðardóttir, Ína Björk Hannesdóttir, Magnús Ragnar Guðmundsson

### Framkvæmdastjóri

Guðmundur Þ. Þórhallsson

**Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 26. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.**

# Enginn sér eftir því að velja að lifa

Við erum alltaf betur sett ef við tölum um hlutina, segir **Lóa Pind** sem sýnir fyrsta þátt sinn í nýrri þáttaröð um sjálfsvíg á Stöð 2 á sunnudag. Eftir vinnslu þáttanna er hún sannfærð um að það þurfi að huga betur að því að ungt fólk fái tækifæri til að rækta hæfileika sína og finna sér tilgang. Skólakerfinu þurfi að bylta og fólk þurfi að vera duglegra við að ræða um tilfinningar og líðan.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Lóa vonast til að þættirnir verði til þess að fólk opni sig um alvarlegan vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lóa Pind býr í fallegu steinhúsi í Norðurmýrinni í Reykjavík. Heimili hennar er litríkt og hlýlegt í senn. Hún bjó áður í miðbænum og segist ekki sakna þess.

Hún vinnur mikið heima við dagskrárgerð sína. „Það er óhætt að segja að ég sé ekki skrifstofutýpan. Ég hef þörf fyrir að ná mikilli einbeitingu í því sem ég er að gera og vil ekki láta trufla mig. En auðvitað sakna ég þess oft að hafa í kringum mig góða samstarfsfélaga,“ segir Lóa sem ákvað á nýju ári að hefja nýjan kafla í lífi sínu og starfa sjálfstætt.

Hún stofnaði eigið fyrirtæki utan um dagskrárgerðina Lóa Productions og hefur gert samkomulag við Sýn sem rekur Stöð 2 um framleiðslu á næstu þáttaröð, Hvar er best að búa? Um Íslendinga sem hafa kosið að búa á forvitnilegum stöðum víða um heim. „Þetta er mjög spennandi, ég hef starfað fyrir sama fyrirtækið í fjölda ára og þetta er því mjög mikil breyting á mínum högum. Mér finnst ég einhvern veginn loksins vera orðin fullorðin. Ég er kannski dæmigerður kvenmaður, varkár í fjármálum og fjárhagslegt óöryggi fer ekki vel í mig. En núna, eftir að hafa stjórnað og skrifað um það bil 10 sjónvarpsþáttaraðir, eftir nærri aldarfjórðung í fjölmiðlabransanum, finnst mér ég loksins vera tilbúin til að standa á eigin fótum. Ef ég væri strákur, hefði ég kannski stofnað þetta framleiðslufyrirtæki fyrir aldarfjórðungi,“ segir Lóa.

### Mikilvægt að vanda sig

Á sunnudag verður sýndur fyrsti þáttur af fjórum af nýjum þáttum Lóu, Viltu í alvörunni deyja? Í þáttunum ræðir hún við aðstandendur einstaklinga sem hafa svipt sig lífi.

Lóa segir þættina eina þá erfiðustu sem hún hefur unnið. „Það var eðlilega líka erfitt að fá viðmælendur til að opna sig um eigin geðsjúkdóma í þáttaröðinni „Bara geðveik.“ Það er erfitt að fá fólk til að ræða um þessi persónulegu mál og margir sögðu nei við mig,“ segir Lóa og segist skilja það vel. Hún segir umræðuna hins vegar vera að opnast síðustu ár. „Ég tek eftir því í minni vinnu. Þó að það hafi verið erfitt að fá fólk til að opna sig þá var það auðveldara en áður. Umræðan og kúltúrinn í íslensku samfélagi hefur breyst mikið á fáeinum árum. Hún er opnari en þá er líka mikilvægt að vanda sig,“ segir Lóa.

„Það sem er erfiðast er að fólk er að þvinga sig til að ræða þessa hluti í þágu annarra. Það er erfitt að vera í þeirri stöðu að þvinga fram slíkar frásagnir því þetta er það sársaukafyllsta og versta sem fólk lendir í. Og ég tala nú ekki um ef það er barnið þitt sem gerir þetta, ung manneskja með allt líf sitt fram undan. Fólki finnst að það hefði átt að sjá eitthvað, eða heyra eitthvað á viðkomandi. Fólk getur smám saman lifað með þessu en það var augljóst á þeim sem ég ræddi við að þessi sársauki fer ekki. Fólk situr uppi með hann ævilangt.“

### Fólk situr eftir með sársaukann

*Fjölmiðlafólk er stundum gagnrýnt fyrir að fjalla um geðsjúkdóma og sjálfsvíg. Ertu meðvituð um að fólk er gagnrýnið á umræðuna?*

„Fyrir mörgum árum þegar ég starfaði á fréttastofunni þá var það nú eiginlega bara þannig að við fjölluðum ekki um sjálfsvíg. En það gengur ekki upp í dag. Umræðan er svo opin og hún er svo víða, til dæmis á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlar hafa því hlutverki að gegna í þeim efnum. Geðlæknar eru eðlilega varkárir og tortryggnir í garð fjölmiðla og það er vegna þess að það hefur verið sýnt fram á smitáhrif þegar fjallað er um sjálfsvíg,“ segir Lóa og segist hafa gætt sín í hvívetna.

„Ég geri allt sem ég get til þess að efni þáttanna fari rétt ofan í fólk og ber þættina undir geðlækni áður en þeir fara í loftið. Ég las mér mikið til, Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur gefið út sérstakar leiðbeiningar um hvernig á að fjalla um sjálfsvíg og ég fylgi þeirri línu. Ég einblíni á sársauka þeirra sem eftir lifa og upphef ekki þá látnu,“ segir Lóa og segir því miður nóg um slíka upphafningu annars staðar. „Það er ekkert smart við það að drepa sig þegar maður er ungur. Það er heill her af fólki sem situr eftir með sársaukann og sektarkenndina, það getur verið ævilangt ferli að búa við slíkan sársauka,“ segir hún.

### Tölfræðin breytist lítið

Lóa segist einnig hafa lagt áherslu á að hafa þættina ekki dimma og drungalega. „Enda snúast þeir um lífið. Gleðina og kraftinn sem í því býr andspænis dauðanum.“

Lóa ræðir í þáttunum við foreldra, systkini, maka og börn fólks sem hefur svipt sig lífi. „Í hverjum þætti fjalla ég um mál tveggja einstaklinga sem hafa svipt sig lífi og ræði við ástvini þeirra og ræði einnig í hverjum þætti við Þórgunni Ársælsdóttur geðlækni um ýmsar áleitnar spurningar sem kvikna. Tugir Íslendinga svipta sig lífi á hverju ári. Ég leita svara, hvað getum við gert til að hjálpa fólki sem kýs ekki að lifa? Tölfræðin breytist lítið þrátt fyrir öflug og betri geðlyf. Miklu fleiri strákar og karlar svipta sig lífi en stúlkur og konur. En fleiri konur gera sjálfsvígstilraunir. Það er því augljóst að það er eitthvað í karlgerðinni eða menningu okkar sem gerir það að verkum að þeir eru líklegri til að svipta sig lífi,“ segir Lóa.

„En þetta er ráðgáta. Við getum ekki spurt þá sem fóru. En það sem er þó vitað er að karlar eru síður líklegir til að leita sér hjálpar þegar eitthvað bjátar á. Leita sér læknis eða sálfræðiaðstoðar. Þeir virðast einnig líklegri til að einangrast félagslega og vera hvatvísari,“ segir hún.

> ELDRI SONUR MINN MISSTI EINN BESTA VIN SINN ÚR SJÁLFSVÍGI. HANN VAR SJÁLFUR TVÍSTÍGANDI Í LÍFINU OG ÉG VAR MJÖG HRÆDD UM HANN Á ÞVÍ TÍMABILI. Á HVERJU KVÖLDI Í MARGA MÁNUÐI FÓR ÉG INN TIL HANS OG VAR HRÆDD UM HANN. EN ÉG ÞORÐI EKKI AÐ SPYRJA HANN.

### Vandinn hefst í skólakerfinu

Lóu er tamt að fjalla um samfélagsleg málefni á jaðrinum. Síðustu ár hefur hún hún gert vandaða þætti um ungt fólk sem á erfitt uppdráttar í skólakerfinu, Tossarnir. Og um fólk með geðsjúkdóma, Bara geðveik. Og nú fjallar hún um sjálfsvíg og leitar svara.

*Hverju hefur þú komist að?*

„Mér finnst vandinn hefjast í skólakerfinu. Ég er komin hátt á fimmtugsaldurinn og ég og fólkið í kringum mig eigum börn á þrítugsaldri sem hefur farið í gegnum skólakerfið. Ég dáist að kennurum og þeirra vinnu en það er mikilvægt að horfast í augu við það að skólakerfið virkar ekki eins og það ætti að gera. Það er hluti af velmegun okkar að geta boðið ungu fólki upp á 10 ára skyldunám og svo framhaldsnám og þaðan liggur leið margra í háskólanám. Þú ert orðin rígfullorðin manneskja þegar þú ferð að bera ábyrgð. Fyrstu átján ár skólagöngunnar erum við að mata börn. Það gengur ekki upp. Ég veit að við þurfum að minnsta kosti fjölbreyttari valkosti fyrir ungt fólk á framhaldsskólastiginu,“ segir Lóa og ítrekar að hún hafi að sjálfsögðu ekki réttu svörin við lífsgátunni. Það þekkist líka að fólk svipti sig lífi sem þyki á góðum stað í lífinu og jafnvel að elta drauma sína. Það er talið að um það bil 90% þeirra sem svipta sig lífi séu að glíma við geðræna erfiðleika og þótt við getum vonandi slegið á kvíða og þunglyndi með því að bjóða ungmennum upp á fleiri valkosti í námi, þá erum við ekki að fara að útrýma geðrænum veikindum sem geta leitt til sjálfsvígs,“ leggur Lóa áherslu á.

### Hættum að mata ungt fólk

„En í það heila held ég að við getum fækkað sálarflækjunum ef við getum hjálpað fólki að finna tilgang. Ef að við hættum að mata ungt fólk og hjálpum því að verða sterkara, seigara og næra ástríðu sína. Ég á sjálf ungling í gagnfræðaskóla sem er bara að þrauka, ef svo má segja,“ segir Lóa og hlær. „Æi, þau eru mörg sem eru með listræna hæfileika

sem eru svolítið að þreyja þorrann þangað til þau fá að gera það sem þau langar til. Ef þau finna þá til þeirrar löngunar,“ segir Lóa.

„Yngri sonur minn hefur mjög gaman af því að semja tónlist. Hann var þrettán ára þegar hann sagði mér að hann ætlaði sér að fara í framhaldsskóla í útlöndum því það væri ekkert hér. Ég krossaði mig bara, að senda ungan son minn einan út í nám. En svo frétti ég af því fyrir tilviljun að það væri reyndar búið að stofna framhaldsskóla í tónlist, MÍT. Það birti yfir syni mínum og það var magnað að sjá tilganginn kvikna innra með honum. Allt í einu fannst honum rík ástæða fyrir því að sitja yfir stærðfræðinni. Það eru nefnilega inntökuskilyrði í skólann,“ segir Lóa og segist velta því reglulega fyrir sér af hverju í ósköpunum það sé ekki starfandi stór listaframhaldsskóli á Íslandi. Í dag sé listnámi dreift á marga framhaldsskóla. „Já, af hverju er ekki stór listaframhaldsskóli hér á landi. Þar sem fólk þarf ekki fyrst að klifra yfir hindranir af dönsku og stærðfræði áður en það lærir það sem það dreymir um og hefur hæfileika til. En því miður er kerfið sniðið þannig að við fleytum sem flestum í gegn á sem hagkvæmastan hátt. Það er nefnilega ódýrast að kenna bóknám,“ segir Lóa.

*En er það endilega ódýrast?*

„Einmitt, góð spurning. Því svo sannarlega er það ekki ódýrast eða hagkvæmast ef það kostar geðheilsu ungs fólks.“

**Fólk tali saman**

*Hvert var markmiðið með gerð þáttanna?*

„Það sem ég vonast innilega til er að þeir verði til þess að fólk geti talað saman. Og að þeir ýti við þeim fjölmörgu sem hafa sjálfsvígshugsanir eða jafnvel gert sjálfsvígstilraun, að þeir átti sig á því hversu hyldjúpan sársauka fólk skilur eftir ef það tekur þessa skelfilegu ákvörðun.

Eldri sonur minn missti einn besta vin sinn úr sjálfsvígi. hann var sjálfur tvístígandi í lífinu og ég var mjög hrædd um hann á því tímabili.

Á hverju kvöldi í marga mánuði fór ég inn til hans og var hrædd um hann. En ég þorði ekki að spyrja hann. Ég var svo hrædd um að það myndi rugga bátnum, koma einhverjum hugmyndum í kollinn. En núna veit ég að hann var ekkert að hugsa um þetta og ég hefði getað létt af mér mikilli sálarangist með því að spyrja krakkann beint út,“ segir hún og hristir höfuðið með bros á vör.

„Ef það er eitthvað sem ég vonast eftir þá er það að foreldrar ræði við börn sín um líðan þeirra,“ segir Lóa og segir mikilvægt að hafa það í huga að það komi ekki endilega í veg fyrir sjálfsvíg. „En það borgar sig að tala. Við verðum að geta rætt þessi mál því það eru svo margir sem eru lokaðir inni með þessar hugsanir og við verðum að vita það til að geta tekist á við vandann. Hvort ástvinur okkar er kominn á þennan stað. Hvort hann sé með dagsetningu, aðferð, í huga. Því þá er það orðið alvarlegt. Þá getum við reynt að hjálpa en getum kannski ekki komið í veg fyrir allt,“ segir Lóa.

**Komumst yfir áföll**

„Oft eru þetta miklar tilfinningar, tengdar heilsu eða áföllum sem ganga samt í bylgjum. En það má komast yfir áföllin og lifa góðu og gefandi lífi. Ungt fólk verður að fá að vita það. En byrjunin er að opna sig um vandann. Við erum alltaf betur sett ef við tölum um hlutina,“ segir Lóa og segir geðheilbrigðiskerfið átta sig vel á því.

„Ég finn að geðlæknar vilja að þetta sé rætt, en vilja hafa ákveðin bönd á því. Ég ber fulla virðingu fyrir því og reyni að hlýða því sem þeir segja. Eitt það allra mikilvægasta sem Þórgunnur Ársælsdóttir geðlæknir hefur að segja er að hún hefur aldrei rætt við manneskju sem sér eftir því að hafa verið bjargað eftir sjálfsvígstilraun eða -hugsanir. Þegar manneskjan er komin út úr vanlíðaninni, þá sér enginn eftir því að velja að lifa.“



Lóa hefur stofnað fyrirtæki um þáttagerð sína, Lóa Productions og er full tilhlökkunar yfir sjálfstæðinu. W

> OFT ERU ÞETTA MIKLAR TILFINNINGAR, TENGDAR HEILSU EÐA ÁFÖLLUM SEM GANGA SAMT Í BYLGJUM.





Óli Björn stofnaði Viðskiptablaðið árið 1994 og ritstýrði. Hanna Katrín vann í rúman áratug á Morgunblaðinu, Kolbeinn starfaði um árabil á Fréttablaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

# Ekki náð takti eftir að fyrsta fréttin fór „viral“

Blaðamennska er sjúkdómur, segir Óli Björn Kárason, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Óli Björn, Kolbeinn Proppé, VG og Hanna Katrín Friðriksson, Viðreisn, eru öll fyrrverandi blaðamenn. Sammála um að ef ekkert verði gert muni fækka í flóru sjálfstæðra fjölmiðla.

Fyrirferð RÚV og samfélagsmiðlar eru stór hluti þess vanda sem einkareknir fjölmiðlar standa frammi fyrir. Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hefur boðað aðgerðir til þess að létta undir með þessum miðlum sem margir róa lífróður. Blaðamaður tók þrjá þingmenn og fyrrverandi blaðamenn tali, til þess að grennslast fyrir um álit þeirra á fjölmiðlafrumvarpi ráðherrans, sem nú liggur í samráðsgátt stjórnvalda. Þar er gert ráð fyrir því að einkareknir fjölmiðlar geti sótt um styrki í formi endurgreiðslu á allt að 25 prósentum af rekstrarkostnaði ritstjórnar. Fyrir styrkveitingunni eru sett skilyrði svo sem að efni fjölmiðils sé fjölbreytt og fyrir allan almenning, byggist á fréttum, fréttatengdu efni og samfélagsumræðu. 50 milljóna króna þak verður sett á hámarksfjárhæð styrkja .

*Hvernig líst ykkur á hugmyndir Lilju?*

**Óli Björn:** Eigum við ekki að orða þetta kurteislega? Ég held að ráðherra geri sér grein fyrir því að staðan er alvarleg og að það sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða. En eins og frumvarpið lítur út er þetta ekki besta leiðin, sennilega sú versta. Vandinn í þessu öllu er sá að á meðan menn taka ekki grundvallarákvarðanir um að reyna að jafna samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði með því að taka á Ríkisútvarpinu eru menn að finna einhverjar leiðir, millifærslusjóði sem er eins óheilbrigt og hægt er.

### Ekki í aðdáendaklúbbnum

*En Lilja segir á móti að með þessum hætti séu ýmsar greinar styrktar, bókaútgáfa, kvikmyndagerð, nýsköpun og svo framvegis?*

**Óli Björn:** Á meðan menn hafa ekki burði, og þá er ég ekki að tala um ráðherrann sérstaklega, til þess að horfast í augu við fyrirferð Ríkisútvarpsins þá er til lítils að vinna. Nú er ég ekki í aðdáendaklúbbi Ríkisútvarpsins og raunar ekki talsmaður þess að ríkið sé að vasast í fjölmiðlarekstri yfir höfuð, þó ég skilji rökin fyrir því. En ef menn vilja á annað borð að ríkið standi í fjölmiðlarekstri, reki Ríkisútvarp, þá skulum við skilgreina það hlutverk og umsvifin með þeim hætti að þau skekki ekki stöðu sjálfstæðra fjölmiðla.

> ÉG HELD AÐ ÞAÐ SÉ SANNGJARNT AÐ GAGNRÝNA SJÁLFSTÆÐISFLOKKINN FYRIR AÐ HAFA EKKI TEKIST Á VIÐ AÐ MÓTA UMHVERFI RÍKISÚTVARPSINS
>
> Óli Björn Kárason

*Þinn flokkur hefur oft haldið utan um málaflokkinn, en ekki tekið á þessu?*

**Óli Björn:** Einhver myndi halda því fram að í tíð Sjálfstæðisflokksins, eiginlega allt frá því þegar Ríkisútvarpinu er breytt í opinbert hlutafélag og útvarpsgjöld innleidd, þá hafi fjárhagsleg staða Ríkisútvarpsins stöðugt verið að styrkjast. Sé raunar orðin blómleg. Svo ef menn halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn sé sérstakur andstæðingur Ríkisútvarpsins þá væri það sérkennileg aðferð til þess að sýna það í verki. Ég held að það sé sanngjarnt að gagnrýna Sjálfstæðisflokkinn fyrir það að hafa ekki tekist á við það að móta umhverfi Ríkisútvarpsins, hlutverk þess og umsvif eins og nauðsynlegt er. Það verður hins vegar aldrei gert í pólitísku stríði.

Var þetta ekki sæmilega diplómatískt? spyr Óli Björn og hlær.

Kolbeinn tekur orðið. „Fólk getur haft skoðanir á umfangi og eðli RÚV. Ég er sammála því að við eigum að skoða hvert á að vera hlutverk almannaútvarps. Við erum ekki að fara að gera neitt einn, tveir og þrír. Við þurfum hins vegar að bregðast við þeirri stöðu sem er meðal almennra fjölmiðla strax. Í staðinn fyrir að fara að agnúast út í þessar tillögur, þá finnst mér að allar aðgerðir í þessu veru, sem styrkja stöðu þessara miðla, séu góðar. Það má áreiðanlega gera breytingar, en við erum að minnsta kosti komin á þann stað að hér eru komnar fram tillögur, sem beinlínis verða til þess að efla fjölmiðla. Það er frábært. Við höfum öll reynslu af fjölmiðlum, en við erum að tala um umhverfi sem við höfum aldrei séð áður. Áskoranir sem kalla á að við séum tilbúin að skoða allar leiðir. Óli Björn talar um millifærslusjóð, sem er ekkert neikvætt í mínum huga. Mér finnst gott að við séum komin á það stig að geta rætt almennt um stöðu fjölmiðla og eðli. Umræðan um fjölmiðla síðustu árin hefur nánast einungis snúist um RÚV á auglýsingamarkaði og áfengisauglýsingar.

### Viðskiptamódel á fallandi fæti

*Það er verið að ræða stöðu sjálfstæðra miðla og RÚV tekur allt súrefnið. Er það birtingarmynd vandans?*

**Kolbeinn:** Við erum búin að búa til þá stöðu að hafa búið til öfluga auglýsingasöludeild í skjóli ríkisins. Ég átta mig á því. Ég velti því fyrir mér, fyrst hún er þarna, væri leið að hluti af þeirra tekjum færi til hinna miðlanna? Ég hins vegar efast um það sem maður heyrir suma segja, að ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði þá sé hægt að deila þeim tekjum niður á hina miðlana. Ég held að margir auglýsi á RÚV af því að það er RÚV.

**Hanna Katrín:** Viðskiptamódel hefðbundinna miðla hefur verið á fallandi fæti, allt frá því að fyrstu vefmiðlarnir komu og síðan eru tveir áratugir. Stór ástæða er samfélagsmiðlarnir, auglýsingatekjur eru að dreifast, fara úr landi. Fólk er að fara sem neytendur á fjölmiðlaumfjöllun úr landi. Allt landslagið er á fleygiferð. Ég er sannfærð um að stjórnvöld séu ekki besti aðilinn til að vera forspá um það hvernig fjölmiðlamarkaðurinn mun þróast. Þannig finnst mér þetta röng leið, að stjórnvöld setji skilyrði fyrir styrkjum sem við vitum ekki hvernig þroskast eða hvort standist tímans tönn.

Ég hef farið í gegnum umsagnirnar. Það eru margar athugasemdir sem miðast vitaskuld af hagsmunum þess miðils sem á í hlut og þeir eru mismunandi. Ég vil hafa það þannig. Ég hef ekki enn séð neitt í spilunum sem segir, það er best að fjölmiðlar séu inni í þessum eða hinum rammanum, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég trúi því að það sé ekki hægt að fara inn í umræðu um fjölmiðlamarkað án þess að ræða RÚV. Vitaskuld er markaðurinn best til þess fallinn að finna út úr því hvernig markaðurinn þróast, en það er erfitt þegar það er stofnun inni á auglýsingamarkaði, með sitt forskot, að keppa við einkamiðla í ójöfnum leik um tekjur. Það er ekki hægt að taka þessa umræðu með RÚV út fyrir sviga.

### Fátækari flóra

**Óli Björn:** Við erum að reyna að búa til jarðveg sem tryggir fjölbreytta flóru fjölmiðla. Eins og frumvarpið lítur út, virkar það í hina áttina. Það mun verða fátækari flóra, vegna þess að það skekkir samkeppnisstöðu einkareknu fjölmiðlanna. Ef við teljum nauðsynlegt að ríkið komi að þessu, þá vil ég að við horfum til skattkerfisins. Ég hef nefnt að fella niður tryggingargjald af miðl-



Ekki vera gagnslaus
Þú þarft meira en orðin tóm
Þú getur talað eins og þú vilt, en þegar upp er staðið gerir síminn þinn takmarkað gagn án gagnamagns.
10GB + Ótakmarkaðar mínútur og SMS = 3.490 kr. á mánuði
Ef þú ert í Heima færðu 100 GB fyrir sama verð.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone
Hluti af sýn



VIÐ VILJUM EKKI BORGA FYRIR ÞAÐ ÞVÍ ÞAÐ ER ALLTAF EINHVER ANNAR TILBÚINN AÐ GEFA OKKUR EFNIÐ ÓKEYPIS. VIÐSKIPTAMÓDELIÐ ER SKEKKT. VIÐ HÖFUM EKKI NÁÐ TAKTI SÍÐAN FYRSTA FRÉTTIN FÓR „VIRAL“.



ÞAÐ VERÐUR EKKI ÞANNIG AÐ ÞAÐ SÉ EINHVER RÍKISSTOFNUN SEM HEITIR FJÖLMIÐLANEFND SEM Á AÐ VERA EINHVERS KONAR YFIRHATTUR Á ÍSLENSKUM FJÖLMIÐLUM. ÉG VARA MJÖG VIÐ ÞVÍ.



ÞAÐ ER EKKERT HUGTAK SEM FER JAFN MIKIÐ Í TAUGARNAR Á MÉR OG „RANNSÓKNARBLAÐAMENNSKA“. ALLAR FRÉTTIR SEM ÉG SKRIFAÐI LEIT ÉG Á SEM RANNSÓKNARBLAÐAMENNSKU.

unum. Það er aðgerð þar sem allir sitja við sama borð. Aftur, Kolbeinn minn, að uppáhaldsfyrirtækinu mínu, Ríkisútvarpinu.“ Þingmennirnir hlæja.

**Óheppni að vinna Útsvar**

**Óli Björn:** Það veldur mér áhyggjum að samkvæmt lögum þá ber þeim að haga samkeppnisrekstri sínum með ákveðnum hætti. Þeir fengu aðlögunartíma en áttu frá og með 1. janúar 2018, að hafa samkeppnisreksturinn, m.a. auglýsingasöluna, inni í sjálfstæðu dótturfélagi. Núna er mars 2019 og Ríkisútvarpið hefur enn ekki farið að lögum. Mér finnst það alvarlegt, þegar áhrifamikil ríkisstofnun, í þessu tilfelli fjölmiðill sem er áhrifameiri en flestir aðrir, telur sig geta hagað málum með þeim hætti að hún þurfi ekki að fara að lögum sem um hana gilda. Þetta skiptir máli, því þetta hefur áhrif á reksturinn. Og í krafti þessarar yfirburðarstöðu sem Ríkisútvarpið hefur, þá gengur stofnunin þannig fram að hún ryksugar upp auglýsingamarkaðinn á kostnað einkarekinna miðlanna. Þið sáuð þetta í kringum heimsmeistaramótið í fótbolta,“ útskýrir Óli Björn og vísar til þess þegar auglýsingapakkar RÚV í kringum HM í knattspyrnu í fyrra bundu auglýsingafé fyrirtækja í landinu langt fram eftir hausti.

Óli Björn heldur áfram. „Þetta kemur líka niður á litlu staðbundnu miðlunum. Ef þú ert svo óheppinn að viðkomandi sveitarfélag kemst í úrslit í Útsvari, þá kemur auglýsingadeild ríkisins og straujar upp þessar fáu krónur sem eru inni í því samfélagi til auglýsinga. Þetta er galið!

*Við sjáum að þróunin út í heimi er annars vegar samruni, til dæmis hefur breski fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch biðlað til stjórnvalda og óskað eftir leyfi handa ritstjórnum The Times og The Sunday Times til að starfa saman og hins vegar sjáum við fleiri sérhæfða miðla ryðja sér til rúms. Í frumvarpsdrögum Lilju er ekki gert ráð fyrir að styrkja fjölmiðla sem eru vandaðir en sérhæfðir, á borð við fotbolti.net og turisti.is?*

**Kolbeinn:** Þarna erum við að tala um breytt eðli. Hvað er fjölmiðill? Í frumvarpsdrögunum er skilgreining og svo sagt að þurfi að vera þrír í ritstjórn svo viðkomandi fái styrk. En maður fer og opnar það sem í gamla daga hét bloggsíða og svo sérðu þar auglýsingar og það er orðið fjölmiðill. Eru ekki feisbúkksíður sumra orðnar fjölmiðill?

**Óli Björn:** Og Snapchat.

**Kolbeinn:** Það er verið að reyna að skilgreina kvikt fyrirbæri. Það mun verða próblematískt. Málið er flókið. En þá bakka ég og hugsa, af hverju dettur okkur í hug að við eigum að vera með einhverjar sérstakar aðgerðir fyrir almenna fjölmiðla? Jú, það er hluti af hinu lýðræðislega kerfi. Þess vegna er ég ekki sammála því að það sé alltaf bara markaðurinn sem eigi að díla við þetta. Ef þetta væri venjulegt fyrirtæki á markaði, þá værum við ekkert að spá í þetta

**Hanna Katrín:** En þú getur verið með frjálsan markað en samt rammað hann inn. Þetta er ekki einfalt, en það sem er erfitt við þessar skilyrðingar allar er að þær lúta að forminu en ekki efninu. Ég veit að það er miklu auðveldara að setja skilyrði um formið, um starfsmannafjölda, um veltu og allt þetta, en efnið er það sem skiptir máli.

**Tollalækkun eða áhugavert fólk?**

**Kolbeinn:** Þá erum við komin í umræðu sem maður hefur átt á ritstjórnum. Hvort er mikilvægara, frétt á forsíðu um tollalækkun eða frétt á forsíðu af fólki sem er að gera áhugaverða hluti?

**Hanna Katrín:** Algjörlega, en þarna er verið að ræða um hvort 20 manna ritstjórn er með betra efni en þriggja manna ritstjórn, er staðbundinn miðill með lítilvægari fréttir en miðill sem vísar á landsvísu? Við getum alveg talið fólk í vinnu og við getum talið klikk. Hvað eigum við að miða við?

**Kolbeinn:** Við erum að glíma við þær ómögulegu aðstæður að það er verið að skilgreina fyrirbæri sem ekki er hægt að skilgreina.

**Hanna Katrín:** Hvernig eigum við þá að styrkja miðlana? Það eru almennar aðgerðir. Til dæmis tryggingargjaldið sem Óli Björn hefur nefnt.

**Kolbeinn:** Já, það þarf að búa til ramma og gera eitthvað.Afnema virðisaukaskatt af áskriftartekjum? Er hægt að koma því þannig fyrir að fjölmiðlar séu undanþegnir öllum virðisauka? Skiptir það máli? Ég er til í að skoða þetta allt. Á endanum þarftu að skilgreina þetta. Það er gallinn við lagasetningu.

**Óli Björn:** Ég hygg að ég hafi varpað þessari hugmynd um að afnema virðisaukann af áskriftum.

**Hanna Katrín:** Sú hugmynd er vond.

Óli Björn: Já, hún er vond. Vegna þess hún að nær ekki utan um alla fjölmiðla. Fjölmiðlar sem eru ekki að byggja sinn tekjugrunn á áskriftum væru undanskildir. Af því leyti var þetta ekki skynsamlegt. Tryggingargjaldsleiðin er þó þannig að menn eru allir jafnt settir. Sitja við sama borð. Þetta er skrýtið fyrir mann eins og mig, og alveg örugglega fyrir vinkonu mína Hönnu Katrínu, að standa frammi fyrir því að í staðinn fyrir að vera að kljást við það að búa til almennilegar leikreglur og skattaumhverfi, sem er einfalt og skiljanlegt, þá erum við vegna aðstæðna að leita leiða til sértækra aðgerða. Fíllinn í stofunni heitir Ríkisútvarpið og svo er sótt að innlendum fjölmiðlum utan frá. Þetta er vont, en ég sé ekki annað í stöðunni. Það er hinn sári veruleiki sem blasir við.

**Hanna Katrín:** Með tryggingargjaldið. Mig verkjar örlítið undan þeirri hugmynd, því ég vil hafa þetta einfalt og lækka tryggingargjald á öll fyrirtæki.

**Óli Björn:** Prinsippið er rétt.

*Hvað með samkeppnisumhverfið? Eiga kannski Fréttablaðið og Mogginn að sameinast? Er það framtíðin?*

Hanna Katrín: Það væri ekki gott.

Óli Björn: Það væri vont. Ég er nú langelstur af ykkur og alinn upp við fullt af dagblöðum, Alþýðublaðið og Tímann og auðvitað var Mogginn flaggskipið, svo Þjóðviljinn, Vísir og Dagblaðið, Helgarpósturinn. Þarna var gerjun, mismunandi hugmyndafræði sem fjölmiðlarnir byggðu á. Það skiptir máli að það séu mismunandi sjónarhorn tekin á þjóðfélagsumræðuna á fréttirnar og líka hinn mannlega þátt. Eftir því sem miðlarnir eru fjölbreytilegri að formi og efni þá held ég að þjóðfélagið hagnist á því þess vegna vona ég nú að við séum ekki að horfa upp á að einkareknir fjölmiðlar hætti, af því þeir gefi upp öndina eða neyðist til að sameinast. En það er annað mál, að það hlýtur að vera skynsamlegt að móta inn í samkeppnislöggjöfina, form og reglur sem heimila fjölmiðlum samstarf á ákveðnum þáttum til að nýta innviði, prentun, dreifingu en samt sem áður séu þarna múrar. Einkareknir fjölmiðlar verða að keppa hver við annan með sama hætti og þeir þurfa að keppa við Efstaleitið.

**Kolbeinn:** Óli Björn talar um flóruna í dagblöðum. Við skulum ekki gleyma því að þetta voru allt flokksblöð, flest þeirra, svo fór reyndar að kvarnast úr því. Þegar blómatíminn er eru þetta blöð sem fjölmiðla þá fékkstu ágætismynd af flokkarnir ákveða að setja kraft í, setja fjármagn í og nýta sitt félagatal inn í áskrift.

**Hanna Katrín:** Við getum eytt stjórnmálaflokkapeningnum í þetta, segir hún, létt í bragði. Þingmennirnir hlæja.

**„Meira svona költ“**

**Kolbeinn:** Á tímabili sátu þingfréttaritarar þessara blaða þingflokksfundi sinna flokka. Og ef þú last þetta allt og deildir með fjölda fjölmiðla þá fékkstu ágætismynd af því sem var að gerast. Og svo náttúrulega hættu stjórnmálaflokkarnir að gera þetta. Þá er það eftir, hver er til þess fallinn eða ætti að reka fjölmiðil á Íslandi?

**Hanna Katrín:** Sumir stjórnmálaflokkar hættu því, að minnsta kosti.

Þingmennirnir hlæja og líta á Óla Björn.

**Kolbeinn:** Suma lít ég nú ekki á sem stjórnmálaflokka, segir hann og klappar Óla Birni á bakið. „Meira svona költ.“ Þau hlæja.

Kolbeinn heldur áfram. „En án gríns. Af hverju ættirðu að reka fjölmiðil á Íslandi? Hvað er það‘? Jú, þú sérð einhverja litla fjölmiðla sem búa til starfsemi í kringum vinnu sína og svo eðlilega, eru þetta bara viðskipti.

**Óli Björn:** Svo er blaðamennskan auðvitað sjúkdómur.

**Hanna Katrín:** Þetta er hugsjónastarf og ávanabindandi.

**Kolbeinn:** Við höfum unnið í þessu og sýkst. Látum yfir okkur ganga að vinna fyrir lúsarlaun í langan tíma. Þetta er alþjóðlegt vandamál, og þess vegna segi ég, ræðum RÚV, en það er ekki eins og Times og Sunday Times séu að keppa við RÚV. Þetta er alls staðar vandamál. Vandinn er þessi. Við viljum ekki borga fyrir efnið sem við fáum. En við viljum samt að efnið sé búið til. Ætlum við þá sem samfélag að borga fyrir það? Þetta frumvarp er tilraun til þess.

**Hanna Katrín:** Við viljum ekki borga fyrir það því það er alltaf einhver annar tilbúinn að gefa okkur efnið ókeypis. Viðskiptamódelið er skekkt. Við höfum ekki náð takti síðan fyrsta fréttin fór „viral“.

**Verður að taka á RÚV**

*Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Fjölmiðlanefnd, opinber stofnun, sjái til þess að öll skilyrði séu uppfyllt. Hvað finnst ykkur um það?*

**Kolbeinn:** Allt sem heitir að meta efni og segja að eitthvað sé ofar öðru finnst mér varhugavert. Ég var í blaðamennsku í mörg ár og það er ekkert hugtak sem fer jafn mikið í taugarnar á mér og „rannsóknarblaðamennska“. Allar fréttir sem ég skrifaði leit ég á sem rannsóknarblaðamennsku. Er það þannig að fólkið sem skrifar innblaðið sé að skila minna mikilvægri vinnu en einhver annar? Alls ekki. Allt sem heitir að meta efni, ég ber kvíðboga fyrir því. Þess vegna er einfaldasta leiðin, þó hún sé fráleitt gallalaus, að horfa á formið.

**Hanna Katrín:** Að miða við stærð fjölmiðils?

**Kolbeinn:** Já, að þú takir þá óumdeilanlegu staðreynd og miðir við hana. Um leið og þú ert farinn að segja, ég vil styðja þennan því hann skrifar að mínu mati svo góðar fréttir – þá ertu komin á hála braut.

**Óli Björn:** Það er ekkert gallalaust þegar þú tekur ákvörðun um að ríkið sé að fara skipta sér af einhverju í samfélaginu. Þó maður hafi efasemdir um það frumvarp sem nú liggur fyrir og ef eftir að taka breytingum, er það gleðilega í þessu að þetta neyðir okkur á þingi að fara í þessa umræðu. Svara þeirri spurningu hvort við þurfum að skilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins upp á nýtt? Þurfum við að breyta lögum um Ríkisútvarpið? Þurfum við að jafna stöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart ríkinu? Svar mitt er já. Við þurfum að ræða með hvaða hætti, að ríkið reyni að tryggja fjölbreytta fjölmiðlun hér á landi án þess að valda of miklum skaða. Það verður ekki þannig að það sé einhver ríkisstofnun sem heitir Fjölmiðlanefnd sem á að vera einhvers konar yfirhattur á íslenskum fjölmiðlum. Ég vara mjög við því.



# Lyngás 17 í Garðabæ til leigu eða sölu

1.500 m² skrifstofu-, verslunar- og lagerhúsnæði. Á jarðhæð eru verslunar- og lagerrými en á annarri hæð er skrifstofa með fallegu útsýni. Næg bílastæði á lóðinni.

Húsið er til sölu eða leigu. Reitir bjóða upp á endurnýjun og aðlögun hússins að þörfum nýs langtímaleigutaka.

Myndir, teikningar og upplýsingar má nálgast á reitir.is. Halldór Jensson sölustjóri veitir nánari upplýsingar, 840 2100, halldor@reitir.is.

REITIR

*Velkomin til starfa*

**Kringlan 4–12** **103 Reykjavík** **www.reitir.is** **575 9000**



Rósa segir að sér finnist ein kenning varðandi lesblindu frekar sannfærandi en hún gengur út á að lesblinda stafi af ónákvæmni í úrvinnslu hljóðs í tímarúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Einstök rannsókn á tóneyra og taktvísi

Vísindamaðurinn og málvísindakonan **Rósa Signý Gísladóttir** stýrir stórri rannsókn á vegum Íslenskrar erfðagreiningar þar sem verið er að skoða erfðabreytileika sem hafa áhrif á tóneyra og taktvísi og tengsl þessara eiginleika við ýmsar raskanir eins og lesblindu. Hægt er að taka þátt í rannsókninni á tóneyra.is.

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Það var nú reyndar Kári Stefánsson sem átti upprunalegu hugmyndina að því að skoða tóneyra. Hann benti mér á kanadíska grein sem fjallaði um fyrirbæri sem heitir tónblinda en hún einkennist af erfiðleikum við að skynja tónhæð eða tóna í tónlist," segir Rósa Signý Gísladóttir, vísindamaður hjá Íslenskri erfðagreiningu, um tilurð nýrrar rannsóknar sem hún stýrir.

Í rannsókninni er verið að skoða erfðaþætti að baki tóneyra og taktvísi og tengsl við ýmsar raskanir. Rannsóknin samanstendur af prófi þar sem tóneyra og taktvísi einstaklinga eru metin og spurningalista þar sem spurt er um tónlistarástundun, tónlistargetu og lesblindu meðal annars.

**Tengsl við ýmsar raskanir**

Rósa, sem er einnig lektor í málvísindum við Háskóla Íslands, segir að það séu vísbendingar um að taktblinda haldist í hendur við aðrar taugaþroskaraskanir eins og lesblindu, málþroskaraskanir, talnablindu og mögulega ADHD. Taktblindan einkennist af vandamálum við að halda takti og skynja takt í tónlist.

„Tónblindan virðist aftur á móti vera sértækari og það eru engar vísbendingar um tengsl hennar við þessar raskanir. Það er áhugavert að velta því fyrir sér að í báðum tilfellum heyrir fólk fullkomlega hljóðið en það er eitthvað sem fer úrskeiðis í hugrænni úrvinnslu á hljóðinu."

Opnað var fyrir rannsóknina fyrir rúmri viku en fyrst var starfsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar boðið að taka þátt.

„Þetta fór svo að spyrjast mjög hratt út á samfélagsmiðlum. Móttökurnar hafa verið frábærar og fram úr okkar björtustu vonum. Samkvæmt nýjustu tölum eru um átta þúsund manns búin að taka þátt," segir Rósa.

Allir sem eru 18 ára og eldri og eru með rafræn skilríki geta tekið þátt í rannsókninni á heimasíðunni tóneyra.is.

## Hvað er tón- og taktblinda?

Tónblinda einkennist af erfiðleikum með að halda lagi og bera kennsl á falskar nótur. Þetta er arfgengt og hrjáir á bilinu 1,5 til 4 prósent einstaklinga.

Taktblinda einkennist af erfiðleikum með að halda takti og skynja takt í tónlist. Lítið er vitað um arfgengi og tíðni taktblindu en vísbendingar eru um að taktblinda geti farið saman með lesblindu, málþroskaröskun og talnablindu.

**Upplýsingar af tóneyra.is**

„Við þurfum rosalega fjölbreytt þýði og höfum áhuga á öllu rófinu. Bæði þeim sem eru mögulega með tón- eða taktblindu en líka þeim sem eru kannski með snilligáfu á þessu sviði og allt þar á milli."

Þeir sem taka prófið fá upplýsingar um heildarstigafjölda bæði varðandi tóneyra og taktvísi. Þá fá þátttakendur upplýsingar um hvort niðurstöðurnar geti verið vísbending um tón- eða taktblindu. Rósa segir að telji einhverjir sig mögulega glíma við slík vandamál sé um að gera að taka þátt.

„Taktprófið er almennt erfiðara og við sjáum það á þessari rannsókn í Kanada að það eru færri sem fá fullt hús stiga þar heldur en í tónprófinu. Mögulega getum við síðar birt dreifinguna þannig að fólk geti borið sig saman við aðra." Rósa segist gera ráð fyrir að opið verði fyrir rannsóknina á netinu í að minnsta kosti mánuð í viðbót.

**Áhugi á erfðaþætti tónlistar**

Rósa segir töluverðan fjölda fólks í heiminum hafa áhuga á að skoða erfðaþætti tónlistar og tónlistargáfuna.

„Stærsta rannsóknin sem ég hef séð er með eitt þúsund þátttakendur þannig að við erum búin að margfalda það, en við þurfum líka mjög stórt þýði til að finna eitthvað marktækt. Það eru töluvert margir að skoða tónblinduna sérstaklega en það hefur aldrei verið gerð erfðarannsókn með þessu móti þar sem við getum skoðað erfðaþættina. Þannig að þetta er einstakt á heimsvísu."

**VITAÐ ER AÐ BÖRN OG FULLORÐNIR SEM EIGIA ERFITT MEÐ AÐ KLAPPA Í TAKT VIÐ HLJÓÐ HAFA OFT LAKARI HLJÓÐKERFISVITUND, ÞAÐ ER AÐ SEGJA, VERRI TILFINNINGU FYRIR MÁLHLJÓÐUNUM. ÞESSIR EINSTAKLINGAR EIGI ÞVÍ Í ERFIÐLEIKUM MEÐ LESTUR.**

**8.000**

**MANNS HÖFÐU TEKIÐ ÞÁTT Í GÆR, FÖSTUDAG.**

Varðandi mögulegar niðurstöður svona rannsóknar segir Rósa að það verði mjög áhugavert að skoða hvort erfðaþættir finnist í einhverju geni og þá hvort genið hafi breyst í gegnum tíðina.

„Við getum farið að skoða áhrif erfðaþáttanna á tauganetin og heilasvæðin og þannig fræðumst við meira um taugavísindin að baki þessum eiginleikum. Það gefur okkur líka góðar upplýsingar og grundvöll fyrir alls konar þjálfunarúrræði."

Vitað sé að börn og fullorðnir sem eigi erfitt með að klappa í takt við hljóð hafi oft lakari hljóðkerfisvitund, það er að segja, verri tilfinningu fyrir málhljóðunum. Þessir einstaklingar eigi því í erfiðleikum með lestur.

**Tónlistarþjálfun getur hjálpað**

„Svo eru ýmsar rannsóknir sem benda til þess að mögulega geti markviss tónlistarþjálfun gagnast til að bæta taktinn og hjálpað börnum með lesblindu eða málþroskaraskanir. Ef við finnum einhvern erfðaþátt sem hefur áhrif til dæmis bæði á taktblindu og lesblindu þá erum við komin með góðan grundvöll fyrir slík þjálfunarúrræði."

Rósa segir að sér finnist ein kenning varðandi lesblindu frekar sannfærandi en hún gengur út á að lesblinda stafi af ónákvæmni í úrvinnslu hljóðs í tímarúmi. „Það er að segja hversu nákvæmlega við vinnum úr hljóðinu. Það getur orsakað að við erum ekki með nógu fullkomna mynd af málhljóðunum. Ef við erum ekki að greina hljóðin nógu hratt og örugglega þá endum við uppi með ófullkominn takt og ófullkomin málhljóð."

Varðandi tónblinduna sérstaklega sé það áhugavert að hún virðist tiltölulega sértæk fyrir tónlist.

„Hún hefur til dæmis ekki mikil áhrif á skynjun tónhæðar í tungumálum, en við notum tónfall meðal annars til að geta greint á milli spurningar og fullyrðingar. Það hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir á þessu og tónblindan virðist ekki hafa mikil áhrif á skynjun tónfalls í tungumálum né tóna í tungumálum eins og í mandarín kínversku þar sem hljóð hafa mismunandi

# KRÖFUR VR OG TILBOÐ SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

**Í kröfugerð VR** í yfirstandandi kjarasamninga-viðræðum er farið fram á krónutöluhækkun launa. Kröfugerð VR er svohljóðandi:

Laun hækki um 42 þúsund krónur á árinu 2019.
Laun hækki um 42 þúsund krónur á árinu 2020.
Laun hækki um 41 þúsund krónur á árinu 2021.

Í lok samningstímans verði lágmarkslaun 425 þúsund krónur á mánuði.

**Samtök atvinnulífsins** lögðu fram tilboð um launahækkanir um miðjan febrúar sem er svohljóðandi:

Laun upp að 600 þúsund krónum á mánuði hækki um 15 þúsund krónur á ári frá 2019 til 2021. Kauptaxtar hækki að auki um 5 þúsund krónur á ári á sama tímabili.
Laun að upphæð 600 þúsund á mánuði eða hærri hækki um 2,5% á ári frá 2019 til 2021.

## Samanburður á kröfugerð VR og tilboði Samtaka atvinnulífsins

Fyrir neðan má sjá samanburð á **árlegri launahækkun** á mánaðarlaunum að meðaltali í þrjú ár (2019–2021).




### Kröfugerð VR

| Laun á mánuði í dag | Laun á mánuði eftir þrjú ár | Heildar-hækkun í krónum | % hækkun alls á þriggja ára samnings-tíma | **% hækkun á ári í þrjú ár að meðaltali** |
|---|---|---|---|---|
| 300.000 | 425.000 | 125.000 | 41,7% | **12,3%** |
| 400.000 | 525.000 | 125.000 | 31,3% | **9,5%** |
| 500.000 | 625.000 | 125.000 | 25,0% | **7,7%** |
| 600.000 | 725.000 | 125.000 | 20,8% | **6,5%** |
| 700.000 | 825.000 | 125.000 | 17,9% | **5,6%** |
| 800.000 | 925.000 | 125.000 | 15,6% | **5,0%** |

### Tilboð SA

| Laun á mánuði í dag | Laun á mánuði eftir þrjú ár | Heildar-hækkun í krónum | % hækkun alls á þriggja ára samnings-tíma | **% hækkun á ári í þrjú ár að meðaltali** |
|---|---|---|---|---|
| 300.000 | 345.000 | 45.000 | 15,0% | **4,8%** |
| 400.000 | 445.000 | 45.000 | 11,3% | **3,5%** |
| 500.000 | 545.000 | 45.000 | 9,0% | **2,9%** |
| 600.000 | 646.134 | 46.134 | 7,7% | **2,5%** |
| 700.000 | 753.823 | 53.823 | 7,7% | **2,5%** |
| 800.000 | 861.513 | 61.513 | 7,7% | **2,5%** |

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR




„Ég fékk blóðtappa í lungun og fór í hjartastopp í 26 mínútur. Þetta gerðist 18. desember,“ segir Gunnar Karl sem er óðum að jafna sig eftir bráð veikindin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fór í hjartastopp í 26 mínútur

**Gunnar Karl Haraldsson** hefur alla tíð tekið hlutskipti sínu af æðruleysi. Hann fæddist með taugasjúkdóm sem lagðist mjög þungt á hann og hefur ekki tölu á þeim aðgerðum sem hann fór í sem barn og unglingur.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Gunnar Karl Haraldsson býr í lítilli íbúð á jarðhæð á Stúdentagörðum við Háskóla Íslands. Íbúðin er sérstaklega hönnuð fyrir fólk sem notar hjólastól og það fer vel um hann. Áður var hann á annarri hæð hússins en samdi við íbúann fyrir neðan um að skipta við hann.

„Hún var alheilbrigð og bjó samt í þessari íbúð, hún tók mjög vel í að skipta við mig. Hér er aðgengið betra,“ segir Gunnar Karl. Í desembermánuði síðastliðnum reyndi á aðgengið. Gunnar Karl fékk blóðtappa í lungun og sjúkraflutningamenn gátu komið honum í sjúkrabílinn í gegnum dyrnar sem snúa út að bílastæðinu.

**Bráð veikindi**

„Ég fékk blóðtappa í lungun og fór í hjartastopp í 26 mínútur. Þetta gerðist 18. desember. Prófin voru búin og ég naut þess að vera í fríi. Ég sendi skilaboð til vinkonu minnar um eittleytið um að við ættum endilega að hittast, spila og fá okkur bjór. Fer svo inn á baðherbergi og þá finn ég að mér líður skringilega. Mér finnst eins og ég þurfi að losa eitthvað en mér er ekki mál að æla og er ekki flökurt. Það næsta sem ég man er að ég ligg á gólfinu við hliðina á klósettinu og veit ekki hvað gerðist. Andardrátturinn stuttur og grunnur. Ég náði ekki að draga andann djúpt,“ segir Gunnar Karl um bráð veikindi sín. Hann lagðist upp í rúm og hugsaði sig um stutta stund áður en hann hringdi á neyðarlínuna.

„En sem betur fer hringdi ég. En tók fram að ég gæti ekki tekið úr lás fyrir þá. Mér fannst líða mjög langur tími þar til sjúkrabíllinn kom. Ég var algjörlega hjálparlaus. Heyrði í þeim berja á glugga og kalla til mín. Ég reyndi af algjörum vanmætti að svara þeim. Umsjónarmaður fasteigna gat svo opnað fyrir þeim og ég var fluttur í bílinn héðan út,“ segir Gunnar Karl og bendir á aðrar dyr af tvennum á íbúðinni. Það hefði gert sjúkraflutningamönnum erfiðara fyrir hefði Gunnar Karl enn búið á annarri hæð hússins.

**Vill kenna í framhaldsskóla**

Gunnar Karl missti meðvitund á sjúkrahúsinu og vaknaði á gjörgæslu. „Mamma sagði mér fréttirnar og að ég yrði að taka því rólega. Og það hef ég að mestu gert, þótt ég stefni enn að því að útskrifast í vor,“ segir hann og brosir. „Það er mikilvægt að missa ekki sjónar á því að lífið er núna. Ég held bara mínu striki,“ segir Gunnar Karl sem er á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði.

„Ég hef tekið virkan þátt í stúdentapólitíkinni en hef þó dregið mig aðeins í hlé. Vil hleypa nýju fólki að. Ég er núna varaformaður nemendafélagsins hjá okkur en hef dregið mig aðeins í hlé frá félagsstörfum til að hvílast og takast á við óttann við það að lenda aftur í þessu. Ég var að byrja hjá sálfræðingi og held að það geri mér gott.

MÉR FANNST LÍÐA MJÖG LANGUR TÍMI ÞAR TIL SJÚKRABÍLLINN KOM. ÉG VAR ALGJÖRLEGA HJÁLPARLAUS. HEYRÐI Í ÞEIM BERJA Á GLUGGA OG KALLA TIL MÍN.

Eftir útskriftina í vor langar mig til þess að fara í frekara nám. Mig langar til þess að verða framhaldsskólakennari,“ segir hann um framtíðaráætlanir sínar.

**Skólagangan var stopul**

Gunnar Karl hefur frá barnæsku glímt við taugasjúkdóminn neurofibromatosis 1 (NF1), eða taugatrefjaæxlager. Talið er að einn af hverjum 4.500 einstaklingum fái þennan sjúkdóm. Hann leggst mjög misjafnlega á fólk.

Það er óhætt að segja að hann hafi lagst þungt á Gunnar Karl sem hefur ekki tölu á þeim aðgerðum sem hann hefur farið í á fótum, hrygg og mjöðm. Skólagangan var stopul vegna stöðugra aðgerða og þegar hann var sautján ára gamall var vinstri fótur tekinn af við hné.

Gunnar Karl er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum. Foreldrar hans eru Kristín Gunnarsdóttir og Haraldur Þorsteinn Gunnarsson. Hann á tvær eldri systur, Eyrúnu og Hrefnu.

„Ég var átta mánaða gamall þegar ég greindist með þennan sjúkdóm. Foreldrar mínir gengu á milli lækna því ég svaf lítið sem ekkert. Þegar það sjást stórir kaffilitir blettir á líkamanum þá kveikja læknar á því hvað amar að mér. Þetta eru ein helstu einkenni sjúkdómsins, eins og stórir fæðingarblettir en ljósari að lit,“ segir Gunnar og sýnir blaða-



KRÓNAN
Bolla bolla ...
Krónu vatnsdeigsbollur, 8 stk.
489 kr. pk.
2 bollur í pakka!
VEGAN
vegan
Tilbúnar bollur frá Gæðabakstri
599 kr. pk.
Vegan bollur með dökkum hjúp, 2 stk.
249 kr. pk.
Sprengi sprengi ...
Kjötkompaní Súpur
Einfalt og fljótlegt að gera saltkjöt og baunir
Kjötkompaní Baunasúpa
2289 kr. ltr.
Goða saltkjötsbitar beinlausir
2499 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




Gunnar Karl býr á jarðhæð og er með gott aðgengi sem reyndi á þegar hann veiktist lífshættulega. Áður bjó hann á annarri hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> SJÚKDÓMURINN LAGÐIST ÞUNGT Á MIG. ÉG ER SAMT SEM ÁÐUR ÞAKKLÁTUR FYRIR HVERNIG HANN LEGGST Á MIG, EINS FÁRÁNLEGA OG ÞAÐ HLJÓMAR. HANN GÆTI ALVEG HAFA LAGST BETUR Á MIG EN LÍKA VERR SVO ÞAÐ VERÐUR AÐ HUGSA JÁKVÆTT. ÝMSIR FYLGIKVILLAR HAFA TRUFLAÐ MIG EN SAMT ER ÉG HEPPINN.

manni stóran slíkan blett á handleggnum.

### Svaf ekki vegna verkja

Ástæðan fyrir því að Gunnar Karl svaf illa sem ungbarn voru sárir verkir. Einkennum sjúkdómsins átti eftir að fjölga. Af tólf einkennum sjúkdómsins hefur Gunnar Karl átta.

Vinstri fótur hans fór að vaxa hraðar en sá hægri. Þegar Gunnar Karl var að byrja í grunnskóla var hann um 8 sentimetrum lengri og hann gekk með spelku. Hann fór í fjölda aðgerða til að hamla vextinum. Hann var í stöðugum skoðunum og tók sterk tauga- og verkjalyf. Heilbrigði fóturinn tók svo fram úr þeim vinstri. Eftir því sem árin liðu kom í ljós að bæði mjöðm og hryggur urðu fyrir skakkaföllum. Þá varð mikill ofvöxtur í vinstra fæti. Það þurfti að taka af fætinum í skurðaðgerðum og vefja fótinn inn í teygjubindi til að halda bjúg í skefjum. Fóturinn var töluvert afmyndaður vegna bjúgsins.

### Fóturinn afmyndaður

„Löppin var tekin af 16. janúar 2012, fyrir sjö árum. Þá hafði sú ákvörðun verið á borðinu í rúmlega tvö ár. Mér var sagt að það gæti gerst, að það þyrfti að taka hana af. Ég fékk góðan tíma til að melta þetta og var alveg tilbúinn þegar svo kom að því. Og maður þarf að vera tilbúinn til þess andlega. Þetta var bara orðið tímabært. Ég man eftir læknisskoðuninni þegar þetta var ákveðið. Ég tók teygjubindið af og læknirinn sagði lítið. Tók upp símann, hringdi. Lagði á og tilkynnti mér hvenær aðgerðin færi fram. Hann tók bara af skarið,“ segir Gunnar Karl sem segist aldrei hafa séð eftir ákvörðuninni.

„Sjúkdómurinn lagðist þungt á mig. Ég er samt sem áður þakklátur fyrir hvernig hann leggst á mig, eins fáránlega og það hljómar. Hann gæti alveg hafa lagst betur á mig en líka verr svo það verður að hugsa jákvætt. Ýmsir fylgikvillar hafa truflað mig en samt er ég heppinn. Þetta truflaði mig lítið þegar ég var barn. Ég æfði fótbolta á sumrin og skildi reyndar ekkert í því af hverju ég var svona lélegur. Ég hljóp auðvitað svolítið hægar og dröslaði löppinni á eftir mér.

### Geggjað að búa í Eyjum

Það var ekki fyrr en ég var kominn upp í 5. bekk að ég gat minna tekið þátt. Ég gat ekki verið með í ýmsum leikjum. En ég skil það samt alveg í dag, krakkar leika sér og eru ekkert að ofhugsa hlutina. Þeir eru ekki vondir. Ég hafði það gott, fyrir það fyrsta er geggjað að búa í Vestmannaeyjum og hafa náttúruna í kring. Amma og afi bjuggu rétt hjá okkur og ef mér leið eitthvað illa þá gat ég látið afa vita og hann fór með mig á bryggjurúnt. Það var svo gott fólk í kringum mig. Ég lét mér heldur ekki leiðast. Ég fann mér alltaf eitthvað að gera. Ætli ég hafi ekki prófað sjö mismunandi hljóðfæri. Og var ekki góður í að spila á neitt þeirra,“ segir hann og skellir upp úr.

„Ég er forvitinn að eðlisfari og finnst gaman að prófa nýja hluti. Ég held að það hafi hjálpað. Ég er líka jákvæður að eðlisfari, það er alltaf eitthvað gott í sjónmáli.“

### Með skel og húmor

Gunnar Karl segist lítið spá í því í dag að hann sé með þennan sjúkdóm. „Ég er í núinu, ég fæddist með þennan sjúkdóm og er því líklega meira brynjaður. Með meiri skel. Ég hef líka húmor fyrir sjálfum mér og mínum aðstæðum. Ég er líka heppinn með fólkið í kringum mig, ég veit ekki hvar ég væri án þess. Foreldrar mínir og systur mínar hafa reynst mér einstaklega vel í gegnum tíðina. Líka vinirnir, eins og ég fann vel þegar ég glímdi við veikindin í desember síðastliðnum. Það voru einstaklingar sem komu til mín á hverjum einasta degi sem ég lá inni svo lengi sem þau voru ekki í vinnu. Þótt þau gætu aðeins komið við í hálftíma var litið inn og spjallað. Svona hlutir eru dýrmætir og gefa manni ótrúlegan styrk í baráttunni áfram. Svo ef þau komust ekki var bara tekið gott spjall á Messenger í staðinn.

### Er bara venjuleg manneskja

Stundum er mér sýnd vorkunn, það finnst mér einna helst leiðinlegt,“ segir hann og segist einna helst verða var við það á djamminu.

„Ég er bara venjuleg manneskja. Mér finnst gaman að fara út að skemmta mér, fá mér bjór og svona. Er reyndar frekar rólegur í tíðinni. En það gerist helst á skemmtistöðum að fólk fer að atast í mér. Það er að hrósa mér, segja mér að ég sé algjör hetja, svo duglegur og svona. Og vill klessa hann,“ segir Gunnar og setur hnefann fram. „Þetta getur verið niðurlægjandi þótt ég viti vel að fólk vill vel. Þegar svona áreiti er stanslaust verður það erfitt.“

Hann hefur einnig fundið fyrir því að stundum sé komið fram við hann eins og hann sé ósjálfbjarga. „Ég var einu sinni úti að borða með mömmu og pabba. Þegar þjónninn hafði tekið niður pöntun þeirra sneri hann sér ekki að mér. Heldur spurði þau: Hvað má svo bjóða honum? Þá tók ég mjög ákveðinn orðið og sagði: Ég ætla að fá lambasteik og bjór með! Ég reyni að vera ekki dónalegur en set samt mörk,“ segir Gunnar Karl.

## Neurofibromatosis, taugatrefjaæxlager

**Neurofibromatosis 1 (NF1)** er erfðasjúkdómur sem einkennist af mislitum blettum á húð og góðkynja bandvefsæxlum eða hnútum sem vaxa út frá taugaslíðrum. Einkenni sjúkdómsins geta verið margvísleg og fara eftir því hvar bandvefsæxlin myndast. Þau koma helst fram í húð, taugakerfi og stoðkerfi.



**Einn af hverjum fimm** með NF1 er með alvarlegri einkenni. En um helmingur þeirra sem eru með NF1 hefur lítil sem engin einkenni.

**1–2** er fjöldi barna sem búast má við að greinist með sjúkdóminn á hverju ári. En að meðaltali greinist eitt barn af hverjum 3-4.000 með NF1 á hverju ári.




**Fyrstu einkenni sjúkdómsins** eru ljósbrúnir blettir á húðinni, Café-au-lait blettir, en litnum hefur verið líkt við kaffi með mjólk.

**Meðferð**
Ekki er til lækning við NF1 og miðar meðferðin því að því að draga úr einkennum. Í þróun eru lyf sem eiga að hafa áhrif á myndun NF1-hnútanna.

# Fólk

## Helgin

LAUGARDAGUR 2. MARS 2019



Hera Björk mælir heilshugar með kollageni frá Colway. MYND/ELÍN REYNIS

# KOLLAGENIÐ gerir gæfumuninn

Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona mælir heils hugar með nýju KOLLAGEN húðvörunum frá Colway og segir þær hafa gert kraftaverk fyrir húðina. Hera Björk keppir í  Söngvakeppni Sjónvarpsins í kvöld með lagið Moving On. →2

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ




Fæst í apótekum, heilsubúðum og www.heilsanheim.is

Framhald af forsíðu ➪

Hera Björk kynntist hreina KOLLAGENINU frá Colway fyrir um 10 árum og hefur notað það síðan þá. „Þegar nýja húðvörulínan kom á markaðinn hér á Íslandi fyrir rúmu ári stökk ég hæð mína af gleði og byrjaði strax að nota hana og ég elska hana í ræmur. Þetta eru bestu húðvörur sem ég hef notað og það er kollagenið sem gerir gæfumuninn,“ segir Hera Björk.

„Elín Reynisdóttir, förðunarmeistari Íslands, sem farðar mig alltaf þegar mikið stendur til hefur mjög oft orð á því hversu góða húð ég hef og ég þakka KOLLAGEN húðvörurum fyrir það allan daginn og kannski íslenska fjallaloftinu.

Góð heilsa og heilbrigt útlit skiptir mig miklu máli. Ég var í nokkur ár ekki alveg að standa með sjálfri mér í þeim efnum en hef alveg áttað mig á því að það kemur víst ekki af sjálfu sér og kostar heilmikla vinnu. Sú vinna margborgar sig enda eigum við bara eitt líf og einn líkama. Ég legg því mikla áherslu á að nota hreinar, hágæða vörur sem virka en það gera KOLLAGEN húðvörurnar frá Colway svo sannarlega og ekki síst þegar húðin er að skreppa saman þegar maður fer svona hratt aftur í fermingarstærð,“ segir söngkonan glaðhlakkalega.

## Hágæða vatnsbundið kollagen en ekki vatnsrofið

Allar húðvörurnar frá COLWAY eru unnar úr hágæða hráefni, einkaleyfisvarðar og hannaðar af lífefnafræðingum eftir margra ára rannsóknir og tilraunir. Þær innihalda vatnsbundið kollagen sem er náttúrulegt prótein og unnið úr roði ferskfisks. Allt kollagenið í vörum þeirra er vatnsbundið, því aðeins þannig er hægt að tryggja virkni þess niður í öll þrjú lög húðarinnar. Sé það vatnsrofið nær kollagenið eingöngu niður í efsta lag húðarinnar sem gerir lítið sem ekkert gagn.

## Berðu kollagenið beint á húðina

Með því að bera kollagenið beint á húðina og á þá staði sem okkur finnast vera farnir að láta á sjá náum við að vinna gegn þessari náttúrulegu öldrun húðarinnar sem fylgir aldrinum og minnkandi framleiðslu kollagensins í líkamanum sem hefst upp úr 25 ára aldri. Kollagenið hægir á öldrun húðarinnar, gerir húðina stinnari og teygjanlegri og vinnur gegn fínum línum og hrukkum. Það gefur húðinni góðan raka og hún verður stinnari og fallegri. Rannsóknir sýna að hægt er að bæta sér upp minnkandi kollagenframleiðslu líkamans með því að bera kollagenið beint á húðina.



**»Elín Reynisdóttir, förðunarmeistari Íslands, sem farðar mig alltaf þegar mikið stendur til hefur mjög oft orð á því hversu góða húð ég hef og ég þakka KOLLAGEN húðvörurum fyrir það allan daginn.**

**Hera Björk kynntist hreina KOLLAGENINU frá Colway fyrir um 10 árum og hefur notað það síðan þá.** MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

## 100% hreint kollagen – PLATINUM

Colway býður upp á 100% hreint kollagen gel fyrir andlitið. Þetta 100% hreina kollagen hentar öllum, en sérstaklega þeim sem eru með viðkvæma ofnæmis- og vandamálahúð eða glíma við rósroða og slíkt. Kollagen andlitsgelið heitir PLATINUM og er það allra besta sem þú getur fengið fyrir húðina.

## KOLLAGEN húðvörulínan

COLWAY býður einnig heila húðvörulínu og innihalda allar vörurnar kollagen. Þar má finna KOLLAGEN gel (serum), rakakrem, bæði létt krem sem hentar öllum og annað með meiri raka, augnkrem, næturmaska, farðahreinsi, andlitsvatn og líkamskrem sérstaklega framleitt fyrir appelsínuhúð.

## Nýjar vörur

Sífellt bætast nýjar vörur við línuna og það nýjasta er PEELING andlitsmaski stútfullur af náttúrulegum næringarefnum auk kollagens, kollagen blautklútar og það allra nýjasta er Body Lotion sem inniheldur auk kollagens 25 sérvalin náttúruleg næringarefni fyrir húðina.




**Þessi fallega hvíta taska er stútfull af kollagenvörum frá Colway.**




**Colway býður einnig upp á heila húðvörulínu sem heitir ATELO og innihalda allar vörurnar kollagen.**







## Hárþykkingarvörur og hágæða bætiefni

COLWAY framleiðir sérstaka hárþykkingarlínu fyrir þá sem eru að glíma við lélegan hárvöxt, hárlos, lélegt og slitið hár og einnig hágæða bætiefni sem styðja við húð, hár og neglur.

Bætiefnin sem við seljum á Íslandi frá COLWAY eru kollagenhylki sem heita COLVITA og Astaxanthin sem heitir AXANTA. Það inniheldur einnig öll B-vítamínin og peperin sem unnið er úr svörtum pipar.

Sölustaðir: Apótek Garðabæjar, Apótek MOS, Apótekarinn, Apótekið, Heilsuhúsið, Heilsuver, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaver, Lyfsalinn Glæsibæ, Urðarapótek, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Fótaóeirðin horfin og ég fæ aftur góðan nætursvefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Blandan inniheldur jurtir, amínósýrur, vítamín og steinefni sem hafa ekki sljóvgandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við eril dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitið er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ættu að ná yfir u.þ.b. 45-50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali 7-8 klst. svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.

### Orsakir svefnleysis

Af hverju sofnum við ekki, erum andvaka eða vöknum upp um miðjar nætur og getum ekki sofnað aftur? Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að við getum ekki sofnað eða sofið þannig að við hvílumst og vöknum endurnærð. Vaktavinna, ferðalög, kvíði og áhyggjur er algeng orsök svefnleysis en ýmsir sjúkdómar geta einnig haft mikil áhrif á svefninn. Streita er mjög algeng orsök en það er allt of algengt að fólk vinni of mikið, sé með fjárhagsáhyggjur, vanti hreyfingu og/eða eigi í erfiðum samböndum, hvort sem er við maka, vini eða aðra. Mataræði, upptaka næringarefna og venjur geta líka átt stóran þátt í svefnleysi.

### Einbeitingarskortur og offita

Langvarandi röskun á svefni og svefnmynstri getur haft mjög alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Einkenni svefnleysis eru m.a. þreyta yfir daginn, skapsveiflur og jafnvel þunglyndi og kvíði. Einbeiting minnkar, slysahætta eykst og ýmis andleg og líkamleg vandamál, eins og t.d. offita, verða algengari. Sum einkenni geta líka dregið þann dilk á eftir sér að þau ýti undir frekara svefnleysi sem þýðir að við erum komin í vítahring sem þarf einhvern veginn að rjúfa.

### Loksins góður nætursvefn

Soffía Káradóttir þekkir Melissa Dream og ber því vel söguna: „Ég hef lengi verið með fótaóeirð



> **Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálftíma er öll fótaóeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn.**
>
> **Soffía Káradóttir**

sem hefur aukist með árunum og mér hefur reynst erfitt að sofa nógu vel vegna þess. Eftir að ég byrjaði að taka Melissa Dream hefur þetta algjörlega breyst. Ég tek tvær töflur fyrir svefninn og innan hálftíma er öll óeirð farin og ég fæ góðan nætursvefn. Að mínu mati eru þetta töfratöflur sem ég gæti ekki verið án og hef ég nú tekið Melissa Dream reglulega í þrjú ár.“

### Vilt þú sofa betur?

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Við eigum ekki að borða á kvöldin og passa okkur á því að drekka ekki of mikið, bæði til að gefa meltingarfærunum pásu og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölvur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu sem á að vera vel loftað, myrkvað og hljóðlátt. Náttúruleg bætiefni reynast mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni fékk um daginn viðurkenningu frá National Nutrition í Kanada í flokki bestu fæðubótarefna gegn streitu.

### Amínósýra sem stuðlar að slökun

Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið




notuð í aldaraðir m.a. til að bæta svefn og draga úr kvíða. Þar er einnig að finna L-theanine, amínósýru sem finnst í svörtu og grænu tei og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Að lokum inniheldur Melissa Dream B-vítamín sem er gott fyrir taugakerfið og nægilegt magn af magnesíum sem er vöðvaslakandi og getur dregið úr óþægindum í hand- og fótleggjum.

### HAM

Svefnleysi getur þó verið alvarlegra vandamál en svo að einföld ráð dugi. Þá er best að ráðfæra sig við lækni. Þess ber þó einnig að geta að rannsóknir hafa sýnt að bestur árangur næst með hugrænni atferlismeðferð (HAM) sem er nokkurra vikna námskeið sem fólk getur sótt.


# Hin fullkomna þrenna gegn fjölþættum meltingarvandamálum



**Grænn og vænn smoothie daglega!**
Vel samsett boost getur verið uppfullt af næringarefnum sem auka orkuna, jafna blóðsykurinn og örvar meltinguna.

+




**ENZYMEDICA**

**Digest Gold – Tvær vörur í einni**

- Gegn fjölþættum meltingarvandamálum.
- Inniheldur ATPro sem styður meltingu og eykur orku.
- Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.
- Tekið rétt fyrir máltíð.

+




**Bio-Kult**

**Öflugir gerlar sem styrkja meltinguna**
7 gerlastofnar sem hjálpa við að byggja upp og koma jafnvægi á þarmaflóruna, bakteríudrepandi hvítlaukur sem er einnig öflugur fyrir ónæmiskerfið og þykkni úr fræjum greipaldins sem vinnur gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum.

# Smábollur á bolludaginn

Bolludagur er á mánudaginn. Flestir hafa einhvers konar bollur á borðum þennan dag, ekki bara rjómabollur heldur einnig kjöt- eða fiskbollur. Hægt er að gera margvíslegar útgáfur af bollum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Bollur er hægt að útbúa á margan hátt.

Það er vissulega hægt að hafa venjulegar farsbollur á bolludag. Er ekki samt gaman að breyta aðeins til og hafa annars konar bollur? Það er hægt að bera bollurnar fram á ýmsan hátt, til dæmis í míní hamborgarabrauði, pítubrauði eða bara eins og þær koma fyrir. Hér koma nokkrar uppskriftir ef einhver vill prófa.

## Tapas kjötbollur

fyrir fjóra

Litlar kjötbollur geta verið fingramatur í veislum en þær eru ekki síður góðar í kvöldmat. Hægt er að krydda þær á ýmsan hátt. Þessi uppskrift er með litlum, vel krydduðum bollum.

**400 g svínahakk**
**2 skalottlaukar**
**½ rauður chilli-pipar**
**1 tsk. hafsalt**
**½ tsk. nýmalaður pipar**
**½ tsk. múskat**
**1 tsk. óreganó**
**2 msk. brauðrasp**
**1 egg**
**2 msk. smjör**
**1 msk. smátt skorið timían**
**2 hvítlauksrif**

Skerið lauk og chilli-pipar mjög smátt og blandið saman við hakkið ásamt salti, kryddi og brauðraspi. Hrærið vel saman og bætið egginu við. Útbúið litlar bollur með lófunum.
Steikið bollurnar upp úr smjöri á meðalheitri pönnu. Bætið hvítlauk og timían á pönnuna í lok steikingartímans og lækkið hitann. Látið allt malla í nokkrar mínútur og hreyfið bollurnar á pönnunni. Berið fram með salsa, hvítlaukssósu og góðu brauði eða öðru eftir smekk.



Kjötbollur eru góðar í samlokur.



Kjötbollur með spagettí er vinsæll fjölskylduréttur.

## Kjúklingabollur með sítrónu og mango chutney

fyrir fjóra

Kjúklingabollur eru mjög góðar. Hægt er að bera þær fram með sósu, grænmeti og kartöflum. Sítróna og mango chutney gefa bollunum skemmtilegt bragð.

**800 g kjúklingahakk**
**1 tsk. hafsalt**
**¼ tsk. nýmalaður pipar**
**3 hvítlauksrif**
**1 laukur, mjög smátt skorinn**
**Rifinn börkur af einni sítrónu**
**1½ msk. mango chutney**
**1 tsk. chilli-mauk (eða sósa)**
**1 egg**
**2 msk. olía eða smjör til steikingar**

Saltið hakkið og hrærið vel saman ásamt öðrum innihaldsefnum. Mótið litlar bollur og steikið þær við meðalhita.
Berið bollurnar fram með salati, hvítlaukssósu og skreytið með sítrónubátum.

## Kjötbollur með spagettí í tómatsósu

fyrir fjóra

Mjög vinsæll fjölskylduréttur sem auðvelt er að útbúa.

**600 g nautahakk**
**60 g parmesanostur**
**2 hvítlauksrif, rifin eða pressuð**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**Tómatsósa**
**2 msk. olía**
**1 laukur, smátt skorinn**
**1 stórt hvítlauksrif, smátt skorið**
**1 dós tómatar í bitum**
**2 msk. tómatmauk**
**1 tsk. sykur**
**1 dl kjötsoð**
**2 msk. basil, smátt skorið**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**500 g spagettí (eða tagliatelle eftir smekk)**

Blandið öllu saman í nautahakkið og mótið litlar bollur. Brúnið þær á heitri pönnu upp úr smjöri og olíu. Lækkið hitann og steikið áfram í 6-8 mínútur.
Hitið olíu á annarri pönnu og steikið lauk og hvítlauk. Látið mýkjast en ekki brenna. Bætið tómat og tómatmauki út á pönnuna ásamt sykri og soði. Sjóðið upp og látið sósuna malla í 15 mínútur. Bætið basil, salti og pipar við í lokin. Sumir vilja mauka sósuna með töfrasprota en það er smekksatriði.
Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum á umbúðum. Um það bil 80-100 g á mann. Setjið pastað út í sósuna í lokin ásamt bollunum. Stráið parmesan-osti yfir. Það er reyndar líka gott að setja smávegis í sósuna á meðan hún mallar.
Síðan er bara að velja sér uppskrift og njóta sem allra best.

Evonia




Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir Eftir

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

# Meðhöndlar sigg, þykka húð og sprungna hæla

MariCell™ FOOTGUARD™ er einstaklega virkt krem, sérþróað til meðhöndlunar á siggi, þykkri húð og sprungnum hælum. Kremið inniheldur mOmega3™ fjölómettaðar fitusýrur og byggir á íslenskri einkaleyfavarinni tækni.

Húðlæknirinn Baldur Tumi Baldursson stendur að baki MariCell™ kremunum sem fást í nokkrum mismunandi gerðum og eru framleidd af Kerecis á Ísafirði.

„Það hefur lengi þótt freistandi að nota Omega 3 fitusýrur í meðferð við hinum ýmsu sjúkdómum og þá sérstaklega húðsjúkdómum. Áhrif þeirra eru mjög góð á húðina en lyktin hefur staðið mönnum fyrir þrifum, enda eru fitusýrurnar unnar úr fiskroði og öðru sjávarfangi. Við hittum hins vegar á mjög góða blöndu sem hefur virkni án þess að lyktin trufli,“ segir Baldur Tumi.

### Mýkri fætur og betri líðan

Kremið FOOTGUARD™ í MariCell™ línunni er sérstaklega þróað fyrir fætur. Það hentar sérstaklega vel þeim sem eiga við þrálát sprunguvandamál á fótum að stríða og einnig þeim sem þurfa að standa mikið við vinnu og eru með slæma fótaheilsu. Jafnframt er kremið tilvalið til þess að mýkja og fegra fæturna fyrir sumarið og opnu skóna. Auk mOmega3™ fitusýra inniheldur kremið ávaxtasýru sem brýtur niður sigg og þykka húð og karbamíð sem er rakagefandi.



### Kostir mOmega3™ tækninnar

Baldur Tumi segir marga þekkja kosti þess að taka inn Omega 3 fitusýrur í töfluformi en að áhrif þess séu þó ekki ýkja mikil út í húðina.

„Séu þær hins vegar bornar beint á erfið svæði margfaldast áhrifin, jafnvel þó styrkur þeirra í kreminu sé ekki yfirþyrmandi,“ útskýrir Baldur.

Hann segir nauðsynlegt að setja virk efni í krem eigi þau að virka og að menn hafi lengi vitað að Omega 3 hefði góð áhrif á húðina. En hvernig þá?

„Efsta lag húðarinnar (hyrnislag) er búið til úr 15 til 20 lögum af frumum. Neðstu frumur húðarinnar eru lifandi, en eftir því sem ofar dregur þorna þær, deyja og mynda hyrnislag. Á milli þurru frumnanna er fylliefni, sem er ríkt af fitusýrum. Fitusýrurnar halda hyrnislaginu mjúku og vatnsheldu. Undir ákveðnum kringumstæðum rýrnar fylliefnið þannig að hyrnislagið opnast sem veldur því að húðin bólgnar og verður þrútin, rauð og þurr. Bólguviðbrögð húðarinnar stafa meðal annars af auknu gegndræpi húðarinnar sem veldur því að ertandi efni komast inn í hana. Of mikið gegndræpi veldur því einnig að húðin missir raka og verður þurr, en þá getur verið nauðsynlegt að bera á hana. mOmega3™ tæknin er gerð til þess að snúa þessari þróun við.“

### Bætt heilbrigði húðarinnar

Sprungur á hælum geta myndast þegar fitusýrurnar í húðinni rýrna og húðin verður þurr. Í kjölfarið minnkar teygjanleikinn og húðin strekkist þar til hún á endanum gefur eftir og springur. Regluleg notkun á FOOTGUARD™ getur komið í veg fyrir þetta.

FOOTGUARD™ styrkir húðlögin, eykur vatnsbindigetu húðarinnar og minnkar þannig líkur á siggi, húðþykknun og sprungnum hælum.

Önnur krem í MariCell™ línunni innihalda mOmega 3™ fitusýrur, ávaxtasýrur og karbamíð í mismunandi styrk.




Vörurnar fást í apótekum.

> Kremið inniheldur efni sem vinna saman að því að bæta heilbrigði húðarinnar.
>
> **Baldur Tumi Baldursson húðlæknir**




### Laus við sigg og sprungur



„Þegar ég var níu ára fór að safnast á mig sigg á hælum og tábergi. Amma kenndi því um að ég gengi um berfætt en seinna kom í ljós að þetta var sóríasis,“ segir Þórey Sigrún Leifsdóttir í Neskaupstað.

Sigg og sprungur ágerðust með aldrinum hjá Þóreyju.

„Þegar verst lét var ég komin á það stig að vakna á nóttunni vegna kláða og pirrings í fótum, oft með blæðandi sprungur í sigginu. Stundum brá ég á það ráð að raspa fæturna um miðjar nætur og smyrja þá með smyrsli og vanlíðanin var mikil,“ segir Þórey sem fyrir tveimur árum fór til húðlæknis sem benti henni á kremið MariCell™ FOOTGUARD™ frá Kerecis.

„Hann mælti eindregið með kreminu, bar það á annan fótinn til prufu og eftir aðeins sólarhring fann ég stóran mun. Ég ber nú kremið á mig eftir þörfum og tek skorpur en sprungurnar eru horfnar og ég hef ekki vaknað út af kláða eða blæðandi sprungum í tvö ár. Ég hef í raun ekki verið jafn góð síðan ég var barn,“ segir Þórey sem hefur ekki tölu á hversu mörgum hún hefur bent á MariCell™ FOOTGUARD™.

„Ég mæli með því fyrir alla sem kljást við sprungur og sigg, því það er það besta sem ég hef notað á mitt vandamál.“




Fyrir sprungna hæla og fótasigg

**FOOTGUARD™**

**Meðhöndlar og kemur í veg fyrir sigg, þykka húð og sprungna hæla**

með mOmega3™




Fyrir auma, rauða og bólgna húð með kláða

**XMA**

**Meðhöndlar erta húð og einkenni exems**

með mOmega3™




Fyrir hárnabba, rakstursbólur og inngróin hár

**SMOOTH**

**Meðhöndlar og kemur í veg fyrir húðnabba**

með mOmega3™




Fyrir þykka og hreistraða húð með kláða

**PSORIA**

**Meðhöndlar hreistraða húð og einkenni sóríasis**

með mOmega3™

# Hræðist ekki að gera mistök

Ari Ólafsson segist hafa fundið sinn innri mann við sigurinn í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrra. Líf hans hafi snúist á hvolf, lífsreynslan hafi verið jákvæð og hann sé nú að upplifa drauma sína.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Dýrmætasti lærdómurinn var um sjálfan mig. Ég lærði hvað býr innra með mér og að ég er óhræddur við að gera mistök. Ég var oftsinnis spurður hvernig ég þyrði að stíga á svið og syngja frammi fyrir milljónum manna en hafði ekki svar við því þá. Ég fann aldrei fyrir hræðslu, né velti mér upp úr því hvort ég ynni eða gerði mistök, og veit nú að í mér, sem og öllum, býr kraftur sem kemur okkur alla leið. Það eina sem til þarf er að opna sig gagnvart því.

Augu mín opnuðust líka fyrir því að ég var ekki lengur strákur. Ég var orðinn ungur maður sem gerir allt 100 prósent og gefst aldrei upp. Það er stóri lærdómurinn; að gefast ekki upp og gefa sig aldrei í efasemdirnar," segir Ari Ólafsson um þá lífsreynslu að vinna Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrra og fara fyrir Íslands hönd í Eurovision.

Ari segir óraunverulegt að ár sé komið frá því að hann stóð uppi sem sigurvegari.

„Það er skrýtið hvað þetta hefur liðið hratt og hvað árið 2018 var bilað fyrir mig. Líf mitt breyttist gífurlega og ég er nú að uppskera eftir alla þá vinnu sem ég hef lagt í söng og tónlist. Ég fékk að sýna mig frammi fyrir íslensku þjóðinni, allri Evrópu og öllum heiminum, sem var mér afar mikilvægt. Núna veit þjóðin hver ég er og getur fylgst með mér í framtíðinni," segir Ari kátur.

### Blómstrar í Lundúnum

Ari býr nú í Lundúnum og lærir söng og tónsmíðar við hinn virta tónlistarháskóla Royal Academy of Music.

„Ég er enn í skýjunum því beint á eftir Eurovision flutti ég til London og byrjaði nýtt ævintýri þar. Eftir Söngvakeppnina byrjaði boltinn að rúlla hratt og ég er nú að uppfylla drauma mína. Eftir grunnnám í Royal Academy of Music hef ég hug á að halda þar áfram í meistaranámi í óperusöng eða við söngleikjadeildina því ég vil gera tónlistina að lifibrauði mínu," segir Ari sem er strax byrjaður að safna eigin tónsmíðum í sarpinn.

„Ég er mikið í því að semja og uppfullur af hugmyndum sem vonandi enda á plötu einn daginn. Það er erfitt að skilgreina tónlistina sem ég sem. Ég er auðvitað nýgræðingur í tónsmíðum en vil búa til nýja tónlist sem vekur miklar tilfinningar hjá fólki. Ætli megi ekki flokka það sem popp með „psychedelic" og „indie"-áhrifum," útskýrir Ari.



Ari segir Eurovision vera einstakan stökkpall og að nú sé hann að upplifa og sjá drauma sína rætast. MYND/ERNIR

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

### Besta partí Evrópu

Ari stígur á svið í beinni útsendingu úrslitaþáttar Söngvakeppni Sjónvarpsins sem fram fer í Laugardalshöll í kvöld.

„Ég er ákaflega spenntur en vil ekki gera upp á milli laganna sem keppa til úrslita. Mér finnst úrslitin vera rétt og þetta eru þau fimm lög sem ég spáði að kæmust í úrslit. Ég er því ótrúlega spenntur að sjá hverjir vinna," segir Ari sem gefur sigurvegurum kvöldsins sama veganesti og Svala Björgvins, sigurvegari ársins 2017, gaf honum í fyrra.

„Það er að njóta augnabliksins og alls sem er. Eurovision er yfirþyrmandi stór viðburður og allt sem í honum felst, en náttúrlega langskemmtilegasta partí Evrópu. Það er gott að ganga hægt um gleðinnar dyr en muna að taka allt inn og njóta þess til fulls sem í vændum er. Ég veit að Hera og Friðrik Ómar vita þetta bæði sem fyrrverandi sigurvegarar. Sjálfur leit ég aldrei á Eurovision sem keppni heldur hátíð þar sem fólk kemur saman úr öllum heimshornum og á sínum forsendum, sama hvernig það er á litinn eða hver kynhneigð þess er. Eurovision býður fjölbreytileikanum heim og þar höfum við séð allt. Það finnst mér fallegt. Það geta allir verið þeir sjálfir og allir átt sinn stað."



Ari hefur enn mikið dálæti á sigurlaginu sem hann flutti í fyrra og segir tónlist snúast um að sameinast á tilfinningasviðinu.

### Gott að gráta

Ari segir Eurovision stóran stökkpall fyrir þá sem vilja leggja tónlistina fyrir sig.

„Allt í kringum Söngvakeppnina og Eurovision var mjög góður skóli, ekki síst fyrir mig sem var bara 19 ára þegar ég tók þátt og vann. Þessi reynsla hefur gert mikið fyrir mig sem listamann og ég hef fengið ótal tækifæri sem ég hef nýtt mér sem listamaður. Þótt Lundúnabúar kveiki ekki endilega strax á perunni að ég hafi tekið þátt í Eurovision er tónlistarsenan þar stór og það opnast margar dyr þegar kemur að áheyrnarprufum og listaheiminum þegar maður bendir á YouTube og nafn mitt er slegið inn. Ég sé því ekkert nema jákvætt við þátttöku í Eurovision."

Lagið Our Choice, sem vann Söngvakeppnina og sigraði hjörtu landsmanna í fyrra, segir Ari að sé enn í miklum metum hjá honum.

„Ég hefði tæplega tekið að mér að syngja lagið ef ég hefði ekki verið hrifinn. Það er erfitt og krefst hæfni að eiga við það og fara upp um tvær og hálfa áttund. Það sem heillaði mig mest var boðskapurinn og að það vakti fallegar og jákvæðar tilfinningar. Um það finnst mér tónlist snúast, að koma fólki saman, jafnvel milljónum saman eins og í Eurovision, og sameinast undir einni tilfinningu og sameiginlegri upplifun. Það er svo fallegt og það var ástæðan fyrir því að ég þurfti að taka þetta lag."

Mörgum er minnisstætt þegar Ari tárfelldi þegar hann stóð uppi sem sigurvegari í fyrra.

„Ég er ófeiminn við að sýna tilfinningar og lærði ungur hjá mömmu og pabba að leyfa mér að finna fyrir tilfinningum mínum. Maður skuldar sjálfum sér það sem manneskju. Það er jafn eðlilegt að hlæja og gráta og það besta í heimi finnst mér að hlæja mikið og gráta þegar ég þarf. Eftir grátinn líður manni betur og maður hefur hleypt geðshræringunni út. Það er heilbrigð útrás fyrir tilfinningarnar."




## Process Analyst in Global Process Development

Hefur þú brennandi áhuga á ferlum og áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Össur leitar að metnaðarfullum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í Global Process Development teymi. Teymið styður hlutleysi í greiningu á verkferlum þvert á deildir fyrirtækisins með það að leiðarljósi að auðkenna kjörferla og leggja fram viðeigandi ferlabreytingar.

### STARFSSVIÐ

- Greining, skráning og frammistöðumæling á verkferlum þvert á deildir fyrirtækisins með það að leiðarljósi að greina kjörlausnir og kjörferla
- Stjórnun á vinnustofum með öllum viðeigandi eigendum og hagsmunaaðilum verkferla
- Leggja fram ferlabreytingar sem styðja kjörferla þvert á deildir í samvinnu við viðeigandi hagsmunaaðila
- Notkun á aðferðarfræði verkefnastýringar og stjórnun breytingarverkefna þegar við á

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- A.m.k. 5 ára viðeigandi starfsreynsla
- Greiningar- og lausnamiðunarfærni
- Reynsla af viðskiptaferlum
- Reynsla af greiningu ferla og frammistöðumælingum
- Reynsla í ferlabreytingum og greiningu á kjörferlum
- Viðeigandi reynsla í verkefnastjórnun
- Leiðtogahæfni
- Mjög góð enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og stjórnun hagsmunaaðila
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2019.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2010–2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM




## FRÍHÖFNIN ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI Í SUMARSTÖRF

Um er að ræða sumarstörf í verslunum á Keflavíkurflugvelli. Við leitum að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og áfyllingum í verslun. Unnið er í vaktavinnu.

### HÆFNISKRÖFUR

- Söluhæfileikar og rík þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf um miðjan maí og starfað fram yfir miðjan ágúst. Umsóknum skal skilað rafrænt á dutyfree.is/atvinna.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 31. MARS 2019**

www.dutyfree.is

**VIÐ BJÓÐUM UPP Á FRÍAR RÚTUFERÐIR TIL OG FRÁ HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

FRÍHÖFNIN

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
– erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is

# Rekstrarstjóri

FlyOver Iceland leitar að öflugum rekstrarstjóra til þess að hafa umsjón með verslunar- og veitingarekstri fyrirtækisins

Rekstrarstjóri kemur til með að starfa í skemmtilegu og líflegu umhverfi og mun taka þátt í að byggja upp nýtt fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu. Viðkomandi starfar náið með stjórnanda gestaupplifunar að því að gera FlyOver Iceland að framúrkarandi afþreyingarkosti. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri, áætlunargerð og upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra.

Umsóknarfrestur til og með
**17. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13024**

**Starfssvið:**
- Dagleg samskipti við starfsfólk og stjórnendur
- Ábyrgð og skipulag vakta
- Innkaup og birgðastýring
- Verðlagning og samningagerð
- Kostnaðargreining og tekjuáætlanir
- Almenn stjórnun og þjálfun starfsmanna

**Hæfniskröfur:**
- Lágmark þriggja ára rekstrarreynsla úr smásölu, veitingarekstri eða öðrum þjónusturekstri
- Æskileg reynsla eða þekking á bókhaldi og góður skilningur á fjármálum
- Reynsla af notkun sölu- og bókhaldskerfa
- Ástríða fyrir því að hámarka upplifun viðskiptavina
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Mikil hæfni til að miðla upplýsingum og hvetja aðra til árangurs
- Leggur áherslu á stöðugar umbætur í rekstri og hámörkun framlegðar

FlyOver ICELAND

FlyOver Iceland er í eigu Esja attraction. Stærsti hluthafi Esja attraction er Viad corp sem starfrækir samskonar kvikmyndhús sem sýnir 7D afþreyingu í Ameríku og Kanada. Fyrirtækið sérhæfir sig í einstakri upplifun fyrir þá sem vilja fljúga yfir Ísland og njóta náttúrunnar á ógleymanlegan og raunverulegan máta.

FlyOver Iceland er flughermir sem er engum líkur þar sem gestir fljúga yfir náttúruperlur Íslands með hátæknibúnaði. Auk hágæða myndefnis er notað dínamískt sætiskerfi ásamt tæknibrellum á borð við vind, lykt og mistur sem gefa magnaða upplifun! www.flyovericeland.is

Capacent – leiðir til árangurs

Capacent_

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

# Lögfræðingur

Eining-Iðja leitar að öflugum lögfræðingi til starfa hjá félaginu. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf. Starfið er á Akureyri.

Umsóknarfrestur
**17. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13012**

**Helstu verkefni:**

- Móttaka félagsmanna
- Almenn upplýsingagjöf
- Verkefnastjórnun
- Lögfræðileg málefni, td. tengd kjarasamningum
- Útreikningar
- Eftirlit með vinnustaðaskírteinum
- Samstarf og samskipti við hagsmunaaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Lögfræðimenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á vinnumarkaði og nærsamfélaginu
- Þekking á lögfræðilegum málefnum eins og vinnurétti kostur
- Þekking á kjarasamningsmálum kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Félagssvæði Einingar-Iðju er Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður- Þingeyjarsýslu. Félagið heldur úti öflugri þjónustu fyrir félagsmenn og leitast er við að tryggja þeim sem bestan aðgang að upplýsingum og þjónustu. Fjórtán starfsmenn starfa hjá félaginu á skrifstofum félagsins á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# Sviðsstjóri

Skipulagsstofnun óskar eftir að ráða í spennandi starf sviðsstjóra á sviði stefnumótunar og þróunar. Meðal helstu verkefna þess eru vinna að landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulagi.

Umsóknarfrestur
**18. mars**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13013**

**Starfssvið:**

- Ábyrgð og umsjón með verkefnum stofnunarinnar sem varða stefnumótun og þróun, þ.m.t. gerð og framfylgd landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags, miðlun upplýsinga og fagþekkingar og rannsóknar- og þróunarstarf
- Dagleg stjórnun á sviðinu
- Ábyrgð og umsjón með áætlanagerð fyrir sviðið
- Samskipti við samstarfsaðila og hagsmunaaðila
- Þátttaka í stefnumótun fyrir stofnunina

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun ásamt framhaldsgráðu sem nýtist í starfi
- Þekking eða reynsla sem nýtist í starfi, svo sem af stefnumótun eða þróunarverkefnum á sviði skipulagsgerðar eða umhverfismála
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að hagnýta þekkingu og reynslu í ólíkum verkefnum og metnaður til að ná árangri
- Reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku, í ræðu og riti

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Hjá stofnuninni ríkir góður starfsandi og í boði er góð starfsaðstaða.
Nánari upplýsingar má finna á www.skipulag.is

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna**

Capacent_

capacent.is

Dalabyggð

# SKIPULAGSFULLTRÚI

**Dalabyggð óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Auk Dalabyggðar sinnir skipulagsfulltrúi verkefnum vegna skipulagsmála fyrir Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð.**

Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa nýtt starf á traustum grunni. Helstu verkefni eru samkvæmt lögum og samþykktum sveitarfélaganna hverju sinni á sviðum skipulagsmála, samgöngumála, umhverfismála og veitukerfa.

**Starfssvið**

- Yfirumsjón með skipulagsmálum á svæðinu
- Ábyrgð á að framfylgja stefnu sveitarfélaganna í málaflokkum sem undir hann heyra
- Framkvæmd skipulagsmála og ráðgjöf við m.a. íbúa, kjörna fulltrúa, hönnuði og verktaka um skipulagsmál
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda nefnda sveitarfélaganna varðandi skipulagsmál
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði skipulagsmála
- Önnur verkefni

**Nánari upplýsingar veitir:**
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði byggingarmála skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Þekking og reynsla á þeim málaflokkum sem falla undir sviðið
- Þekking og reynsla af stjórnun og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Um er að ræða 100% starf.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk.**

# ÚTBOÐ

## Gata, stígagerð og drenlagnir í Kópavogskirkjugarði.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma óska eftir tilboðum í Gata, stígagerð og drenlagnir í Kópavogskirkjugarði.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Gröftur: | 1.500 m³ |
| Fyllingar: | 1.350 m³ |
| Drenlagnir | 1.237 m |

Verki skal lokið eigi síðar en 1. september 2019.
Sendið tölvupóst á **hjortur@internet.is** til að fá útboðsgögn á rafrænu formi.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Vesturhlíð 8 Reykjavík.
**14. mars, 2019 kl.13:00.**

www.kirkjugardar.is
KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Þú finnur draumastarfið á Job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU




## Öflug liðsheild skapar eftirsóttan vinnustað

Óskum eftir að ráða í verktöku trúnaðarlækni (u.þ.b. 6% staða) og hjúkrunarfræðing (u.þ.b. 20% staða) til að sinna ýmsum verkefnum sem tengjast heilsufarseftirliti og heilsuvernd starfsmanna.

Gert er ráð fyrir viðveru á athafnasvæði fyrirtækisins eftir samkomulagi.

**Trúnaðarlæknir – helstu verkefni og ábyrgð**

- Ráðningarskoðun nýrra starfsmanna
- Ráðgjöf varðandi reglubundið heilsufarseftirlit
- Ráðgjöf varðandi forvarnir og heilsuvernd
- Ráðgjöf vegna fjarvista af völdum veikinda eða slysa
- Þátttaka í vinnu við forvarna- og fræðslumál eftir því sem við á
- Venjubundin þjónusta trúnaðarlæknis

**Hjúkrunarfræðingur – helstu verkefni og ábyrgð**

- Reglubundið heilsufarseftirlit starfsmanna
- Sérstakar heilsufarsskoðanir eftir því sem við á
- Ráðningarskoðun nýrra starfsmanna í samstarfi við trúnaðarlækni
- Árleg bólusetning vegna inflúensu
- Þátttaka í vinnu við forvarna- og fræðslumál eftir því sem við á

Viðkomandi þurfa að hafa jákvætt viðmót, góða samskiptahæfileika og góða tölvukunnáttu.

Umsóknum ásamt kynningabréfi skal skila inn til leiðtoga heilbrigðismála, Hildar Atladóttur (hildura@isal.is) sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um störfin.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk.**

Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það varð til við sameiningu Eyrarbakkahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps árið 1998 og er því 21 árs á þessu ári. Sveitarfélagið hefur vaxið ört síðastliðin ár og telur nú rúmlega 9.500 íbúa. Í Árborg er gott mannlíf. Þar er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, góðir skólar ásamt öflugu íþrótta-, félags- og menningarlífi. Í Árborg eru þrír grunnskólar með samtals um 1.470 nemendur og fimm leikskólar með rúmlega 500 nemendur. Einn af helstu kostum sveitarfélagsins eru fjölbreyttir búsetukostir í dreifbýli, búgarðabyggð, sjávarþorp við ströndina og stórt þéttbýli.



# SVIÐSSTJÓRI MANNVIRKJA- OG UMHVERFISSVIÐS

Sveitarfélagið Árborg leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að gegna lykilhlutverki í að leiða framfarir í mannvirkja- og umhverfismálum hjá sveitarfélaginu. Sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs er hluti af öflugu stjórnunarteymi á tímum mikils vaxtar og breytinga. Mannvirkja- og umhverfissvið skiptist í þrjár deildir: Veitur, Eignadeild og Umhverfisdeild.

### Helstu hlutverk sviðsins

- Ábyrgð á hreinlætismálum, sorphirðumálum, umferðar- og samgöngumálum og umhverfismálum
- Nýframkvæmdir, rekstur og viðhald allra mannvirkja í eigu sveitarfélagsins og aðrar verklegar framkvæmdir
- Umsýsla um veitur, fasteignir, götur, göngu- og hjólastíga, leiksvæði, tjaldsvæði og opin svæði
- Ábyrgð á áætlanagerð, faglegum undirbúningi og verkstýringu framkvæmda
- Umhverfisvernd, garðyrkjumál, landbúnaðarmál, dýraeftirlit, s.s. hunda- og búfjáreftirlit ásamt meindýravörnum
- Yfirumsjón og þjónusta við eigna- og veitunefnd og umhverfisnefnd sveitarfélagsins

### Helstu verkefni sviðsstjóra

- Ábyrgð á rekstri deilda sviðsins
- Ábyrgð á áætlanagerð og forgangsröðun verkefna
- Ábyrgð á stjórnun og starfsmannamálum
- Ábyrgð á útfærslu og framkvæmd stefnu sveitarfélagsins í málaflokkum sviðsins
- Ábyrgð á þjónustu sviðsins við íbúa sveitarfélagsins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræði- eða tæknifræðimenntun er skilyrði
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum er æskileg
- Menntun eða reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Sjálfstæði, skipulagshæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á stjórnsýslu sveitarfélaga er æskileg
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti

**Nánari upplýsingar veitir:**
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.
Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



# Félagsráðgjafi óskast

## Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar auglýsir eftir félagsráðgjafa í fullt starf

Helstu verkefni eru félagsleg ráðgjöf, barnavernd, þjónusta og stuðningur við barnafjölskyldur og forvarnir. Einnig önnur verkefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

**Umsóknarfrestur er til og með 15. mars n.k**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir.

Starfsferilsskrá skal fylgja umsókn um starfið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri. snorri@seltjarnarnes.is eða í síma 595 9100 / 897 2079

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið. Á Seltjarnarnesi búa um 4600 manns. Lögð er áhersla á að tryggja íbúum góða alhliða þjónustu.*

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir http://www.seltjarnarnes.is **–Störf í boði**

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

---

GARÐS APÓTEK - rétt leið

## Lyfjatæknir eða starfsmaður vanur afgreiðslu óskast til starfa í Garðs Apóteki

Umsóknir sendist á **gardsapotek@gardsapotek.is**

Nánari upplýsingar veitir Haukur Ingason apótekari í símum 5680990 og 8645590

**Sogavegi við Réttarholtsveg**

---

## Consular Clerk/Cashier

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Consular Clerk/Cashier lausa til umsóknar.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. Mars 2019.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
**https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/**

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Consular Clerk/Cashier. The closing date for the postion is **March 10, 2019** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
**https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/**
Please send your application and resumé to:
**reykjavikvacancy@state.gov**

---



# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**

## HÓPSTJÓRI Á FJÁRMÁLASVIÐI

Isavia óskar eftir að ráða hópstjóra á fjármálasvið. Helstu verkefni eru stýring og vinnsla verkefna tengdum tekjuskráningu og viðskiptakröfum. Aðstoð við afstemmingar og undirbúning gagna fyrir uppgjör auk annarra sérverkefna.

Nánari upplýsingar veitir Helga Erla Albertsdóttir, deildarstjóri reikningshalds, **helga.albertsdottir@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða tengdum greinum
- Reynsla af störfum í reikningshaldi er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta
- Góð samskipta- og leiðtogafærni

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ: **REYKJAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **10. MARS**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI FRAMTÍÐARINNAR

## Landspítali auglýsir eftir fimm framkvæmdastjórum klínískra sviða til að leiða öfluga uppbyggingu og sókn næstu ára

Framkvæmdastjórarnir heyra beint undir forstjóra og mynda, ásamt stjórnendum annarra klínískra sviða og stoðsviða, framkvæmdastjórn spítalans.

Leitað er að kraftmiklum og reyndum stjórnendum sem hafa brennandi áhuga á að vinna með forstjóra að því að byggja upp sterka liðsheild og að framfylgja stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn spítalans. Leitast er við að mynda samhentan hóp með fjölbreytta reynslu og bakgrunn.

### Almennt starfssvið framkvæmdastjóra

- Fagleg forysta um þjónustu við sjúklinga.
- Forysta um uppbyggingu öryggismenningar og umbótastarfs.
- Stefnumótun, markmiðasetning og áætlanagerð.
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á fjármálum, fjárhagsáætlun og rekstri.
- Efling kennslu og vísindastarfs á spítalanum.
- Samhæfing á starfsemi sviðs við önnur svið og stoðeiningar.

Mögulegt er að sinna klínískri eða akademískri vinnu (10%) meðfram framkvæmdastjórastarfi.

### Almennar menntunar- og hæfniskröfur

- Brennandi áhugi á uppbyggingu Landspítala og innleiðingu stefnu spítalans.
- Reynsla af umbótastarfi, teymisvinnu og breytingastjórnun í heilbrigðisþjónustu.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar.
- Mikil hæfni í tjáningu í ræðu og riti, á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun.
- Háskólapróf á heilbrigðissviði auk viðbótarmenntunar sem nýtist í starfinu er skilyrði.
- Farsæl stjórnunar- og rekstrarreynsla.

### Framkvæmdastjórastöður eftirfarandi fimm sviða eru lausar til umsóknar

1. **Flæðisvið:** Á flæðisviði eru rekin móttaka bráðveikra og slasaðra, endurhæfing, þjónusta við aldraða sjúklinga, sjúkrahótel og flæðisdeild. Velta sviðsins er 9,3 milljarður og stöðugildi eru 634.
2. **Geðsvið:** Á geðsviði er miðstöð sérhæfðrar geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi, allt frá bráðaþjónustu og yfir í endurhæfingu, göngudeildir og samfélagsgeðþjónustu. Velta sviðsins er 5,5 milljarðar og stöðugildi eru 450.
3. **Lyflækningasvið:** Á lyflækningasviði er veitt almenn og sérhæfð læknis- og hjúkrunarþjónusta á sviði lyflækninga, á legu- dag-, og göngudeildum, auk heimaþjónustu. Velta sviðsins er 13,5 milljarðar og stöðugildi eru 778.
4. **Rannsóknarsvið:** Rannsóknarsvið sinnir almennum og sérhæfðum þjónusturannsóknum fyrir Landspítala, aðrar heilbrigðisstofnanir og læknastofur, auk þess að reka Blóðbankann og heilbrigðis- og upplýsingatæknideild. Velta sviðsins er 8,5 milljarðar og stöðugildi eru 454.
5. **Skurðlækningasvið:** Á skurðlækningasviði er veitt almenn og sérhæfð meðferð á legu,- dag- og göngudeildum, auk þess að reka miðstöð um sjúkraskrárritun og næringarstofu. Velta sviðsins er 6,8 milljarðar og stöðugildi eru 445.

Gert er ráð fyrir að ráðningatímabil framkvæmdastjóra hefjist 1. september 2019 og er ráðning til fimm ára, í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningar stjórnenda. Mat á umsóknum verður í höndum valnefnda þar sem forstjóri Landspítala tekur virkan þátt, en forstjóri tekur ákvörðun um ráðningar í störfin. Áætlað er að fyrstu viðtöl vegna ofangreindra starfa verði haldin á tímabilinu 29. apríl - 17. maí og lokaviðtöl ásamt kynningum á framtíðarsýn fari fram 20.-24. maí.

Frekari upplýsingar um störfin og ráðningarferlið veita Páll Matthíasson (pallmatt@landspitali.is) og Ásta Bjarnadóttir (astabj@landspitali.is). Nánari upplýsingar ásamt leiðbeiningum til umsækjenda um hvert starf er að finna á starfasíðu Landspítala, www.landspitali.is/mannaudur.

**Umsóknafrestur er til og með 1. april 2019.**

*Landspítali er fjölmennasti vinnustaður landsins með hátt í 6000 starfsmenn. Spítalinn hefur víðtæku hlutverki að gegna sem aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús, og veitir bæði almenna og sérhæfða þjónustu, auk þess að vera miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Gildandi skipurit spítalans byggist á sjö klínískum sviðum og fjórum stoðsviðum. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, þjónusta, mannauður og stöðugar umbætur.*

# Höfðaskóli á Skagaströnd
## Staða skólastjóra laus til umsóknar

Sveitarfélagið Skagaströnd óskar eftir að ráða skólastjóra við Höfðaskóla á Skagaströnd.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu, hæfni og áhuga til að veita faglega forystu í skólastarfi. Mikið og gott starf hefur verið unnið í skólanum síðustu ár og þarf nýr skólastjóri að hafa áhuga á því að halda þeirri vinnu áfram og þróa enn frekar. Skólinn notar spjaldtölvur í námi og kennslu með markvissum hætti og hafa kennarar sótt fjölmörg námskeið um notkun þessara tækja í skólastarfi.

**Nýr skólastjóri þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst n.k.**

Í Höfðaskóla eru um 80 nemendur í 1.-10.b. og koma nemendur frá Skagaströnd og Skagabyggð. Kennarar og annað starfsfólk skólans mynda vel menntað og áhugasamt teymi. Húsnæði skólans og allur aðbúnaður er góður. Stutt er í íþróttahús og tónlistarskóla og er gott samstarf þar á milli.

**Hlutverk og ábyrgð**
- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýni samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög umgrunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða farsæl stjórnunarreynsla æskileg.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.
- Vilji og áhugi á nýtingu upplýsingtækni í skólastarfi, þ.m.t. snjalltækja.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og metnaður.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun sem og í fjármálastjórnun og áætlanagerð er kostur.

**Umsókn**

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars n.k. Umsóknum skal skila á netfangið **sveitarstjori@skagastrond.is**

Með umsókn skal skila starfsferilsskrá, nöfnum tveggja umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á skólamál og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá.

Frekari upplýsingar um starfið veitir skólastjóri í síma 4522800 eða netfangið **hofdaskoli@hofdaskoli.is** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.

# Jarðvinnuverkstjóri

**Loftorka Reykjavík ehf óskar eftir að ráða jarðvinnuverkstjóra til starfa.**

**Starfsvið:**
- Stjórnun á jarðvinnuframkvæmdum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi.
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Stundvísi.

Loftorka Reykjavík ehf. er jarðvinnu og malbikunarverktaki sem starfar á höfuðborgarsvæðinu í framkvæmdum fyrir byggingar og opinbera aðila.

Umsóknir berist Loftorku Reykjavík ehf, á netfangið **loftorka@loftorka.com**

**Upplýsingar veitir Andrés Sigurðsson í síma 893227**

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá.

**Loftorka Reykjavík ehf.**
**Miðhrauni 10**
**210 Garðabæ.**



SAMVINNA UM VELFERÐ
HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS
VIRÐING / ÖRYGGI / FAGMENNSKA

# LÆKNASTÖÐUR Á HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

**SÉRFRÆÐINGAR Í HEIMILISLÆKNINGUM**

Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) óskar að ráða tvo lækna til starfa í heilsugæslu HSA með aðalstarfsstöð á Egilsstöðum og í Fjarðabyggð. Önnur staðan er 80-100% og hin 50-100% og báðar veitast frá 01.06. 2019 eða eftir nánara samkomulagi.

Austurland er stórt og dreifbýlt með um 11 þúsund íbúa, þar sem HSA sinnir heilsugæslu á 11 starfsstöðvum, rekur Umdæmissjúkrahús Austurlands í Neskaupstað og þrjár hjúkrunardeildir. HSA kemur að kennslu læknanema, kandídata og sérfræðinema í heimilislækningum. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu lækna með öðru fagfólki, með metnað og framsækni að leiðarljósi til þróunar heilbrigðisþjónustu. HSA fagnar um þessar mundir tuttugu ára starfsafmæli.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Almenn læknisstörf.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindastarfi, gæða- og umbótaverkefnum.

**Hæfnikröfur**

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð og faglegur metnaður.
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar samvinnu (teymisvinnu).
- Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki.
- Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.
- Íslenskukunnátta áskilin.

**Umsóknarfrestur er til 10.04.2019.**

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Notkun tóbaks og rafretta er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

**Nánari upplýsingar veita:** Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is, Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. emil@hsa.is og Guðjón Hauksson, forstjóri HSA, s. 470-3051, 470-1437 og 774-5030, netf. gudjonh@hsa.is.

*Heilbrigðisstofnun Austurlands starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Áhersla er lögð á samvinnu þvert á byggðarlög.*

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Leikskólaráðgjafi
## hjá skólaþjónustu

Sveitarfélagið Árborg auglýsir lausa til umsóknar stöðu leikskólaráðgjafa. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á skólaþróun. Skólaþjónusta og skólar í sveitarfélaginu vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, öflug tengsl skóla og skólastiga og fjölbreytileg skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Í Sveitarfélaginu Árborg eru um 9.500 íbúar, fimm leikskólar og þrír grunnskólar með um 2000 börn.

**Helstu verkefni**
- Ráðgjöf til starfsfólks leikskóla varðandi starfshætti og starfsþróun
- Þátttaka í fag- og nemendateymum skóla og skólaþjónustu
- Þróun úrræða fyrir börn í samstarfi skóla, skólaþjónustu o.fl.
- Ráðgjöf og stuðningur við skólastjórnendur í starfsmannamálum o.fl.
- Ráðgjöf og fræðsla til foreldra leikskólabarna
- Stuðningur við áætlanagerð leikskóla, skimanir og þróunarstarf
- Aðstoð við mat á sérkennsluþörf leikskóla
- Aðstoð við fyrirlögn, úrvinnslu og túlkun skimana
- Verkefni á sviði daggæslumála
- Ýmis önnur verkefni á skrifstofu skólaþjónustu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leyfisbréf leikskólakennara og reynsla af starfi í leikskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og kennslufræða er æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af ráðgjafarstörfum og rekstri leikskóla er æskileg
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918. Sótt er um starfið á vef Árborgar: www.arborg.is. Umsóknarfrestur er til 17. mars 2019. Ráðning frá 1. maí 2019 eða eftir samkomulagi. Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

# Verkefnastjóri

Viðskiptavit ehf býður áhugavert framtíðarstarf og spennandi verkefnastöðu fyrir verkefnastjóra sem hefur stýrt byggingarverkefnum og unnið á verkstað.

Viðkomandi mun vinna náið með eigendum að fjölbreyttum verkefnum.

**HELSTU VERKEFNI:**

- Sjá um magntökur
- Undirbúa útboð
- Sinna útboðs-/tilboðsgerð
- Samskipti við opinbera aðila og samstarfsaðila

**STARFSKRÖFUR OG EIGINLEIKAR:**

- Iðn-/tæknimenntun eða marktæk reynsla á verkstað
- Stundvísi, sjálfstæði og vinnusemi
- Árangursdrifin og lausnamiðuð nálgun
- Samskiptafærni, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulund

**Umsóknarfrestur er til 8. mars 2019.**

Umsóknir óskast sendar til vidskiptavit@gmail.com með ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Hrund í s. 776 8484.

VIÐSKIPTAVIT

- VIÐ LÁTUM HLUTINA GERAST -

*Viðskiptavit ehf. er framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sinnir verktöku ásamt alhliða verkefnastjórnun og ráðgjöf. Viðskiptavit hefur innan sinna raða reynslumikið og hæfileikaríkt starfsfólk á sviði byggingarstarfsemi og verkefnastjórnunar.*

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Aðstoðarskólastjóri Laugarnesskóla

Laugarnesskóli er grunnskóli með um 540 nemendur í 1.-6. bekk. Skólinn er Réttindaskóli Unicef og Barnasáttmálinn er lagður til grundvallar í öllu skólastarfinu. Einkunnarorð skólans lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur og ósk eru kjarni skólastefnu Laugarnesskóla. Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni þar sem skólinn reynir að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða faglegt starf í lýðræðislegu skólaumhverfi.

**Starfssvið**

- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Að leiða faglega forystu í skólanámskrárvinnu og skólaþróunarverkefnum.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastóra.
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg og/eða reynsla af stjórnunarstörfum á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Þekking, leikni og hæfni í upplýsinga- og tæknimennt
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Óbilandi trú á réttindum barna og áhugi á að starfa með þeim og foreldrum þeirra.

**Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2019.**

Upplýsingar um starfið gefur Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri Laugarnesskóla sigridur.heida.bragadottir@rvkskolar.is. Sími 411 7444

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



# Verkefnastjóri á markaðssviði

## Við leitum að hugmyndaríkum og lausnamiðuðum starfskrafti á markaðssviði Icelandair hótela.

**Helstu verkefni:**

- Umsýsla markaðsefnis fyrir vörumerki Icelandair hótela
- Stafræn markaðssetning
- Birtingar og auglýsingar á samfélagsmiðlum
- Samskipti við áhrifavalda og blaðamenn
- Samskipti við rekstrareiningar félagsins og samstarfsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Góð reynsla af markaðsmálum
- Þekking á stafrænni markaðssetningu
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð skipulagshæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði og jákvæðni eru góðir kostir
- Mjög gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk.**
Umsókn sendist á Hildi Ómarsdóttur, forstöðumann markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs; **ho@icehotels.is**. Henni skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Icelandair hótel eru leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi og reka nú alls 21 hótel undir fimm ólíkum vörumerkjum: Icelandair Hotels, Eddu hótelin, Hilton Reykjavík Nordica, Canopy Reykjavík, Reykjavík Konsúlat hótel og Alda Hótel Reykjavík. Einnig rekur félagið veitingastaðina VOX Brasserie, Geira Smart, Slippbarinn, Satt Restaurant og Aurora Restaurant. Hjá félaginu starfa rösklega 800 manns.

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

## Tvær stöður sálfræðinga við meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga að Stuðlum eru lausar til umsóknar

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sálfræðinga á Stuðlum. Stuðlar starfa á grundvelli barnaverndarlaga og reglugerðar um Meðferðarstöð ríkisins. Stuðlar sinna unglingum á aldrinum 12-18 ára með hegðunarerfiðleika, þ.m.t. vímuefnavanda. Um fullt starf er að ræða en möguleiki er að semja um lægra starfshlutfall.

**Starfssvið**
Meðal verkefna sálfræðings er:
- Greining og meðferð unglinga og vinna með fjölskyldum þeirra.
- Gerð og framkvæmd meðferðaráætlana.
- Ráðgjöf og stuðningur við barnaverndarnefndir, skóla sem og samvinna við ýmsar aðrar stofnanir.
- Ráðgjöf og handleiðsla við starfsfólk Stuðla sem og við aðrar meðferðarstofnanir.
- Þátttaka í almennri stefnumótun.
- Þátttaka í ART (agression replacement training) og notkun áhugahvetjandi samtals (motivational interviewing).

**Persónulegir eiginleikar**
- Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samstarfshæfni og jákvæð viðhorf til skjólstæðinga.

**Hæfnikröfur:**
- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking og reynsla á meðferð og greiningu unglinga er æskileg.
- Þekking og færni í hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.
- Frumkvæði í starfi og skipulagshæfileikar.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

**Nánari upplýsingar veitir Funi Sigurðsson, forstöðumaður Stuðla í síma 530-8800 eða á netfanginu funi@bvs.is.**

Við úrvinnslu umsókna gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins við Sálfræðingafélag Íslands. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. **Vinsamlegast athugið að umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 18. mars 2019 og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá birtingu.

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík | www.studlar.is



# Sumarstörf í heimahjúkrun

## Hjúkrunarfræðingar – Hjúkrunarnemar
## Sjúkraliðar – Sjúkraliðanemar – Læknanemar

Reykjavíkurborg veitir heilbrigðisþjónustu í heimahjúkrun. Enn eru laus spennandi og gefandi sumarstörf á starfstöðvunum. Leitað er eftir hjúkrunarfræðingum, hjúkrunarnemum, sjúkraliðum, sjúkraliðanemum og læknanemum til starfa.

Fjölbreytt störf í vaktavinnu við heilbrigðisþjónustu inni á heimilum þjónustuþega.

Um er að ræða eftirtalda vinnustaði:

Heimahjúkrun Efstaleiti 1, heimahjúkrun Lindargötu 59 og heimahjúkrun Hraunbæ 119.

**Upplýsingar veita eftirtaldir aðilar:**

Heimahjúkrun Hraunbæ 119 – Dagný s. 411-9600
*dagny.haengsdottir@reykjavik.is*

Heimahjúkrun Lindargata 59 – Kristín s. 411-9650
*Kristin.Blondal@reykjavik.is*

Heimahjúkrun Efstaleiti 1 – Ragna Lilja s. 411-1590
*ragna.l.gardarsdottir@reykjavik.is*

**Hægt er að sækja um störfin á vef Reykjavíkurborgar:**

http://reykjavik.is/sumarstorf

Reykjavíkurborg
VELFERÐARSVIÐ

ÍSAFJARÐARBÆR

## Sumarstörf hjá Ísafjarðarbæ 2019

**Íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar - Sundlaugarverðir og vallarstarfsmaður**

Íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar auglýsa eftir sundlaugarvörðum í sumarstörf við sundlaugarnar á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Jafnframt er auglýst eftir öflugum starfsmanni á vallarsvæðið á Ísafirði. Æskilegast er að sundlaugarverðir geti hafið störf í lok maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Vallarstarfsmaður hefur störf 1. maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Störfin eru tímabundin til loka ágústmánaðar.

**Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar – Yfirflokkstjóri**

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir yfirflokkstjóra. Vinnuskólinn er útiskóli sem í sumar hefur aðsetur í Fjarðarstræti og Sundhöllinni, Austurvegi 9. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf í lok maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% starf til þriggja mánaða.

**Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar - Almennur flokkstjóri**

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar er útiskóli þar sem starfið gefur einstaka möguleika á að njóta útivistar og eiga þátt í að prýða umhverfið í Ísafjarðarbæ. Óskað er eftir ábyrgðarfullum flokkstjórum til starfa á Ísafirði og Þingeyri. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf í lok maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% störf til þriggja mánaða.

**Starfsmenn í garðyrkjudeild Ísafjarðarbæjar**

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir starfsmönnum til sumarstarfa í garðyrkjudeild. Um er að ræða 100% störf við skemmtilega útivinnu á tímabilinu 14. maí til 16. ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

**Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar - Sumarstarfsmenn**

Auglýst er eftir sumarstarfsmönnum við hin ýmsu störf hjá Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar (áhaldahúsi). Leitað er eftir starfsfólki 18 ára og eldra sem hefur áhuga á útivinnu. Starfstímabil er 14. maí til 16. ágúst og er vinnutími milli kl. 07.20 - 17.00 virka daga, nema til hádegis á föstudögum.

**Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar - Sumarstarfsmenn**

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar óskar eftir sumarstarfsmönnum í blönduð störf við málefni fatlaðra og aldraðra. Störfin sem um ræðir eru við stuðnings- og stoðþjónustu (frekari liðveisla, félagsleg heimaþjónusta), hæfingu, sólarhringsþjónustu og sumarþjónustu við fötluð börn. Um er að ræða ýmist dag- eða vaktavinnu þar sem starfshlutfall er 40-100%. Starfstímabil er frá 20. maí til loka ágúst.

**Upplýsingamiðstöð – Sumastarfsmenn**

Upplýsingamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði óskar eftir að ráða tvo sumarstarfsmenn. Í starfinu felst m.a. að veita gestum upplýsingamiðstöðvar aðstoð og upplýsingar eftir þörfum, einkum varðandi Vestfirði en þó einnig um landið í heild. Um er að ræða fullt starf í júní, júlí og ágúst.

**Byggðasafn Vestfjarða – Gæslumaður**

Byggðasafn Vestfjarða auglýsir eftir gæslumanni í Turnhúsið í 100% starf tímabilið frá byrjun maí fram til 1. ágúst 2019. Um er að ræða almenna afgreiðslu og upplýsingaveitu um sýningar safnins og safnasvæðið, auk ýmiskonar aðstoðar og þrifa.

**Hafnir Ísafjarðarbæjar - Skipstjóri**

Hafnir Ísafjarðarbæjar auglýsa laust til umsóknar 100% starf skipstjóra í sumarafleysingu frá 1. maí til 30. september. Skipstjóri fer m.a. með stjórn lóðsbáts Ísafjarðarbæjar og ber almenna ábyrgð í samræmi við skyldur skipstjóra.

Launakjör eru samkvæmt samningum launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 19. mars 2019.

Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf“. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

***- Við þjónum með gleði til gagns -***



SAMVINNA UM VELFERÐ

**HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS**

VIRÐING / ÖRYGGI / FAGMENNSKA

## Læknisstaða á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands

**SÉRFRÆÐINGUR Í LYFLÆKNINGUM**

Laus er til umsóknar staða sérfræðings í lyflækningum við Umdæmissjúkrahús Austurlands/HSA í Neskaupstað. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina og starfið gæti hentað 2-3 læknum að deila með sér.

Staðan veitist frá 1. júní 2019 eða eftir nánara samkomulagi.

## Helstu verkefni og ábyrgð

Þátttaka í daglegri læknisþjónustu á deildum umdæmissjúkrahússins og heilsugæslunnar þar. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga, kennslu og þverfaglega samvinnu (teymisvinnu).

## Hæfnikröfur

Fullgild sérfræðiréttindi í almennum lyflækningum.

Sjálfstæði í starfi, skipuleg og öguð vinnubrögð og faglegur metnaður.

Reynsla af og vilji til þverfaglegrar samvinnu (teymisvinnu).

Hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki.

Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.

Íslenskukunnátta áskilin.

## Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2019.

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum.

Notkun tóbaks og rafretta er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

Nánari upplýsingar veita: Jón Sen, forstöðulæknir Umdæmissjúkrahúss Austurlands, s. 470-1450 og 840-4144, netf. jon@hsa.is, Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is, Emil Sigurjónsson, mannauðsstjóri, s. 470-3053 og 895-2488, netf. emil@hsa.is og Guðjón Hauksson, forstjóri HSA, s. 470-3051, 470-1437 og 774-5030, netf. gudjonh@hsa.is.

*Umdæmissjúkrahús Austurlands/HSA í Neskaupstað starfrækir blandaða lyf- og handlækningadeild, hjúkrunardeild, fæðingarþjónustu og endurhæfingardeild ásamt stoðdeildum, sem og heilsugæslu fyrir íbúa í Neskaupstað og Mjóafirði. Auk lyflæknis starfa svæfingalæknir, skurðlæknir og deildarlæknir á sjúkrahúsinu. Þjónustusvæði þess nær frá Bakkafirði til Djúpavogs, svæðis sem telur um 11.000 íbúa. Meginhlutverk sjúkrahússins er að veita almenna sjúkrahúsþjónustu samanber lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og það er hlekkur í þjónustukeðju HSA, sem starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Á þjónustusvæði HSA eru auk umdæmissjúkrahússins sjö heilsugæslur, en alls eru starfseiningarnar ellefu talsins. HSA vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu.*

### Fjarðabyggð er ákjósanlegur kostur jafnt í starfi og leik:

**Læknateymið** Sérfræðingur í lyflækningum myndar ásamt skurðlækni, svæfingalækni, deildarlækni og heimilislækni öflugt teymi lækna við sjúkrahúsið. Sjúkrahúsið er vel búið tækjum, s.s. CT tæki, ómtæki af nýjustu gerð og rannsóknarstofan er góð. Farandsérfræðingar í ýmsum greinum heimsækja sjúkrahúsið og sinna þannig sérfræðiþjónustu í nærumhverfinu.

**Samfélagið** Í Neskaupstað er sterkt skólasamfélag; leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli og verkmenntaskóli. Spölkorn er í næsta menntaskóla yfir á Fljótsdalshéraði. Vegalengdir eru að jafnaði stuttar og fólk því fljótt í förum milli staða, hvort sem um er að ræða t.d. skóla eða þjónustu af ýmsum toga. Íbúarnir eru samheldnir og samfélagið líflegt.

**Íþróttir** Íþróttalífið á svæðinu er bæði fjölbreytt og fjörugt, hvort sem um er að ræða fótbolta, blak, sund, glímu, hestamennsku eða karate. Oddsskarð er skíðasvæði í fjöllunum milli Norðfjarðar og Eskifjarðar. Það er rómað fyrir náttúrufegurð og góðan aðbúnað.
Mjög góður 9 holu golfvöllur er í Norðfirði.
Æfingagjöld barna þykja hér hagstæðari en víða annars staðar.

**Samgöngur** Hin nýju Oddsskarðsgöng hafa stórbætt samgöngur í Fjarðabyggð líkt og Fáskrúðsfjarðargöngin gerðu einnig á sínum tíma og stuðla bæði að greiðari samgöngum um allt sveitarfélagið. Egilsstaðaflugvöllur er í aðeins klukku- stundar akstursfjarlægð.

**Náttúrufegurð** Náttúra Austurlands er í senn mikilúðleg og fíngerð. Útivistarfólk á auðvelt með að finna eitthvað við sitt hæfi frá fjörum til fjalla og náttúruunnendur eru óvíða betur í sveit settir en einmitt í Fjarðabyggð. Hvort sem menn vilja lóna á fjörðum eða sigra fjöll er það allt innan seilingar. Áhugafólk um veiðar hefur fjölbreytta möguleika til sjós og lands og allir eru þeir nærtækari en menn gæti að óreyndu grunað.



# LS Retail

We make business easy

## Product Owner LS One

The Product Owner of LS One is directly involved in the development of LS One, takes part in design and strategy meetings, and manages the product roadmap.

If you have product owner experience, solid programming skills, working knowledge of C#, .NET and MS SQL Server, communication skills, and you aspire to work on exciting tasks with a great team then this might be perfect opportunity for you! BSc degree in Computer Science or similar and at least five years' relevant work-experience is required. Further details: https://www.lsretail.com/jobs/

## Bid and Licensing Manager

The Bid and Licensing Manager manages the software licensing team, besides overseeing the bid process for large accounts directly, and in cooperation with LS Retail partners around the world and various stakeholders within the company.

If you have a proven leadership track record, strong commercial skills, are fluent in spoken and written English, then this might be the perfect job for you. A degree in business, engineering or similar, and at least five years' management experience is required. Further details: https://www.lsretail.com/jobs/

**Please apply before 10th of March through our recruitment site lsretail.com/jobs**

# Samtök fjármálafyrirtækja leita að lögfræðingi

Í starfinu felst fjölbreytt samstarf við aðildarfélög SFF svo sem vegna innleiðingar EES-gerða á fjármálamarkaði, gerð umsagna um þingmál og stjórnvaldsfyrirmæli og samskipti við eftirlits- og stjórnsýslustofnanir fyrir hönd aðildarfélaga. Í starfinu felst einnig þátttaka í undirbúningi stefnumótunar samtakanna í ýmsum málum og aðkoma að alþjóðlegu samstarfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku. Þekking á Norðurlandamáli er kostur.
- Sveigjanleiki, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.
- Nákvæmni, vandvirkni og metnaður.
- Þekking á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. vátryggingafélaga, er kostur.
- Þekking á samkeppnisrétti er kostur.
- Starfsreynsla úr fjármálafyrirtæki þ.m.t. vátryggingafélagi, stjórnsýslu eða á öðrum vettvangi sem nýtist í starfi er kostur.
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi er kostur.

***Upplýsingar veitir Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur SFF, í síma 591 0400.***

***Umsóknir berist á skrifstofu SFF í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík eða í tölvupósti á jona@sff.is.***

***Umsóknarfrestur er til 15. mars nk.***

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

*SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög samtakanna eru 27 talsins. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvari fjármálafyrirtækja og stuðla að því að starfskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF eru málsvari aðildarfélaga samtakanna gagnvart stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, almenningi og atvinnulífi og aðstoða þau við að byggja upp heilbrigt og traust fjármálakerfi. SFF eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Samtökum evrópskra tryggingarfélaga (IE). Hjá SFF starfa sex starfsmenn sem búa yfir margvíslegri sérfræðiþekkingu.*

# Bakarí / Kaffihús

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7:00 -15:00 virka daga.

Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

# SKÓLALIÐI

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ auglýsir eftir skólaliða sem m.a. annast daglega hreinsun í skólanum og þrif á skólabrú og hefur eftirlit með umgengni nemenda í skólanum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100% og laun eru samkvæmt stofnanasamningi FG við SFR.

Leitað er að traustum og ábyggilegum starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfni, er stundvís, sýnir frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Jákvætt viðhorf, góð samskiptahæfni og áhugi á að starfa á öflugum vinnustað eru atriði sem horft er til við ráðningu í starfið.

Umsóknum skal skilað til Kristins Þorsteinssonar skólameistara, **kristinn@fg.is**, eða Snjólaugar Bjarnadóttur aðstoðarskólameistara, **snjolaugb@fg.is**, sem einnig gefa nánari upplýsingar.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans: **www.fg.is**

## STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI

# Ertu nærandi?

Við leitum að jákvæðum einstaklingi í mötuneyti okkar að Stuðlahálsi sem hefur ánægju af því að gefa svöngu fólki hollan og góðan mat að borða.

Viðkomandi þarf að geta leyst matreiðslumann af, meðal annars í sumarfríum og leitum við að einstaklingi sem er menntaður matráður eða hefur reynslu af eldamennsku fyrir stóran hóp.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Aðstoð við undirbúning hádegisverðar og kaffitíma
- Áfyllingar og afgreiðsla
- Uppvask og frágangur

**Í fjarveru matreiðslumanns**

- Matreiðsla á hádegisverði
- Yfirumsjón með morgun- og síðdegiskaffi
- Umsjón með mat- og veisluföngum fyrir fundi og uppákomur

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu eða tilheyrandi menntun
- Áhugi á heilsueflandi matargerð
- Snyrtimennska áskilin
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Thelma Kristín Snorradóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2018

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

VÍNBÚÐIN

# LAUS TIL UMSÓKNAR STAÐA SKÓLASTJÓRA REYKHÓLASKÓLA

**Reykhólahreppur auglýsir stöðu skólastjóra Reykhólaskóla lausa til umsóknar. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli undir einu þaki. Í skólanum eru um 60 nemendur. Reykhólar er sveitarfélag með um 270 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra á þéttbýlinu á Reykhólum. Á Reykhólum er að finna margvíslega þjónustu.**

**Starfssvið:**

- Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra og bera ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf leik- og/eða grunnskólakennara
- Kennslureynsla í grunnskóla er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og uppeldis- og menntunarfræða er kostur
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar, rekstrar og þróunarstarfi er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum, er skapandi og metnaðarfullur. Staðan er laus frá 1. júní 2019. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsókn skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Reykhólahrepps, í síma 430-3200 eða í gegnum netfangið **sveitarstjori@reykholar.is**
Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2019.

Umsóknum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið **sveitarstjori@reykholar.is**

## Laus störf við Sandgerðisskóla

Sandgerðisskóli óskar eftir að ráða til starfa fjölhæft, áhugasamt og skapandi grunnskólakennara með hæfni í mannlegum samskiptum til starfa við skólann næsta skólaár.

Skólinn er heilsueflandi grunnskóli og vinnur eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar. Leiðarljós skólans eru vöxtur, virðing, vilji og vinátta og endurspeglast þau í daglegu starfi skólans. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að setja sig inn í starfshætti skólans, vinna í teymi og með hópnum að því að mæta ólíkum einstaklingum á faglegan, fjölbreyttan og skapandi hátt.

• Stöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru lausar til umsóknar.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf við Sandgerðisskóla.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans **www.sandgerdisskoli.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2019.
Umsóknir og ferilskrár skal senda á netfang skólastjóra: **holmfridur@sandgerdisskoli.is**

Nánari upplýsingar veitir: Hólmfríður Árnadóttir, skólastjóri **holmfridur@sandgerdisskoli.is**



## Verkefnastjóri upplýsingamiðlunar

Akureyrarstofa auglýsir 100% starf verkefnastjóra upplýsingamiðlunar laust til umsóknar. Um er að ræða tímabundna ráðningu til tveggja ára.

Hlutverk verkefnastjóra upplýsingamiðlunar er að efla og auka upplýsingagjöf til íbúa Akureyrar um þá þjónustu og kosti sem þeim standa til boða til að vaxa og dafna í námi, leik og starfi. Verkefnastjórinn tekur einnig þátt í markaðssetningu Akureyrar á íbúamarkaði. Allt í samvinnu við aðra starfsmenn Akureyrarstofu og stjórnendur hjá Akureyrarbæ. Meginmarkmiðið er að stuðla jákvæðri ímynd bæjarins, góðri þekkingu íbúa á kostum hans og fjölgun nýrra íbúa.

**Helstu verkefni:**
- Hefur frumkvæði að því að afla upplýsinga og frétta um mikilvæga og áhugaverða þætti í þjónustu og tilboðum Akureyrarbæjar og miðla til bæjarbúa
- Aðstoðar stjórnendur sviða og deilda hjá Akureyrarbæ við að koma á framfæri upplýsingum og fréttum af starfsemi og þjónustu sem stendur bæjarbúum til boða.
- Markaðssetning Akureyrar á íbúamarkaði
- Tekur þátt í markaðsstarfi Akureyrarstofu og ritun frétta og tilkynninga á heimasíður og samfélagsmiðla sem Akureyrastofa heldur úti
- Tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða og verkefna sem Akureyrarstofa hefur með höndum eða kemur að

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af samskiptum við fjölmiðla og/eða vinnslu frétta
- Reynsla af markaðsstarfi
- Góð þekking á samfélagsmiðlum
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum og rík þjónustulund
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð færni í íslensku máli og góð færni í talaðri og rituðri ensku
- Hæfileiki til tjáningar í ræðu og riti
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að orðspor sé gott og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2019**

Akureyrarbær

Akureyrarbær • Geislagata 9 • Sími 460 1000 • akureyri.is

# Tvö sérfræðistörf hjá ríkisskattstjóra

**Tveir öflugir og jákvæðir einstaklingar hafa nú tækifæri til að ganga til liðs við góðan hóp starfsmanna ríkisskattstjóra.**

## Sérfræðingur á starfsstöð á Ísafirði

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Í starfinu felst einkum vinna við álagningu skatta, yfirferð gagna, upplýsingagjöf um skattamál og annað tengt skattskilum rekstraraðila auk annarra tilfallandi verkefna. Um er að ræða starf á starfsstöð ríkisskattstjóra á Ísafirði og er starfshlutfall 100%.

**Hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði lögfræði eða viðskiptafræði.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Jákvæðni og þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.

**Upplýsingar um starfið veitir Rósa Helga Ingólfsdóttir í síma 442-1385 eða í tölvupósti *rhi@rsk.is*.**

## Sérfræðingur á starfsstöð á Hellu

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Starfið felst einkum í vinnu við álagningu skatta, yfirferð gagna, upplýsingagjöf um skattamál ásamt öðru sem tengist skattskilum rekstraraðila auk annarra tilfallandi verkefna. Um er að ræða starf á starfsstöð ríkisskattstjóra á Hellu og er starfshlutfall 100%.

**Hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði lögfræði eða viðskiptafræði.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Jákvæðni og þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.

**Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Haraldsson í síma 442-1812 eða í tölvupósti *steinthor.haraldsson@rsk.is*.**

Umsóknir skulu fylltar út á *rsk.is/starf* eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Laun taka mið af gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.**

***Gildi ríkisskattstjóra eru fagmennska, jákvæðni og samvinna.***

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

STOFNUN ÁRSINS 2018

Nánari upplýsingar á **rsk.is**



# Tækniteiknari/verkefnastjóri óskast á umhverfissvið

**Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf hjá framsæknu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu. Starfið getur þróast með þeim aðila sem verður ráðinn og býður það upp á mikla möguleika og fjölbreytni fyrir öflugan einstakling.**

**Helstu verkefni**

- Almenn teiknivinna og hönnun.
- Samskipti við hönnuði og afgreiðsla upplýsinga vegna gatnagerða og annarra framkvæmda.
- Teymisvinna við þróun og landupplýsinga.
- Samstarf við skipulag og skráningafulltrúa.
- Gerð mæli- og hæðablaða samkvæmt deiliskipulagi.
- Umsjón með mælingum eldri lóðamarka og húsa.
- Móttaka rafrænna mælinga og skjalavistun.
- Útgáfa korta.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Nám í tækniteiknun eða háskólapróf í landafræði, byggingafræði eða öðrum skildum greinum.
- Reynsla og góð þekking á notkun AutoCad og Revitt kostur.
- Reynsla af notkun Arcgis og landupplýsingakerfis kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur.
- Góð þekking á One system kostur.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi aðildarfélags.

Upplýsingar veitir Stefán Loftur Stefánsson deildarstjóri framkvæmdadeildar, **stefan@kopavogur.is** og í síma 441-0000.

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.

**Kópavogsbær**

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Urriðaholtsskóli**

- Leikskólakennarar eða annað háskólamenntað starfsfólk

**Leikskólinn Akrar**

- Aðstoðarleikskólastjóri

**Leikskólinn Lundaból**

- Leikskólakennari

**Fjölskyldusvið**

- Félagsráðgjafi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**

60 ÁRA 2016



REYKJAFELL

# Sölumaður rafbúnaðar

**Reykjafell** · Reykjavík, Akureyri og Reykjanesbæ   588 6000

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða sölumann í raflagnadeild okkar. Við leitum að stundvísum áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstakling sem vill vinna með góðri liðsheild. Vinnutími er frá 08.00-17.00.

**Helstu verkefni**

- Sala á rafbúnaði til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja
- Ráðgjöf til rafverktaka og rafvirkja
- Tilboðsgerð, pantanir, samskipti og tæknilegar úrlausnir
- Þáttaka í kynningum fyrir viðskiptavini

**Menntun og hæfniskröfur**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Starfsreynsla í rafiðnaði
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Góð enskukunnátta
- Reynsla af sölustörfum kostur

UMSÓKNARFRESTUR 11. mars

Reykjafell hf. er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmönnum til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Reykjafell hf. hefur síðastliðin þrjú ár hlotið viðurkenningu sem Framúrskarandi fyrirtæki að mati Creditinfo á Íslandi.

- **Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Þór Hafþórsson, í síma 575 6627**
- **Umsóknir sendist á arnar@reykjafell.is**
- **Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið**
- **Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál**

Framúrskarandi fyrirtæki 2018

LÝSING · AFLDREIFING · RAFLAGNIR · IÐNSTÝRINGAR

algalíf

# Sales & Marketing Manager: Algalíf Iceland ehf.

Based in Reykjanesbær, Algalíf Iceland ehf is a leading supplier of high-grade natural astaxanthin products from microalgae, including award-winning ingredients and finished formulations. We have been successful in establishing a global network of distributors and direct customers and now wish to appoint a Sales and Marketing Manager to join our multi-disciplined team in Iceland.

Algalíf's commercial strategy is based on quality, purity and sustainability and our marketing content focuses heavily on our Icelandic heritage, proprietary technology and people expertise. The new role of Sales & Marketing Manager will continue to develop this strategy and make a significant contribution to supporting our current distributor network, supporting new and existing customers and developing new markets, especially in South East Asia.

**Responsibilities:**

- Managing the marketing plan
- Monitoring and follow up of sales enquiries
- Organisation of Algalíf's presence at trade shows
- Support and co-ordination of distributor activities

**Skills and qualifications:**

- A bachelor's degree in business or science
- Minimum of 4 years' experience is desirable
- Experience of international sales and marketing ideally in related sectors
- Excellent English language skills

Having studied or lived abroad is a plus. A keen interest in doing business with different cultures and a willingness to learn fast about different markets will be a positive addition to the ideal candidate's profile.

Regular overseas travel is to be expected of around 30 – 40 days per year.

**Application deadline is March 14th, 2019**

**For further information and to apply for this role please contact Orri Björnsson orri@algalif.com**

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Fjármálastjóri

Hafrannsóknastofnun leitar eftir öflugum fjármálastjóra til að stýra fjármálasviði stofnunarinnar. Leitað er að traustum og jákvæðum einstaklingi í krefjandi starf sem er tilbúinn að vinna að eflingu hafrannsókna með skilvirkri og góðri fjármálastjórn. Fjármálastjóri situr í framkvæmdastjórn stofnunarinnar.

**Starfssvið:**
- Fjármálastjórn og kostnaðareftirlit
- Rekstraráætlanir og fjárhagsleg skýrslugerð
- Bókhald, afstemmingar, uppgjör og gerð ársreiknings
- Ábyrgð á innheimtu og greiðslum
- Uppgjör rannsóknaverkefna og verkbókhalds
- Fjárlagatillögur og samskipti við ráðuneyti og Fjársýsluna
- Gerð þjónustusamninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjármálastjórn og reikningshaldi
- Þekking á Oracle-kerfi ríkisins æskileg
- Þekking á uppgjöri rannsóknaverkefna úr samkeppnissjóðum Evrópu æskileg
- Góð þekking á áætlanagerð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð í Reykjavík en fyrir liggur að stofnunin flytur í Hafnarfjörð á árinu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Óskað er eftir að umsókn fylgi greinargóð ferilskrá yfir menntun og fyrri störf, staðfesting á námi og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknarinnar og útskýrir atriði í ferilskrá betur, eftir því sem viðkomandi telur þörf á.

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars n.k.

Umsóknir skulu sendar á póstfangið **umsokn@hafogvatn.is** eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Sólmundur Már Jónsson, mannauðs- og rekstrarstjóri (solmundur.mar.jonsson@hafogvatn.is) sími 5752000.

Jafnt karlar sem konur, eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 190 starfsmenn í þjónustu sinni. Velta stofnunarinnar er rúmir 4 milljarðar á ári.




Um er að ræða **fullt starf á höfuðborgarsvæðinu** og þarf viðkomandi að hafa lokið sveinsprófi í bifvélavirkjun.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. mars.**

**Sæktu um og sendu tölvupóst á omar@adalskodun.is.**

**www.adalskodun.is**

AÐALSKOÐUN

**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

# BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

**VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU BLAÐAMANNA LANDSINS?**

Fréttablaðið og Fréttablaðið.is óska eftir blaðamanni. Um er að ræða áhugavert starf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn.

**Umsækjandi þarf:**
- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Sunnu Karen Sigurþórsdóttur í gegnum netfangið sunnak@frettabladid.is.

**Umsóknafrestur er til og með 11. mars.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

# Verkstjóri vélaverkstæðis Reyðarfirði

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA*
*ÖRYGGI*
*FRAMSÝNI*

Starf verkstæðisformanns á vélaverkstæðinu á Reyðarfirði er laust til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.

**Starfssvið**

- Viðhald og lagfæringar á vinnuvélum og snjómokstursbúnaði Vegagerðarinnar.
- Viðhald og lagfæringar á vegbúnaði, m.a. veðurstöðvum og myndavélum.
- Ýmis vinna í starfsstöð.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Bifvélavirki/vélvirki.
- Meistararéttindi æskileg.
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Æskilegt að umsækjandi hafi vinnuvélaréttindi og meirapróf.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt.
- Góðir samstarfshæfileikar.



**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.
Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Davíð Þór Sigfússon í síma 522 1945.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis**
auglýsir eftir upplýsingafræðingi
og nefndarritara.
Sjá nánar á starfatorg.is.

**Icelandic Times er vandað tímarit um ferðamennsku, menningu og viðskipti.**

Ritið er eitt útbreiddasta rit af þessu tagi hér á landi. Það er gefið út á fimm tungumálum; ensku, frönsku, þýsku, íslensku og kínversku.

Icelandic Times býður einnig upp á margvíslega þjónustu svo sem myndbandagerð, vefumfjallanir o.m.fl. og er með vefsíður á fimm tungumálum.

**Við leitum að einstaklingum sem geta unnið við vefina okkar sem blaðamenn, sölumenn og vefstjórar.**

**Icelandic Times Land og saga**

Síðumúla 29, 108 Reykjavík
info@icelandictimes.com

ICELANDIC TIMES LAND&SAGA
Síðumúli 29 • 108 Rvk • www.icelandictimes.com




# Akademísk staða við lagadeild

Lagadeild Háskólans í Reykjavík leitar að öflugum starfsmanni til að sinna kennslu og rannsóknum. Ráðið verður í stöðu sérfræðings, lektors, dósents eða prófessors út frá hæfismati.

**STARFSSVIÐ**

Viðkomandi mun sinna kennslu við lagadeild, stunda rannsóknir, leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum og sinna tilfallandi verkefnum innan deildarinnar. Starfið veitir tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun rannsókna og kennslu í lögfræði við háskóla sem hefur nýsköpun og frumkvöðlastarf að leiðarljósi.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Doktors- eða fullnaðarpróf í lögfræði.
- Reynsla af fræðiskrifum í lögfræði.
- Reynsla af kennslu á háskólastigi.
- Áhugi á miðlun þekkingar til nemenda, fræðasamfélags og almennings.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Umsóknum ber að skila til Háskólans í Reykjavík á vefnum **radningar.hr.is.** ásamt ferilskrá, lista yfir birtar fræðigreinar, lýsingu á rannsóknarsviði og upplýsingum um kennsluferil. Tilgreina þarf tvo meðmælendur. Eintak af allt að þremur mikilvægustu ritrýndum birtingum umsækjanda má gjarnan fylgja með. Umsóknarfrestur er til og með **18. mars 2019**.

Nánari upplýsingar veita Eiríkur Elís Þorláksson, starfandi forseti lagadeildar (**eirikureth@ru.is**) eða Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og gæða (**sigridureg@ru.is**). Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegur 1 | 101 Reykjavík | S: 599 6200 | **hr.is**

# Laus störf
## hjá Kópavogsbæ

**Kópavogsbær auglýsir eftirtalin störf laus til umsóknar:**

**Grunnskólar**
Forfallakennari í Kópavogsskóla
Kennari í afleysingu í Snælandsskóla
Sérkennari í Álfhólsskóla
Skólaliði í Álfhólsskóla
Skólaliði í Hörðuvallaskóla
Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
Umsjónarkennari á miðstig í Salaskóla
Umsjónarkennari í Vatnsendaskóla
Þroskaþjálfi í Álfhólsskóla
Þroskaþjálfi í Hörðuvallaskóla

**Leikskólar**
Leikskólakennari í Arnarsmára
Leikskólakennari í Austurkór
Leikskólakennari í Efstahjalla
Leikskólakennari í Læk
Leikskólasérkennari í Læk
Matreiðslumaður í Kópastein
Sérkennari í Sólhvörf

**Velferðarsvið**
Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar**

Kópavogsbær
kopavogur.is

# LAUS STÖRF
## HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

**Fjármálasvið**
» Launafulltrúi

**Fjölskylduþjónusta**
» Verkefnastjóri fjölmenningar

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
» Sálfræðingur

**Grunnskólar**
» Kennari í sviðslistum - Áslandsskóli
» Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli
» Stuðningsfulltrúi - Víðistaðaskóli
» Deildarstjóri yngri deildar - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**
» Aðstoðarleikskólastjóri - Vesturkot
» Deildarstjóri - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Stekkjarás
» Leikskólasérkennari - Stekkjarás
» Þroskaþjálfi - Stekkjarás

**Málefni fatlaðs fólks**
» Sumarstarf á heimili fatlaðs fólks - Steinahlíð

**Sumarstörf**
» Sumarstörf fyrir 17 ára og eldri

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

---

KARL K. KARLSSON
STOFNAÐ 1946

BAKKUS
WINE & SPIRIT

Vegna aukinna umsvifa óskar **Karl K. Karlsson / Bakkus ehf.** eftir að ráða sölufulltrúa í áfengisdeild fyrirtækisins. Fyrirtækið var stofnað árið 1946 og hefur allar götur síðan verið leiðandi á fyrirtæki á íslenskum áfengismarkaði og hefur umboð fyrir mörg af mest spennandi og stærstu vörumerkjum heims. Fyrirtækið starfar á öllum mörkuðum en starfið sem hér um ræðir felst fyrst og fremst í því að sinna viðskiptavinum á veitingamarkaði. Um framtíðarstarf er að ræða og er vinnutími 9-17.

**Starfssvið**
- Sala á vörum fyrirtækisins
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda
- Þátttaka í markaðsstarfi fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**
- Góðir sölu- og samskiptahæfileikar
- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og snyrtimennska
- Góð tölvukunnátta
- Íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Þekking á áfengum vörum
- Reynsla af sölu á veitingamarkaði er kostur

Viðkomandi þarf að hafa gilt bílpróf og hafa náð 20 ára aldri.

Umsóknir skulu berast á netfangið **harry@karlsson.is** og skal umsókn fylgja starfsferilskrá og sutt kynning á viðkomandi. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars.

---




**Vilt þú taka þátt í að breyta matvælavinnslu á heimsvísu?**

**Óskum eftir kraftmiklu fólki í eftirfarandi störf:**

### Verkefnastjórar innanlands og erlendis

**Helstu verkefni**
- Áætlanagerð og eftirlit með framgangi verkefna
- Skipulag og utanumhald

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af stjórnun alþjóðlegra verkefna
- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. iðn-, tækni- eða verkfræðimenntun
- Reynsla, þekking og áhugi á sjávarútvegi er mikill kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og metnaður til að ná árangri
- Reynsla í gerð verkáætlana
- Lausnamiðuð hugsun
- Gott vald á ensku í ræðu og riti er skilyrði, rússneska kostur

### Vélahönnuður

**Helstu verkefni**
- Hönnun vinnsluvéla

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð þekking á 3D-teikniforritum
- Góð þekking á raf- og vélbúnaði æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Mikill metnaður og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

### Þjónustufulltrúi

**Helstu verkefni**
- Umsjón með ferðabókunum starfsmanna
- Halda utan um umsóknarferli vegna ferða starfsmanna erlendis
- Ýmis aðstoð við starfsmenn
- Aðstoða mannauðsstjóra eftir þörfum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði

### Rafvirkjar

**Helstu verkefni**
- Samsetning, prófanir og undirbúningur við uppsetningu á framleiðsluvörum
- Uppsetning og innleiðing framleiðslulausna
- Þjónusta og eftirfylgni framleiðslulausna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og frumkvæði

### Bókari

**Helstu verkefni**
- Færsla bókhalds, skráning og bókun á innkaupareikningum
- Bókun á færslum bankareikninga
- Afstemming á lánardrottnum, viðskiptamönnum og bankareikningum
- Verkbókhaldsfærslur
- Reikningagerð og innheimta
- Vinnsla á virðisauka- og tollaskýrslum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kostur að vera viðurkenndur bókari
- Haldgóð þekking og reynsla af fjárhags- og verkbókhaldi
- Góð færni í NAV mikill kostur
- Góð færni í Excel og almenn tölvufærni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Gyða Björk Bergþórsdóttir (gyda@skaginn3x.com).**

**Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu Skaginn 3X og er umsóknarfrestur til og með 10. mars 2019.**

SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2017 · Útflutningsverðlaun forseta Íslands 2017 · 2017 Íslensku sjávarútvegsverðlaunin · Viðskiptaverðlaun 2017 Viðskiptablaðið · 2018 Framúrskarandi fyrirtæki · 2017–2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Skaginn 3X er í fremstu röð hátæknifyrirtækja í heiminum í þróun lausna fyrir kæli-, frysti- og matvælaframleiðslu. Í fyrirtækinu ríkir spennandi nýsköpunarandi, verðugur vettvangur fyrir öflugt fag- og tæknifólk. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 300 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m².







# HÁSKÓLI ÍSLANDS LEITAR EFTIR ÖFLUGUM STJÓRNANDA Í STARF MANNAUÐSSTJÓRA

Mannauðsstjóri leiðir mannauðsmál skólans í heild og vinnur náið með rektor, framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu, öðrum æðstu stjórnendum og fræðasviðum skólans. Mannauðsstjóri er sviðsstjóri starfsmannasviðs Háskólans. Starfsmannasvið er ein af miðlægum stoðeiningum Háskóla Íslands og heyrir sviðsstjóri undir framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi og meistarapróf í mannauðsstjórnun eða skyldum greinum
- Yfirgripsmikil reynsla og þekking á mannauðsmálum
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Mikil hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Fagmennska og metnaður til að móta vinnustað í fremstu röð

**HELSTU VERKEFNI**

- Innleiðing stefnu skólans í mannauðsmálum og aðkoma að stefnumótun
- Dagleg stjórnun starfsmannasviðs
- Fagleg forysta í mannauðsmálum skólans
- Virkur stuðningur og ráðgjöf við stjórnendur
- Kjaramál, launasetning, ráðningar og vinnsla starfsmannamála skv. lögum og reglum
- Réttindi og skyldur starfsmanna
- Þróun árangursvísa og áætlanagerð
- Fræðsla, innri samskipti og starfsþróun

**UMSÓKNARFERLI**
Ásamt ferilskrá eru umsækjendur beðnir um að senda inn kynningarbréf með lista yfir mögulega umsagnaraðila. Í kynningarbréfinu skal gera grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Um fullt starf er að ræða. Ráðið verður til eins árs með möguleika á ótímabundinni ráðningu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans, sjá hér: *http://www.hi.is/haskolinn/jafnrettisaaetlun#markmid2*

**Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2019.**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu, í síma 525 5202 og netfangið grj@hi.is og Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar, í síma 525 4047 og netfangið steinuge@hi.is

*Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í föstu starfi við skólann og til viðbótar eru um 2.200 lausráðnir starfsmenn. Nemendur við skólann eru um 13.000 talsins. Háskóli Íslands býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## SKÓLALIÐI

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ auglýsir eftir skólaliða sem m.a. annast daglega hreinsun í skólanum og þrif á skólabrú og hefur eftirlit með umgengni nemenda í skólanum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100% og laun eru samkvæmt stofnanasamningi FG við SFR.

Leitað er að traustum og ábyggilegum starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfni, er stundvís, sýnir frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Jákvætt viðhorf, góð samskiptahæfni og áhugi á að starfa á öflugum vinnustað eru atriði sem horft er til við ráðningu í starfið.

Umsóknum skal skilað til Kristins Þorsteinssonar skólameistara, **kristinn@fg.is**, eða Snjólaugar Bjarnadóttur aðstoðarskólameistara, **snjolaugb@fg.is**, sem einnig gefa nánari upplýsingar.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans: **www.fg.is**



Náðu meiri árangri í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is

ráðum ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

Þú finnur draumastarfið á

Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is




# Framtíðin er snjöll
## – mótaðu hana með okkur

**Framtíð vatnsveitu felur í sér að vera leiðandi í nýsköpun og hámarka nýtingu dreifikerfis.**

## Rafvirki hjá Framkvæmdum Akranesi

Við leitum að rafvirkja í þverfaglegan hóp vélfræðinga og rafvirkja. Starfið felst í að sinna rekstri, eftirliti, viðhaldi og endurnýjun ásamt því að fylgjast með nýjungum í vöktun á búnaði. Rafvirki tekur þátt í rýni og eftirliti nýframkvæmda, bakvöktum, bilunum og að gæta rekstraröryggis veitunnar. Í þessu starfi gegnir starfsfólk lykilhlutverki í skráningu atvika, endurnýjun á búnaði og eignaskráningu.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Sveinspróf í rafvirkjun, meistararéttindi/iðnfræði er kostur
- Öryggisvitund og umbótahugsun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Reynsla af teymisvinnu

Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi.
Vinnutíminn er frá klukkan 08.20 til 16.15.

## Hvers vegna Veitur?

Það er líf og fjör í vinnunni, starfsemi okkar er fjölbreytt og samfélagslega mikilvæg. Starfsfólk okkar hefur frumkvæði og fær tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og við leggjum áherslu á jafnvægi vinnu og einkalífs, sí- og endurmenntun og möguleika til að vaxa í starfi. Okkur er annt um umhverfið, jafnrétti og að koma fram við hvert annað og viðskiptavini af virðingu.

Nánari upplýsingar veitir Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir mannauðssérfræðingur, **starf@veitur.is** og á **veitur.is/framtidin.**
Umsóknarfrestur er til og með **12. mars 2019.**

*Þar sem konur eru í miklum minnihluta í teyminu hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, til að sækja um.

**Nánari upplýsingar á veitur.is/framtidin**

**Í góðu sambandi við framtíðina**

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

VEITUR

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Framkvæmdastjóri | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201902/491 |
| Framkvæmdastjóri | Landspítali, flæðisvið | Reykjavík | 201902/490 |
| Framkvæmdastjóri | Landspítali, skurðlækningasvið | Reykjavík | 201902/489 |
| Framkvæmdastjóri | Landspítali, lyflækningasvið | Reykjavík | 201902/488 |
| Framkvæmdastjóri | Landspítali, rannsóknarsvið | Reykjavík | 201902/487 |
| Aðstoðarskólameistari | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201902/486 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201902/485 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201902/484 |
| Starfsmenn í umönnun | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201902/483 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201902/482 |
| Ritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201902/481 |
| Verkefnastjóri | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201902/480 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Lífvísindasetur | Reykjavík | 201902/479 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201902/478 |
| Mannauðsstjóri | Háskóli Íslands, Starfsmannasvið | Reykjavík | 201902/477 |
| Sérfræðingur | Ríkisskattstjóri | Hella | 201902/476 |
| Sérfræðingur | Ríkisskattstjóri | Ísafjörður | 201902/475 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201902/474 |
| Gjaldkeri/launafulltrúi | Háskólinn á Hólum | Sauðárkrókur | 201902/473 |
| Lögreglufulltrúi | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201902/472 |
| Starfsmaður í mötuneyti | ÁTVR, Vínbúðin | Reykjavík | 201902/471 |
| Upplýsingafræðingur | Alþingi, rannsóknarþjónusta | Reykjavík | 201902/470 |
| Lögfræðingur í starf nefndarritara | Alþingi, nefndarsvið | Reykjavík | 201902/469 |
| Sviðsstjóri, stefnumótun og þróun | Skipulagsstofnun | Reykjavík | 201902/468 |
| Flokkstjóri | Vegagerðin | Egilsstaðir | 201902/467 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Búðardalur | 201902/466 |
| Verkstjóri vélaverkstæðis | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201902/465 |
| Sérnámsstaða heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Borgarnes | 201902/464 |
| Sérnámsstaða heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201902/463 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, kviðarhols-/þvagf.skurðd. | Reykjavík | 201902/462 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, speglunardeild | Reykjavík | 201902/461 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, gjörgæsludeild | Reykjavík | 201902/460 |
| Starfsmaður við vísindarannsóknir | Landspítali, svefndeild | Reykjavík | 201902/459 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, lungnalækningar | Reykjavík | 201902/458 |
| Starfsmannastuðningur og ráðgjöf | Landspítali, mannauðssvið | Reykjavík | 201902/457 |
| Læknanemi í SAS teymi | Landspítali, bráðamóttaka | Reykjavík | 201902/456 |
| Iðjuþjálfi | Landspítali, endurhæfingadeildir | Reykjavík | 201902/455 |
| Iðjuþjálfi | Landspítali, bráðadeildir | Reykjavík | 201902/454 |
| Sálfræðingur | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201902/453 |
| Ljósmóðir, sumarafleysing | Heilsugæslan Hvammur | Kópavogur | 201902/452 |
| Verkefnastjóri | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201902/451 |
| Forseti hug- og félagsvísindasviðs | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201902/450 |
| Ritari | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Reykjavík | 201902/449 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201902/448 |
| Sérfr. svið heilbrigðisupplýsinga | Embætti landlæknis | Reykjavík | 201902/447 |
| Fagstjóri | Landsbókasafn - Háskólabókasafn | Reykjavík | 201902/446 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201902/445 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201902/444 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, hjarta-/æðaþræðingastofa | Reykjavík | 201902/443 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, kvenlækningadeild | Reykjavík | 201902/442 |
| Ljósmæður, sumarstörf | Landspítali, fæðingarvakt | Reykjavík | 201902/441 |
| Framkv.stjóri hjúkrun og rekstur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201902/440 |

## Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuvištöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

ÍSAFJARÐARBÆR

## Sumarstörf hjá Ísafjarðarbæ 2019

**Íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar - Sundlaugarverðir og vallarstarfsmaður**

Íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar auglýsa eftir sundlaugarvörðum í sumarstörf við sundlaugarnar á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Jafnframt er auglýst eftir öflugum starfsmanni á vallarsvæðið á Ísafirði. Æskilegast er að sundlaugarverðir geti hafið störf í lok maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Vallarstarfsmaður hefur störf 1. maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Störfin eru tímabundin til loka ágústmánaðar.

**Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar – Yfirflokkstjóri**

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir yfirflokkstjóra. Vinnuskólinn er útiskóli sem í sumar hefur aðsetur í Fjarðarstræti og Sundhöllinni, Austurvegi 9. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf í lok maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% starf til þriggja mánaða.

**Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar - Almennur flokkstjóri**

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar er útiskóli þar sem starfið gefur einstaka möguleika á að njóta útivistar og eiga þátt í að prýða umhverfið í Ísafjarðarbæ. Óskað er eftir ábyrgðarfullum flokkstjórum til starfa á Ísafirði og Þingeyri. Æskilegast er að viðkomandi geti hafið störf í lok maí 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Um er að ræða 100% störf til þriggja mánaða.

**Starfsmenn í garðyrkjudeild Ísafjarðarbæjar**

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar auglýsir eftir starfsmönnum til sumarstarfa í garðyrkjudeild. Um er að ræða 100% störf við skemmtilega útivinnu á tímabilinu 14. maí til 16. ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

**Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar - Sumarstarfsmenn**

Auglýst er eftir sumarstarfsmönnum við hin ýmsu störf hjá Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar (áhaldahúsi). Leitað er eftir starfsfólki 18 ára og eldra sem hefur áhuga á útivinnu. Starfstímabil er 14. maí til 16. ágúst og er vinnutími milli kl. 07.20 - 17.00 virka daga, nema til hádegis á föstudögum.

**Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar - Sumarstarfsmenn**

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar óskar eftir sumarstarfsmönnum í blönduð störf við málefni fatlaðra og aldraðra. Störfin sem um ræðir eru við stuðnings- og stoðþjónustu (frekari liðveisla, félagsleg heimaþjónusta), hæfingu, sólarhringsþjónustu og sumarþjónustu við fötluð börn. Um er að ræða ýmist dag- eða vaktavinnu þar sem starfshlutfall er 40-100%. Starfstímabil er frá 20. maí til loka ágúst.

**Upplýsingamiðstöð – Sumastarfsmenn**

Upplýsingamiðstöð Vestfjarða á Ísafirði óskar eftir að ráða tvo sumarstarfsmenn. Í starfinu felst m.a. að veita gestum upplýsingamiðstöðvar aðstoð og upplýsingar eftir þörfum, einkum varðandi Vestfirði en þó einnig um landið í heild. Um er að ræða fullt starf í júní, júlí og ágúst.

**Byggðasafn Vestfjarða – Gæslumaður**

Byggðasafn Vestfjarða auglýsir eftir gæslumanni í Turnhúsið í 100% starf tímabilið frá byrjun maí fram til 1. ágúst 2019. Um er að ræða almenna afgreiðslu og upplýsingaveitu um sýningar safnins og safnasvæðið, auk ýmiskonar aðstoðar og þrifa.

**Hafnir Ísafjarðarbæjar - Skipstjóri**

Hafnir Ísafjarðarbæjar auglýsa laust til umsóknar 100% starf skipstjóra í sumarafleysingu frá 1. maí til 30. september. Skipstjóri fer m.a. með stjórn lóðsbáts Ísafjarðarbæjar og ber almenna ábyrgð í samræmi við skyldur skipstjóra.

Launakjör eru samkvæmt samningum launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 19. mars 2019.

Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf". Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

***- Við þjónum með gleði til gagns -***

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Aðstoðarskólastjóri Laugarnesskóla

Laugarnesskóli er grunnskóli með um 540 nemendur í 1.-6. bekk. Skólinn er Réttindaskóli Unicef og Barnasáttmálinn er lagður til grundvallar í öllu skólastarfinu. Einkunnarorð skólans lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur og ósk eru kjarni skólastefnu Laugarnesskóla. Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni þar sem skólinn reynir að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða faglegt starf í lýðræðislegu skólaumhverfi.

**Starfssvið**

- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar.
- Að leiða faglega forystu í skólanámskrárvinnu og skólaþróunarverkefnum.
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastóra.
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg og/eða reynsla af stjórnunarstörfum á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Þekking, leikni og hæfni í upplýsinga- og tæknimennt
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Óbilandi trú á réttindum barna og áhugi á að starfa með þeim og foreldrum þeirra.

**Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2019.**

Upplýsingar um starfið gefur Sigríður Heiða Bragadóttir skólastjóri Laugarnesskóla sigridur.heida.bragadottir@rvkskolar.is. Sími 411 7444

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



## Rafvirki, mælaumsjón á Höfn í Hornafirði

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Höfn. Hér er um fjölbreytt starf að ræða við rekstur dreifikerfis fyrirtækisins. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með orkumælum
- Tenging nýrra viðskiptavina
- Samskipti við rafverktaka
- Þjónusta við viðskiptavini
- Gagnaskráning og undirbúningur verkefna

**Hæfniskröfur**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Finnur Freyr Magnússon, deildarstjóri rekstrarsviðs á Austurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 18. mars 2019 og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK

RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is

# Specialist position available at North-West Iceland Nature Research Centre in Hvammstangi

The North-West Iceland Nature Research Centre is a research institute in the field of natural sciences based in Sauðárkrókur, with field offices in Skagaströnd in partnership with BioPol and in Hvammstangi in partnership with The Icelandic Seal Centre. The center's research areas are diverse, but the research focus is on the collection and dissemination of knowledge about the natural environment of North-West Iceland.

**We are looking for a specialist to work for the North-West Iceland Nature Research Centre, to be based in Hvammstangi field office, in partnership with The Icelandic Seal Centre.**

**Main areas of responsibility for the research specialist position in Hvammstangi:**
Research into, and the collection and dissemination of knowledge about, the natural environment of North-West Iceland.

Coastal research and consultation with coastal sustainable resource management, with eider duck farming as primary focus.

Work on contracted research and/or projects for municipalities and others.

Other specialized tasks, ad hoc, falling within the Center's research area.

**Educational and skill-set requirements**
- A university degree in the natural sciences is required.
- Experience of research.
- An ambitious mind-set and the ability to work unsupervised.
- Team-work skills and attention to detail.
- Good working knowledge of Icelandic and at least one other language is an advantage.

We are looking for an individual with a lot of initiative, who is creative, organized, and who has great inter-personal skills.

**Further information about the position**
Applications to be accompanied by transcripts and resumé. Candidates will be evaluated based on the materials they submit, and on the interviews that they may be invited to attend—in person or via teleconferencing. Bjarni Jónsson, the head of the center, can provide further information about the position by telephone (+354 894 7479) or email (bjarni@nnv.is). Please write a cover letter detailing why the position interests you, your research interests, and what you have to offer to the center, and include professional references. The North-West Iceland Nature Research Centre has offices in Sauðárkrókur, Skagaströnd and Hvammstangi. The starting date is the 30th of March 2019, or as agreed between the center and the successful candidate. We are ideally seeking a candidate willing to start as soon as possible. The position is full-time, temporary for one year, with the possibility of extension or becoming permanent. A prerequisite of being hired is that the candidate relocates to North-West Iceland. Salary is according to official Wage agreements with the appropriate trade union.

Application deadline is the 10th of March, 2019. Please submit your application via email to nnv@nnv.is or by post to Náttúrustofa Norðurlands vestra, Aðalgötu 2, 550 Sauðárkrókur, Iceland

# Sérfræðingur óskast til starfa á Náttúrustofu Norðurlands vestra, Hvammstanga.

Náttúrustofa Norðurlands vestra er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða með aðsetur á Sauðárkróki, auk starfsstöðva á Skagaströnd í samstarfi við Biopol ehf. og Hvammstanga í samstarfi við Selasetur Íslands. Verkefni stofunnar eru fjölbreytt en meginviðfangsefnin felast í rannsóknum, öflun og miðlun upplýsinga um náttúru Norðurlands vestra.

Okkur vantar sérfræðing til starfa fyrir Náttúrustofuna með aðsetur á Hvammstanga í samstarfi við Selasetur Íslands.

**Helstu verkefni sérfræðings á Hvammstanga**
Rannsóknir, söfnun og miðlun þekkingar á náttúru Norðurlands vestra.

Strandsvæðarannsóknir og ráðgjöf við hlunnindanýtingu með áherslu á æðarrækt.

Þjónusturannsóknir og verkefni fyrir sveitarfélög og fleiri aðila.

Önnur sérhæfð verkefni, eftir atvikum, sem heyra undir starfsemi stofunnar.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í náttúruvísindum er skilyrði.
- Reynsla af náttúrurannsóknum.
- Metnaður og sjálfstæði í starfi.
- Samstarfshæfni og öguð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og a. m. k. einu öðru tungumáli æskileg.

Leitað er að einstaklingi með frumkvæði, sem er skapandi í starfi, með góða skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá. Mat á hæfni umsækjenda byggist m.a. á innsendum gögnum og viðtölum. Frekari upplýsingar veitir Bjarni Jónsson forstöðumaður (s: 8947479 eða bjarni@nnv.is). Umsókn með ferilskrá, meðmælum og bréfi þar sem umsækjandi segir hversvegna hann vill starfa á Náttúrustofu NV, áhugasviði og hvað hann hefur fram að færa í starfinu. Náttúrustofa Norðurlands vestra er með starfsstöðvar á Sauðárkróki, Skagaströnd og Hvammstanga. Starfið er laust frá 30. mars 2019 eða eftir nánara samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðið er tímabundið í eitt ár með möguleika á framlengingu. Skilyrði fyrir ráðningu er búseta á starfssvæði náttúrustofunnar. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k. Umsóknir sendist til Náttúrustofu Norðurlands vestra Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki, eða á netfangið nnv@nnv.is**

NNV NÁTTÚRUSTOFA NORÐURLANDS VESTRA

**Þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi**

# Teymisstjóri

**Langar þig til að taka þátt í krefjandi og mikilvægu verkefni?**

Laus til umsóknar staða teymisstjóra í nýrri miðstöð á Akureyri fyrir þolendur ofbeldis. Í miðstöðinni, sem opnar formlega í byrjun apríl, verður veitt samhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir fullorðna einstaklinga sem beittir hafa verið ofbeldi. Hlutverk teymisstjóra verður að byggja upp og leiða starfsemina, en um er að ræða krefjandi og spennandi brautryðjendastarf við uppbyggingu og rekstur miðstöðvarinnar. Í starfinu reynir á frjóa hugsun og hæfileika til að vinna með fjölmörgum aðilum. Verkefnið er tilraunaverkefni til tveggja ára.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Mótun og undirbúningur þjónustu og starfsemi þolendamiðstöðvar í samráði við framkvæmdaráð
- Ábyrgð á rekstri og starfsemi þolendamiðstöðvarinnar
- Ábyrgð og þátttaka í ráðgjöf og stuðningi við þolendur ofbeldis
- Umsjón með upplýsingagjöf og kynningu á starfsemi þolendamiðstöðvarinnar
- Umsjón með vefsíðu
- Ábyrgð á þverfaglegu samstarfi við samstarfs- og hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, mennta- og/eða félagsvísinda sem nýtist í starfi
- Reynsla af greiningu og ráðgjöf skilyrði
- Þekking á stjórnsýslu og verkefnastjórn er kostur
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Hreint sakavottorð

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall teymisstjóra er 100%, en um er að ræða tímabundna stöðu til tveggja ára.
Upplýsingar um starfið veitir Agnes Björk Blöndal í síma 444-2800/444-2832 eða í tölvupósti, netfang abb01@logreglan.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.**

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á netfangið abb01@logreglan.is. Ferilskrá skal fylgja umsókn, ásamt kynningarbréfi, afriti af prófskírteinum og sakavottorði.



# Sálfræðingur við leik- og grunnskóla Borgarbyggðar




Skólaþjónusta Borgarbyggðar auglýsir lausa til umsóknar stöðu sálfræðings. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á starfsemi skóla. Í sveitarfélaginu er meðal annars unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, samstarf fagsviða og stofnana, svo sem um þróun úrræða fyrir börn og foreldra. Hlutastarf kemur einnig til greina. Ráðið verður í stöðuna eftir nánara samkomulagi, en ekki síðar en 1. ágúst 2019.

Upplýsingar veitir Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 840-1522 eða með því að senda tölvupóst á annamagnea@borgarbyggd.is

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2019.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Ráðgjöf til skóla vegna skólagöngu barna og ungmenna
- Athuganir og greiningar
- Ráðgjöf, leiðbeiningar og fræðsla til foreldra
- Þverfaglegt samstarf um málefni barna í leik- og grunnskólum

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Sálfræðimenntun og löggilding v/starfsheitis
- Reynsla af starfi með börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum

BORGARBYGGÐ

## Þú finnur draumastarfið á job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is

## Orlofshúsnæði

Félag starfsmanna Alþingis, Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis óskar eftir að leigja orlofshúsnæði á Akureyri eða nágrenni til framleigu fyrir félagsmenn sína. Þarf að vera fullbúið húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði, aðgengi gott og svefnrými fyrir a.m.k. fjóra. Leigutími sumar 2019 eða til lengri tíma. Senda skal lýsingu á eign og verðhugmynd á orlofsnefnd@althingi.is fyrir 15. mars.

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# Mannvirkjastofnun auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði brunamála

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkviliðsstarfa. Sjóðurinn greiðir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarkostnað, laun á námstíma og styrki vegna námskeiða og endurmenntunar. Mannvirkjastofnun annast úthlutun styrkja í samræmi við verklagsreglur um sjóðinn. Sjóðurinn hefur til umráða 4,0 millj. kr. og mun 60% til 90% verða ráðstafað til slökkviliða og til einstakra slökkviliðsmanna. Aðrir aðilar sem vinna að brunamálum eiga kost á 10% til 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Verklagsregla Mannvirkjastofnunar um afgreiðslu umsókna og úthlutun styrkja má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Umsóknir merktar **„Fræðslusjóður brunamála 2019“** skal senda til Mannvirkjastofnunar, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík eða á netfangið **mvs@mvs.is**, fyrir **25. mars**. Athygli er vakin á því að styrkveiting fellur úr gildi ef styrkur er ekki nýttur fyrir lok næsta árs eftir úthlutun.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Valdimarsson (petur@mvs.is)

Mannvirkjastofnun
Skúlagata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
www.mvs.is
Skrifstofan er opin
kl. 8.30-16 virka daga.

Mannvirkja stofnun

# Forvarnasjóður Reykjavíkur

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til forvarnaverkefna úr Forvarnasjóði Reykjavíkur. Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einstökum hverfum eða almennt í borginni. Hverfisráð veita styrki til verkefna í hverfum, en velferðarráð til almennra forvarnaverkefna í borginni.

Styrkirnir gefa einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að vinna að forvörnum í borginni.

Stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra geta ekki sótt um styrki í sjóðinn en geta verið samstarfsaðilar í verkefnum sem aðrir sækja um styrk til.

**Opnað verður fyrir umsóknir 4. mars kl. 13:00 og er umsóknarfrestur til miðnættis 1. apríl 2019 og skal umsóknum skilað inn á Rafrænni Reykjavík http: //reykjavik.is/thjonusta/minar-sidur-rafraen-reykjavik**

**Alls eru 10 milljónir og 600 þúsund krónur til úthlutunar.**

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og styrkja félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Styrkir úr sjóðnum verða veittir til verkefna sem styðja:

- Forvarnir í þágu barna og unglinga
- Eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar
- Bætta lýðheilsu
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, og fyrirtækja í þágu forvarna og félagsauðs
- Önnur verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni

**Hægt er að nálgast úthlutunarreglur Forvarnasjóðs á heimasíðu sjóðsins:**

**www.reykjavik.is/forvarnasjodur-reykjavikur**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# Félagsheimili Fáks til leigu

Hestamannafélagið Fákur óskar eftir áhugasömum rekstraraðila til að taka félagsheimili Fáks í Víðidal á leigu. Helstu upplýsingar um félagsheimilið eru:

- Tekur 180 manns í sæti.
- Vel útbúið eldhús með öllum helstu tækjum til matargerðar og með innangengum kæli.
- Gott hljóðkerfi.
- Teppi á gólfum og parket fyrir framan svið.
- Gott aðgengi fyrir hjólastóla.
- Næg bílastæði.

Í umsóknum til félagsins skal tilgreina hvaða fyrirætlanir viðkomandi hefur til dæmis varðandi rekstrarform og til hversu langs tíma.

Vert er að geta að félagsheimilið er bókað hina ýmsu daga fram á næsta haust og mun félagið standa við allar bókanir líkt og samið hefur verið um.

Hestamannafélagið Fákur áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Vinsamlega sendið fyrirspurnir og umsóknir á netfangið fakur@fakur.is

***Stjórn Fáks.***

Vestfjarðastofa

# Straumar - umsóknir um styrki

Straumar er verkefni sem aðstoðar unga listamenn, ættaða af Vestfjörðum, á aldrinum 20-35 ára, til að koma aftur heim til átthaga sinna og deila listsköpun sinni með heimamönnum.

Vestfjarðastofa kallar eftir umsóknum um styrki í verkefnið. Veittir verða allt að 5 styrkir að hámarki 500.000 kr. hver.

Styrkirnir eru ætlaðir ungu listafólki og hönnuðum á aldrinum 20-35 ára sem hafa lokið námi úr viðurkenndum lista- eða hönnunarskóla eða er í námi sem leiðir til gráðu í viðkomandi grein. Umsækjendur skulu vera ættaðir af Vestfjörðum.

Styrkirnir skulu nýtast umsækjendum til að skapa viðburði eða deila sköpun sinni á Vestfjörðum á árinu 2019.

Sótt er um á slóðinni **www.vestfirdir.is/straumar** fyrir **kl. 16:00 mánudaginn 18. mars.**



# Uppbygging við Skíðaskálann í Hveradölum

- Mat á umhverfisáhrifum
- Drög að tillögu að matsáætlun

Fyrir hönd Hveradala ehf. kynnir Verkís drög að tillögu að matsáætlun vegna uppbyggingar við Skíðaskálann í Hveradölum, sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Drögin eru á www.verkis.is og er almenningur hvattur til að kynna sér þau.

**Kynningarfundur fyrir íbúa sveitarfélagsins verður haldinn þriðjudaginn 12. mars kl. 17.00 í Versölum í Ráðhúsi Ölfuss.**

Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun má senda í tölvupósti til umhverfismal@verkis.is, eða í pósti til Verkís, b.t. Sigmars A. Steingrímssonar, Ofanleiti 2,103 Reykjavík.

**Athugasemdum skal skila eigi síðar en 18. mars 2019.**

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

# Útboð

Faxaflóahafnir sf. óska eftir tilboðum í verkið:

**FAXAFLÓAHAFNIR SF - AKRANESHÖFN**
**Nýr hafnarbakki við Aðalhafnargarð**

**HÖNNUN MANNVIRKJA TIL ÚTBOÐS OG GERÐ ÚTBOÐSGAGNA FYRIR VERK**

Um er að ræða hönnunarþjónustu við rannsóknir, hönnun og gerð útboðsgagna fyrir byggingu hafnarbakkans, gröft efnisskiptaskurðar, dýpkanir, fyllingar og landgerð og kaup á stálþili og stagefni til bakkagerðar. Byggingu bakkans fylgja innkaup á ýmsum búnaði og frágangi hafnarbakkans.

Gerðar eru kröfur til hönnuða um reynslu og þekkingu af sambærilegum verkefnum fyrir þessa verkþætti.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með 5. mars 2019, þeim sem þess óska, með tölvupósti á netfangið hnit@hnit .is

Tilboðum skal skilað og verða opnuð á skrifstofu Faxaflóahafna sf, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, fimmtudaginn 21. mars klukkan 11:00

Landsvirkjun

## Útboð nr. 20298

## Sultartangaskurður / Hjálparvegur
## Endurbætur, vegir og brú

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í verkið

Sultartangaskurður / Hjálparvegur - Endurbætur, vegir og brú, samkvæmt útboðsgögnum nr. 20298.

**Helstu verkliðir eru:**
- Bygging nýrrar brúar yfir Sultartangaskurð ásamt vegtengingum.
- Fjarlæging á núverandi brú yfir Sultartangaskurð og tilheyrandi vegtengingum.
- Endurbætur á skurðbökkum Sultartangaskurðar.
- Byggingu á nýjum heilsársvegi að Hjálparfossi, Hjálparvegur og frágangur á núverandi bílastæðaplani við Hjálparfoss.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Steypustyrktarjárn | 63 t |
| • Mótafletir | 1.000 m2 |
| • Steinsteypa | 700 m3 |
| • Stálvirki (brúarbitar) | 38,5 t |
| • Gröftur á skurðbökkum | 94.000 m3 |
| • Bergboltar og -festur | 120 stk |
| • Vegskeringar | 28.700 m3 |
| • Vegfyllingar og fláafleygar | 32.700 m3 |
| • Styrktar- og burðarlag | 13.000 m3 |
| • Tvöföld klæðing | 16.400 m2 |

Verkinu skal að fullu lokið 16. desember 2019.

Útboðsgögn verða aðgengileg 5.mars 2019 á útboðsvef Landsvirkjunar, http://utbod.lv.is

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 26. mars 2019.

Tilboð verða opnuð sama dag kl. 14:00 og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# ÚTBOÐ

**Ríkiskaup**
**Allar útboðsauglýsingar eru birtar á utbodsvefur.is**

Utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða. Á vefsvæðinu eru birtar auglýsingar og eða tilkynningar um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# ÚTBOÐ

## Norðurorka hf óskar eftir tilboðum í lagningu aðveituæðar

**Norðurorka hf. óskar eftir tilboðum í lagningu nýrrar aðveituæðar milli Hjalteyrar og Akureyrar. Í þessum áfanga er útboðið frá dælustöð á Hjalteyri í norðri og að Ósi við Hörgá í suðri. Heildarlengd lagnar í þessum áfanga er u.þ.b. 6500 m af foreinangruðum hitaveiturörum, þvermál 500/710 mm.**

**Útboðsgögnin VB034208 verða til afhendingar frá og með mánudeginum 4. mars hjá: antonb@no.is**

**Tilboð verða opnuð á skrifstofu Norðurorku, Rangárvöllum, 603 Akureyri, þriðjudaginn 26. mars 2019 kl. 13:00.**

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | SÍMI 460 1300 | no@no.is | www.no.is

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Vörubifreið með krókheysi og bílkrana,** útboð nr. 14441.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

HÚNAÞING VESTRA

# Útboð

Hitaveita Húnaþings vestra óskar eftir tilboðum í verkið

Húnaþing vestra hitaveita Hvammstanga 2019 vinnuútboð

**Vinnuútboð**
Hitaveita Húnaþings vestra óskar eftir tilboðum í endurnýjun hitaveitulagna í Melahverfi á Hvammstanga. Um er að ræða lögn á 160 m af foreinangruðum stállögnum DN50 – DN65 sem lagðar eru í skurð og lögn á 1.600 m af foreinangruðum plaströrum DN25 – DN50 lögðum í skurð og tengingum við 45 hús. Jafnframt á að leggja ljósleiðararör með hitaveitulögnunum.

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 30. september 2019.

Útboðsgögn verða afhent hjá Stoð ehf. verkfræðistofu, Aðalgötu 21 Sauðárkróki frá og með mánudeginum 4. mars nk.

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Húnaþings vestra á Hvammstangabraut 5 Hvammstanga kl. 11:00 þriðjudaginn 19. mars nk.





*Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Félagið vinnur nú að byggingu 1400 íbúða víðs vegar um land.*

## BJARG ÍBÚÐAFÉLAG ÓSKAR EFTIR ÖFLUGUM SAMSTARFSAÐILUM TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGU HAGKVÆMRA LEIGUÍBÚÐA

**Bjarg stefnir á byggingu fjölda íbúða** víðs vegar um land á næstu árum. Um er að ræða stök fjölbýlishús og stærri byggingareiti. Bjarg mun eiga samstarf við marga aðila vegna verkefna félagsins.

**Auglýst er eftir aðalverktökum og birgjum.** Tekið verður tillit til reynslu, afhendingargetu, þjónustu og efnahagslegs styrks aðila ásamt hagkvæmni og gæði lausna.

Verkefni Bjargs eru unnin í „partnering“ þar sem aðalverktaki tekur þátt í hönnunarferli húsa með verkkaupa, arkitekt og verkfræðingum. Aðalverktaki mun einnig sjá um að gera verðkannanir hjá birgjum meðan á hönnun stendur.

**Hönnun miðast við deiliskipulag lóða** hverju sinni ásamt markmiðum um kostnað, íbúðagerðir og gæði. Ef markmið hönnunarferlisins nást er gengið til samninga við aðalverktaka um heildarverkefnið á föstu verði. Aðalverktaki sér um að semja við undirverktaka og birgja.

Gögnum skal skilað fyrir **26. Mars 2019.**
Gögn vegna samstarfsaðila er hægt að nálgast með að senda tölvupóst á **throstur@bjargibudafelag.is**

BJARG
ÍBÚÐAFÉLAG




# Til leigu



Til leigu mjög gott atvinnuhúsnæði að Vesturvör 30b, Kópavogi. Eignin er 389 fm og er laus.

**Nánari upplýsingar í síma 898-3420 eða gudmundur.orn.gudmundsson@gmail.com**

Fasteignamiðlun
Íbúðaeignir




**Opið hús - mánudaginn 4. mars milli kl. 17:30- 18:00.**

**Til sölu** 323,4 fm íbúðarhúsnæði, ósamþykkt íbúð og bílskúr. Húsnæðið er allt í skammtíma leigu með góðum leigutekjum.
**Verð 89,9 milljónir**

**Nánari upplýsingar veita: Davíð Ólafsson í námi. lögg. fasteignasala í síma 896 4732 og davido@atvinnueign.is Halldór Már lögg.fasteignasali í síma 898 5599**

**Íbúðaeignir - Síðumúla 13, 108 Rvk. - 577 5500 - www.ibudaeignir.is**

**Verið velkomin í glæsilega sýningaríbúð**

# Sölusýning Breiðakur 2-4 Garðabæ

## Nýjar þriggja og fjögurra herbergja íbúðir







**Laugardaginn 2. mars frá 13:00 -14:00**
**Sunnudaginn 3. mars frá 13:00 -14:00**

Glæsilegt nýtt, átta íbúða, fjölbýli með lyftu í vinsælu hverfi í Garðabæ.
Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna.
Stærðir frá 122- 138 fm verð frá 63.9 millj.
Öllum íbúðum fylgja rúmgóð stæði í lokaðri bílageymslu.
Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.



Guðbjörg Guðmundsdóttir
löggiltur fasteignasali
gudbjorg@manalind.is
sími: 899 5533



Thelma Víglundsdóttir,
löggiltur fasteignasali
thelma@manalind.is
sími: 860 4700

MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

www.manalind.is Lágmúla 6 sími 511 1020



# BORG
FASTEIGNASALA

# 519 5500
SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS

Opið hús | Lau. 2. mar. frá kl. 14:00-14:30



**KJALARLAND** — 108 REYKJAVÍK
RAÐHÚS | 6-7 HERBERGI | 257$m^2$
VERÐ: 91M
ENDARAÐHÚS
BRANDUR GUNNARSSON 897 1401



**LAUGARNESVEGUR 106** — 105 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ | 4 HERBERGI | 91$m^2$
VERÐ: 44.9M
MIKIÐ ENDURNÝJUÐ
BRANDUR GUNNARSSON 897 1401



**AUÐBREKKA 1** — 200 KÓPAVOGUR
ATVINNUHÚS | TIL SÖLU EÐA LEIGU | 523$m^2$
VERÐ: 145M
GÓÐ LOFTHÆÐ - LAUST STRAX
BRANDUR GUNNARSSON 897 1401

Opið hús | Lau. 2. mar. frá kl. 14:00-14:30



**ÁSAKÓR 10** — 105 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ | 4 HERBERGI | 130$m^2$
VERÐ: 59.5M
STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU
BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777

Opið hús | Þri. 5. mar. frá kl. 17:30-18:00



**TUNGUBAKKI 18** — 109 REYKJAVÍK
RAÐHÚS | 5 HERBERGI | 154$m^2$
VERÐ: 61.9M
GOTT OG VEL SKIPULAGT RAÐHÚS
ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882

Opið hús | Mán. 4. mar. frá kl. 17:30-18:00



**LUNDABREKKA 2** — 200 KÓPAVOGUR
ÍBÚÐ | 5 HERBERGI | 107$m^2$
VERÐ: 41.9M
GÓÐ ENDAÍBÚÐ MEÐ ÚTSÝNI
ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882

Opið hús | Mán. 4. mar. frá kl. 17:30-18:00



**MARÍUBAUGUR 107** — 113 REYKJAVÍK
RAÐHÚS | 6 HERBERGI | 202.5$m^2$
VERÐ: 79.9M
FJÖLSKYLDUHÚS Á EINNI HÆÐ
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447



**LYNGÁS 17** — 210 GARÐABÆR
ATVINNUHÚS | ATVINNUHÚSNÆÐI/SKRIFSTOFUR/VERSLUN
VERÐ TILBOÐ
HÚSEIGN Á TVEIMUR HÆÐUM
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

BÓKIÐ SKOÐUN



**LANGIRIMI 21-23** — 112 REYKJAVÍK
ATVINNUHÚS | 372.2$m^2$ | ATVINNUHÚSNÆÐI Á JARÐHÆÐ
VERÐ TILBOÐ
MEÐ INNKEYRSLUDYRUM
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447

Opið hús | Þri. 5. mar. frá kl. 17:00-17:30



**ANDRÉSARBRUNNUR 6** — 113 REYKJAVÍK
ÍBÚÐ | 2 HERBERGI | 71.8$m^2$
VERÐ: 33.9M
MJÖG FÍN TVEGGJA HERBERGJA ÍBÚÐ
GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447



**BERGSTAÐARSTRÆTI 52** — 101 REYKJAVÍK
ATVINNUHÚS | 305.5$m^2$ | GÓÐ AÐKOMA
VERÐ TILBOÐ
STAÐSETT Í HJARTA REYKJAVÍKUR
ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447



**BREIÐAVÍK 89** — 112 REYKJAVÍK
EINBÝLISHÚS | STÆRÐ: 319.2$m^2$
VERÐ TILBOÐ
TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING
GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447

FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

# NÝJAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU NÚTÍMALEGT MIÐBORGARHVERFI

## EFSTALEITI 19 – 27, LÁGALEITI 1-9



ÍBÚÐIR TILVALDAR FYRIR

## FYRSTU KAUPENDUR!

**Efstaleiti 27,** *íbúð 302*
2ja herbergja
**Verð kr. 39.500.000**







**Verð frá kr. 28.400.000**

**Afhending fyrstu íbúða apríl/maí 2019**

## KYNNING sunnudaginn 3. mars kl.13:00-14:00

*Sýningaríbúð Jaðarleiti 2 #503*

- Fullbúnar íbúðir án góflefna fyrir utan votrými* möguleiki að bæta góflefnum við kaupverð
- Rut Kára innanhúsarkitekt sá um að velja saman efni og lit á innréttingum
- Íbúðar afhentar fullbúnar með öllum innbyggðum eldhústækjum.
- Deilibílaþjónusta verður aðgengileg fyrir íbúa svæðisins.
- Sannkallað miðborgarhverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna og falleg útivistarsvæði



Sigurður
Fasteignasali
898 6106



Jóhanna
Fasteignasali
837 8889



Ragnar
Aðst.maður
fasteignasala
844 6516



Hrönn
Fasteignasali
692 3344

ÍBÚÐIR TILVALDAR FYRIR

## FJÖLSKYLDUR

**Efstaleiti 27** *íb. 206*
3ja herbergja
**Verð kr. 59.850.000**



# Lyngás 1 E og F

## 210 Garðabæ

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali




**AFHENDING ÍBÚÐA MAÍ/JÚNÍ 2019**




# OPIÐ HÚS

Sunnudag. 3. mars

**kl. 15:00-16:00**

*Lyngás 1E og F*








**29 ÍBÚÐIR + 25 STÆÐI Í BÍLAKJALLARA**

Um er að ræða 29 íbúðir við Lyngás 1 í Garðabæ. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja. Íbúðirnar á jarðhæð eru með sérinngangi og þeim fylgir sérafnotareitur, íbúðir á öðrum hæðum eru með góðum svölum sem snúa í vestur.

Húsið er lyftuhús með lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Innréttingar og skápar eru frá AXIS. Öllum íbúðum er skilað með innbyggðum ísskáp.

**Herb:** 3-4 | **Stærð:** 78,9 – 102,8 m²

**Verð: 45.9 – 56.9 millj**

**BERGLIND HÓLM**
*Fasteignasali*
GSM: 694 4000
*berglind@fstorg.is*



MANNVERK FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

**Fasteignasalan Torg**
Garðatorgi 5, 2 hæð

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

**Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is**



| Þórunn | Hannes | Stefán | Kristján | Sveinn | Ólafur | Hrafn | Bjarni | Þorsteinn | Helga | Vernharð | Lára | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Halldór | Jón | Ásrún | Eva | Sirrý | Elsa | Albert | Diðrik |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGFRÆÐINGUR | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA |

**OPIÐ HÚS › 3. mars 14:00 – 14:30**





## Holtsvegur 37

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 87,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 3

Nýja og glæsilega þriggja herbergja íbúð á fallegum útsýnisstað í lyftuhúsi við Holtsveg 37 í Urriðaholti, Garðabæ. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** — **46.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 3. mars 15:00 – 15:30**





## Nýhöfn 7

210 GARÐABÆR

STÆRÐ: 150 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Ný og glæsileg íbúð á efstu hæð með fallegu sjávarútsýni. Nýhöfn stendur alveg við sjóinn í Sjálandinu. Vandaðar hnotuinnréttingar frá Brúnás. Laus við kaupsamning.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** — **98.000.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 3. mars 15:00 – 15:30**





## Vallakór 2c

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 125 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Mjög falleg og vel skipulögð fjögurra herbergja íbúð á 3 hæð í lyftuhúsi við Vallakór 2c. Eigninni fylgir sér bílastæði í opnu bílastæðahúsi.

*Heyrumst*
**Gunnar › 699 3702** — **49.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 3. mars 16:00 – 16:30**





## Uglugata 30

270 MOSFELLSBÆ

STÆRÐ: 155 fm | SÉRHÆÐ | HERB: 4

Einstaklega vönduð og björt neðri sérhæð með bílskúr í nýlegu tvíbýli. Mjög gott skipulag. Sérinngangur, sérgarður. Húsið byggt árið 2017. Granít borðplötur. Bílskúr og sér bílastæði.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** — **67.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 3. mars 16:30 – 17:00**





## Boðaþing 2

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 144,2 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 4

Glæsilega endaíbúð á efstu hæð ásamt 2 stæðum í bílageymslu í vönduðu fjölbýlishúsi að Boðaþingi 2. Fallegt útsýni, 3,3 m lofthæð og 26 fm þaksvalir.

*Heyrumst*
**Stefán › 892 9966** — **69.500.000 kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 3. mars 14:00 – 14:30**





## Hafraþing 3

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 181 fm | PARHÚS | HERB: 5

Einstaklega bjart og vandað hús á einni hæð við Hafraþing 3. Sérsmíðaðar innréttingar og hurðir, frá Smíðaþjónustunni. Mikil lofthæð. Innfelld lýsing. Gólfhiti.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** — **94.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 4. mars 17:00 – 17:30**





## Kópavogstún 12

200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 152,4 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 5

Glæsileg endaíbúð ásamt stæði í bílageymslu í fallegu og vönduðu húsi að Kópavogstúni 10-12. Stórar svalir og tvö baðherbergi.

*Heyrumst*
**Stefán › 892 9966** — **76.900.000 kr**
Sölufulltrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

**OPIÐ HÚS › 3. mars 16:00 – 16:30**





## Flókagata 21

105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 71,7 fm | FJÖLBÝLI | HERB: 2

Gullfalleg og mikið uppgerð kjallaraíbúð á þessum frábæra stað. Eldhús, baðherbergi, þakrennur, niðurföll, gólfefni og ofnar endurnýjað á seinustu árum.

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** — **39.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**




## Festu kaupin núna

Fyrstu heimilin í 201 Smára eru nú komin í sölu og í þessum áfanga standa til boða eignir sem henta öllum. Stærð íbúða er frá 63 m2, allt frá tveggja til fimm herbergja fjölskylduíbúða. Þá er verðið afar hagstætt eða frá 39.900.000 kr. Tilbúið til afhendingar.

Íbúðirnar eru afar vel skipulagðar og sérstaklega hugað að nýtingu allra rýma með áherslu á hagkvæmni og snjallar lausnir. Hönnunin byggist að hluta til á hugmyndum frá almenningi sem fékk tækifæri til að gefa álit sitt á tilhögun íbúða, húsa og hverfis.





## Aukin lífsgæði

201 Smári er hannað frá grunni sem heildstætt hverfi miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í þjónustu, verslanir og stofnbrautir. Íbúum verður gert auðvelt að lifa bílléttum lífsstíl því aðgengi að göngu- og hjólabrautum og almenningssamgöngum verður með besta móti. Í hverfinu verða einnig hleðslustöðvar og deilibílar auk þess sem sorphirða og flokkun verður með nýju og betra sniði.

**Ítarlegar upplýsingar má finna á www.201.is**

LIND
FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6
201 Kópavogur
sími 510 7900
201@fastlind.is

Allar upplýsingar veita:
**Hannes Steindórsson** 699 5008, hannes@fastlind.is
**Gunnar Valsson** 699 3702, gunnar@fastlind.is
**Kristján Þórir Hauksson** 696 1122, kristjan@fastlind.is
**Stefán Jarl Martin** 892 9966, stefan@fastlind.is








**NÝTT Á SKRÁ & OPIÐ HÚS MILLI KL 12:00 OG 12:30 SUNNUDAGINN 3. MARS**

**LANDMARK fasteignamiðlun kynnir til sölu 22 nýjar útsýnisíbúðir, 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja** með sérinngangi eða sérinngangi af stigapalli í fallegu lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ.

**Íbúðirnar eru 22 talsins og afhendast fullbúnar án gólfefna en helmingi íbúðanna fylgir bílskúr.**

Frábær staðsetning og miklir útivistarmöguleikar .



**Þórey** Ólafsdóttir
löggiltur fasteignasali
Gsm **663 2300**

**Sigurður** Samúelsson
löggiltur fasteignasali
Gsm **896 2312**

LANDMARK
FASTEIGNAMIÐLUN

# EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 — GRENSÁSVEGUR 11 — SÍMI 588 9090








**OPIÐ HÚS Í SÝNINGARÍBÚÐ AÐ LYNGÁSI 1 - LAUGARDAGINN 2. MARS, KL. 13.00 -14.00**

# Garðabær – Lyngás 1

**NÝJAR ÍBÚÐIR Í SÖLU MIÐSVÆÐIS Í GARÐABÆ**
Hagkvæmar 3ja og 4ra herbergja íbúðir með stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru miðsvæðis í Garðabæ, í göngufæri frá skólum, sundlaug, íþróttasvæði og verslun. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Afhending í maí - júní nk.

**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



**Ármann Þór Gunnarsson**
löggiltur fasteignasali
armann@eignamidlun.is
Sími 847 7000



# TIL LEIGU

## VERSLUNARHÚSNÆÐI BANKASTRÆTI




**Til leigu glæsilegt verslunarhúsnæði á besta stað við Bankastræti í miðborg Reykjavíkur**

Húsnæðið sem er 811 fm. skiptist upp í opið verslunarrými með mikilli lofthæð og stórum sýningargluggum á jarðhæð. Á neðri hæð er viðbótar verslunarrými með góðu aðgengi ásamt lager og starfsmannaaðstöðu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 692 0900 eða netfanginu fifasteignir@fifasteignir.is

FÍ

**FÍ FASTEIGNAFÉLAG // Borgartún 25 // 105 Reykjavík // www.fifasteignir.is**

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

## Skógarsel 41 - laus strax





**Lyfta-sérinngangur og stæði í upphituðu bílskýli á 1. hæð beint inn.**

Falleg, björt og vel skipulögð 123,6 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi með sérinngangi af svalagangi. Aðkoma að húsi góð með fjölda bílastæða á lóð og sérbílastæði í upphituðu bílastæðahúsi þar sem ekið er beint inn. Aðalinngangur og andyrri húss á 1. hæð er snyrtilegt, þar er lyfta auk þess sem gengið er inn í bílastæðahús. Öll sameign er snyrtileg og vel um gengin.

Eldhús í stóru alrými, opið að hluta í stóra og rúmgóða stofu sem nýtist einnig sem borðstofa, úr stofu er gengið út á suðursvalir. Innan íbúðar eru tvö stór og rúmgóð svefnherbergi, bæði með fataskáp. Tvískipt baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, inn af baði er flísalagt þvottahús.

Í heild rúmgóð björt og snyrtileg íbúð í grónu hverfi, staðsetning afar góð m.t.t. fjölbreyttrar þjónustu, verslunar og samgangna.

**Ásett verð 63,2 millj**

**Kirkjubraut 2, 300 Akranesi**
**Sími: 570 4824 • Fax: 570 4820 • hakon@valfell.is**

## Jöklafold 43

jarðhæð 112 Reykjavík



**OPIÐ HÚS**
laugardaginn 2.mars kl. 11:00 – 11:45

Mikið endurnýjuð 3ja til 4ra herb. 106 fm íbúð
Rúmlega 100 fm sérlóð út frá stofu
Nýlegt eldhús og gólfefni
Björt og falleg eign



Nánari upplýsingar veitir:
**Ólafur Finnbogason,** lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

Verð : **46,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Bólstaðarhlíð 8

105 Reykjavík



**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 3.mars kl. 14:00 – 14:30





4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi
Töluvert endurnýjuð, Td nýtt ólfefni á alla íbúðina. Eldhús endurnýjað 2006, Baðherbergi 2015. Gluggar og listar endurnýjaðir á suðurhlið.
Þrjú svefnherbergi. Tvær geymslur
Notaleg 80 fm íbúð fyrir stækkandi fjölskyldu



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

Verð : **44,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Hjallaland 1

108 Reykjavík



**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 3.mars kl. 14:00 – 14:30

Fallegt og rúmgott 240,4 fm endaraðhús með bílskúr.
Eignin hefur verið mikið endurnýjuð og fengið gott viðhald í gengum árin.
Rúmgóðar stofur, 5 herbergi, 2 fullbúin baðherbergi og gestasnyrting, eldhús, þvottahús og fl.
Svalir efri hæðar eru yfirbyggðar.
Glæsilegur garður með sólpöllum og gróðri.



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson,** lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð : **94,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Hörðukór 1

203 Kópavogur



**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 3. mars kl. 15:30 – 16:00

Falleg 98 fm 3ja herbergja íbúð á 10. hæð í góðu fjölbýlishús, eigninni fylgir bílastæði í bílakjallara.
Íbúðin skiptist í stofu og eldhús, sjónvarps-horn, tvö svefnherb., baðherb. og þvottahús.
Yfirbyggðar svalir og sameign til fyrirmyndar.
Stórbrotið útsýni!



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson,** lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð : **45,7 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Höfðatorg

**Bríetartún 9- 11**
105 Reykjavík





**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími:697 9300
svan@miklaborg.is



**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Glæsilegar íbúðir með lokuðum svölum
Sýnum samdægurs - bókið skoðun
Afhending: Mars/Apríl 2019

Verð frá : **43,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Sandslundur



7,7 hektara eignarland
Skiki úr jörðinni Sandur í Kjós (nefndur Sandslundur 16)
Landið er láglendi við rætur Sandsfjalls og liggur nánast að Meðalfellsvatni Samanstendur af mýri og þurrlendi
Aðgengi í rafmagn, kalt- og heitt vatn er gott
Byggingarleyfi er mjög aðgengilegt Mikið og fallegt útsýni- Verzlun er skammt frá



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð : **17,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

**VIÐ ERUM TRAUSTI**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779

**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 869-4879

**Styrmir Þór Sævarsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 846-6568

**Jóna Benný Kristjánsdóttir**
Lögmaður. Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 869-8650

**Gunnar Þórisson**
Viðskiptafr., aðstoðarm. fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 692-6226

**Einar Örn Guðmundsson**
Viðskiptafr., aðstoðarm. fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 823-4969

**Garðar B. Sigurjónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 898-0255

**Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir**
Viðskiptafræðingur, Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 897-7712

## Jökulgrunn 24 – 104 Reykjavík




**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 4. MARS KL. 17:00 - 17:30.**

Glæsilegt 3ja herb. 119,8 fm raðhús á einni hæð með bílskúr. Húsið stendur við þjónustumiðstöð Hrafnistu. Bílskúr er notaður sem sjónvarpsherbergi og geymsla í dag. Garður er bæði fyrir framan og aftan húsið.

**Upplýsingar veitir: Garðar Hólm löggiltur fasteignasali í síma 899-8811**

**Verð: 69,9 millj.**

## Hveralind 3 – 201 Kópavogur




**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 4. MARS KL. 18:00 - 18:30.**

Fallegt, vandað og vel skipulagt 4ra herb. 143 fm raðhús á einni hæð á einum vinsælasta stað Kópavogs. Garður er glæsilegur með verönd og hellulögðu plani.

**Upplýsingar veitir: Garðar Hólm löggiltur fasteignasali í síma 899-8811**

**Verð: 74,9 millj.**

## Flyðrugrandi 8 – 107 Reykjavík




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 5. MARS KL. 17:30 - 18:00**

Falleg og vel skipulögð 2ja herbergja 65,1 fm íbúð á 1. hæð í fallegu fjölbýlishúsi með sérgarði. Útgengt er á hellulagða verönd frá stofu/borðstofu. Góð og björt íbúð í snyrtilegu húsi.

**Upplýsingar veitir: Garðar Hólm löggiltur fasteignasali í síma 899-8811**

**Verð: 34,9 millj.**

## Sogavegur 172 – 108 Reykjavík




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 7. MARS KL. 17:00 - 17:30**

Björt 93 fm. 4ra herbergja efri hæð í risi með sérinngangi og sérgarði. Fallegt útsýni. Eignin hefur öll verið endurnýjuð. Skólp hefur verið endurnýjað ásamt dreni og þak yfirfarið. Eignin er laus við kaupsamning.

**Upplýsingar veitir: Kristján Baldursson löggiltur fasteignasali í síma 867-3040**

**Verð: 48,9 millj.**




# GÓÐAN DAGINN

## Má bjóða þér íbúð við náttúruna?

### GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR FYRIR 50+ ...

- 2ja – 3ja herb. / 79-148m²
- Stór og björt alrými 42,2 - 73,4m²
- Svalir eða verönd sérnotasvæði
  *Flestar íbúðir með suðursvölum*
  *Penthouse íbúðir eru með 27,8 - 41,3m² útisvæði/svölum*
- Útsýni að óspilltri náttúru
- Þvottahús inn af öllum íbúðum
- Bílageymsla
- Lyfta úr bílageymslu
- Loftræsting
- Parket og flísar á gólfum
- Vandaðar innréttingar
- Vönduð AEG tæki í eldhúsi

### VIÐ NÁTTÚRUNA ...

*Náttúran allt um kring býður upp á göngutúra, gönguskíði, hjólreiðar, stangveiði og fleira:*

- Elliðavatn
- Heiðmörk
- Guðmundarlundur
- Vífilsstaðavatn

### Í HVERFINU ...

- Kórinn, íþróttahöll Kópavogs
- Heimsendi, hesthús, reiðhöll og keppnissvæði
- Boðinn, þjónustumiðstöð Kópavogs
- Krónan, apótek, bakarí og fleira

### INNAN 5 KM ...

*Helstu verslana- og þjónustukjarnar höfuðborgarsvæðisins:*

- Smáralind
- Lindahverfi
- Dalvegur
- Mjóddin

*Líkamsræktin og sportið:*

- Salarlaug
- Reebook Fitness
- World Class
- Golfvellir GKG

**OPIÐ HÚS**
**BOÐAÞINGI 14-16, KÓPAVOGI**
**SUNNUDAGINN KL. 13:00-14:00**
**ÞRIÐJUDAGINN KL. 17:00-18:00**

TRAUSTI fasteignasala

Garðar Hólm, fasteignasali,
sími: 899 8811, gh@trausti.is




Fleiri myndir og sölulýsingu má finna á www.husanes.is






Húsanes kynnir:

# STÓRGLÆSILEG TVÍBÝLISHÚS

**að Leirdal 23-27 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ.**

**Einu sérhæðirnar með bílskúr og stórri verönd í boði á Suðurnesjum!**

**Aðeins um 15 mín. akstur frá Hafnarfirði.**

Fullbúnar lúxuseignir með öllum gólfefnum – hægt að fá heitan pott með öllum eignum:

- Sérsmíðaðar innréttingar og granít á borðum
- Stórar ítalskar 60x60 flísar á öllum gólfum ásamt gólfhita
- AEG heimilistæki og LED lýsing innan- og utandyra í öllum eignum
- Jarðhæðinni fylgir 58 m2 sólpallur og efri hæðinni fylgja 55 m2 þaksvalir
- Garður fullfrágenginn og hægt að fá heitan pott með öllum eignum
- Bílastæði hellulögð með hitalögn í gönguleið ásamt upplýstum blómakerjum og náttúrustein
- Eignirnar eru fjögurra herbergja

**Stærðir: 106 m² án bílskúrs og allt að 156 m² með bílskúr**

**Verð frá 47 millj.**

**Möguleiki á viðbótarfjármögnun eða kaupleigu hjá seljanda.**

Nánari upplýsingar má finna á www.husanes.is eða hjá Eignasala.is í síma 420-6070 (eignasala@eignasala.is) og Sigrúnu Sig. hjá Þingholti í síma 773-7617 (sigrun@tingholt.is)

## Húsanes Verktakar ehf.

**Mannvirkjagerð er okkar fag**

# FERMING 2019

## Skór fyrir alla fjölskylduna



VAGABOND JOYCE
Kaupfélagið
**14.995**



SIXMIX HÆLASKÓR
KOX
**15.995**



GABOR
Steinar Waage
**17.995**



VAGABOND ELENA
Kaupfélagið
**12.995**



SIXMIX HÆLASKÓR
KOX
**19.995**



GABOR SANDALAR
Steinar Waage
**16.995**



SKECHERS SANDALAR
Skechers
**8.995**



KMB HÆLASKÓR
Kaupfélagið
**19.995**



SKECHERS GÖTUSKÓR
Skechers
**13.995**



VAGABOND ZOE
Kaupfélagið
**15.995**



VANS OLD SKOOL
KOX
**13.995**



VANS AUTHENTIC
KOX
**10.995**



VAGABOND LINHOPE
Kaupfélagið - Herra
**17.995**



SKECHERS GÖTUSKÓR
Skechers - Herra
**12.995**



VAGABOND PAUL
Kaupfélagið - Herra
**17.995**



VAGABOND ZOE
Steinar Waage
**15.995**

Skór.is ALLA SKÓNA OG FLEIRI FERMINGARSKÓ MÁ SJÁ Á SKÓR.IS NETVERSLUN

**Kaupfélagið**
Kringlan - Smáralind

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

KOX
KRINGLUNNI

**SKECHERS**
**KRINGLU OG SMÁRALIND**

# Brjálað fjör fram undir morgun

Í kvöld verður slegið upp svakalegri dansveislu á skemmtistaðnum Bravó í Reykjavík þar sem plötusnúðahópurinn Hausar mun standa fyrir drum & bass klúbbakvöldi. Aðgangur er ókeypis.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Plötusnúðahópurinn Hausar stendur fyrir drum & bass klúbbakvöldi í kvöld á Bravó, Laugavegi 22 í Reykjavík, en húsið hefur verið vagga raftónlistarmenningar og drum & bass senunnar hér á landi undanfarna tvo áratugi. Öll helstu tímabil raftónlistarmenningar hafa verið viðloðandi Laugaveg 22, meðal annars Skýjum Ofar, Elf 19 og breakbeat.is, en húsið hýsti lengi skemmtistaðinn 22 sællar minningar.

Hópurinn lofar brjáluðu fjöri langt fram á nótt en þessi kvöld hafa löngum verið afar vel sótt og færri komist að en vilja. „Við ætlum að bjóða upp á allar helstu stefnur drum & bass frá upphafi, þar með talið Jungle, Tech Step, Liquid Funk og Neuro Funk ásamt „klúbba-neglum“. Við hvetjum alla til að mæta snemma á Bravó en það verður frítt inn. Staðurinn verður örugglega fljótur að fyllast en við byrjum á slaginu kl. 22 og hættum allavega ekki fyrr en 4.30 um nótt,“ segir Ólafur Jónsson sem gengur undir nafninu Untitled í hópnum. Aðrir meðlimir Hausa eru Daniel Kristinn Gunnarsson (Croax), Bjarni Benediktsson (Bjarni Ben), Björgvin Loftur Jónsson (Nightshock) og Halldór Hrafn Jónsson (Junglizt).

### Byrjaði í heimapartíum

Plötusnúðahópurinn Hausar var upphaflega stofnaður árið 2012 en meðlimir hans eiga það allir sameiginlegt að hafa langa reynslu bak við spilarana og hafa verið viðloðandi plötusnúðamenninguna hérlendis í lengri tíma. „Eftir að liðsmenn breakbeat.is höfðu að mestu lagt upp laupana var fátt um viðburði þar sem var hægt að koma saman og hlusta á drum & bass. Við vildum bæta úr því. Fyrst um sinn hittumst við í heimapartíum og buðum vinum og kunningjum ásamt því að senda út beint á netinu. Á þeim tíma var lítið um skipulagða spilunartíma og hver sem vildi gat komið og tekið í spilarana. Meðal annars spiluðu plötusnúðar frá Skýjum Ofar á þeim kvöldum sem okkur þótti mikill heiður,“ segir Bjarni Ben.



**Meðlimir Hausa eiga allir langan og farsælan feril að baki.** MYND/SIGURGEIR S.



**Fjörið á Bravó mun standa yfir til a.m.k. 4.30 í nótt.** MYND/SIGURGEIR S.

### Alltaf troðfullt

Þegar búið var að reyna nógu mikið á nágrannana og áhorfið á streymið var miklu meira en búist var við ákváðu þeir að standa fyrir sínu fyrsta klúbbakvöldi sem var haldið á Faktorý sumarið 2012. „Það gekk vonum framar og næstu árin voru haldin fjöldamörg Hausa-klúbbakvöld á skemmtistöðum borgarinnar. Núna erum við með föst klúbbakvöld fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði sem haldin eru á Paloma þar sem alltaf er troðfullt út úr dyrum ásamt öðrum kvöldum inn á milli. Gegnum tíðina höfum við einnig flutt inn nokkur stærstu nöfn drum & bass senunnar, meðal annars Ivy Lab, The Upbeats, Emperor, Culture Shock, Synth Ethics, erb N dub og Chris.Su. Okkur hefur svo hlotnast sá heiður að spila á hinni heilögu þrenningu tónlistarhátíða á Íslandi, sem eru Iceland Airwaves, Sónar Reykjavík og Secret Solstice,“ bætir Croax við.

### Góðir gestir kíkt við

Hausar hafa einnig verið með útvarpsþátt til fjölda ára á ýmsum útvarpsstöðvum við þó nokkrar vinsældir. „Þar hafa margir góðir gestir kíkt við, meðal annars Aggi Agzilla sem er goðsögn í íslenskri drum & bass menningu og Balatron. Auk þeirra hafa fjölmargir erlendir gestir heimsótt okkur, t.d. Bensley, Panacea, Evol Intent, John Rolodex og Sinistarr sem aðdáendur drum & bass ættu að kannast við,“ bætir Nightshock við.

### Spennandi ár fram undan

Árið 2019 verður viðburðaríkt hjá félögunum en utan þess að halda mánaðarleg fastakvöld á Paloma munu Hausar meðal annars spila á Sónar Reykjavík í lok apríl. „Við erum einnig í viðræðum við skipuleggjendur nokkurra tónlistarhátíða erlendis en getum því miður ekki sagt nánar frá því að svo stöddu. Við mælum eindregið með því að fólk fylgi okkur á samfélagsmiðlum til að fá nýjustu fregnir. Einnig viljum við benda á að við höldum úti vikulegum mixum á tónlistarveitunni SoundCloud þar sem farið er yfir það nýjasta í drum & bass í bland við eldra efni,“ segir Junglizt að lokum.

Dagskráin hefst kl. 22 í kvöld og stendur yfir langt fram á nótt.




**Plötusnúðahópurinn Hausar, sem heldur uppi fjörinu í alla nótt, inniheldur f.v. þá Croax, Bjarna Ben, Nightshock, Untitled og Junglizt.** MYND/ERNIR

> **Núna erum við með föst klúbbakvöld fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði sem haldin eru á Paloma þar sem alltaf er troðfullt út úr dyrum.**
>
> Croax

Nánari upplýsingar á Facebook (Hausar).

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 5. mars næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:
Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# SPORT 24
## Íþróttavöruverslun




## 20% afsláttur af nýjum vörum

### Öll helstu merkin á einum stað

adidas NIKE ENDURANCE ATHLECIA hummel PUMA

**Opnunartími**
Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á facebook

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA



**GLÆSILEGUR HYBRID**
TOYOTA C-hr c-hic hybrid leður Árgerð 2018 ekinn 1 Þ.KM bensin sjálfskiptur ásett verð kr 4.690.000.- tilboð 4.190.000. Rnr.106817.Fritt að skrá á bilabraut.is mikil sala verið velkomin



MERCEDES-BENZ Atego 1024l Árgerð 2018 ekinn 1 Þ.KM dísel, 6 gírar. Verð 12.990.000. Rnr.110025. Frítt að skrá á bilabraut.is mikil sala verið velkomin

**Braut Bilasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bilauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



BMW 225XE IPERFORMANCE nýskr. 02/2017, ekinn 12 Þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.TILBOÐ 4.270.000 kr. Raðnúmer 259005



RENAULT GRAND SCENIC BOSE EDITION nýskr. 11/2018, ekinn 8 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, 7 manna, hlaðinn aukabúnaði. Verð 5.190.000 kr. Raðnúmer 259171



LR RANGE ROVER EVOQUE SE DYNAMIC nýskr. 06/2017, ekinn 16 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, glerþak ofl. Verð 6.990.000 kr. Raðnúmer 259145

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

LITLA bílasalan



OPEL Astra sports tourer+. Árgerð 2017, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.141854. á staðnum!

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu



MMC pajero DID disel. árg. 2000 ek. 281þús 33' breyttur, 7 manna, sjálfsk. krókur og fl. Bill í góðu lagi. Næsta sk. '20 Verð 930þús s. 864 9402.



Nissan X-Trail Elegance, Árg. 06/2005, sjálfsk. leðurákl. Ek. 140þús, nýjar bremsur, næsta sk. 5/2020. Verð 450.000,- Sími 864 7050.

## Hjólhýsi



Til sölu Hobby 660 WFU árg 2016 Stórt wc aftast með sturtu Alde, sjónv, sólarsella, auka vatnstankur, hjólagrind og markísa. Eitt með öllu. Garmin bakkmyndavél. Alltaf geymt inni í hita á vetrum Uppl í síma 660 6633

## Bílaþjónusta

VAKA
VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!
KRANABÍLAÞJÓNUSTA
ALLAN SÓLAHRINGINN
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

**RÁÐGJÖF.**
Vantar þig fyrirtækja aðstoð s.s. Fjármál, sölumál, markaðsmál, starfsmannamál eða almenna fyrirtækjaráðgjöf. Margra ára reynsla í fyrirtækjarekstri.
**Hafðu samb. í 8211000**
**Guðlaugur eða laugim66@gmail.com**

**Kynntu þér málið.**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

**JD FLUTNINGAR.**
Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vörufl.,búslóðafl.,sorpuf. og fl. S: 7868899 jdflutningar@jdflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Skemmtanir

Bingóleiga
hjá
bingospil.is


Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Bílvogur eh/f
Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi
Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða**
**www.reisum.is**



**Hlaupabretti, aðeins 99.000,-**
Öflug græja með 3 hp mótor.
Max hraði 16 km/klst.
Breytilegur halli allt að 15°.
Hátalarar, mp3, 12 prógröm. Hámarksþyngd notanda 130 kg.
Afgreitt alla daga.
Uppl. í síma 661-1902.
Bildshöfða 16, bakhús.
PREKTÆKI og dót

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

40 feta gámur til sölu. Hefur verið opnaður á annari hliðinni en hægt að loka henni aftur. Ýmsir möguleikar. Áhugasamir sendi netfang og síma á smaar@frettabladid.is merkt "Gámur"

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA**
Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7, 19 8/, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-4 students/nem. Morn/Aftern/ Evening. Morgna/ Síðd/ Kvöld. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back part of course price/ Flest stéttafélög endurgreiða hluta námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is






# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi í 105 Rvk, til leigu með aðgangi að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Upplýsingar í síma 686 8501.

Til leigu 2ja herb. íbúð á neðri hæð í nýlegu einbýlishúsi í Urriðaholti Garðabæ. Innifalið er hiti, rafm., net, uppþv.v, ísskápur, þvottav., þurrkari. Leiga 195.þ. S: 898-3420 eða gudmundur.orn.gudmundsson@gmail.com

## Húsnæði óskast

Óska eftir herb. í RVK. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 611 3868

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is





GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is



# Frumsýnum sjálfskiptan Sunlight T69 L - 2019 árg.




**Sunlight T 58**
**Árgerðir 2016-2017.** Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, , snúningsstólar, loftkæling ofl.ofl.
**Ótrúlegt verð, frá: 6.490.000.**




**Sunlight T 64**
**Árgerð 2016.** Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control , snúningsstólar, loftkæling ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð frá: 7.690.000.**




**Sunlight T 68**
**Árgerð 2017.** Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gírar, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 9.390.000.**




**Dethleffs Trend A 6977**
**Árgerð 2015.** Glæsileg háþekja. Truma Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, rafdrifin trappa, stór sjálfvirkur ísskápur með sér frystihólfi, stór lest, hjólagrind.
**Ótrúlegt verð: 5.990.000.**




**LMC Breezer A 694 G**
**Árgerð 2015.** Trumatic Combi 6, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, stór ísskápur, hjólagrind, markísa, stór geymsla undir rúmi með lestarlúgum beggja vegna, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling. **Ótrúlegt verð: 6.290.000.**




**VW Multivan Startline**
**Árgerð 2015.** Markísa m. hliðum, hjólagrind, útdraganleg geymsluskúffa, rúm, 220 V tengi, blindgluggatjöld fram í bíl, 2 kapteinstólar. Glæsilegt eintak.
**Ótrúlegt verð: 3.290.000.**

Tilboð gilda meðan birgðir endast




**LMC Breezer H 737 G**
**Árgerð 2017.** Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, bakkmyndavél o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 9.980.000.**




**Sunlight T 69 L**
**Árgerð 2017.** Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, fellirúm í toppi, hjónarúm með aðgengi báðum megin, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gírar, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. ofl. **Ótrúlegt verð: 9.290.000.**

**OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12-16**

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

**P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200**

**www.pkarlsson.is**

**www.yaakovswell.net**

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah.

All the material is completely free. You may download it, copy it and give it away.

**www.yaakovswell.net**











Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is | geiri www.geiriehf.is | STÓRELDHÚS | Draghálsi 4 - 110 Reykjavík Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

**RÁÐNINGAR**

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

ht.is

# HELGAR TILBOÐ!

**OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI**



Síðan 2008

MOTTUMARS

PHILIPS

**1000 krónur** af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum **í mars renna til Krabbameinsfélagsins**

**Senseo Switch 3in1 kaffivélar**




HELGARTILBOÐ **14.995,-** Fullt verð ~~19.995,-~~

**Kaupauki!**
**Kaffistaukur og 2 kaffiglös***

*á meðan birgðir endast




LG

**OLED – Fullkominn litur á fullkomnum svörtum**

HELGARTILBOÐ **349.995,-** Fullt verð ~~389.995,-~~ LG-OLED65B8




HELGARTILBOÐ **249.995,-** Fullt verð ~~299.995,-~~ 75UK6200

HELGARTILBOÐ **129.995,-** Fullt verð ~~159.995,-~~ 65UK6100

HELGARTILBOÐ **119.995,-** Fullt verð ~~139.995,-~~ 55PUS7303

**Glæsileg UHD snjallsjónvörp með 4K upplausn á tilboði!**

OBH NORDICA



HELGARTILBOÐ **19.995,-** Fullt verð ~~29.995,-~~ OBH-VO6863NA

**Öflugar X-trem Power heimilisryksugur.**

HELGARTILBOÐ **24.995,-** Fullt verð ~~37.995,-~~ OBH-VO6851NA

Hljóðlátari og umhverfisvænni!

**20% KYNNINGAR AFSLÁTTUR!**

iRobot



HELGARTILBOÐ **183.996,-** Fullt verð ~~229.995,-~~ IRO-I7558

Með sjálfvirkri tæmingarstöð!

HELGARTILBOÐ **143.996,-** Fullt verð ~~179.995,-~~ IRO-I7156

Nýtt og endurbætt burstakerfi.

**iRobot i7 - Ný lína frá iRobot**




**Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES









Ýmis verk úr smiðju StudioStudio síðustu misseri. Verk Rögnu Róbertsdóttur gerð skil í fallegu bókverki og bókarkápa skáldsögu Hallgríms Helgasonar þótti frumleg. MYNDIR/STUDIOSTUDIO

# Halda hvort öðru á tánum

HönnunarMars er fram undan og verður haldinn í lok mars. **Arnar Freyr Guðmundsson** og **Birna Guðmundsdóttir** hjá StudioStudio hönnuðu nýtt útlit hátíðarinnar. Þau hafa vakið mikla eftirtekt undanfarið fyrir verk sín.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Guðmundsdóttir hjá StudioStudio hafa hannað nýtt útlit fyrir HönnunarMars í ár. Þau hafa vakið mikla eftirtekt fyrir verk sín undanfarið. Þau sérhæfa sig í bókahönnun, ímyndarvinnu, týpógrafíu, umbroti og ýmsu ritstjórnarefni og vinna þvert á geira, bæði fyrir listamenn og fyrirtæki.

Arnar er grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands og kennir þar sem stundakennari. Birna er einnig grafískur hönnuður frá Listaháskólanum og er einnig með meistaragráðu í bókahönnun frá Reading-háskóla í Bretlandi. Birna er fagstjóri í grafískri hönnun í hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands. Þau starfa saman í Gimli, fallegu turnhúsi á Bernhöftstorfunni við Lækjargötu.

„Við höfum unnið saman í fimm ár. Við kynntumst í gegnum fagið og sameiginlega vini,“ segir Birna. „Okkur finnst gott að vinna saman því við höfum svipaða sýn,“ segir hún.

„Við höfum misjafna styrkleika og hífum hvort annað upp,“ segir Arnar.

„Já, það mætti segja að við höldum hvort öðru á tánum,“ segir Birna.

Eitt af nýlegum verkum Arnars og Birnu er bókarkápa, á Sextíu kíló af sólskini, eftir Hallgrím Helgason. Bókarkápan var af álitsgjöfum Fréttablaðsins valin sú besta í ár og vakti almenna eftirtekt fyrir vandað útlit sem hæfði efni bókarinnar vel.



Arnar Freyr og Birna hafa starfað saman í fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Fundur í Hrísey

Hugmyndavinnan hófst í Hrísey. „Það sem virkaði vel í þessu ferli er hvað samtalið við hann Hallgrím var gott,“ segir Arnar. „Við vorum í sumarfríi norður í landi þegar Hallgrímur hafði samband við okkur vegna bókarinnar og var þá sjálfur á leiðinni í frí norður, við hittumst í Hrísey og áttum þar samtal um bókina og innihald hennar,“ segir Arnar.

„Hann var búinn að sanka að sér myndrænum tilvísunum sem honum þótti viðeigandi. Til dæmis auglýsingum frá þessum tíma, gömlum eldspýtustokkum og slíku,“ segir Birna.




Verk þeirra Arnars og Birnu eru fjölbreytt og ólík innbyrðis þótt eflaust megi greina þráð. Veigamikil bók um verk Rögnu Róbertsdóttur er þar á meðal.

„Það er allt öðruvísi verkefni með erlendum útgefanda. Það var stærra samtal í gangi, maður þurfti að gera sér ferð á meginlandið. Lengra en út í Hrísey,“ segir Birna og hlær.

„En það var eins með hana. Við áttum gott samtal við hana og fengum aðgang að öllum hennar verkum,“ segir Arnar. Birna tekur undir og segir samtalið mikilvægt.

„Já, það er vænlegast til vinnings. Í samtalinu finnur maður líka hvort maður er rétti aðilinn í verkið. Því þetta er alltaf persónulegt og maður gefur sig allan í þetta. Þegar maður er búinn að skila af sér verki þá er stundum allur vindur úr manni,“ segir Birna.

## Jákvæð þróun

Þeim fannst áhugavert að takast á við að hanna nýtt útlit fyrir HönnunarMars. Í hönnuninni tóku þau tillit til þess að hátíðin er bæði fyrir fagfólk og áhugafólk um hönnun.

„Þetta er þannig verkefni að það er eðlilegt að það sé rótering á þessu. Við höldum samt í ákveðna þræði sem er búið að leggja undanfarin 10 ár. Þetta snýst ekki endilega um að finna upp hjólið heldur byggja ofan á þá þekkingu sem er komin.

„Já, það er mikilvægt að fólk finni fyrir því að þetta sé hátíð sem er alltaf í þróun. Og það þarf að tala bæði til hönnuða og líka þeirra sem hafa áhuga á hönnun, eru forvitnir og áhugasamir,“ segir Birna.

Þau eru sammála um að hönnun hafi sífellt meira vægi í íslenskri menningu.

„Það er mjög jákvæð þróun í gangi. Fólk sér mikilvægið og sérstöðuna. Frá því að ég fór að velta hönnun fyrir mér finnst mér landslagið hafa breyst,“ segir Birna.

„Margir eru að gera virkilega spennandi hluti,“ segir Arnar.

„Það er til dæmis mikið af sjálfsprottnum verkefnum og mikil flóra. Mjög fjölbreytt stemming,“ segir Birna.

*Og hefur orðstírinn aukist? Út á við?*

„Þegar við erum að vinna erlend verkefni líður manni stundum eins og það sé verið að sækja vatnið yfir lækinn. En kannski höfum við eitthvað annað fram að færa sem skiptir máli. Einhverja aðra sýn,“ segir Arnar.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VEGAN

**198** kr. 2 stk.

**Bónus Vegan Bollur**
Með dökkum hjúp, 2 stk.

10 stk. BOLLUR

**549** kr. 10 stk.

**Bónus Vatnsdeigsbollur**
10 x 25 g

1 lítri

**959** kr. 1 l

**MS Rjómi**
1 lítri

NÝTT Í BÓNUS

1kg

FULLELDAÐ
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Baunasúpa og Saltkjöt**
1 kg, fulleldað

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

**1.098** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Blandað

**1.898** kr. kg

**SS Saltkjöt**
Valið

45% minna salt sama bragð

**1.098** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað

**579** kr. kg

**Kjarnafæði Saltkjöt**
2. flokkur

**129** kr. 500 g

**Heima Gular baunir**
500 g

Ómissandi í BAUNASÚPUNA

**398** kr. 500 g

**Bónus Beikonkurl**
Íslenskt, 500 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **3. mars** eða meðan birgðir endast.



Birkir Rafn kom með ömmu sinni, henni Önnu, og valdi sér bráðskemmtilega bók um lítinn slökkviliðsbíl. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Bókaunnendur flykkjast vitanlega á bókamarkaðinn en þar er svo sannarlega hægt að gera reyfarakaup.

# Markaður bókanna

Bókaunnendur láta sig ekki vanta á hinn árlega Bókamarkað sem nú stendur sem hæst undir stúkunni á Laugardalsvelli.



Þór og María voru með fulla kerru af bókum. Þar var að finna skáldsögur, ævisögur, fræðibækur og barnabækur. Þór man vel eftir bókamarkaðinum í Listamannaskálanum forðum daga.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Fjölmennt var á Bókamarkaði Íslenskra bókaútgefenda þegar blaðamaður leit þar við í miðri viku. Áhugasamir kaupendur grúfðu sig yfir bækur og gengu á milli borða í leit að lesefni. Ekki er hægt að kvarta undan úrvalinu og víst að enginn fer tómhentur heim.

Blaðamaður mætti Þór Magnússyni og Maríu Heiðdal með fulla kerru af bókum en þau voru einmitt nýbúin að borga þegar blaðamaður sveif á þau. „Við keyptum bæði barnabækur og fræðibækur. Ég keypti meira að segja bók um kommúnismann af því ég veit svo lítið um hann,“ sagði Þór. „Ég fór alltaf á Bókamarkaðinn þegar hann var í Listamannaskálanum og keypti sitthvað, þar fengust bækur fyrir krónu, tvær krónur og fimm krónur. Hérna eru bækur líka á gjafverði.“

„Ég keypti Pálssögu eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson og svo heklbók sem ég ætla að gefa dóttur minni,“ sagði María. Í kerrunni voru meðal annarra góðra bóka Njála og ævisaga Hannesar Hafstein eftir Kristján Albertsson og auk þess barnabækur fyrir börnin í fjölskyldunni.

### Að kynnast óvininum

Ragna Halldórsdóttir var ákveðin í að kaupa íslensk-ítalska orðabók. „Einu sinni var ég að læra ítölsku og fór mikið til Ítalíu þannig að það er gott að eiga þessa bók.“ Hún var líka að leita að góðum krimma og ætlaði að kaupa barnabækur fyrir barnabörnin. Ragna hefur fyrir venju að fara á Bókamarkaðinn ár hvert. „Ég ólst upp við það að fara á Bókamarkaðinn og á fornbókasölur,“ sagði hún.

Paolo Turchi varð næst á vegi blaðamanns. „Ég er að kaupa hitt og þetta sem ég á ekki. Þetta eru aðallega bækur um trúmál og guðleysi,“ sagði hann. Guðfræði Marteins Lúthers og Bókin um Biblíuna voru þar á meðal. „Ég er mikill trúleysingi en eins og allir trúleysingjar þarf ég að kynnst óvininum,“ sagði hann. Hann er líka með í kerrunni Ástarsögur Íslendinga að fornu eftir Gunnar Karlsson. „Þetta er bók sem fór fram hjá mér og nú ætla ég að lesa hana,“ sagði hann.

### Stefnumót við Fíusól

Anna Geirsdóttir var mætt með barnabarn sitt Birki Rafn Geirsson en hann var mjög önnum kafinn við að skoða bók sem heitir Litli slökkviliðsbíllinn og mátti lítið vera að því að líta upp. Hann er að sögn ömmu sinnar mikill bílakarl. „Ég er leikskólakennari og veit að lestur skiptir gríðarlega miklu máli. Það hefur mikið uppeldislegt gildi að lesa góðar bækur fyrir börn,“ sagði Anna. Hún er spurð hvort Birkir fái sjálfur að velja sér bækur eða hvort hún velji fyrir hann. „Hann fékk að velja þessa en svo ætla ég að velja,“ svaraði amman. Ekki er að efa að það val hefur orðið gott. Síðan ætlaði Anna vitanlega að velja bækur fyrir sjálfa sig, enda vön að lesa mikið.

Næst rakst blaðamaður á Fjólu Höskuldsdóttur sem var með fulla kerru af bókum. „Ég kaupi nokkuð af barnabókum fyrir barnabörnin og reyndar fyrir mig líka því ég þarf að lesa Fíusól, ég þarf að kynnast henni og lesa fyrir börnin,“ sagði hún. Meðal annarra barnabóka sem Fjóla keypti voru Herramennirnir skemmtilegu en hún sagðist ætla að rifja upp gömul kynni við þá. Þarna var líka Litið inn í líkamann. „Hún er fyrir börnin af því þeim finnst svo gaman að skoða og fletta flipum,“ sagði Fjóla. Sturlunga var líka í bunkanum. „Ég þarf að lesa hana aftur og auk þess á ég hana ekki,“ sagði hún. Líkt og svo margir aðrir mætir Fjóla á bókamarkaðinn ár hvert og hefur gert síðan hún var krakki. Einmitt þannig á það að vera.



Ragna Halldórsdóttir keypti íslensk-ítalska orðabók og mundi vitaskuld líka eftir barnabörnunum sem fá sínar bækur.

ÉG KEYPTI MEIRA AÐ SEGJA BÓK UM KOMMÚNISMANN AF ÞVÍ ÉG VEIT SVO LÍTIÐ UM HANN.



Paolo Turchi keypti aðallega bækur um trúmál, en sjálfur er hann staðfastur trúleysingi.



Fjóla Höskuldsdóttir hafði barnabörnin í huga við innkaupin en hlakkaði um leið til að kynnast Fíusól.

# IÐNÞING 2019

## Íslenskur iðnaður í fortíð, nútíð og framtíð

**Silfurberg í Hörpu** fimmtudaginn 7. mars kl. 14.00



**Íslenskur iðnaður hefur verið órjúfanlegur hluti af sögu Íslands. Á Iðnþingi 2019 verður þess minnst að 25 ár eru liðin frá stofnun Samtaka iðnaðarins. Á þinginu verður horft á það sem áunnist hefur í áranna rás, varpað verður upp myndum af stöðu dagsins í dag, auk þess sem rýnt verður í framtíðina sem er rétt handan við hornið. Forkólfar íslensks iðnaðar segja frá sinni sýn á framtíðina.**

### Fjölbreytt dagskrá



**Að dagskrá lokinni verður boðið upp á léttar veitingar.**

**Skráning á www.si.is**

25 ára 1994 2019

SI Samtök iðnaðarins



Ástkæri bróðir okkar og frændi,

**Oddur Kjartansson**

lést þann 17. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum stuðning og vinsemd.

**Jón Björgvin Kjartansson**
**Jóhann Ólafur Kjartansson**
**Erla Sólbjörg Kjartansdóttir** **Kristján Þórarinsson**
**Brynja Kjartansdóttir**
**Kjartan Kristjánsson** **Berglind Guðmundsdóttir**
**Ágústa Kristjánsdóttir** **Björn Baldvinsson**
**Þórarinn Kristjánsson** **Sóley Sverrisdóttir**
**Kristján Kristjánsson**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Ástþórs Ragnarssonar**
iðnhönnuðar og kennara.

**Elísabet Harpa Steinarsdóttir**
**Gauti Þór Ástþórsson** **Ágústa M. Þorsteinsdóttir**
**Erna Ástþórsdóttir**
**Þorsteinn Jón Gautason** **Ástþór Ragnar Gautason**
**Ásta Þórunn Ólafsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Jónsdóttir**
áður til heimilis að Sléttuvegi 13, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 19. febrúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 5. mars kl. 13.

**Jóna Helgadóttir**
**Eysteinn Helgason** **Kristín Rútsdóttir**
**Matthildur Helgadóttir** **Tómas Óli Jónsson**
**Guðleif Helgadóttir** **Haraldur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Vesturhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Farfuglar og staðbundið fiðurfé unir sér vel á hlaðinu við farfuglaheimilið Norður-Vík í Mýrdalnum.** MYND/BRAGI JÓSEFSSON

# Farfuglar fagna 80 árum

**Bandalag íslenskra farfugla er áttatíu ára. Margt hefur breyst í ferðamennsku hér á landi á þessum átta áratugum að sögn Stefáns Haraldssonar formanns bandalagsins.**

Við farfuglar höfum alla tíð haft það að markmiði að stuðla að ferðalögum fyrir ungt fólk, ferðalögum sem er ætlað að auka skilning á náttúrunni, menningarlegu gildi samfélaga og þannig auka skilning á milli mismunandi menningarheima,“ segir Stefán Haraldsson, stjórnarformaður Bandalags íslenskra farfugla.

Um helgina fögnuðu farfuglar á Íslandi 80 ára afmæli samtakanna. Mikið hefur breyst í starfseminni á þeim átta áratugum sem eru liðnir. Mikil bjartsýni ríkti á vordögum 1939 þegar 1.700 félagsmenn settu á laggirnar farfugladeildir hringinn í kringum landið. Var meðal annars farið í hjólaferðir um landið fyrstu sumrin. Síðan byrjaði heimsstyrjöldin fyrir alvöru og í lok hennar sat eftir eitt farfuglaheimili í Reykjavík og annað á Akureyri. Það var ekki fyrr en á sjöunda áratugnum sem Farfuglar fóru aftur í sókn. Í dag eru Farfuglaheimilin 34 um land allt. Þrjú heimili í Reykjavík eru í eigu samtakanna en önnur eru í eigu samstarfsaðila.

Stefán settist í stjórn Farfugla aðeins 14 ára gamall en í dag er hann um sextugt. Hann segir mikið hafa breyst. „Lengst framan af snerist þetta um ferðir innanlands, rútuferðir með íslensk ungmenni. Í dag snýst þetta að mestu leyti um að halda utan um gistirekstur fyrir erlenda ferðamenn.“ Gildin eru þó áfram þau sömu. „Við leggjum áherslu á að gestir blandist saman með því að hafa einfalda svefnaðstöðu en stærra sameiginlegt rými. Þarna þarf fólk að elda mat og græja í samstarfi við aðra gesti sem ýtir undir samtal og kynni.“

Samtökin eru óhagnaðardrifin og eru hluti af alþjóðlegum góðgerðarsamtökum og stærstu hostelkeðju í heimi. Íslensku farfuglarnir hafa gert sig gildandi á alþjóðavísu með því að vera leiðandi í umhverfisvænni ferðaþjónustu. Stefán segir farfuglana ekki hafa farið varhluta af góðærinu í ferðaþjónustunni en það sé þægilegt að þurfa ekki að hugsa um hagnað. „Við höfum ekki lagt áherslu á að stækka, eina stóra fjárfesting okkar undanfarið er Loft Hostel í Reykjavík. Annars höldum við bara okkar striki í samstarfi við einkaaðila um allt land sem deila okkar hugsjón.“

Stefán segir að það sé enn verið að vinna að afmælisdagskránni. „Við munum blása til ýmiss konar atburða og bjóða almenningi í heimsókn, það verður kynnt síðar.“

**arib@frettabladid.is**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jónas Hallgrímsson**
frá Knappsstöðum í Fljótum,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 27. febrúar. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. mars klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

**Hulda Erlingsdóttir**
**Dagur Jónasson** **Helga H. Þórarinsdóttir**
**Hlynur Jónasson**
**Halldór Auðarson**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Malmquist**
fv. forstjóri Byggðastofnunar,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold föstudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 7. mars kl. 15.

**Sigríður J. Malmquist**
**Ásta Malmquist** **Eggert Teitsson**
**Rúna Malmquist** **Torfi Kristjánsson**
**Jón Eðvald Malmquist** **Guðrún K. Rúnarsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórólfur Friðgeirsson**
fyrrverandi skólastjóri og kennari, Árskógum 8, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 22. febrúar verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 6. mars klukkan 13.00.

**Kristín Lilja Halldórsdóttir**
**Ágústa Þórólfsdóttir** **Sveinn K. Guðjónsson**
**Elsa Björg Þórólfsdóttir** **Alfreð S. Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar H. Gíslasonar**
Skúlagötu 20,
áður Meistaravöllum 31.

Sérstakar þakkir til starfsfólks fimmtu hæðar hjúkrunarheimilisins Skjóls og dagvistunar á Vitatorgi.

**Bjarney Kristín Viggósdóttir**
**G. Viggó Guðmundsson**
**Gunnar Ingi Guðmundsson** **Sigríður Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

tl.is

# HELGARTILBOÐ!

## OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI




LG

LG-34WK650W

### 34" ULTRAWIDE BREIÐTJALDSSKJÁR

Meiri skerpa með HRD10 og IPS filma fyrir nákvæmari liti.

20.000 AFSLÁTTUR

**69.995**

ÁÐUR ~~89.995~~

10.000 AFSLÁTTUR

**34.995**

ÁÐUR ~~44.995~~

RAZER

RAZ-RZ0402070100R3M1

### TIAMAT 7.1 V2 10 HÁTALARA HEYRNARTÓL

Sérhönnuð fyrir leikjaspilun með mic, öflugum hljóðgæðum og einangrun.



10.000 AFSLÁTTUR

**34.995**

ÁÐUR ~~44.995~~

RAZER

RAZ-RZ8302480100B3M1

### MAMBA HYPERFLUX MÚS OG FIREFLY MOTTA

Þráðlaus mús með 9 forritanlegum tökkum.



APL-MR7F2FDA / APL-MR7G2FDA

### iPAD WI-FI 32GB SVARTUR EÐA HVÍTUR

iPad 9,7" með stuðning fyrir apple penna.

5.000 AFSLÁTTUR

**53.995**

ÁÐUR ~~58.995~~




7.000 AFSLÁTTUR

**22.995**

ÁÐUR ~~29.995~~

LG

LG-24MK400HB

### 24" FULLHD FREESYNC LG SKJÁR

Meira vinnupláss og fleiri ítarlegar leikjastillingar.



2.000 AFSLÁTTUR

**12.995**

ÁÐUR ~~14.995~~

amazon

AMA-FIREHD8

### AMAZON FIRE HD 8 SPJALDTÖLVA

8" skjár og 16GB stækkanlegt geymslupláss.



33% AFSLÁTTUR

**9.995**

ÁÐUR ~~14.995~~

amazon

AMA-FIRETVSTICK4K

### AMAZON NEW FIRE TV STICK 4K

Fjölhæf margmiðlunarstöð sem tengist beint í sjónvarpið með HDMI.



40% AFSLÁTTUR

**2.995**

ÁÐUR ~~4.995~~

APL-MMTN2ZM

### EARPODS MEÐ LIGHTNING TENGI

Fjarstýring og hljóðnemi sem virkar með iPhone, iPad og iPod touch.

SJÁÐU FLEIRI TILBOÐ Á TL.IS

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · HÚSAVÍK · AKRANES



✝

Okkar ástkæri sonur, bróðir, barnabarn og frændi,

**Sverrir Gaukur Pálsson**

lést 5. nóvember 2018.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Aðstandendur þakka hlýhug og stuðning.

**Helga Ragna Ármannsdóttir**
**Björg Ragnheiður Pálsdóttir**
**Ármann Jakob Pálsson** **Áslaug Guðmundsdóttir**
**Björg Ragnheiður Árnadóttir**
**Sverrir Gaukur Ármannsson**
**systkinabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,

**Gylfi Thorlacius**

hæstaréttarlögmaður,

sem lést á Landspítalanum 22. febrúar verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 4. mars kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Svala Thorlacius**



✝

Móðir okkar,

**Ásta Þorsteinsdóttir Maack**

lést 27. febrúar.

Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 14. mars kl. 13.00.
Þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á kvenfélagið Hringinn.

**Lára Halla Maack**
**Pjetur Þorsteinn Maack**
**María Hildur Maack**
**Ásta Hrönn Maack**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Halldóra Helgadóttir**

frá Tröð í Kollsvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 27. febrúar. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ásbjörn Unnar Valsteinsson**
**og Sigurbjörg Auður Jónsdóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna María Hallsdóttir**

Strikinu 12, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold 28. febrúar. Útförin fer fram í kyrrþey mánudaginn 4. mars.

**Baldur Ágústsson**
**Halla Elín Baldursdóttir**
**Helga Guðbjörg Baldursdóttir** **Gísli Baldur Garðarsson**
**Ágúst Baldursson**
**Sigurlín Baldursdóttir** **Guðjón Ómar Davíðsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Okkar bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar bróður okkar,

**Antons Hauks Gunnarssonar**

frá Þingeyri.

**Nanna Magnúsdóttir** **Halldóra Magnúsdóttir**
**Kolbrún Gunnarsdóttir** **Daníel Guðmundsson**
**Sigríður Sturludóttir** **Örn Sturluson**
**Atli Sturluson** **Hrönn Sturludóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



Þórunn Hilda Jónasdóttir stóð í ströngu í gær við að undirbúa Háskóladaginn í HR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Algengt að taka sér frí fyrir háskólanám

Í dag, laugardag, kynna sjö háskólar landsins yfir 500 námsbrautir í húsakynnum HÍ, HR og LHÍ frá kl. 12 til 16. Þar geta gestir og gangandi kynnt sér námsframboðið ásamt því að spjalla við nemendur og starfsfólk skólanna um allt sem viðkemur náminu.

Katrín Árnadóttir, forstöðumaður markaðssviðs Háskólans á Akureyri, segir að skólinn hafi varla undan að taka við nemendum. „Við erum svo gott sem full.“ Hún skynjar meiri áhuga stúdenta á hjúkrunarfræði og sálfræði, þar að auki sé allt fullt í lögreglunámið. HA býður upp á sveigjanlegt nám sem þýðir að nemendur þurfa ekki að mæta í skólann heldur geta sinnt því að mestu leyti heima, hvar sem er.

Katrín segir skólann ítreka það við nemendur að háskólanám sé krefjandi og í raun full vinna. „Við reynum að impra á þessu við nemendur okkar, en eins og í samfélaginu öllu, það er mikill hraði og mikil krafa að margir nemar eru bara búnir á því á þriðja ári,“ segir Katrín.

Sömu sögu er að heyra hjá Háskólanum í Reykjavík. Þar á bæ er stöðug fjölgun á öllum námsbrautum, flestir eru á leið í tölvunarfræði. HR hefur lagt mikið upp úr því að jafna hlut kynjanna í tæknigreinum og hefur það gengið vel, eru konur nú um þriðjungur nemenda í tölvunarfræði.



**Katrín Árnadóttir.**

Ilmur Dögg Gísladóttir, kynningarstjóri Listaháskóla Íslands, segir að margir fari beint í háskólanám eftir stúdent en jafn margir taki sér ársfrí, ferðist eða nýti pásuárið til þess að undirbúa sig sérstaklega fyrir LHÍ. „Það er jöfn ásókn á langflestar námsbrautir LHÍ en stærsta deildin er hönnunar- og arkitektúrdeild. Við sjáum sveiflur í vinsældum einstaka námsbrauta svo sem í fatahönnun og vöruhönnun,“ segir Ilmur.

**arib@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**Dóra Hafsteinsdóttir**

sem lést þriðjudaginn 26. febrúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 8. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar.

**Sigurður Ingi Margeirsson**
**Hafsteinn Gunnar Sigurðsson** **Valgerður Rúnarsdóttir**
**Margeir Gunnar Sigurðsson** **Marta Goðadóttir**
**Stefán Gunnar Sigurðsson** **Bergrún Mist Jóhannesdóttir**
**barnabörn**
**Hafsteinn Austmann og Kristín Hafsteinsdóttir**



✝

Elskuleg móðir mín, mágkona og frænka,

**Karen Sigurðardóttir**
**(Gógó)**

Faxabraut 13, Keflavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Hlévangi, sunnudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 5. mars kl. 13.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Suðurnesja.

**Guðmundur Kristinn Þórðarson**
**Þóra Ragnarsdóttir**
**Emil Birnir Sigurbjörnsson**
**Auður Birna Egilson**
**Þórður Kr. Jóhannsson**



Okkar ástkæri

**Einar Birgir Eymundsson**

lést sunnudaginn 17. febrúar sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir eru til starfsmanna líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

**Auður Hafdís Valdimarsdóttir**
**Nikulás Þór Einarsson** **Susan Veronica Einarsson**
**Eymundur S. Einarsson** **Ásgerður María Óskarsdóttir**
**Einar A. Eymundsson** **Martyna Anna Zapart**
**Búi Alexander Eymundsson**
**Birna Dís Eymundsdóttir**
**Emma Rosemary Auður Nikulásdóttir**
**Isabella Veronica Joyce Nikulásdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Finnbogi Höskuldsson**

véltæknifræðingur,

sem lést föstudaginn 22. febrúar verður jarðsunginn mánudaginn 4. mars frá Kópavogskirkju kl. 13.00.

**Hildigunnur Þórðardóttir**
**Rakel Þóra F. Larsen** **Keld Larsen**
**Ásdís M. Finnbogadóttir** **Magnús Magnússon**
**og barnabörn.**

# 21 ÁRS AFMÆLI

25.02 – 03.03

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



-50%

AÐEINS 70 STK.

**PS4**
**PIRANHA HP40 LEIKJAHEYRNARTÓL**
- PS4 heyrnartól með 40 mm hljóðgjöfum

PS4P397076

ÁÐUR: 4.995

**2.495**

5.8”

SKJÁR:
Super AMOLED
1440x2960

MYNDAVÉL:
12MP myndavél.
Dual Pixel OIS.
f/1.5 2160@60fps,
1080@240fps

ÖRGJÖRVI:
8 kjarna

MINNI:
64GB

VINNSLUMINNI:
4GB

ANNAÐ:
Fingrafaraskanni,
þráðlaus hleðsla,
o.fl.




-14%

4 LITIR

AÐEINS 70 STK.

**SAMSUNG**
**GALAXY S9**

SAMG960BLA SAMG960BLU SAMG960GOL SAMG960VIO

ÁÐUR: 104.985

**89.995**

EÐA 8.152 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN: ALLS 97.825 KR. ÁHK 15,79%




-33%

AÐEINS 30 STK.

**LOGIK**
**BLANDARI**
- 1,5L, 1000W og 2 hraðastillingar

L100BL17E

ÁÐUR: 5.990

**3.995**




-10%

AÐEINS 90 STK.

**SONY**
**PLAYSTATION 4 SLIM - 1TB OG RED DEAD REDEMPTION II**
- Dual-Shock 4 stýripinni
- 1 TB harður diskur
- HDMI snúra fylgir

PS41TBRDR2

ÁÐUR: 54.995

**49.496**

EÐA 4.659 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 55.908 KR. - ÁHK 24,01%

49”

SUHD HDR
3840x2160

WebOS 4.0
Netflix

4x HDMI
3xUSB
Bluetooth

40W
hátalarar



LG SUPER UHD TV

-26%

AÐEINS 15 STK.

**LG**
**49” OG 55” SUHD SNJALLSJÓNVARP**

49SK8500 55SK8500

ÁÐUR: 189.995

**139.995**

EÐA 12.465 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 149.575 KR. - ÁHK 12,31%

ELKO MÆLIR MEÐ

BURSTAÐU BETUR



-40%

AÐEINS 50 STK.

**ORAL B**
**PRO 750 RAFMAGNSTANNBURSTI**
- Rafmagnstannbursti með 3D tækni
- Fjarlægir allt að 100% meira en venjulegur tannbursti
- Tímamælir sem fær þig til að bursta í réttan tíma

PRO750BLACK PRO750PINK

ÁÐUR: 8.990

**5.395**

ELKO




# VELKOMIN Á OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

## LAUGARDAGINN 2. MARS KL. 12–16




Fjölbreytt dagskrá verður á háskólasvæðinu þar sem í boði verða námskynningar, viðburðir og uppákomur sem sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi.

Erta með spurningar um námið við Háskóla Íslands? Sendu þær á **haskoli_islands**

**Kynntu þér námsframboð og samstarf opinberu háskólanna**

Háskólinn á Akureyri
Háskóli Íslands
Háskólinn á Hólum
Landbúnaðarháskóli Íslands

PIPAR\TBWA • SÍA

# HÁSKÓLA DAGURINN

## 2. mars

**Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi**

f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn

**Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands** verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands

**Háskóli Íslands** kynnir nám sitt á Háskólatorgi, í Aðalbyggingu, Öskju og Háskólabíói.

**Háskólinn í Reykjavík** kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík

**Háskólinn á Bifröst** kynnir nám sitt á Háskólatorgi Háskóla Íslands og í Háskólanum í Reykjavík

**Listaháskóli Íslands** kynnir nám sitt í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91

Fríar rútuferðir á milli HÍ, HR og LHÍ



KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

YFIR **400 NÁMSLEIÐIR** Í BOÐI Í BÆÐI GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI

## HÁSKÓLADAGURINN 2. MARS 2019

### HÁSKÓLATORG

**Félagsvísindasvið HÍ**
**Menntavísindasvið HÍ**
**Heilbrigðisvísindasvið HÍ**
**Háskólinn á Akureyri**
**Landbúnaðarháskóli Íslands**
**Háskólinn á Hólum**
**Háskólabrú Keilis**
**Háskólinn á Bifröst**
**Listaháskóli Íslands**

**DAGSKRÁ**

| | |
|---|---|
| **12.00** | Setning Háskóladagsins. Mennta- og menningarmála-ráðherra, rektor Háskóla Íslands og Háskólakórinn |
| **12–12.30** | Handstyrksmælingar |
| **13–13.30** | Útileikir |
| **13–14** | Stærðfræðikennsla með Legói |
| **14–15** | Rými til sköpunar með forritun |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Félagsvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs*

### HÁSKÓLABÍÓ

**Vísindasmiðjan opin 13–15**

**DAGSKRÁ**

| | |
|---|---|
| **12.40** | Vísindabíó |
| **13.45** | Háskóladansinn |
| **14.00** | Sprengjugengið |

### AÐALBYGGING

**Hugvísindasvið**

**DAGSKRÁ**

| | |
|---|---|
| **13.00** | Háskólakórinn |
| **13.15** | Japanskur dans |
| **13.30** | Kínverskur dreki |
| **13.45** | Tai Chi |
| **14.30** | Lindy Hop |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Hugvísindasviðs*

### ASKJA

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ**

**DAGSKRÁ**

| | |
|---|---|
| **12.00** | Grillaðar pylsur |
| **12–14** | Jarðskálftahermir |
| **12–16** | Rafknúinn kappakstursbíll Team Spark |
| **12–16** | Framkallaðu þinn eigin jarðskjálfta |
| **12–16** | Framtíðarstarfið í myndakassanum |
| **14.00** | Hönnunarkeppni byggingarverkfræðinema |

*Kynning frá kl. 12–16 á öllu námi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**ÍSLENDINGABÓK**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast samkomustaðir. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. mars“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hasim** eftir **Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Svanhildur Hermannsdótir, 600 Akureyri.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Mikil er sök kræfra vanskilamanna (11)
**11** Þetta er það sem jurtir spýja í frjóa vin (10)
**12** Sendi karl í eyðimörkina, þar sem sálin blómstrar (11)
**13** Kvöld Eyvindarbeðju markaðist af högginu ofan á hnakkann (10)
**14** Stemma um nýsnævi (7)
**15** Færðum Frey og Braga digra sjóði (8)
**16** Fæ laun fyrir matinn og heimildina til að höndla með hann (11)
**17** Það sem ég tek út þegar kveisan er svæsin (10)
**20** Farðið þær eins sléttar og stærðin leyfir (11)
**23** Upphafssöngurinn kemur alltaf á undan umsögninni (9)
**26** Deila þessara þorpara snýst um stuld snyrtiáhalda (10)
**29** Hnjóða í dyggðasnauðar og drukknar dömur (11)
**30** Rauðglóandi gamlingjar passa barnabörnin (10)
**32** Þetta minnir á dag stungunnar, þann erfiða sólarhring (11)
**34** Hás er hjáleigan fjarri öllu, en skeytið berst þangað samt (10)
**35** Af banvænu sulli sem þau gerðu skaðlaust (9)
**36** Almústafa, Múhameð eða Jesaja? Hver er hinn eini sanni? (11)
**41** Margra missera málæði illdjefla um tilgang tiltekinna tímamælinga (10)
**42** Hefur hugboð um að við þjótum eftir sléttunum (9)
**43** Gruna mikilmennin um að kaupa þá stóru frekar en veiða (10)

**LÓÐRÉTT**
**1** Nappa móral hlekkjaðra hugsjónamanna (13)
**2** Eftir að þau lögðu hans heittelskuðu heyrðist andvarp (9)
**3** Elska stífa stráka í lamandi losti (9)
**4** Aðeins við fylgjum algildum fyrirmælum (9)
**5** Þetta partí ljómar eins og himneskar rafagnir, svei mér þá (11)
**6** Beituprufan er afar smágerð (9)
**7** Veikindi hamla aðgerðum til að hindra smit (10)
**8** Sérðu mun á frussinu úr kjaftinum og spreyinu sem fer upp í hann? (10)
**9** Skaffa broddstaf fyrir trausta menn jafnt sem fallvalta (8)
**10** Panta dauða vindla og gos fyrir ósetna klefa (8)
**18** Sá Huppu í stúkunni, hún veðjaði aleigunni (9)
**19** Tókst að komast í hvíld (5)
**21** Blekking felst í uppköstum að því sem við blekkjum (9)
**22** FM957 vinnur þessa krakka strax við upphafsskotið, en naumlega þó (9)
**23** Sé þorsk æða í ýsurnar (7)
**24** Ég er ekki í þessum bændaflokki, enda úr öðrum hreppi (11)
**25** Það sem léttast er el ég á prótakíni, segir þessi gála (11)
**27** Heljarmikil familía og fín að auki (7)
**28** Eru ákveðin ráð alin í miðjunni? (7)
**31** Bóg ég tel þig býsna lítinn/ ef botnað getur ekki þennan (8)
**33** Það má ekki minna vera fyrir rugluðu maurana (7)
**37** Ætli þessi dauði Dani blási öllu úr skorðum? (4)
**38** Mér þótti alltaf vænt um Báru og systur hennar (4)
**39** Dönsk búð í Rimahverfi veldur uppnámi (4)
**40** Smán þessa læris er sú að það byrjar á öfugum enda (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

## Skák
Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Skuja átti leik gegn Rosenberg í Riga árið 1962.

**1. Dxf8+ Hxf8 2. Hxh7+ Kxh7 3. Hh1# 1-0.** Íslandsmóti skákfélaga lýkur í dag með tveimur umferðum í Rimaskóla. Gríðarleg spenna. Ný alþjóðleg skákstig komu út í gær. Hjörvar Steinn Grétarsson er nú stigahæsti skákmaður landsins.
**www.skak.is:** Íslandsmót skákfélaga.

## Bridge
Ísak Örn Sigurðsson

## FLOTT AUKALEIÐ

Evrópumótið í parasveitakeppni fór fram í Lissabon í Portúgal dagana 22.-28. febrúar. Ísland var með lið en náði ekki góðum árangri og hafnaði á 29. sæti af 30 þátttökuþjóðum. Átta efstu sætin gáfu rétt til þess að keppa á HM. Svíþjóð vann sigur í mótinu en 8 efstu þjóðirnar voru; Svíþjóð, Lettland, Frakkland, Pólland, England, Danmörk, Ítalía og Rúmenía. Sænska stúlkan Sanna Clementsson er aðeins 19 ára gömul, en er meðlimur í sænska landsliðinu sem var að enda sem Evrópumeistari (elsti spilari liðsins er 27 ára). Sanna er strax orðin meðal sterkustu spilara heims og hún vakti verðskuldaða athygli þegar hún var sú eina sem vann 6 grönd í AV í þessu spili í mótinu. Makker Sönnu var Simon Ekenberg (sem vann sér það til frægðar að vera sigurvegari í bæði tvímennings- og sveitakeppni Bridgehátíðar 2018). Suður var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ 8
♥ DG952
♦ 964
♣ G964

**Vestur**
♠ Á9
♥ ÁK76
♦ KG
♣ Á7532

**Austur**
♠ KD542
♥ 83
♦ ÁD102
♣ K8

**Suður**
♠ G10763
♥ 104
♦ 8753
♣ D10

Svíarnir sögðu sig eðlilega upp í 6 grönd á AV-hendurnar, enda eru 33 punkar á milli handanna. 11 beinir tökuslagir eru við hendina og góðar líkur á þeim tólfta. Til þess að 12. slagurinn fáist, er nóg að spaðinn liggi ekki verr en 4-2, eða jafnvel 3-3 skipting í laufi eða þvingun. Ekkert af þessu var til staðar, spaðinn 5-1 og hjartað og laufið 5-4 á eftir vestri og engin þvingun, því norður hendir á eftir vestri. En Sanna fann skemmtilega leið. Útspil suðurs var hjarta og sagnhafi drap á ás, yfirdrap tígulkóng á ás og spilaði spaða. Suður vissi að austur átti 5 spaða (sagnir) og líklega KD í litnum og ef hann átti 8 með, þá gat það kostað samninginn að stinga á milli. Hann setti því lítið spil og Sanna lét 9 úr blindum (mest til að fría fjórða slaginn á litinn og einnig aukamöguleiki - sem svo sannarlega gekk upp). Nían hélt slag og var 12. slagur sagnhafa (af því norður átti áttuna einspil).

# Lúxussiglingar með VITA

## Ógleymanlegt ævintýri - láttu drauminn rætast




### Miðjarðarhafið og Gíbraltar




**Celebrity Silhouette**
Southampton | Gibraltar | Marseille | Flórens | Róm | Korsíka | Barcelóna | Lissabon

Verð frá **609.900** kr.
Á mann í klefa með svölum.
Fararstjórar eru Karl Rafnsson og Svanhildur Daníelsdóttir

6. - 22. SEPTEMBER 2019

### Adríahaf og Miðjarðarhaf




**Celebrity Constellation**
Feneyjar | Split | Dubrovnik | Sikiley | Malta | Palma | Ibiza | Valencia | Barcelóna

Verð frá **619.900** kr.
Á mann í klefa með svölum.
Fararstjóri er Kristinn R. Ólafsson

10. - 24. SEPTEMBER 2019

### Umhverfis Hnöttinn




**Celebrity Solstice**
Seattle | Hawaii | Papeete | Tahiti | Bora Bora | Dagalínan | Auckland | Bay of Islands | Sydney

Verð frá **1.044.900** kr.
Á mann í klefa með svölum.
Fararstjóri er Héðinn Svarfdal Björnsson

20. SEPTEMBER - 17. OKTÓBER 2019

### Spánn, Ítalía og Mónakó




**Celebrity Edge**
Róm | Napolí | Palma | Barcelóna | Mónakó | Santa Margherita, Flórens

Verð frá **659.900** kr.
Á mann í klefa með svölum.
Fararstjóri er Laufey Jóhannsdóttir

8. - 22.OKTÓBER 2019

### Kína, Suður-Kórea og Japan




**Celebrity Millennium**
Shanghai | Beijing | Seoul | Jeju Island | Kobe | Mt. Fuji | Tokyo

Verð frá **759.900** kr.
Á mann í klefa með svölum.
Fararstjóri er Gunnhildur Gunnarsdóttir

23.OKTÓBER – 11.NÓVEMBER 2019

### Austur- Karíbahaf



**Symphony of the Seas**
Orlando | Miami | ST. Kitts & Nevis | St.Thomas | Bahamas

Verð frá **359.900** kr.
Á mann í klefa með svölum.
Fararstjóri er Lára Birgisdóttir

14. – 26. NÓVEMBER 2019

Verð eru á mann í tvíbýli. Verð lækkar um 10.000 krónur ef 12.500 Vildarpunktar eru notaðir. Innifalið í ferðunum er: Flug, gisting með morgunverði fyrir og eftir siglingu, sigling með fullu fæði og afþreyingu um borð. Ferðir fyrir og eftir siglingu og íslensk fararstjórn.

vita

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

Celebrity X Cruises

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 342

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst?“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 3 | 8 | | | |
| | | | | 1 | | 9 | | 4 |
| 7 | | 9 | | 4 | 6 | 8 | | |
| 6 | 1 | | | 9 | | | | 7 |
| | | 8 | | | 7 | | 4 | 3 |
| 4 | | | 6 | | 3 | | | |
| | | | | | | | 1 | 9 |
| 9 | | 6 | | 8 | 1 | 4 | | |
| | | | 5 | | | | 8 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | | | |
| | | 4 | 6 | | 8 | 7 | | |
| 5 | 6 | 2 | | 1 | 7 | | | |
| | | | | | | | 6 | 7 |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 2 | 7 | 9 | | 5 | | 3 | | 1 |
| 1 | 4 | | 3 | 8 | 9 | | | 2 |
| | | 6 | | | | | 3 | 8 |
| | 9 | | 7 | | | | 1 | |

? Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata? ?



## Hugmyndir fyrir Öskudaginn














Rún með kisunni Tínu. Á heimilinu eru tveir kettir, hinn heitir Tóní.

# Gott að vera með dýrum

**Rún Dofradóttir** er að verða níu ára gömul og æfir á víólu og stundar CrossFit. Hún er afar mikill dýravinur og getur ekki hugsað sér að verða dýralæknir. Það sé alltof sorglegt þegar dýrin deyja. Hana langar til að verða hundasnyrtir og vinna á bókasafni.

**Hvað ertu gömul?** Ég er átta ára gömul en verð 9 ára þann 9. apríl.

**Hvað er á óskalistanum?** Mig langar mest í föndurdót því ég er ekki mikið fyrir að leika mér.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Ég er í Háaleitisskóla og mér finnst skemmtilegast að vera í stærðfræði. Mér finnst leiðinlegast að fara í byrjendalæsi. Af því að við förum svo oft í eina leiðinlega bók sem heitir Viltu reyna?

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Þegar ég er úti finnst mér skemmtilegast að róla mér. Þegar ég er heima hjá mér finnst mér skemmtilegast að hlaupa með hundinn minn, fara í hesthúsið, hleypa páfagauknum út. Eða klappa köttunum. Það er gott að vera með dýrum. Og svo finnst mér skemmtilegt þegar það koma gestir og það er matarboð. Mér finnst það alveg svakalega gaman.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Uppáhaldsmaturinn minn er grjónagrautur, hakk og spagettí og kjúklingasúpa.

**En hvað er nú það versta sem þú hefur fengið að borða?** Svið og allur þorramatur.

**Hvað gætir þú hugsað þér að starfa við þegar þú ert orðin fullorðin?** Hundasnyrtir og ég myndi líka vilja vinna á bókasafni því ég fæ verk í eyrað þegar það eru mikil læti. Mig langar ekki að verða dýralæknir, mér finnst svo sorglegt þegar dýr deyja.

**Hver er uppáhaldsbókin?** Fíasól.

**Hvað ætlar þú að gera í sumarfríinu þínu?** Ég fer til Frakklands með mömmu, systrum mínum og Guðbrandi. Svo fer ég kannski líka með pabba til útlanda en það er ekki alveg búið að ákveða hvert. Svo kannski í sveitina.

**Hvað gerir þú í tómstundum?** Ég æfi á víólu og er í CrossFit. Við köstum bolta í vegg og gerum alls konar æfingar. Og svo í lokin förum við í leik sem reynir á okkur. Ég er orðin miklu sterkari.

# Meira öskudags









**TMNT**
4.999 kr/stk

**Blíða**
3.999 kr/stk

**Hvolpasveit - Kappi**
4.999 kr/stk

**Spiderman**
4.999 kr/stk

Mesta úrval í Skeifu, Garðabæ, Smáralind og Kringlu minna í öðrum verslunum









**Grameðla**
4.999 kr/stk

**Disneyprinsessa - Fríða**
1.299 kr/stk

**Optimus Prime**
3.499 kr/stk

**Wonder Woman**
3.999 kr/stk

## AUKAHLUTIR Í ÚRVALI



HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Dregur úr úrkomu. Norðaustan 5-13 síðdegis með éljum fyrir norðan og austan, en léttir til sunnan heiða. Kólnandi veður.










| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík  | 3 °C 1 | -2 °C 5 | -3 °C 1 | -3 °C 1 | 1 °C 7 |
| Ísafjörður  | -1 °C 5 | -4 °C 5 | -6 °C 2 | -2 °C 2 | -3 °C 13 |
| Akureyri  | 1 °C 5 | -5 °C 3 | -6 °C 0 | -2 °C 9 | -5 °C 14 |
| Egilsstaðir  | 2 °C 5 | -3 °C 5 | -4 °C 2 | -3 °C 3 | -2 °C 1 |
| Kirkjubæjarklaustur  | 4 °C 3 | 1 °C 4 | 1 °C 1 | -2 °C 4 | 3 °C 6 |

### Heimurinn

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 5° | Oslo 2° | Stokkhólmur 4° | Gautaborg 2° | Helsinki 3° | Þórshöfn 6° | Nuuk -3° | Boston 0° | New York 0° | Orlando 17° |
| London 12° | Amsterdam 10° | París 13° | Berlín 5° | Madríd 17° | Brussel 10° | Róm 17° | Moskva -6° | Singapúr 28° | Tókýó 7° |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
Matarást
Alfræðibók um mat og matargerð
2990.-
Árni Árnason
Halldór Baldursson
geitungurinn
1
2
3
4
Skrifum, lesum, litum, lærum, leikum, klippum, límum
1990.- pakkinn
ÍSLAND
STRÍÐSÁRIN
1938–1945
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
3990.-
OPIÐ
KL. 10 – 21
ÖLL KVÖLD
BÓKA
MARKAÐURINN
Laugardalsvelli
22. FEBRÚAR - 10. MARS
ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA
KRISTBORG BÓEL
Tvö hundruð sextíu og einn dagur
1999.-
EFTIR HÖFUND 5:2-MATARÆÐISINS
DR. MICHAEL MOSLEY
8 VIKNA
BLÓÐSYKUR
KÚRINN
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ LÉTTAST HRATT OG KOMA LÍKAMANUM Í
1490.-
KAFTEINN OFURBRÓK
OG ENDURKOMA TÚRBÓ 2000 KLÓSETTSINS
HASAR
SPENNA
GRÍN
ELLEFTA SKÁLDVERKIÐ EFTIR DAV PILKEY
690.-
LÍFTAUG LANDSINS
9990.-
HENNING MANKELL
★★★★
ÍTALSKIR SKÓR
990.-
ÞÚSUND OG EIN
ÞJÓÐLEIÐ
★★★★★
MENNINGARVERÐLAUN DV 2011
2999.-
MINECRAFT
MINECRAFT
MINECRAFT
MINECRAFT
1890.- pakkinn
Thiago de Moraes
ATLAS GOÐSAGNA
2799.-

COVER ICELAND
Auðbrekku 10, 2. hæð,
200 Kópavogi
Netfang covericeland@covericeland.is
Sími 7777001



CoverIceland fagnar Góu og komandi vori með sérstökum afslætti á svalalokunum ef gengið er frá samningi fyrir 15. mars.

Svalalokun lengir sumarið og veitir möguleika á eigin gróðurhúsi á svölunum þínum.





LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





Ég teymi sjálfan mig alltaf í átt að nákvæmninni, segir Þorri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hin smágerða fegurð hversdagsins

**Þorri Hringsson sýnir í Galleríi Fold. Er með ótal myndir í höfðinu. Leitar í fegurðina.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þorri Hringsson sýnir ný olíumálverk í Galleríi Fold, en sýningin er opnuð í dag, laugardag. „Megnið eru spánnýjar myndir, langflestar málaðar á þessu ári en nokkrar eru frá árinu 2018. Myndefnið er allt frá Aðaldal,“ segir hann.

Myndirnar einkennast af mikilli nákvæmni. Þorri er spurður af hverju hann sé svo nákvæmur. „Ég veit það ekki,“ segir hann. „Ég hef reynt að gera myndir sem einkennast af minni nákvæmni en það gengur ekki. Ég teymi sjálfan mig alltaf í átt að nákvæmninni en það hefur líka skilað hlutum sem ég er mjög ánægður með. Það er eitthvað heillandi við smáatriði sem gerir það að verkum að ég geri hluti nákvæmari en þeir þyrftu að vera.“

Spurður hvort hann styðjist við ljósmyndir segir hann: „Ég mála ekki eftir ljósmyndum en í undirbúningsvinnu nýti ég ljósmyndir þegar ég er að reyna að fanga myndefnið.“

Þorri hefur málað náttúrumyndir í rúm tuttugu ár. „Þegar ég byrjaði vissi ég ekkert hvað ég væri að fara út í. Fólk heldur oft að það sé auðveldasti hlutur í heimi að mála landslagsmyndir, en það er það erfiðasta sem ég hef málað, og hef ég þó prófað alls konar hluti.“

## Myndir í höfðinu

Þorri er með vinnustofu í Haga í Aðaldal en þar fæddist faðir hans, Hringur Jóhannesson listmálari. Hann segist reyna að vera þar eins mikið og mögulegt sé. „Ég er farinn að þekkja ýmsa staði í Aðaldal mjög vel. Ég mála oft sömu staðina hvað eftir annað af því að fyrir mér eru þeir alltaf nýir. Ég er með ótal myndir í höfðinu en það er ekki endilega þannig að ég sé að leita að náttúrufyrirbæri til að mála, ég þekki það þegar það kallast á við myndina í höfðinu á mér.“



Þetta fallega olíumálverk er meðal verka á sýningunni í Galleríi Fold.

> ÞÓ ÞAÐ SÉ JARÐSPRENGJUSVÆÐI AÐ TALA UM FEGURÐ Á ÞESSUM TÍMUM ÞÁ STEND ÉG ÓHRÆDDUR MEÐ SJÁLFUM MÉR.

Loftslagsbreytingar valda breytingum á náttúrunni og spurður hvort hann hafi séð breytingar á náttúrunni í Aðaldal segir Þorri: „Eins og er sé ég ekki neitt í kortunum sem mun spilla þeirri náttúru sem ég hef í kringum vinnustofu mína í Haga. Ég sé hins vegar hraðar breytingar á náttúrunni sem eru aðallega fólgnar í því að það er að hlýna, gróðurtímabilið er lengra og á síðustu 20 árum er að myndast skógur þar sem áður voru ekki tré.“

## Fegurðin í hinu sjónræna

Enginn ætti að geta neitað því að mikil fegurð er í olíumálverkum Þorra. Spurður hvort fólk nefni þessa fegurð oft við hann segir hann svo vera. „Ég leita í fegurðina. Útgangspunktur minn í myndlist er fegurðin í hinu sjónræna. Án þess að ég geri lítið úr þeim krafti sem dregur annað fólk að myndlist þá get ég ekki hafnað því sem dregur mig að myndlistinni sem er fegurðin. Þó það sé jarðsprengjusvæði að tala um fegurð á þessum tímum þá stend ég óhræddur með sjálfum mér. Ég viðurkenni samt að til að byrja með var ég svolítið smeykur við þetta. Ég sé kollega mína oft dubba upp landslagsmyndir í einhvern konseptbúning af því þeir eru smeykir um að fegurðin sé ekki nógu merkileg.

Ég er búinn að vera að mála í rúm 20 ár og er að færast nær þeirri mynd sem mig langaði til að mála þegar ég var að byrja. Þetta er ekki hin upphafna rómantíska fegurð Ruskins og 19. aldar málaranna. Það er hin smágerða fegurð hversdagsins sem heillar mig. Þar er hverful birta, kyrrð og stemning í hinu smáa sem er svo nálægt. Fólki er svo gjarnt að sjá það ekki af því það er að horfa á fjallið sem er vissulega fallegt líka. Ég er orðinn ósmeykur við að halda fram fegurðinni sem gildi í sjálfu sér.“

# Velkomin á opið hús í dag í Listaháskóla Íslands kl. 12–16 Laugarnesvegi 91

# HÖNNUN- OG ARKITEKTÚR
# MYNDLIST
# SVIÐSLIST
# TÓNLIST
# LISTKENNSLA

**Opið er fyrir umsóknir í bakkalárnám og alþjóðlegt meistaranám til og með 29. mars***

**Opið er fyrir umsóknir í meistaranám í listkennslu og meistaranám í söng- og hljóðfærakennslu til og með 17. maí**

– Hittið nemendur og kennara
– Skoðið inntökumöppur
– Nemendaverkefni úr öllum deildum
– Lifandi tónlist
– Leiðsögn um skólann

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland University of the Arts

Sækið um á lhi.is

*Fyrir utan leikarabraut og alþjóðlega samtímadansbraut



## HÁSKÓLA DAGURINN

2. mars

f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn

## Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi

**Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands** verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands

**Háskóli Íslands** kynnir nám sitt á Háskólatorgi, í Aðalbyggingu, Öskju og Háskólabíói.

**Háskólinn í Reykjavík** kynnir nám sitt í Háskólanum í Reykjavík

**Háskólinn á Bifröst** kynnir nám sitt á Háskólatorgi Háskóla Íslands og í Háskólanum í Reykjavík

**Listaháskóli Íslands** kynnir nám sitt í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91

Fríar rútuferðir á milli HÍ, HR og LHÍ










Áhorfendur á öllum aldri geta fengið eitthvað fyrir sinn snúð, segir gagnrýnandi.

# Allt er gott í hófi

**LEIKRIT**

**Gallsteinar afa Gissa**

★★★½☆

**Kristín Helga Gunnarsdóttir, Karl Ágúst Úlfsson og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson**

**Leikfélag Akureyrar Samkomuhús**

**Leikstjórn:** Ágústa Skúladóttir
**Leikarar:** Benedikt Karl Gröndal, Birna Pétursdóttir, Jóhann Axel Ingólfsson, Karl Ágúst Úlfsson, María Pálsdóttir og Margrét Sverrisdóttir
**Með hlutverk barnanna fara:** Þórgunnur Una Jónsdóttir, Steingerður Snorradóttir, Örn Heiðar Lárusson og Daníel Freyr Stefánsson
**Tónlist:** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
**Leikmynd og búningar:** Þórunn María Jónsdóttir
**Danshreyfingar og aðstoðarleikstjóri:** Katrín Mist Haraldsdóttir
**Lýsing:** Lárus Heiðar Sveinsson
**Hljóð:** Gunnar Sigbjörnsson
**Hljómsveit á sýningum:** Jaan Alavere, Philip Doyle og Kristján Edelstein

Um síðastliðna helgi frumsýndi Leikfélag Akureyrar söngleikinn Gallsteinar afa Gissa, leiksýningu sem unnin er upp úr vinsælli barnabók eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, gefinni út fyrir fimmtán árum. Reyndar fékk sagan af systkinunum Grímu og Torfa leikrænt framhaldslíf í Útvarpsleikhúsinu árið 2016 en nú stökkva börnin tvö aftur saman á leiksviðið í splunkunýrri söngleikjaútfærslu.

Samkomuhúsið á Akureyri er kjörin staðsetning fyrir sýningu á borð við þessa enda bæði heillandi og notalegt leikhús, uppfullt af möguleikum. Nauðsynlegt er að hafa reynsluna með sér til að láta smæð sviðsins vera sýningunni í hag frekar en hamlandi afl, slíka reynslu hefur hönnuðurinn Þórunn María svo sannarlega. Leikmyndin er kannski einföld á að líta en litar sýninguna einstaklega skýrum litum og býr til rými á frumlegan hátt. Allt er einhvern veginn á skjön, sem endurspeglar átök vísitölufjölskyldunnar skemmtilega, og er baksviðið fimlega notað til að skapa sviðsdýpt. Búningahönnun hennar ber líka merki um hæfileika hennar til að draga fram súrrealískar áherslur hversdagsleikans.

Gríma og Torfi eru föst í fjölskyldu þar sem alltaf er verið að skipa þeim fyrir. Foreldrarnir eru of uppteknir til að vera til, hvað þá að sinna þeim nema þegar þau þurfa að gera eitthvað, og eldri bróðir þeirra er ömurlegur, eins og unglingar geta verið. Þau þrá frelsi og hömluleysi. Þegar systkinin fara í heimsókn til afa Gissa, sem er á spítala eftir gallsteinaaðgerð, opnast óvænt fyrir þeim töfraheimur þar sem allar þeirra óskir rætast en galli reynist á gjöf afa Gissa...

## Blikur á lofti

Handritið er samvinnuverk Kristínar Helgu, tónskáldsins Þorvaldar Bjarna og Karls Ágústs sem skapa ágæta umgjörð um málefni sem varðar allar nútímafjölskyldur í samstarfi við leikstjórann, Ágústu. Gallsteinar afa Gissa byrja vel og ná fljótlega góðri siglingu á meðan heimurinn og persónurnar eru kynntar til sögunnar. En eftir hlé birtast blikur á lofti. Vandamálið kjarnast í síðustu senum verksins þar sem alltof margar óþarfa persónur eru kynntar til leiks og kjarni verksins gleymist.

Þorvaldur Bjarni er þaulvanur leikhústónlist af öllu tagi, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld, og byrjar af krafti með fyrsta laginu í fullri lengd sem er bæði grípandi og eftirminnilegt. Harmsöngur unglingsins er sömuleiðis áhugaverður og hressi hamagangur heimilisföðurins eftir hlé en eini smellurinn er harðstjórasöngur móðurinnar í byrjun. Hér vantar fleiri lög sem hitta í mark. Danshreyfingar Katrínar Mistar eru sömuleiðis fín skygging en þær skortir skýrari áherslur.

## Trúverðugt samband

Ungmennin tvö, Steingerður og Örn Heiðar, leiddu frumsýninguna af mikilli prýði þrátt fyrir smá taugatrekking, allar líkur eru á því að Þórgunnur Una og Daníel Freyr verði alveg jafn heillandi. Mikilvægt er að muna fyrir leikara sem eru að stíga sín allra fyrstu sviðsskref að slíkar taugar eru eðlilegar fyrir hvaða leikara sem er, þeir eldri og reynslumeiri eru alls ekki undanskildir. Sambandið þeirra á milli var leikandi lifandi og trúverðugt þar sem samskipti systkina eru ekki alltaf auðveld. Einnig sungu þau bæði eins og leikhúsenglar.

Benedikt Karl hefur sýnt og sannað á þessu leikári að kómíkin á einstaklega vel við hann og honum tekst að gera æsinginn í Guðlaugi nánast harmrænan. Í hans meðferð sjá áhorfendur örvæntingu hressa pabbans greinilega sem gefur þessum annars einfalda karakter óvænta dýpt. Hann og María Pálsdóttir mynda frábært teymi, sérstaklega í byrjun verksins, en hún stelur algjörlega senunni sem harðstjóri heimilisins með fyrsta lagi sínu og frábærri líkamsbeitingu. En fljótlega fletjast persónur þeirra út og endurtekningarnar verða þreytandi.

Jóhann Axel er nýtt andlit á íslensku leiksviði og augljóslega leikari sem vert er að fylgjast vel með. Hann gefur sig allan í sín fjölmörgu hlutverk en nýtur sín þó sérstaklega sem samankrumpaði og súri unglingurinn Úlfur. Limaburður hans og líkamlegur styrkur er eftirtektarverður, sem og raddbeiting hans. Margrét og Birna fá minna úr að spila en skila sínu með ágætum, bæði í leik og söng.

## Ágústa á heimavelli

Þó að gallsteinarnir hans afa Gissa fari með stórt hlutverk í sýningunni þá stendur upprunalegi eigandinn til hliðar við framvinduna. Afi Gissi birtist líkt og álfamær, þegar eitthvað bjátar á, með töfralausnir sem virðast í fyrstu vera gulls ígildi en eru kannski bara glópagull. Hann meinar þó vel og Karl Ágúst skilar sínu hlutverki af fagmennsku og kæti, eins og hans er von og vísa.

Ágústa er reyndur leikstjóri og er hér á heimavelli. Hún leikstýrir ærslaganginum virkilega vel og viðvera lítillar hljómsveitar á sviðinu í völdum atriðum er einkar góð hugmynd. En heildin er óformuð og stundum agalaus. Atriðið eftir hlé, þar sem afi Gissi leikur við hvern sinn fingur og á maga er óþarfi. Þátttöku áhorfenda þarf að fara vel með en ekki nota í uppklapp eftir hlé. Tempóið er gírað upp alltof snemma, æsingurinn verður stundum ruglingslegur og sýningin siglir ekki auðveldlega í land gegnum ölduganginn en þangað þó.

Leikfélagi Akureyrar, undir regnhlíf Menningarfélags Akureyrar, hefur vaxið fiskur um hrygg síðan Marta Nordal tók við stjórnartaumunum og spennandi verður að sjá hvernig málin þróast. Gallsteinar afa Gissa er stórt skref í rétta átt þar sem áhorfendur á öllum aldri geta fengið eitthvað fyrir sinn snúð.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Þægileg og gamansöm skemmtun um fjölskyldu afa Gissa sem hefði mátt tálga betur.

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

## KLÁRT Í OFNINN FYRIR HELGAR BRUNCH FRÁ

## REMA 1000




REMA 1000
RÚNSTYKKI
305 kr.




REMA 1000
BRAUÐ FLAUTUR
264 kr.




REMA 1000
CROISSANT 6 STK.
420kr.




REMA1000
BARBECUE FLÖGUR
234 kr.




REMA1000
SALT FLÖGUR
221 kr.




LÍFRÆNAR
GRÆNMETIS FLÖGUR
307 kr.




SÝRÐUR RJÓMI
OG LAUKUR
234 kr.




SALMIAK
FROSKAR
180 kr.




BRJÓSTSYKUR
BLANDAÐ
180 kr.




LAKKRÍS
KONFEKT
248 kr.




HELGAR
MIX
272 kr.

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - 101 REYKJAVIK

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Laugardagur

hvar@frettabladid.is



JóiPé og Króli ásamt Stormy Daniels, bagdad brothers, Hórmónum, GRÓA koma fram á sniðgöngutónleikum vegna Eurovision. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## 2. MARS. 2019

**Hvað?** Sniðgöngutónleikar/Apartheid-free Eurovision Party
**Hvenær?** 20.30-01.00
**Hvar?** Húrra
Stormy Daniels, bagdad brothers, Hórmónar, GRÓA og Jóipé X Króli koma fram á tónleikum í tilefni þess að lokakvöld íslenska forvalsins fyrir Eurovision fer fram þrátt fyrir kröfur um að Ísland sniðgangi keppnina. Samstaða verður sýnd með Palestínumönnum.

**Hvað?** Sólstafir í Reykjavík
**Hvenær?** Kl. 23.00-01.00
**Hvar?** Hard Rock Cafe
Þrjú ár eru síðan Sólstafir léku á tónleikum í Reykjavík, en sveitin hefur verið á átján mánaða tónleikaferðalagi að fylgja eftir síðustu plötu sinni „Berdreyminn“ og spilað í Suður-Ameríku, Norður-Ameríku, Ástralíu og Evrópu. Þann 7. mars heldur sveitin út til meginlands Evrópu í tónleikaferð ásamt strengjasveit og mun leika í kirkjum og leikhúsum.

**Hvað?** Ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir
**Hvenær?** Kl. 10.30-13.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Hin árlega ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir verður nú haldin í 22. sinn í Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Umræður um gæði barnabóka náðu nýjum hæðum á árinu sem leið. Margir kölluðu eftir vandaðri vinnubrögðum en öðrum þótti gagnrýnin of hörð. Þá heyrðist jafnvel setningin: „Þetta er bara barnabók,“ og varð unnendum barnabóka bylt við.

**Hvað?** Einherjar mæta Hof Jokers
**Hvenær?** Kl. 19.30-21.15
**Hvar?** Vallakór 13
2. mars halda Einherjar, sem leika amerískan fótbolta, sinn tíunda keppnisleik á móti Hof Jokers frá Þýskalandi. Einherjar hafa sigrað síðustu þrjá andstæðinga sína og hafa í heildina unnið sex af þeim níu leikjum sem liðið hefur spilað gegn erlendum andstæðingum. Strákarnir hafa verið á gríðarlegri siglingu og stefnir í virkilega spennandi leik.

**Hvað?** Tónleikar með Hljómsveit Geirmundar Valtýs
**Hvenær?** Kl. 23.00-02.00
**Hvar?** Kringlukráin
Hljómsveit Geirmundar Valtýs býður til dansleiks á Kringlukránni í Kringlunni. Tónleikarnir eru liður í afmælishelgi Kringlukrárinnar og í tilefni af bæði afmælinu og þrjátíu ára afmæli bjórsins á Íslandi verður Egils Gull seldur á krana á þrjátíu ára gömlu verði.


## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 03.03 | kl. 13:00 U | Sun 24.03 | kl. 13:00 U | Sun 14.04 | kl. 13:00 U | Sun. 12.05 | kl 13:00 U |
| Sun 03.03 | kl. 16:00 U | Sun 24.03 | kl. 16:00 U | Sun 14.04 | kl. 16:00 U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 Ö |
| Sun 10.03 | kl. 13:00 U | Sun 31.03 | kl. 13:00 U | Sun 28.04 | kl 13:00 U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 |
| Sun 10.03 | kl. 16:00 U | Sun 31.03 | kl. 16:00 U | Sun 28.04 | kl. 16:00 U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 |
| Sun 17.03 | kl. 13:00 U | Sun 07.04 | kl. 13:00 U | Sun 05.05 | kl. 13:00 Ö | | |
| Sun 17.03 | kl. 16:00 U | Sun 07.04 | kl. 16:00 U | Sun 05.05 | kl. 16:00 U | | |



### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 02.03 | kl. 19:30 Ö | Lau. 09.03 | kl 19:30 U | Fös. 29.03 | kl 19:30 Ö |
| Fös. 08.03 | kl 19:30 U | Lau.23.03 | kl 19:30 Ö | Fös. 05.04 | kl 19:30 |



### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 01.03 | kl. 19:30 U | Fös. 15.03 | kl 19:30 U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 |
| Fim. 07.03 | kl. 19:30 U | Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl 19:30 Ö | Fös. 12.04 | kl 19:30 |



### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.03 | kl. 15:00 U | Lau 09.03 | Kl. 17:00 U | Sun. 24.03 | kl 15:00 U | Lau 06.04 | kl. 15:00 |
| Lau 02.03 | KL. 17:00 U | Sun. 17.03 | kl. 15:00 U | Sun. 24.03 | kl 17:00 U | Sun 07.04 | kl. 15:00 |
| Fim.07.03 | kl. 18:00 U | Sun. 17.03 | kl. 17:00 U | Lau. 30.03 | kl 15:00 U | | |
| Fös. 08.03 | kl. 18:00 U | Lau 23.03 | kl 15:00 U | Sun 31.03 | kl. 15:00 Ö | | |
| Lau 09.03 | kl. 15:00 U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 U | Sun.31.03 | kl 17:00 Ö | | |



### Súper
Kassinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 U | Mið 27.03 | kl. 19:30 U | Fim.04.04 | kl. 19:30 U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 U | Lau 06.04 | kl. 19:30 Au | | |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 U | Mið 10.04 | kl. 19:30 Au | | |
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 U | Fim 11.04 | kl. 19:30 Ö | | |



### Mið-Ísland
Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 02.03 | Kl. 19:30 | Fim. 07.03 | kl. 19.30 Ö | Fös. 08.03 | Kl. 22.00 U | Lau 09.03 | Kl. 22.00 |
| Lau. 02.03 | Kl. 22.00 | Fös. 08.03 | kl. 19.30 U | Lau 09.03 | kl. 19:30 | | |



### Improv
Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið. 06.03 | kl. 20:00 | Mið 20.03 | kl. 20:00 | Mið 03.04 | kl. 20:00 |
| Mið. 13.03 | kl. 20:00 | Mið 27.03 | kl. 20:00 | | |



### Bara góðar
Leikhúskjallarinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun. 03.04 | kl. 20:00 | Sun.17.03 | kl. 20:00 |



### Dimmalimm
Brúðuloftið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14.03 | Kl. 14.00 | Lau 23.03 | Kl. 14.00 | Lau 30.03 | Kl. 14.00 |

## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þri 12.03 | Kl 19:00 UF | Fös 22.03 | Kl 19:00 U | Sun 07.04 | Kl 19:00 Ö | Fös 26.04 | Kl 19:00 U |
| Mið 13.03 | Kl 19:00 UF | Lau 23.03 | Kl 19:00 U | Mið 10.04 | Kl 19:00 U | Sun 28.04 | Kl 19:00 U |
| Fim 14.03 | Kl 19:00 UF | Sun 24.03 | Kl 19:00 U | Fös 12.04 | Kl 19:00 U | Þri 30.04 | Kl 19:00 U |
| Fös 15.03 | Kl 19:00 U | Mið 27.03 | Kl 19:00 U | Lau 13.04 | Kl 13:00 U | Fim 02.05 | Kl 19:00 Ö |
| Lau 16.03 | Kl 19:00 U | Fim 28.03 | Kl 19:00 U | Sun 14.04 | Kl 19:00 U | Mið 08.05 | Kl 19:00 Ö |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 U | Sun 31.03 | Kl 19:00 U | Þri 16.04 | Kl 19:00 U | Fim 09.05 | Kl 19:00 Ö |
| Mið 20.03 | Kl 19:00 U | Mið 03.04 | Kl 19:00 U | Mið 24.04 | Kl 19:00 U | | |
| Fim 21.03 | Kl 19:00 U | Fös 05.04 | Kl 19:00 U | Fim 25.04 | Kl 19:00 Ö | | |



### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.03 | Kl. 20:00 U | Lau 06.04 | Kl. 20:00 | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Lau 08.06 | Kl. 20:00 |
| Fös 08.03 | Kl. 20:00 U | Lau 13.04 | Kl. 20:00 | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Lau 15.06 | Kl. 20:00 L |
| Lau 09.03 | Kl. 20:00 U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | | |
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | | |



### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 03.03 | Kl. 20:00 U | Fös 29.03 | Kl. 20:00 Ö | Fim 04.04 | Kl. 20:00 Au | Fim 11.04 | Kl. 20:00 Au |



### Fólk, staðir og hlutir
Litla sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.03 | Kl. 20:00 U | Fös 08.03 | Kl. 20:00 U | Mið 13.03 | Kl. 20:00 Ö | Lau 16.03 | Kl. 20:00 |
| Mið 06.03 | Kl. 20:00 U | Lau 09.03 | Kl. 20:00 U | Fim 14.03 | Kl. 20:00 | Sun 17.03 | Kl. 20:00 L |
| Fim 07.03 | Kl. 20:00 U | Sun 10.03 | Kl. 20:00 U | Fös 15.03 | Kl. 20:00 | | |



### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.03 | Kl. 20:00 Ö | Fös 08.02 | Kl. 20:00 Ö | Lau 09.03 | Kl. 20:00 Ö | Fös 15.03 | Kl. 20:00 Ö |



### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 U | Þrið 24.04 | Kl. 20:00 U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 U | | |



### Club Romantica
Nýja sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun 03.03 | Kl. 20:00 Ö | Fim 07.03 | Kl. 20:00 Ö |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 Ö |



### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Lau 11.05 | Kl. 20:00 |



ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



Hluti af sýn
VILTU Í ALVÖRU
DEYJA?
SUNNUDAG
Ný og áhrifamikil þáttaröð úr smiðju Lóu Pind þar sem hún ræðir við aðstandendur þeirra sem hafa svipt sig lífi. Tugir Íslendinga svipta sig lífi á hverju ári, dýrmæt líf tapast og eftir sitja ástvinir sem bera sorgina með sér og spurningar sem enginn nema hinn látni getur svarað.
Hvað hrekur fólk út á ystu nöf? Hvað getum við gert til að hjálpa fólki sem finnst dauðinn betri kostur en lífið sjálft?
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817
Ef þú ert að hugleiða sjálfsvíg
Hjálparsími Rauða krossins 1717

## Söngvakeppnin 2019




**Úrslit**
í kvöld kl 19.45

Bein útsending frá Laugardalshöll þar sem ræðst hvaða lag fer fyrir Íslands hönd í Eurovision. Kynnar kvöldsins eru Fannar Sveinsson, Benedikt Valsson og Björg Magnúsdóttir.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Úmísúmí**
**07.39 Rán og Sævar**
**07.50 Letibjörn og læmingjarnir**
**07.57 Froskur og vinir hans**
**08.04 Hinrik hittir**
**08.09 Klingjur**
**08.20 Eysteinn og Salóme**
**08.32 Millý spyr**
**08.39 Með afa í vasanum**
**08.51 Stundin okkar**
**09.15 Bitið, brennt og stungið**
**09.30 Tobias og sætabrauðið**
**10.00 EM í frjálsíþróttum innanhúss** Bein útsending frá EM í frjálsum íþróttum innanhúss í Glasgow.
**12.50 Hemsley-systur elda hollt og gott** Systurnar Jasmine og Melissa Hemsley töfra fram holla og lystuga rétti í þessum matreiðsluþætti frá BBC.
**13.15 Gettu betur Fyrri undanúrslit**
**14.15 Vikan með Gísla Marteini**
**15.00 Kiljan**
**15.40 Upphaf lífs** Heimildarmynd þar sem steindafræðingurinn Robert Hazen ferðast um heiminn og útskýrir hvernig er talið að líf hafi fyrst kviknað á jörðinni.
**16.35 Leitin að hinum fullkomna líkama**
**17.20 Sagan bak við smellinn - Blue Monday**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hjá dýralækninum**
**18.05 Strandverðirnir**
**18.14 Ósagða sagan**
**18.41 Slagarinn Popplag í G-dúr** Popplag í G-dúr er einmitt í G-dúr - magnað. Endilega grípið gítarinn og syngið með okkur þennan alíslenska klassíska slagara.
**18.45 Vísindahorn Ævars Stærðfræði** Þáttarbrot með Ævari vísindamanni fyrir krakka á öllum aldri.
**18.53 Lottó**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Söngvakeppnin 2019 Úrslit** Bein útsending frá úrslitum Söngvakeppninnar 2019 í Laugardalshöll. Í kvöld ræðst hvaða lag fer fyrir Íslands hönd í Eurovision í Tel Aviv. Kynnar kvöldsins eru Fannar Sveinsson, Benedikt Valsson og Björg Magnúsdóttir.
**22.05 Bíóást. Jaws Ókindin** Í vetur sýnir RÚV vel valdar kvikmyndir sem hafa valdið straumhvörfum í kvikmyndasögunni.
**00.10 The Truman Show Truman-þátturinn** Jim Carrey fer með aðalhlutverkið í tragikómískri kvikmynd um tryggingasölumann sem uppgötvar að allt hans líf er sviðsettur sjónvarpsþáttur. Myndin var tilnefnd til þrennra Óskarsverðlauna, meðal annars fyrir besta leik í aðalhlutverki. Leikstjóri. Peter Weir. Leikarar. Jim Carrey, Ed Harris og Laura Linney.
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 The Honda Classic**
**12.00 WGC. Mexico Championship**
**14.00 The Honda Classic**
**18.00 The Honda Classic** Bein útsending frá The Honda Classic á PGA mótaröðinni.
**23.00 Golfing World**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Baggalútur í Rússlandi**
**13.50 Happy Together**
**14.15 The Bachelor**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Futurama**
**17.55 Family Guy**
**18.20 Our Cartoon President**
**18.45 Glee**
**19.30 The Voice US**
**20.10 Playing for Keeps**
**21.55 21 Jump Street**
**23.45 The Rock**
**02.00 The Guardian** Ben Randall er björgunarsundmaður hjá strandgæslunni. Þegar áhöfnin hans deyr í slysi og hjónabandið endar með skilnaði, þá biður yfirmaður hans hann um að þjálfa unga björgunarsundmenn í herskólanum. Hann kynnist þar Jake, sem er efnilegur en sjálfumglaður, þar sem hann var eitt sinn sundmeistari.
**04.25 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Til allra átta**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Í ljósi skáldsögunnar - um Milan Kundera og verk hans**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Á reki með KK**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Blindfull á sólríkum degi Svik og háski**
**11.00 Fréttir**
**11.02 Vikulokin**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**13.00 Gestaboð**
**14.00 Það er allt í lagi að leggja sig á daginn**
**15.00 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Orð um bækur**
**17.00 Tónlist frá A til Ö**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Í ljósi sögunnar**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sveifludansar Herbie Mann, Contemporay Piano Ensemble og kvintett Mike Nock**
**20.45 Fólk og fræði Hamfarir og heimsendir**
**21.15 Bók vikunnar**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.18 Brot af eilífðinni Frank Sinatra, fyrri hluti**
**23.00 Vikulokin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.50 Cry Baby**
**10.15 Florence Foster Jenkins**
**12.05 Grassroots**
**13.45 Mr. Deeds**
**15.25 Cry Baby**
**16.50 Florence Foster Jenkins**
**18.40 Grassroots**
**20.20 Mr. Deeds**
**22.00 The Hitman's Bodyguard**
**00.00 Sniper. Ultimate Kill**
**01.35 Lily & Kat**
**03.05 The Hitman's Bodyguard**

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Kormákur**
**07.40 Dóra og vinir**
**08.05 Víkingurinn Viggó**
**08.15 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**08.30 Billi Blikk**
**08.45 Kalli á þakinu**
**09.05 Dagur Diðrik**
**09.30 Latibær**
**09.55 Lína Langsokkur**
**10.20 K3**
**10.30 Ninja-skjaldbökurnar**
**10.55 Friends**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Seinfeld**
**14.10 Seinfeld**
**14.35 American Woman**
**15.00 The Great British Bake Off**
**16.05 Grey's Anatomy**
**16.55 Six Robots and Us**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.05Lottó**
**19.10 Coraline**
**20.50 We're the Millers**
**22.40 Winchester**
**00.10 The Greatest Showman**
**01.55 2 Guns**
**03.45 Breakable You**

## STÖÐ 3

**15.20 Friends**
**17.05 Friends**
**17.30 The Goldbergs**
**17.55 Maður er manns gaman**
**18.25 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**18.50 Gulli byggir**
**19.20 Masterchef USA**
**20.00 Brother vs. Brother**
**20.45 Here and Now**
**21.45 Luck**
**22.45 Banshee**
**23.45 American Horror Story. Cult**
**00.30 Boardwalk Empire**
**01.25 How To Make It in America**
**01.55 Masterchef USA**
**02.35 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Cagliari - Inter**
**09.10 La Liga Report**
**09.40 Leeds - WBA**
**11.20 PL Match Pack**
**11.50 Premier League Preview**
**12.20 Tottenham - Arsenal** Bein útsending
**14.50 Manchester United - Southampton** Bein útsending
**17.00 Laugardagsmörkin**
**17.20 West Ham - Newcastle** Bein útsending.
**19.40 Real Madrid - Barcelona Bein útsending.**
**21.45 Búrið**
**22.20 Fylkir - ÍBV**
**00.00 UFC Now**
**00.50 UFC Unleashed**
**01.40 Búrið**
**02.15 UFC Countdown**
**03.00 UFC 235. Jones vs Smith** Bein útsending frá UFC 235.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15 Manchester City - West Ham**
**08.55 Liverpool - Watford**
**10.35 HK - Valur**
**12.15 Afturelding - Valur**
**13.45 Seinni bylgjan**
**15.15 Cagliari - Inter**
**16.55 AC Milan - Sassuolo** Bein útsending
**19.00 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**19.25 Lazio - Roma** Bein útsending.
**21.30 Bournemouth - Manchester City**
**23.10 Wolves - Cardiff**
**00.50 Burnley - Crystal Palace**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin








ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Helgarspjall á Rás 2




laugardag kl. 9

Gísli Marteinn og Björg hita upp fyrir Söngvakeppnina og fá Eyjólf Kristjánsson og Sigríði Beinteinsdóttur í heimsókn.




sunnudag kl. 8

Felix fer yfir úrslitin í Söngvakeppninni 2019 og Karl Ágústs Úlfsson, leikari verður gestur Fimmunar.




sunnudag kl. 10

Hallgrímur Helgason rithöfundur er gestur Jóns á sunnudagdsmorgni.




sunnudag kl. 12.40

Lóa Pind Aldísardóttir, Sigurþóra Bergsdóttir og Guðrún Ingvarsdóttir eru gestir Hrafnhildar í Sunnudagssögum.

RÁS 2 fyrst og fremst




# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15 KrakkaRÚV**
**07.16 Begga og Fress**
**07.28 Molang Molang**
**07.32 Bréfabær**
**07.43 Söguhúsið**
**07.51 Hæ Sámur**
**07.58 Húrra fyrir Kela**
**08.21 Hvolpasveitin**
**08.44 Alvinn og íkornarnir**
**08.55 Disneystundin**
**08.56 Nýi skólinn keisarans**
**09.17 Sígildar teiknimyndir**
**09.24 Dóta læknir**
**09.45 Krakkafréttir vikunnar**
**10.05 Dýrabörn**
**11.00 Silfrið**
**12.10 Menningin - samantekt)**
**12.40 Sinfóniutónleikar - Í fjarlægum heimi Anna Þorvaldsdóttir og Dutilleux** Flutt verður verk Önnu Þorvaldsdóttur, Aeriality og selló konsert eftir Dutilleux.
**13.35 Basl er búskapur**
**14.05 Söngvakeppnin 2019 Úrslit**
**16.10 Jakob Jensen.hönnuður og arkitekt** Danskur heimildarþáttur um Jakob Jensen, heimsfrægan hönnuð og arkitekt sem lýsir leiðinni á toppinn sem er þyrnum stráð og kostnaðarsöm.e.
**16.45 Gerska ævintýrið** Í júní 2018 héldu þúsundir Íslendinga til Rússlands þar sem íslenska karlalandsliðið í fótbolta tók þátt í heimsmeistaramótinu.Guðmundur Björn Þorbjörnsson, fréttamaður, og Grímur Jón Sigurðsson, myndatökumaður, slógust í för með liðinu og stuðningsmönnum þess og ferðuðust frá Moskvu til Rostov í gegnum hina sögufrægu borg Volgograd.Rússland á sér ríka sögu og þrátt fyrir að fótboltinn hafi verið í fyrirrúmi lætur saga þessa merkilega lands engan ósnortinn.Á framandi slóðum getur líka ýmislegt komið upp á og því fengu Guðmundur og Grímur svo sannarlega að kynnast.e.
**17.20 Nýja afríska eldhúsið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Neytendavaktin**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Landinn** Þáttur um lífið í landinu. Landinn ferðast um og hittir fólk sem er að gera áhugaverða og skemmtilega hluti. Umsjónarmenn eru Gísli Einarsson, Þórgunnur Oddsdóttir, Edda Sif Pálsdóttir, Gunnar Birgisson og Halla Ólafsdóttir.
**20.20 Ófærð - Á bak við tjöldin**
**21.05 Sæluríki**
**21.55 Babýlon Berlín** Þýsk glæpaþáttaröð um lögreglumanninn Gereon Rath sem er sendur frá Köln til Berlínar til að rannsaka undirheima borgarinnar á seinni hluta þriðja áratugs síðustu aldar. Þættirnir eru byggðir á skáldsögum eftir þýska rithöfundinn Volker Kutscher. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.45 Svefninn langi**
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.05 PGA Highlights**
**09.00 Golfing World**
**09.50**
**The Honda Classic**
**14.50 Waste Management Phoenix Open**
**17.35 Inside the PGA Tour**
**18.00 The Honda Classic** Bein útsending frá lokadegi The Honda Classic á PGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 The F Word (US)**
**13.50 The Good Place**
**14.15 Life Unexpected**
**15.00 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 90210**
**18.15 Lifum lengur**
**18.50 Með Loga**
**19.45 Happy Together**
**20.10 This Is Us**
**21.00 Law and Order.Special Victims Unit**
**21.50 The Truth About the Harry Quebert Affair**
**22.35 Ray Donovan**
**23.35 The Walking Dead**
**00.20 The Messengers**
**01.05 The Man with the Golden Gun**
**03.15 Escape at Dannemora**
**04.15 Blue Bloods**
**05.00 MacGyver**

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.03 Tríó**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Á tónsviðinu**
**09.00 Fréttir**
**09.03 Samtal Samtal um ríkisvald og trúarbrögð**
**10.00 Fréttir**
**10.05 Veðurfregnir**
**10.15 Bók vikunnar Með köldu blóði**
**11.00 Guðsþjónusta í Laugarneskirkju**
**12.00 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**13.00 Sögur af landi Rannsókn**
**14.00 Víðsjá**
**15.00 Grár köttur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Úr tónlistarlífinu.Kordo kvartettinn**
**17.25 Orð af orði Orðapör**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.10 Börn alkóhólista Svik og háski**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óskastundin**
**19.40 Orð um bækur**
**20.35 Gestaboð**
**21.30 Fólk og fræði Borgin sem aldrei sefur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Á reki með KK**
**23.10 Frjálsar hendur**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.55 Where To Invade Next**
**08.55 Experimenter**
**10.35 Tumbledown**
**12.20 Dressmaker**
**14.15 Where To Invade Next**
**17.55 Tumbledown**
**19.40 Dressmaker**
**22.00 The 15.17 to Paris**
**23.35 The Zookeeper's Wife**
**01.40 Dirty Weekend**
**03.15 The 15.17 to Paris**

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Tindur**
**07.40 Blíða og Blær**
**08.05 Skoppa og Skrítla á póstkorti um Ísland**
**08.20 Heiða**
**08.45 Mæja býfluga**
**09.00 Tommi og Jenni**
**09.25 Latibær**
**09.50 Ævintýri Tinna**
**10.15 Lukku-Láki**
**10.40 Friends**
**11.05 Ninja-skjaldbökurnar**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 Jane Fonda in Five Acts**
**16.05 Catastrophe**
**16.35 Heimsókn**
**17.00 Um land allt**
**17.40 60 Minutes**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.10 The Great British Bake Off**
**20.10 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?**
**20.45 Springfloden**
**21.30 Mr. Mercedes**
**22.30 Shameless**
**23.25 Burðardýr**
**00.05 Manifest**
**00.50 Steypustöðin**
**01.20 Harry Potter and the Deathly Hallows.Part 1**
**03.45 Castle Rock**
**04.40 Castle Rock**
**05.25 Castle Rock**

## STÖÐ 3

**15.55 Seinfeld**
**16.20 Seinfeld**
**16.45 Seinfeld**
**17.10 Seinfeld**
**17.35 Seinfeld**
**18.00 Mayday**
**18.45 Léttir sprettir**
**19.10 Mr Selfridge**
**20.00 Homeland**
**20.55 Rita**
**21.40 The Deuce**
**22.40 American Horror Story.Cult**
**23.25 Boardwalk Empire**
**00.25 Curb Your Enthusiasm**
**01.00 Mr Selfridge**
**01.50 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.30 Brighton - Huddersfield**
**10.10 West Ham - Newcastle**
**11.50 Watford - Leicester Bein útsending**
**13.55 Fulham - Chelsea Bein útsending**
**16.05 Everton - Liverpool Bein útsending**
**18.20 Tottenham - Arsenal**
**20.00 Messan**
**21.00 Atalanta - Fiorentina**
**22.40 Skallagrímur - Þór Þorl.**
**00.20 Grindavík - KR**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.30 Lazio - Roma**
**10.10 AC Milan - Sassuolo**
**11.50 Fylkir - ÍBV**
**13.30 Real Madrid - Barcelona**
**15.10 Real Betis - Getafe**
**17.25 Real Sociedad - Atletico Madrid** Bein útsending
**19.25 Napoli - Juventus** Bein útsending
**21.30 UFC 235.Jones vs Smith**
**00.00 Valencia - Athletic Bilbao**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# KRAKKA DAGAR




COLUMBIA BARLOW PASS 600 TURBO ÚLPA
FULLT VERÐ 19.995 KR.
**TILBOÐ 13.997 KR.**




TODDLER ROXY PRO-LITE ÚLPA
FULLT VERÐ 8.995 KR.
**TILBOÐ 4.498 KR.**




DIDRIKSON POLLAGALLI
FULLT VERÐ 9.995 KR.
**TILBOÐ 7.996 KR.**




DIDRIKSON MOARRI SETT
FULLT VERÐ 5.695 KR.
**TILBOÐ 4.556 KR.**




DEVOLD DUO JR.ZIP
FULLT VERÐ 7.995 KR.
**TILBOÐ 6.396 KR.**




TODDLER CHARLIE KULDAKALLI
FULLT VERÐ 12.995 KR.
**TILBOÐ 6.498 KR.**




DIDRIKSON BIGGLES GALON HÚFA
FULLT VERÐ 2.595 KR.
**TILBOÐ 2.076 KR.**




DEVOLD DUO JR.ZIP
FULLT VERÐ 7.995 KR.
**TILBOÐ 6.396 KR.**




SOREL YOOT PAC NYLON KULDASKÓR
FULLT VERÐ 12.995 KR.
**TILBOÐ 10.396 KR.**




DIDRIKSON HANSKAR
FULLT VERÐ 1.995 KR.
**TILBOÐ 1.596 KR.**




COLUMBIA FREE FALL ÚLPA
FULLT VERÐ 13.995 KR.
**TILBOÐ 9.797 KR.**




SOREL YOOT PAC CHILDREN KULDASKÓR
FULLT VERÐ 12.995 KR.
**TILBOÐ 10.396 KR.**

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**



Grímur og hálsmen þakin stórum göddum voru í aðalhlutverki hjá Gucci.

Frá sýningu Versace.

# Pönkið snýr aftur

Tískuvikurnar eru nú nánast á enda og er París síðasta stoppið. Þar fáum við að sjá tískustraumana og flíkurnar fyrir næsta vetur, en þar stendur pönkið upp úr.

Pönkið kom bæði fram í skartgripum og fatnaði, en tískuhúsið Gucci var með grímur og gaddahálsmen. Rauðköflótt, blúndur og leður voru svo áberandi hjá Prada, Marni, Versace og Tod's. Glamour hefur tekið nokkrar myndir saman sem sýnir það að pönkið verður vinsælt næsta haust.



Köflótt hjá Dior.



Síður leðurjakki og keðja um hálsinn frá Tod's.



Mikið var um hálsmen á sýningu Marni, en svartur varalitur setti punktinn yfir i-ið.



Frá sýningu Gucci.



Á sýningu Prada var mörgu blandað saman, blúndu, röndum og svörtum fléttum sem minna á Wednesday Addams í Addams Family.





Komin í bíó

Sýnd með íslensku, ensku og pólsku tali

LAUGARÁS BÍÓ
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
BORGARBÍÓ





Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.

• Facebook • Instagram • Twitter

ego dekor

# MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU





DENTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta Breidd: 198cm – Verð: 185.000,-
2ja sæta Breidd: 145cm – Verð: 159.000,-
Stóll Breidd: 89cm – Verð: 93.000,-

ERIC SKENKUR
Breidd: 170cm
Verð: 159.900,-



CAMILO TUNGUSÓFI
Stærð: 297X172cm –
með stillanlegum höfuðpúðum
Verð: 269.900,-



NOTTINGHAM BORÐ – gegnheill acacia viður
Stærð: 240X100cm (ÁN STÆKKANA) Verð: 188.000,-
Stærð: 200(300) X 100cm (2 x 50cm stækkanir) Verð: 219.000,-
Stærð: 240(340) X 100cm (2 x 50cm stækkanir) Verð: 239.000,-



RUSTIC SÓFABORÐ – gegnheill acacia viður
Stærð: 120X65cm
Verð: 58.000,-



DELTA STÓLL
Verð: 19.900,-



CONNOR STÓLL
Verð: 27.000,-



CANE STÓLL
~~Verð: 21.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 17.520,-



TYLER STÓLL
Verð: 19.900,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S. 544 4420

# Áttavilltur Óskar stuðar

## Þrátt fyrir að vera allra góðra gjalda verð þykir Green Book tæpast standa undir Óskarsverðlaununum sem besta myndin



Þótt Spike Lee sé fyrirmunað að tapa með stæl hefur hann margt til síns máls eftir að hafa í tvígang mátt, með 30 ára millibili, lúta í lægra haldi fyrir glansmyndum af ökuferðum svartra og hvítra.







Green Book þykir hafa skorið Crash úr snöru lélegustu verðlaunamyndar síðari ára. Báðar eru þó margfalt betri en Shakespeare in Love og Chicago en þar er óhætt að tala um alvöru skandal.

Við þurfum að tala um Óskar. Samt ekki nema aðeins fyrir þá krónísku og útbreiddu ranghugmynd að Óskarsverðlaunin séu einhver yfirnáttúrlegur mælikvarði á gæði kvikmynda og verka alls þess óteljandi lista- og fagfólks sem leggur hönd á plóg við gerð hverrar kvikmyndar.

Óskarinn hringsnýst fyrst og fremst um alls konar pólitík og sveiflast eins og rótlaust þangið eftir hvikulum samfélagsstraumum þannig að „besta myndin“ er síður en svo alltaf besta myndin. Slíkt mat er þar fyrir utan vitaskuld alltaf persónulegt þannig að engin ein niðurstaða er rétt.

Áður en lengra er haldið er rétt að halda því vandlega til haga að Green Book er ákaflega góð mynd, krúttleg og fantavel leikin enda gaf undirritaður henni fjórar stjörnur í dómi í Fréttablaðinu og hafði meðal annars þetta um hana að segja:

„Margtuggin klisja um óvænta vináttu ólíkra manna verður eitthvað annað og miklu meira í þessari fallegu og bráðskemmtilegu mynd sem aðalleikararnir tveir hlaða krafti, gleði og hlýju.“

Breytir því samt ekki að auðvitað vekur það almenna furðu og reiði hjá tapsárum að Green Book skuli tekin fram yfir til dæmis Vice, The Favourite og Roma, miklu betri og dýpri myndir.

Þar fyrir utan geta aðeins Roma og The Favourite talist standa undir stöðluðum kröfum fólks til „Óskarsverðlaunamynda“ og Roma er langbest. Hún átti samt aldrei séns. Í fyrsta lagi á Akademían til sérstaka málamyndaruslakistu, „besta erlenda myndin“, fyrir myndir þar sem talaðar eru annarlegar tungur. Þar fyrir utan er Roma eyrnamerkt efnisveitunni Netflix en Hollywood-elítan hatar það fyrirbæri heitar en svæsnustu inflúensu.

Green Book græddi þarna, eins og margar myndir áður, á músarholusjónarmiðum sem eru jafn þröng hvort sem er í Reykjavík eða Los Angeles. Og eins og vera ber er auðveldast að sameinast um lægsta samnefnarann þar og hér.

Spike Lee hefur meira að segja alveg efni á því að vera brjálaður eftir að hafa nú tapað í tvígang fyrir glansmyndum af sótthreinsuðum samskiptum bleiknefja og þeldökkrar manneskju í bílum. Lee, eins leiðinlegur og hann getur verið átti brýnt erindi 1989 með Do the Right Thing þegar hann mátti lúta í lægra haldi fyrir Driving Miss Daisy sem hafði í raun ekkert fram að færa.

Og eins og hann bendir á núna hefur ekkert breyst á þessum 30 árum annað en bílstjóra og farþega er hrókerað og þrátt fyrir öll krúttlegheitin er Green Book eins og Obama hafi ekki verið í Hvíta húsinu í átta ár.

thorarinn@frettabladid.is



# 50-80% AFSLÁTTUR

diskó friskó

# SKÓPARTÝ Í TOPPSKÓNUM

## 1.-31. MARS

**NÝJAR VÖRUR DAGLEGA FRÁ:**

**Ecco, Steinar Waage, Kaupfélaginu, Kox, Air, Skechers og Ellingsen**

## BARNA



50%

**Skechers**
St. 27-35. 2 litir
8.995
**4.497**



50%

**Ecco**
St. 27-35. Bleikur
13.995
**6.997**



50%

**Heelys**
St. 31-40,5. Margir litir
12.995
**6.497**



50%

**Hummel**
St. 27-38. 3 litir
12.995
**6.497**

## DÖMU



50%

**Aerosoles**
St. 36-41. Svartir
14.995
**7.497**



60%

**Ecco**
St. 36-42. svartir
19.995
**7.998**



50%

**Six Mix**
St. 36-42. Margir litir
15.995
**7.997**



50%

**Adidas**
St. 36-45,5. Margir litir
16.995
**8.497**

## HERRA



80%

**Canguro**
St. 41-46. 2 litir
14.995
**2.999**



70%

**Ecco**
St. 39-47. Svartir
15.995
**4.798**



50%

**IMAC**
St. 41-46. 2 litir
14.995
**7.497**



50%

**NIKE**
St. 41-47. 3 litir
18.995
**9.497**

| Smáratorgi, Kópavogi | |
|---|---|
| Opið virka daga | 11.00-18.00 |
| Laugardaga | 11.00-18.00 |
| Sunnudaga | 12.00-18.00 |

| Vínlandsleið, Grafarholti | |
|---|---|
| Opið virka daga | 11.00-18.00 |
| Laugardaga | 11.00-18.00 |
| Sunnudaga | 12.00-17.00 |

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi
Outlet Grafarholti

## Lífið í vikunni 23.02.19–02.03.19



### LEYFIR GESTUM AÐ HÚÐFLÚRA SIG Á SÝNINGU

Almar Steinn Atlason sem er líklega hvað þekktastur sem Almar í kassanum eftir að hafa dvalið nakinn í kassa árið 2015 sýnir ekki síður djörfung í nýjasta verki sínu.

### TÓK Á MÓTI EDDU ÓLÉTT AF FIMMTA BARNI SÍNU

Andrea Eyland Björgvinsdóttir lyfti á laugardaginn Edduverðlaunum fyrir mannlífsþátt ársins, Líf kviknar, en Andrea á von á sínu fimmta barni; áttunda barni hennar og kærastans samtals.





### KASSAGERÐARAFKLIPPUR MÖRKUÐU UPPHAFIÐ

Grafíski hönnuðurinn og teiknarinn Þórir Karl Bragason Celin segir samstarf við aðra teiknara mikilvægt en þessa dagana má sjá afrakstur samstarfs hans við teiknarann Sölva Dún á Session Craft Bar.

### BLACK EYED PEAS SPILAR Á SECRET SOLSTICE

Staðfest er að hljómsveitin Black Eyed Peas mætir á Secret Solstice í júní með 35 manna fylgdarlið. Víkingur Heiðar Arnórsson, framkvæmdastjóri hjá Secret Solstice, lofar að öllu verði tjaldað til.



# Vilja ljá erlendum konum rödd

Vinkonurnar **Chanel Björk Sturludóttir** og **Elínborg Kolbeinsdóttir** standa þann 7. mars næstkomandi fyrir viðburðinum Hennar rödd á Kexi Hosteli í tilefni af alþjóðlega kvennadeginum.

Viðburðurinn á Kexi hosteli verður í formi pallborðsumræðna með konum af erlendum uppruna á Íslandi með það að leiðarljósi að gefa þessum konum tækifæri til að deila upplifun sinni af íslensku samfélagi.

„Hugmyndina að viðburðinum má rekja til móður Chanel, Letetia B. Jonsson, en hún er bresk kona af jamaískum uppruna sem giftist íslenskum manni og flutti með honum til landsins með börnunum þeirra árið 2004. Á meðan hún bjó á Íslandi tók hún virkan þátt í menningarheimi kvenna af erlendum uppruna. Hún kynntist mörgum frambærilegum konum sem höfðu svipaðan bakgrunn og upplifðu sömu hindranir hvað varðar aðlögun að menningu og tungumáli landsins,“ svarar Elínborg.

„Sjálfsævisaga Amalíu Líndal, Ripples from Iceland, vakti meðal annars áhuga hennar á málefnum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Amalía var bandarísk kona sem flutti til Íslands árið 1949 eftir að hafa gifst íslenskum manni. Í bókinni skrifar Amalía um upplifun sína af íslensku samfélagi og þeim erfiðleikum sem hún mætti, meðal annars varðandi uppeldi á börnum sínum sem fór fram í ókunnugu landi þar sem hún fann fyrir miklum menningarmun og tungumálaörðugleikum.“

### Safnaði sögum kvenna

„Mömmu fannst saga Amalíu bæði heillandi og kunnugleg þrátt fyrir að upplifanir þeirra hafi átt sér stað með löngu millibili. Eftir áhrifamikinn lestur á bók Amalíu ákvað hún að byrja á verkefni þar sem hún tók viðtöl við frambærilegar konur af erlendum uppruna á Íslandi með því markmiði að gefa út bók til heiðurs þeim og þeirra framlagi til íslensks samfélags. Ekki náðist að ljúka við verkefnið vegna ýmissa ástæðna, en það varð til þess að kvöld eitt byrjuðum við vinkonurnar að rifja upp þessa upplifun hennar af íslensku samfélagi og verkefninu sem hún var frumkvöðull að. Út frá þeim samræðum varð hugmyndin að Hennar rödd til, þar sem við sameinuðum fjölskyldubakgrunn minn og þekkingu Elínborgar á sviði mannréttinda en hún er útskrifuð með MA-próf í mannréttindum og starfsnemi á Mannréttindaskrifstofu,“ segir Chanel.



Þær Chanel Björk Sturludóttir og Elínborg Kolbeinsdóttir segja þörf á aukinni menningarvitund í íslensku samfélagi. MYND/ANTON BRINK

> **HUGMYNDINA AÐ VIÐBURÐINUM MÁ REKJA TIL MÓÐUR CHANEL, LETETIA B. JONSSON, EN HÚN ER BRESK KONA AF JAMAÍSKUM UPPRUNA SEM GIFTIST ÍSLENSKUM MANNI OG FLUTTI MEÐ HONUM TIL LANDSINS MEÐ BÖRNUNUM ÞEIRRA ÁRIÐ 2004.**

Þær stöllur segjast hafa valið konur til að taka þátt í umræðunum bæði konur sem hafa verið sýnilegar í samfélaginu en einnig fengu þær ábendingar. Úr varð fjölbreyttur hópur: Edythe Mangindin, ljósmóðir, hjúkrunarfræðingur og ritari Samtaka kvenna af erlendum uppruna (W.O.M.E.N. in Iceland), Claudia Ashonie Wilson, lögfræðingur hjá Rétti, Zahra Mesbah, tannlæknanemi sem kom til Íslands sem flóttamaður frá Afganistan, Sanna Magdalena, oddviti Sósíalistaflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur, og Anna Marta Marjankowska, meðstjórnandi Eflingar. „Okkur þykir mikilvægt að viðburðurinn sé á faglegu plani og að sérfræðingur á þessu sviði leiði umræðurnar áfram og fengum því Fríðu Rós Valdimarsdóttur, sérfræðing hjá Jafnréttisstofu, til að sjá um fundarstjórn á viðburðinum.“

### Þörf á meiri menningarvitund

„Hópur fólks af erlendum uppruna á Íslandi er sívaxandi, meðal annars vegna fjölskylduaðstæðna, tækifæra, aukinnar þarfar á vinnuafli og aukins flæðis fólks frá stríðshrjáðum löndum. Með tilkomu þessa hóps er þörf á aukinni menningarvitund í íslensku samfélagi, þar á meðal á sviði tungumála, trúar, siða og venja. Í pallborðsumræðunum á Hennar rödd verður einblínt á upplifun kvenna á þessum viðfangsefnum,“ segir Chanel og Elínborg bætir við: „Þar að auki hallar á sýnileika kvenna af erlendum uppruna meðal annars í stjórnmálum og í fjölmiðlum sem verður til þess að raddir þeirra fá ekki nægan hljómgrunn. Það þarf að opna umræðuna um stöðu og framlag kvenna af erlendum uppruna í samfélaginu og viðburðurinn Hennar rödd er skref í þá átt.“

Þær hvetja alla þá sem hafa áhuga á umræðunni um stöðu erlendra kvenna á Íslandi til að mæta á viðburðinn og ekki síður ungt fólk og nemendur á sviðum tengdum málefninu. „Síðast en ekki síst, hvetjum við konur af erlendum uppruna á Íslandi til að mæta og taka þátt í umræðunum,“ segja þær að lokum.

bjork@frettabladid.is






**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

OPEL

CROSSLAND X GRANDLAND X MOKKA X

# Aktiv DAGUR HJÁ OPEL

**Í Opel sportjeppum eru þægindi, hátækni og lúxus staðalbúnaður. Opel kemur þér og þínum græjum í hressandi ævintýraferðir um landið.**



**Leifur Örn Svavarsson** verður með fyrirlestur kl. **12** og **14** um fjallaskíðun, snjóflóðahættu og helsta öryggisbúnað. Leifur Örn er einn reyndasti fjallamaður landsins, hann er eini Íslendingurinn sem hefur klifið Everest að norðanverðu og auk þess farið bæði á Norður- og Suðurpólinn.




**Opel Crossland X Aktiv**
Verð frá: 3.190.000 kr.

**Opel Mokka X Aktiv**
Verð frá: 5.190.000 kr.

**Opel Grandland X Aktiv**
Verð frá: 4.490.000 kr.

FOR SAFER CARS
EURO NCAP

**Opel Crossland X**
er öruggasti bíllinn árið 2017 í sínum flokki, samkvæmt EURO NCAP.

**Aktiv pakkinn fullkomnar bílinn:**
Aukin veghæð, Toyo harðskelja vetrardekk, toppgrind og skíðabogar, vetrarmottur, aurhlífar og árskort á skíðasvæði. Allt þetta til viðbótar sjálfsögðum þægindum, öryggi og einstökum aksturseiginleikum.

5 ára ábyrgð

Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

**Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.**

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

Piper \ TBWA \ SÍA
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

# BYKO

## Nýtt blað
á byko.is







25%

**Tilboðsverð**

**Eldhústæki**
Essence útdraganlegur barki, króm.

**37.496**

15330270

Almennt verð: 49.995




25%

**Tilboðsverð**

**Eldhústæki**
Start edge, há sveifla, króm.

**11.996**

15331369

Almennt verð: 15.995



**30% afsláttur**
af öllum límtrés- og borðplötum



25%

damixa™
When design makes sense

**Tilboðsverð**

**Eldhústæki**
Pine, há sveifla, króm.

**14.246**

15517066

Almennt verð: 18.995

GROHE



25%

**Tilboðsverð**

**Eldhústæki**
Concetto, há sveifla, króm

**26.246**

15332663

Almennt verð: 34.995



**25% afsláttur**
af öllum BOSCH háþrýstidælum

**Vefverslun byko.is**

Nýtt

# PANTA & SÆKJA
í BYKO Breidd

# MARKAÐS-DAGAR

Komdu og gramsaðu!

Gerðu frábær kaup!

Mikið úrval af vörum frá 50 kr.
**Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.**
Við bætum við nýjum vörum daglega.

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



# 25% afsláttur
af öllu Snickers Solidgear& Toeguard
Dömu og herra



**Tilboðsverð**
**Húfa**
Beanie, svört.
**2.621**
93445170
Almennt verð: 3.495

**Tilboðsverð**
**Hettupeysa**
rennd, blá, xs-2xl
**6.371**
93444350-5
Almennt verð: 8.495

**Tilboðsverð**
**Smíðabuxur**
Svartar eða gráar.
Stærð 32-54
**14.996**
93444360-71/380-91
Almennt verð: 19.995



# 25% afsláttur
af öllum SKIL rafmagns-verkfærum



TACTIX
25%
**Tilboðsverð**
**Verkfærabox**
50,8cm, svart
**2.621**
72320342
Almennt verð: 3.495



25%
Grænn BOSCH
**Tilboðsverð**
**Rafhlöðuborvél**
PSR 18 LI-2 x 2,5Ah
**23.621**
74864131
Almennt verð: 31.495



25%
Einhell
**Tilboðsverð**
**Geirungssög**
TC-SM 2131 D.
**28.345**
74806535
Almennt verð: 37.795



25%
**Tilboðsverð**
**BYKO sögin**
50cm.
**934**
70210023
Almennt verð: 1.245

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

Blár BOSCH
**Tilboðsverð**
**Rafhlöðuborvél**
GSR 18V-Li 2x4,0Ah.
**39.371**
748740841
Almennt verð: 52.495



25%



25%
Einhell
**Tilboðsverð**
**Rafhlöðuborvél**
TE-CD 18V 2x1,5Ah rafhl.
**18.895**
74826002
Almennt verð: 25.195

RYOBI
**Tilboðsverð**
**Rafhlöðuborvél**
18V rafhlöðuborvél með 2 x 2,0Ah Li rafhlöður og hleðslutæki.
**27.559**
7133003348
Almennt verð: 36.745



25%

Takk fyrir!

2. árið í röð!

# Ánægðustu viðskiptavinirnir!

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Viðurkenning er einungis veitt þeim fyrirtækjum sem eru með tölfræðilega marktækt hæstu einkunnina í viðkomandi atvinnugrein, þ.e. þar sem segja má með 95% vissu að viðskiptavinir fyrirtækisins með hæstu einkunnina séu að jafnaði ánægðari en viðskiptavinir fyrirtækisins með næsthæstu einkunnina.
* BYKO er í 1. sæti í flokki byggingavöruverslana.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Óttars Guðmundssonar




## Stórsóknarfórn

Ég fylgdist sem ungur drengur með baráttu Dagsbrúnarmanna fyrir bættum kjörum. Í verkfallinu 1955 smurði ég brauð ásamt foreldrum mínum handa verkafólkinu í eldlínunni.

Verkalýðsbarátta fyrri ára fylgdi reyndar hefðbundnu mynstri. Verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík hafði forystu um verkfallsboðun. Samtök iðnaðarmanna og verslunarmannafélögin drógu lappirnar. Félög opinberra starfsmanna og háskólamanna biðu átekta. Kjör hinna lægstlaunuðu voru sem fyrr heitasta baráttumálið.

Eftir ströng verkföll Dagsbrúnarmanna og nokkurra annarra stéttarfélaga var samið um kauphækkun. Þá fór af stað mikil skriða launahækkana allra þeirra sem höfðu setið hjá. Eftir nokkurt þref var samið við önnur félög og launamunurinn í samfélaginu hélst óbreyttur. Launahækkun hinna lægstlaunuðu hvarf snarlega á verðbólgubálið og allt var sem fyrr. Þetta kölluðu alvarlegir en gáfulegir hagfræðingar víxláhrif kaupgjalds og verðlags.

Það er ekki að ófyrirsynju að Megas orti um launabaráttu fyrri aldar: „Gakktu í Dagsbrún og gamna þér við, / að geta uppá næstu stórsóknarfórn, / hjá Gvendi, / hvaða Gvendi, / stórsóknarfórn hjá Gvendi Jaka.“

Sigur alþýðunnar fólst í blóðugum fórnum Dagsbrúnarmanna sem komu uppmælingaraðlinum til góða. Orðið stórsóknarfórn var valið eitt besta nýyrði 20. aldarinnar enda sorglega lýsandi fyrir baráttu verkalýðsfélaganna.

Nú er enn á ný blásið til stórsóknarfórnar með slagorðum og baráttumálum frá árinu 1955. Menn ætla að hækka laun hinna lægstlaunuðu með blóðugum verkfallsaðgerðum. Stundum finnst mér ég vera staddur í tímavél.








